

Guðmundar saga Arasonar

Höfundur Arngrímur Brandsson

1. Formáli.

Þann tíma heimstöðu, er liðit var frá hingatburð vors herra Jesú Kristi þúshundrað [hundrað] fimm tígir ok fjögur ár, tók virðuligr herra Adrianus páfi fjórði með því nafni almenniliga stjórn rómneskrar kristni. Hann hét áðr Nikulás, enskr maðr at ætt, lofsamligr at viti ok lítillæti, ok þar með harðla röksamligr í stjórninni. Hann talaði svo fallin orð í sínum valdsdómi fyrir meistara Jóni Salesbernesi, er síðan var í þjónustu Tóma Kantuariensis, at engi maðr væri vesalli en páfinn í Róm. Í annarri grein var hann svo gildir, at hann forboðaði mikinn samblástr í Róma fyrir þá sök, at skemmdr hafði verit einn af *kardinalibus*. Hann vígði til krúnu Friðrik keisara fyrsta með því nafni. Síndist því keisarinn hlýðinn heilagri Rómakirkju, meðan þeir lifðu báðir. En eftir fjögur ár herra páfans, sem hann er út hafinn, brestr upp mikit rugl í sjálfri Róma fyrir nýjan páfakosning, því at sjálfir *kardinales* skutlast í tvo staði. Birtir þá Friðrekr keisari, hverr hann var, því með fylgi byskupanna ok afli ríkisins veitir hann þeim *kardinalibus*, er verr höfðu, því at þeir allir samt kjósa digran þrætumann, er Oktovianus hét. Annan veg með *kardinalibus* stendr Louis Frakkakonungur ok Heinrekr Andagavie Englandkonungur. Kjósa þeir þann mann, er þá hét Rollant kanseler. Efldist sá kosningur, því at guð vildi. Var þá Rollant nefndr Alexander tertius, frægr maðr í guðs kristni, bæði af lagasetningu ok sönnu þolinmæði, því at um tuttugu ár ok eitt, er hann ríkti, stóð hann nær í sama stríði, því at Friðreki keisara voru kirkjunnar náðir þá svo leiðar, at æ hóf hann annan þrætumann, er annarr valt ór, þar til er svo gekk út um fjögur ár. Inn fyrsti var Oktovianus, sem vér sögðum, er kallaðist Viktor, annarr Gvido, er kallaðist Paskalis, þriði Jóhannes, er kallaðist Kalixtus, fjórði Leundonus, er kallaðist Innocentius. Þrír af þeim voru *kardinales*, prestar at vígslu, bannsettir af Alexandro páfa, ok fóru svo búnir af heimi veslugir menn. En eftir þá báða samdist sú sætt með herra páfanum ok keisaranum, at hann krossaðist til Jórsala með allt sit herfólk, því at þá litlu áðr var landit unnit í fyrstu undir Saladín eða Soldan konung af Babýlon fyrir svikligan prett ok bölvaðan Malti jarls af Tripolia, sem ljósliga stendr í þess háttar letrum. En vér þaðan frá vendum til fyrirætlaðs efnis. Í öndverðum páfadómi herra Alexandri blómgaðist hans blessaðr vígsluson herra Tómas Kantuariensis, er í sínum valdstíma þoldi þá ógn ok aga, sem bæði píndi önd ok líkama, því at Heinrekr konungur dró í mót honum allt sitt ráð ok ríki með sjálfum byskupunum, þar til er þeir allir samt sóttu hann fyrst til útlegðar, en þvísa næst til blóðsúthellingar.

2. Lýsing Íslands.

Á sama tíma birtist í norðrhálfunni fjórði maðr ynniligrar atferðar fyrir guði ok mönnum, er makliga má samlagast fyrrnefndum feðrum, ok þótt hann væri þeim fjarlægur í landa grein ok staða setning, gekk hann þeim beint it næsta um boðorða braut almáttigs guðs, bæði með byskupligri tign ok sterkri staðfesti. Þessi maðr er signaðr faðir ok sæmiligr herra Guðmundr byskup, er kenndi ákafligan kulda heimliga ónáða í mæðum ok mannraunum, ofsókn ok útlegðum, framar flestum dæmum, at hann mætti hluttakari verða vors drottins orða, er hann forðum sagði af Sáló: „Ek mun sýna honum, hversu stóra hluti hann byrjar at þola fyrir nafni mínu.“ Þenna ófrið leiddi líkt ok inn fyrra eigi af heiðnum mönnum eða útlenskum her, heldr af byskupsins undirmönnum andligum. Var þat öndvert efni svo vondra vesalda, at á þá jörð, sem hann var byskup yfir, var þá enn eigi komit herra konungsins vald, ok því ruddi inn rangláti sér til ríkis með odd ok egg. En ef heimlig hönd varði sik svo, at þar

viknaði eigi fyrir, þá sneri inn ómildi sínum herskildi upp á kirkjunnar meinleysi, gerandi hennar fé ok frelsi sér at herfangi. Var þá því næst svo svívirðr lærðr sem leikr með sóknnum ok sakargiftum, með limaláti ok útlegðum. Í svo bröttum bylgjum ok hörðum hvirfilvindum reiddi þenna blessaða byskup, er at lyktum fann fagrt lægi.

Greindr guðs þjónn var byskup á því landi er bækr kalla Thile, en Norðmenn nefna Ísland. Má þat ok vel segjast eiginligt nafn þeirrar eyjar, því at þar er íss ínóg bæði lands ok lagar. Á sjánum liggja þeir hafisar, at með sínum ofvægiligum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo óbæriligir jöklar með yfirvættis hæð ok vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir. Undan þeim fjalljöklum fellr með atburð stríðr straumr með frábærum flaum ok fúlasta snyk, svo at þar af deyja fuglar í lofti, en menn á jörðu eða kvikvendi. Þau eru fjöll önnur þess lands, er ór sér verpa ægiligum eldi með grimmosta grjótkasti, svo at þat brak ok bresti heyrir um allt landit, svo vítt sem menn kalla fjórtán tylftir umbergis at sigla réttleiði fyrir hvert nes. Kann þessi ógn at fylgja svo mikit myrkr forviðris, at um hásumar um miðdegi sér eigi handa grein. Þat fylgir þessum fádæmum, at í sjálfu hafinu viku sjávar suðr undan landinu hefir upp komit af eldsganginum stórt fjall, en annat sökk niðr í staðinn, þat er upp kom í fyrstu með sömu grein. Keldur vellandi ok brennusteinn fær þar ínóg. Skógr er þar engi utan björk ok þó lítills vaxtar. Korn vex í fám stöðum sunnanlands ok eigi nema bygg. Fiskr sjáðreginn ok búnyt er þar almennings matr. Ey þessi liggir svo norðarlíga undir *zodiaco*, at hennar neðri hlutr hefir í sumum stöðum samhaldinn dag með sólskini björtu mánað eða meir í enda *Geminorum* ok upphafi *Cancris*. En um vetrar tíð, þá er sólin er *in Capricornu*, er hún yfir þess lands *emisperium* lítit um fjórar stundir náttúrlígs dags, þótt hvorki meini fjöll né ský. Landit er víðast byggt með sjónum, en skerðist mest austan ok vestan. Tveir eru þar byskupsstólar, sinn í hvorn hluta lands. Eru þeir af þeim tíu, er undir lúta erkistólinn í Niðarósi, þar sem hvílir ágætr guðs maðr herra Óláfr konungr Haraldsson. Sætít norðanlands heitir Hólar. Fyrsti biskup Hólensis var heilagr Jóhannes, annarr Ketillus, þriðri Bero, fjórði Brando, fimmti Guðmundr. Syðra sætit heitir Skálaholt. Sat þar fyrstr Islavus, annarr Gizerus, þriðji Magnus, fjórði Þorlakus *primus*, fimmti Klængr, sétti heilagr Þorlák, sjaundi Pálus, áttandi Magnus *secundus*. Fyrir þá skynsemi höfum vér nokkut greint af þessu fátæka landi, at ef þessi frásögn verðr í fjarska lesin, lofist því framars vors herra nafn, er engan jarðar enda firrir sinni miskunn, sem þá sýndist enn, er hann gaf greindum útskaga svo ríkan gimstein sem heilög von diktar, at Guðmundr inn góði sé í hans konunglígru höll at eilífu.

3. Um meðferð efnis.

Mú til þess, at eigi sýnist vér með öllu um líða hans blessaða bernsku ok einkanlígann uppruna, munum vér þat setja með stuttum málshætti, því at vér skundum til þess efnis, sem honum er enn meiri sæmd í, þat er at greina hans mæður ok þolinmæðiskrúnu með þeim málagjöfum er guð alls veldis veitir honum í starfalaun, bæði lífs ok liðnum, at svo sem harmrinn má hryggja hjartnæmra manna hugi, svo skulu táknin hugga með andlígru gleði. Það hugsuðum vér ok heyrilígt svo dýrum manni, at án öllu lögmáli leiðist til hans lífssögu nokkur tiltekin dæmi hans bræðra byskupanna, þar sem samhljóða frumtignir þeirra. En þeim, sem þetta líkar betr aðra leið, sendum vér til íslenzkra bóka.

4. Frá fæðingu Guðmundar ok vitrunum.

Sjau árum frammar liðnum af vors drottins holdgan en *summerat* var í fyrsta *prologo*, fæddist nefndr smásveinn í Hólabyskupsdæmi *quarto kalendas Octobris*. Þat var it fjórða ár postuligs herra Alexandri páfa, it fyrsta Magnúsar Nóregskonungs Erlingssonar ok Eysteins erkibyskups, er næstr sat eftir Jón Birgisson, er fyrst bar *pallium Nidrosie*, en næstr fyrir Eirík, er síðan var vígslufaðir þessa góða manns, er nú litlu greindum vér nýfæddan á dögum byskupanna Bjarnar Hólensis ok Klængs Skálholtensis.

Hann var svo góðrar ættar sem in bezta mátti kallast á öllu Íslandi, því at hans kynferð var reynd í röskeik ok réttvísi. Ari hét faðir hans, en Úlfheiðr móðir. Þegar í fyrstu fæðing þessa sveins birtist forsögn óorðinna hluta hans daga, því at í fyrsta grát, er hann gaf út, talaði einn vitr kennimaðr, er þar var nær staddr, lík orð ok Ambrosius las forðum til sonar síns, Ambrosium unga, at þessi piltr mundi til mikils fæddr í veröldina, ef lífi héldi. Var þat mikil frumtign þess, er enn var nýfæddr, at hans sorgligri raust skyldi þegar fylgja miskunnar tákn almáttigs guðs.

Svo kvað Einarr Gilsson:

Fæddr var ölr, sá er eyddi
alnýtr fira lýtum,
endr á Grjótár grundu
gulls með virðing fullri.
Sagði sveins at hann hugði
sauðnis látrs í gráti
kærum krafta stóra
Kárhöfði þat árum.

Er ok sú forspá fagrliga fyllt í dag, því at sútfengnum trega snýr hann fljótt í fagnað ok grát í nýfenginn glaum. Í aðra grein var þat einkanligt, at í fremsta brum sinna daga skyldi hann líkjast á nokkvern hátt, sem alla götu elskaði hann mest næst vorri frú, sem enn mun síðar getir verða. Þegar í blautu barns beini bergir hann á mótstöðu heimsins.

Svo segir Einar Gilsson:

Ari fekk högg af hjörvi
Hann fell við lof manna.
Hraustr barg hjörva treystir
harðfingum Erlingi.
Þá tók arf, sem ek inni,
ölbjóðr við skrá fróða.
Lími gekk með lámum
lundstórum Guðmundi

Því at faðir hans, er var einn framr maðr, féll vopnsóttir í Nóregi. Var því Guðmundr uppfæddr með móðurfrændum sínum, þegar til bækr settr á skilningaraldri, hlýðinn ok auðmjúkr sínum meistara sem öllum öðrum, er honum vildu gott kenna, því at sú er röksamlig regla ritninganna, at engi rísi upp til meistaradóms yfir aðra menn en hann sat áðr hlýðinn lærisveinn fyrir síns meistara fótum, ok leiðist svo fram, ef guð vill, at bera it hæsta ok á herðum sér með sælum Jósef til Egyptalands.

Snemma runnu forspár fyrir sveini þessum, bæði af líkamsathöfnum ok merkiligum draumum, at hann mundi verða mikill maðr í kristni guðs ok standa til stórra umbuna fyrir augliti vors herra. Var þat eitt af því, at vér settum, at jafnan í piltaleikum skyldi hann hafa ok bera mítru ok bagal með byskupsnafni. Líktist hann í þessu sælum feðr Athanasio erkibyskupi Alexandrino, því at hans upprás var þat til bækr ok skóla, at Alexander erkibyskup, hans forverari, sá upp á þann piltaleik, er ungr Athanasius stóð með bagal ok mítru ok bauð at skírast lærisveina sína, þá sem at eins vóru primsigndir áðr af kirkjunnar hálfu.

Hér með renna draumar merkiligir sem vér sögðum. Þat bar fyrir einn skilríkan mann ok náfrænda Guðmundar, at hann þóttist ganga fram at húsi einu furðuliga stóru ok vænu í öllum vexti, ok sem hann vildi inn ganga þær formiklu dyrr, er á vóru húsinu, verðr hann svo breiðr í brjóstinu, at við nemr báðum öxlunum. Sem draumr sjá er entr í orða framburði ok sá, er forðum sýndist frú Máild í Englandi, sem hún gekk með son sinn, Tóman Kantuariensem, ok hún þóttist koma til Kristskirkju í Lundúnum ok mega eigi inn ganga sakir mikils vaxtar, svo er hans sama glósa hér ok þar, sem skýrði einn spakr maðr í Englandi, at hennar burðr mundi verða meiri ok mætari en kristni jarðnesk mundi bera eða skilning á koma.

Enn dreymdi sama mann, at hann þóttist koma til Kristskirkju í Niðarósi ok inn ganga. Hann sér, at hún er þá skipuð sem ein höll af konungligri mekt ok hans hirðsveitum til beggja handa. Honum gefr þat at skilja, at konungr í hásæti er inn heilagi Óláfr Haraldsson. Ok þegar sem hann nálgast fram fyrir hásætit ok hugar at heilsa konunginn, stendr hann upp í öllu sínu skrúði ok fram á gólfít móti honum með breiddum faðmi ok segir svo: „Guði velkominn, kæri minn, blessaðr um öll Norðrlönd.“

Þessi fyrirburðr er þeim líkr í rétttri skýring, er enn sá frú Máild fyrir sælum Tóma, þá er hún stóð at rekja þat pell, er rödd af himni sagði víðara öllu Englandi, hvat er merkir háleita frægð þessara feðra, því at eigi mundi hún fara land af landi, nema hún væri víðari áttjörðinni. Þat gefr annat vel skilja í greindri sýn, at fyrir breiddan faðm ins sæla Óláfs konungs, er helgastr maðr hvílir í Niðarósi, merkjast hendr heilagrar kristni, er smurðu herra Guðmund byskup í því sama musteri.

Nú er ljóst, at þessar tvær sýnir með sínum réttum skilningi eignast Guðmundr góði í síðustu tímum. Því fylgir til in þriðja, er réttara nafn hefir til at heita sem vitran, sakir þess at henni fylgja falslausir vottar. Þar innanlands var ein kona, góðs siðferðis í mörgu lagi, því fráteknu, at hún hafði langar stundir ofblíð verit til kennimanna, ok enn var hún svo, er þetta gerðist. Svo bar henni til einn vetr, sem guð vildi hirting veita hennar villistigum, næsta laugardag fyrir *dominicum esto mihi in deum protectorem*, at hún féll niðr í óvit, sem drepin væri. En því, at heimamenn hennar kenndu liggja nokkurn verma í limunum, ok þat annat, at hörundit brá við stundum sem sárt yrði, var hún lagin hógliga niðr ok geymd, þar til at síðla sama dags hverfr hún aftr til sín, sezt upp ok signar sik ok bað guð geyma sín.

Þeim, er spurðu af hennar brautveru, segir hún svo: Þegar sem hún var niðr fallin, kómu til hennar tveir blámenn, gripu hana ok drógu heldr en leiddu án allri vægð um hraun ok hvassa þyrna yfir þá eyndarstaði, er allir vóru fullir myrkra ok meina með ýmisligum píslum vá ok vesalda, þar til þau koma fram at einum pytt eða ketli, er allr lék utan ok innan sem ein sía, með grimmasta gnist óbæriligs bruna, svo at af ákafri kastvelli þess ljóta lagar, er í var, dreif allt umhverfis með verpandi flaug þeirra dimmstu dropa, hvar af nökt sálin særist þegar hryggiliga bæði á höndum ok fótum. Hér með höndlaði hana svo ódæmiligr ótti auskranligra kvala, er þaut frammi fyrir henni, at þat má engi orðum inna, því at hún skilr sitt syndagjald mikit vera munu fyrir guði.

Þar með særa þeir bölváðir blámennt hennar hjarta með örvæntingar ör, er þeir segja svo: „Sé þú, in auma sál, vei er þér orðit. Hér er heimili þitt at eilífu. Hér skaltu taka gisting einnar nætr, en sú er endalaus. Gráðugr logi skal þik gleypa, sá er aldri kann at seðjast, svo sem þú saddist aldri frá þínum ódáðum, þá er þú saurgaðir ok svívirðir þeirra þjónustu, er guði sóru í sinni vígslu at halda sik hreina til heilagra bæna ok embættisgerða fyrir guði, þar með fyrir sér ok öðrum. Því skulum vér syngja þér makligan sálusöng með bótlausri bölván, svo at angr ok eynd þinna sútfullra sorga bíði aldri bata. Því skaltu vá ok vílsinni með oss þola án enda, at þú vildir aldrei enda oss at þjóna.“

Með þvílíkum afarorðum drógu þeir helvítis ormar hana fram at dynjanda loganum. Sér hún þá glögg, at þar eru drekkir í eldi margir formenn landsins af veraldarstétt, er dauðir vóru, en hinna beið búinn ófagnaðurinn, er enn lifðu. Sálin varð þá hræddari en í frásögn megi færa, treysti þá með öllum sínum krafti á sæla guðs móður ok sæla postula Petrum ok Pálum, því þeir vóru kirkjudrottmar á hennar heimili. Hér með kallar hún á guðs píslarvotta. Óláf konung, Hallvarð ok Magnús, ok án dvöl lítr á hana guðs miskunn, svo at því himneska ljósi, sem nálgast, fylgja þrír bjartir menn ok tíguligir. Þeir grípa hana skjótt með styrkri hendi braut af óvinavaldi.

En er fjandr sjá þat, gella þeir með grimmum þyt rymjandi raddar ok segja svo: „Þó at vér verðum enn sem oftar at bera lægra hlut fyrir yðr, skal þessi saurlífsmaðrinn hafa erindit.“

Fleygja síðan glóandi knappasvipu um þverar herðar sálinni, svo at af beiskum bruna, er fylgdi þeim slag, kenndi hún kvöl í hvern köggul. Fyrirvarð hún sik þá öll í annat sinn, áðr formaðr þeirra þriggja, er komnir vóru, setr sína hönd yfir hana, hressir ok huggar.

Hann segir svo: „Guðs miskunn ertu skyldug at lofa, er þik leiddi til helvítis ok aftr þaðan út, ok þat, at vér erum sendir af vorrar frú guðs móður hálfu þik at hjálpa, því at þú treystir á hennar virðuligt vald. Guðs postular, er þú nefndir, eru ok fulltingjandi þitt frelsi. Erum vér hér þrír frændr, Óláfr, Hallvarðr ok Magnús, er þú hézt á í þínum þröngslum, er þó kómu nálíga yfir þik makliga, sakir þess er þú hefir óvarlíga lifat. Því fanntu heitan bakstr á herðum, at þú hefir skreytt skrúði, en glæst með líni þinn líkama eftir veraldar slekt, en saurlífsanda tillögu, at þá skyldir þú vænni sýnast. Því brunnu fætr þínir í vellunnar hávaða, at þú hefir þá glæst með skrúð ok skó enn fyrir sömu grein, en því hendr þínar, at þú hefir bæði veitt handasaum þér ok öðrum á guðs hátíðum. Nú skaltu greina sýn þína, er þú kemr aftr, vondum til viðvörunar, en völdum til fagnaðar, því at svo sem þú leiddist fyrr til dauða, svo skaltu þvísa næst leiðast til lífs héraða.“

Þegar án dvöl eftir svo talat koma þau fram á einn vænasta völl, er allr flaut með flúr, unað ok ang ýmissar gleði. Þar í miðju plássinu stendr ein höll eða hús, svo fagrt formerat sem aldri sá manns auga, þar með fylgdi syngjandi hljómr, ilmandi yfir þat allt, er maðr má hugsa. Sá inn himneski rómr gæddi ok gladdi fyrrgreinda höll, svo at hún þaut öll í einum glaum.

Inn sæli Óláfr konungr talar þá enn til hennar: „Sér þú herbergi þetta, svo signat ok sæmiligt, er jafnan stendr án flekk ok fölnan ok með sama rikdómi ok ólíðandi gleði? Sjá er eignarjörð ok óðal Guðmundar Arasonar, er fá mun um síðir eigi lægra sess en Tómas í Kantia, ok svo sem vér fullting veitum Nóregi ok Orkneyjum, svo mun hann hjálpa Ísland með sínum bænum.“

Sem hér stendr vitran, er með guðs almætti allt í sama augabragði, at hún þykkist sjá nýja dýrðina ok er lukt í líkama. Gengu með þessi vitran tveir vottar, sá annarr, at hún skalf í hvert

sinn, sem hún sagði frá ódæmum píslanna. Þat annat, at öllum þeim bruna, sem hún hafði þolt at eins í andar sýninni, bar skýrt vitni hennar dauðligr líkami.

Nú þat efni, sem at Guðmundi víkr í vitran þessi, sýnist concordera þeirri sýn, er forðum sá í andargjöf Nikulás byskups Paterensis fyrir systursyni sínum Nikulao, er í þann tíma var í barndómi, en síðan Mirrensis erkibyskup. Af þeirri hallar sýn til austrættar í lifandi manna jörð er öll ein frásögn ok nú greindum vér í sagðri vitran. Trúum vér, at vitrum mönnum sýnist þessar frásagnir bera bjart vitni þeim greinum, er fyrir spáðu þessa Guðmundar tign ok æru.

5. Fyrstu vígslur Guðmundar.

Á næsta ári eftir fæðing Guðmundar gengr herra Björn Hólensis almenniligan veg um dauðadyrr. Er þá kjörinn af landsmönnum sæmiligr maðr, síra Brandr, er varð fjórði Hólabyskup, sem fyrr var ritat. Á hans dögum öndverðum andaðist Klængr byskup Skálholtensis, en inn sæli Þorlákr byskup vígðr, sitr fimmtán ár ok ferr svo til guðs. Tekr þá Páll, frændi hans, byskupstign. Herra Brandr setr sína vígsluhönd yfir inn góða Guðmund, þegar hann hefir tólf ár, ok þaðan fram sem tímar lofast. Vígist hann þá lesdjákn.

Var hann þegar hvass í hugviti ok glöggrar greinar, bæði til bækr ok brjóstvitru, eigi síðr til veraldar ok lands laga, ef hann hefði þat viljat fága. Þegar í æsku var hann gildrar lundar, eigi gjarn at afleggja sitt mál, þótt við aflamun væri at etja, sem enn mun síðar greint verða. Mjök ástúðligr var hann bæði frændum ok vinum, svo at borð var honum til reiðu með gleði húsbónða, hvar hann vildi hafa.

En sakir þess, at af mannaunum vaxa manndýrðir, fær hann þunga plágu í greindum stétt, því at í skipferð nokkurri muldi sundr fótlegginn annan. Fylgdi þeim meiðslum slík mæða ok meinlæti, sem kunnigt er, áðr greri, því at í fyrri festing dugði eigi, ok varð at brjóta í annat sinn. Bar hann þetta allt með megnu hugskoti, því at hann vissi vel, at þann sem vors herra miskunn mæðir í þessum heimi, hefir hann disponerat at gera sinn hægri handar son í andligu lífi. því at sá veit gerst, er greinir alla hluti, hvor skriftin er léttbærri.

Er héðan ljóst, at þeir villast, er faðma stundliga blíðu, en beiðast undan ráðningarsprota guðs, svo sem lesit er af Mauricio keisara, er var á dögum ins mikla Gregorii páfa. Sjá Mauricio var óhlýðinn herra páfanum, fyrst af áleitni ok umlestrum, en síðar af lífs umsátrum, þar til at á stræti Róme birtist maðr í munksklæðum með brugðnu sverði, ok segir, at sá sami brandr skal fljúga í gegnum Mauricio keisara á því sama ári. En er keisaranum flyzt þessi sýn, biðr hann ok lætr biðja heilaga kristni, at guð firri hann þessi ógn.

Þessu næst, sem hann sefr á einni nátt, hljóðar yfir hann rödd með þvílíkum róm: „Hvort viltu heldr þiggja þyrmingina hér eða í öðru lífi?“

Hann svarar: „Guð drottinn minn, ber mik hér fyrir glæpi mína, at ek finna miskunn á degi þínum.“

Eftir þetta var hann drepinn, kona hans ok synir, af riddara Fóka, er næstr var keisari eftir hann.

Þvílík dæmi ok önnur heilagra ritninga laða til sín guðs valdir menn. Því fagna þeir í hverri mótstöðu, sem vér trúum inn góða Guðmund gert hafa, því at yfir þat, er fyrr var tját, hallast

at honum mæður ok manna missur, svo at æ valdi þá braut ór hans ætt ok vináttu, sem hann syrgði mest. Gerðist svo héðan af at, með guðs miskunn ok ásjá, at hann fyrirlætr heims blíðu því framar, sem hann skildi gerr, hvern flótta ok þíning hún hafði til hans. En þó sýndist svo í aðra grein, at í þenna punkt léti veröldin vel við hann, því at hatr ok hermd eftirveranda stríðs var enn eigi komit.

6. Guðmundr tók prestsvígslu.

Sér næst verða góð tíðendi ok mörgum harðla nytsamlig, er Guðmundr vígðist til prests í heilagri Hóla­kirkju á laugardag næsta fyrir *passionem domini*, fjórum náttum eftir *festum beati Gregorii* páfa. Þá hafði hann tuttugu ok fjögur ár aldrs síns.

Svo kvað Einarr Gilsson:

Vígslur tók, sá er víkja,
váttr guðs laga, knátti,
lundr, til hægri handar
hann bezt, siðum flestum.
Ok prestr, er lét löstu
lífsnjallr hatat alla,
Guðmundr varð, en greindust
góð verk kyni þjóðar.

En hvat munum vér bréfa af því siðferði, sem guð prýddi hann með í þessum kennimansdómi, utan þat í fyrstu, at hann samdi sínar lendar með linda skírlífis, svo at eigi um aldr var honum kona kennd né eignuð, því svo, at hann lærði líkamann með föstum ok fáheyrðu athaldi at þjóna andanum. Hér með veitti hann föstunni þá tvo vængi, sem hún þarf nauðsynliga til at beina himneskan flug, þat er hrein bæn ok ölmusugæði. Því urðu ok hans bænir þægar guðdóminum, at hann lyfti til hans léttar hendr ok hreinar, léttar á meinsemi samkristinna manna, en hreinar í framning góðra verka án saurlífis flekk. Ok hversu inn heilagi andi veitti sik hýran hans bænum, má skilja fyrir þenna *eventum*.

7. Vitnisburðir um helgi Guðmundar.

Svo berr til einn morgin árla, sem síra Guðmundr gerir sína bæn yfir gráða nokkvern frammi fyrir kór kirkju þeirrar, er hann þjónaði, at því nærri kemr út farandi skilríkr maðr, hans húsbóndi, ok sér líkamsaugum, at snjóhvítr fugl sitr á hægri öxl ins góða Guðmundar ok hefr sik síðan á loft ok í gegnum kirkjuráfit.

Svo kvað Einar Gilsson:

Nótt fór Már af mætti
meinum virkr til kirkju.
Gautr vann grafnings látra
Guðmund á bæn fundit.
Út fló öxl af gætis
einn fugl siða hreinna.
Því er dýrð um ask orðin
alkunn breka sunnu.

Hér með var hans bænahald svo heitt ok iðuligt, at hann var í kirkju löngum náttu, bæði síð ok árla, með svo merkri staðfesti, at æ var it sama. Ölmusugæðit fágaði hann svo með miklu megni, at þá rentu, sem hann tók af heilögu altari fyrir sín störf, lagði hann alla fram fyrir guðs ölmusur, fátæka frændr sína, sem fremst mátti hann af draga sínum nauðsynjum.

Svo kvað Einarr Gilsson:

Braut gaf vígslu veitir
víns nálimum sínum
tíða offr, sá er trúði
tunglranns á gram sannan.
Kenndi meiðir mundar
merkr prúðliga klerkum.
Rétt er, at seggja sættir
söng ok vakti löngum.

Aldri voru færri en sjau ölmusumenn í hans varnaði ok móðir hans áttandi. Veitti hann henni vakra umhyggju allt til dauðadags. Sé þar tvo vængi gagnfæra gegnum himna, fram fyrir hásæti himnakonungs. Hér með trúist hans sparneytni matar ok drykkjar svo mikil verit hafa, at hann hafi geymt samhaldit bindindi sem kraftauðigr munkr eða einsetumaðr, ok svo mikla birti spádóms ok vitru sem inn heilagi andi flutti at hans hjarta án afláti. Mundi þat eigi svo orðit, ef girnd hugarins eða græðgi kviðarins hefð flekkat öndina. Svo var hann vakr í góðum verkum, at engi sá hann iðjulausan, heldr veik hann sínum veg frá góðu til betra ok steig svo dyggð frá dyggð, sem *salmista* kennir, þar til hann mátti sjá guðs son. Tíða í millum kenndi hann klerkum, er feðr gáfu undir hans faðerni, eða skrifaði bækr með einkanligri nytsemd, því at hvat gott, er hann fann í ókunnum letrum, las hann at sér sem in eiguligstu auðæfi. Hljóðr ok athugall var hann dagliga, þýðr ok þekkr í máli, öllum mjúkr ok mildr, er at hann lutu í nokkrum hlut. Því unni honum hvert barn.

Svo kvað Einarr Gilsson:

Gerðist dátt um dýrðir
dyggðarprests, því at flestir
unnu elsku svinnir
auðlundar Guðmundi.
Hittust höpp, þau er sóttu,
hvert dægr, trega lægi.
Skildist hár meðal hölda
heiðr guðs laga reiðis.

Heilagri kirkju leysti hann svo skilríka skyldu, at þeim, er heyrðu, varð bæði létt ok ynniligt. Skrúða kirkjunnar trakteraði hann svo, at hann var bæði hreinn ok heyriligr guðs þjónustu, sem fremst var honum mögulligt. Altarisembættit sjálft flutti hann ok framdi með svo mikilli gæzku ok góðfýsi af guðhræðslu, sem hann sæi sjálfan græðarann fyrir sér á krossi píndan. Ok at engum sýndist þat orðum aukit, skulum vér hlýða fjórum vottum, er þat fullfæra, hversu guði var þægilig hans fórnfæring.

Einn hátíðardag, sem hann hefir sungit messu fram yfir *Credo in unum deum* ok snerist utar með *Dominus vobiscum*, sér ein kona kristiligrar siðferðar, er í var kirkjunni, at eldr svo bjartr, sem eigi bar fyrir manns auga, leið út einkar sætliga af hans munnri ok svo upp í loftit.

Svo kvað Einarr Gilsson:

Eld sá eik hvar mildust
orma ness um messu
stóð af stefja leiðu
stund eina Guðmundar.
Vells kvað vitran fulla
verk dásamlig merkja
hrund, at heilagur andi
hans embættis gætti.

Þat var á öðrum tíma, sem han flutti guðs embætti ok hefir upp byrjat *kanonem*, steig niðr yfir höfuð ok herðar honum geisli svo bjartr, at þessa heims birti bar eigi þvílíkan. Hvíldist sú drottins dýrð yfir honum alla messuna ok leið síðan í loftit upp.

Þriðja sinni var þat, sem hann söng, at klerkar hans höfðu eigi fyrir hugsat, hversu bakstr var reiðubúinn, þat yfir fram, þat nú var kistan læst með sterkum útlás, en lykill fannst eigi. Menn bjóðast til at bera at kistunni konungslykil, en síra Guðmundr neitar því. Hvat lengra, flytr hann embættit sitt sem vant var með öllu athygli, þar til at út er sagt *offertorium*. Þá snýst hann frá altarinu ok blessar móti kistunni svo stórmerkiliga, at lássinn söng á gólfi niðri svo hátt, at heyrði um alla kirkjuna. Var þá kostur at taka bakstr sem bezt líkaði.

Fjórða tíma var þat, sem hann hefir fyllt embættit ok tekr *ablutionem calicis*, at þann veg altaris látu kvistir nokkurir fornir ok mjök rotnir, en yfir þá niðr kemr þat vatn, sem síra Guðmundr hefir látit í kalekinn. Ok rétt sama dags sjá þat skilvísir menn, at þeir sömu pálmkvistir eru nú lífgaðir með fagri næfr ok nýju máli, sem á miðjum ávaxtartíma kann sá viðr at verða, sem stendr heill ok staðfastr í sinni náttúru.

Fylgir þat því hér með ok sýnir ljósi bjartara, hver hans ástundun var, þá er hann vakti, því at um nærtnar flutti hann fram sofandi messuembætti svo skýrt ok skilit, at stundum gekk með réttri reglu allt til lágasöngva. Fór ok aldri lengra fram.

Hér með er þat greinanda í sæmd síra Guðmundar, at oftliga veitti guðs miskunn lofsamliga dýrð hans prédikunarorðum, at grjótlig hjörtu sem óbergan urðu fyrir heilags anda vitjan ok guðs ótta innleiddan svo lág ok linuð í viðkenning lastanna, at flutu fram ór bráðnandi jöklum fögr ok hjálpsamlig vötn tárliðrar iðranar með sannri leiðréttu ok afláti ljótra misverka, sem birtist með konu þeirri, er um langar stundir hafði legit í hórdóms lífi, en fyrir prédikan þessa dýrðarmanns fekk hún vitran heilags anda svo framkvæma, at hún leyndist braut af þeim búgarði, er í var hennar hórkarl, ok leggr eigi sína rás, fyrr en hún kemr fyrir síra Guðmund með geysiligum gráti beiskrar iðranar, segist af hjarta gera sinn viðskilnað við sagða glæpi ok biðr sik undir ásjón síra Guðmundar, lík þeirri, er í húsi Símonis kraup at fótum vors drottins Jesú Kristi, þváandi löstuna í lækjum táranna, fylgjandi honum allt til þínu krossins. Svo fylgdi þessi kona síðan allar stundir síra Guðmundi, þegar ófriðr skildi þau eigi.

Var ok heyriligt heilagri skrift, at þvílíks manns kenning ynni sálunum uppreist ok eilífan ávöxt. Fyrir þat fyrsta, at hans ástundun var full með elsku guðs ok manna, því at hrænilöstrinn var fjarri honum. Þat annat, at hvat er hann lærði aðra með orðum, fyllði hann fyrri sjálfr í sínum verkum.

8. Frá vatnvígslum Guðmundar.

Vér lásu, hversu síra Guðmundr þjónaði heilagri kirkju með embætti ok prédikunarorði, því skulum vér heyra, hversu kirkjan þjónar honum með guðs boði.

Þat var einn dag, at hann reið til vina sinna ok varð dvalsamt, því at margir dugandi menn felldu til hans mikinn kærleik, sem alla götu var stöðugt. Síra Guðmundr kemr heim til kirkju sinnar, sem mjök er síðla orðit, kirkja læst, en fólk í svefni ok lykill geymdr í bænum. Piltar hans bjóðast til at banga dyrr ok taka lykil. Hann vill þat eigi, segir, at lestr er langr eftir, en fólkit nær nýsofnat. Ok sem hann hefir gengit einn umbergis kirkjuna með bæn sinni, kemr hann til dyra. Er þá orlof til inngöngu, því at kirkjan er upp lokin ok liðug.

Svo segir Einarr Gilsson:

Síð kom heim, sá er heiða,
hrings, laut at döglíngi,
vörðr, með vizku dýrðum,
virkr til læstrar kirkju.
En þegar eflir svinnu
almíldr lesa vildi,
upp laukst hurð fyrir hirði
heilags dóms með sóma.

Gerðist þessi hlutr svo merkiligt *in festo sancti Matthei* á haustit. Varð mönnum nú tíðrætt, hversu birtist kærleikr vors herra til síra Guðmundar.

En þó at fólkit frægði hans líf, treysti hann sjálf lítillætis dyggð því framar fyrir allar sínar gerðir. Var nú allt eins svo komit, at eigi því síðr, þótt hann veldi sér inn bezta hlut, óx ok víðfrægðist, flaug ok fluttist hans nafn ok dyggð um alla landsbyggðina, svo at með múginum var þat alræmt sem lögtekit mál, at hann skal heita síra Guðmundr góði um alla sína daga, ok þat var skyldugt, at landsfólkit veitti honum heyriliga sæmd, því at sú guðs miskunn, sem hann hafði eignazt, ok aflat með angr ok erfíði andar sinnar, var nú hyski guðs sameign hjálp ok huggan, því at vatnvígslur hans ok bæn yfir sjúka menn frjóvaðist til ávaxtar dag frá degi meir ok meir, bæði fyrir guði ok mönnum. En til þess at engi maðr eignaði hans krafti eða dyggðum þat, er gerðist, las hann at sér *reliquias* heilagra, hvar hann kunni fá, bar þá æ með sér til sjúkra manna, dögðði þá með vatni ok reið því sama yfir kverka mein ok kranka limu. Sæla guðs móður Mária elskaði hann ok tilbað umfram alla heilaga menn. Varð ok með þeim sá kærleikr fyrir meðalgöngu skírlífis ok lítillætis, sem síðar mun sagt verða í sögunni.

Svo segir Einarr:

Vinr réð þrátt at þjóna
þýðr Mária líða.
Hét á himna gætis
hringbjóðr frama móður.
Virkr nam dátt at dýrka
drafnar runnr, sem kunni,
elds ok engla stilli
yfírdrotningu gotna.

Sæll Ambrosius byskup var honum harðla kær, sem síðar mun getit verða. Nú var meira gagn í framferð þessari um öll sextán ár, er hann stóð í prestdóminum, en vér megim eða kunnim í frásögn færa með stöddum greinum, því at meir en um sinn umkringdi hann landit nálíga með vatnvígslum ok heilsugjöfum, svo at fjögurra vegna fluttist í allar ættir landsins sú blessan guðs, er fylgdi hans bænarorðum. Þar sem eigi vóru fagrir brunnar, vígði hann rennandi vötn eða vöð mönnum til farsældar.

Þat fylgir hér, sem mjök einkanligt er, at sjáinn sjálfan, hálfu tylft norðr undan landinu, er þvert liggir til eyjar þeirrar, er heitir Grímsey, þar stendr kirkja sæls Óláfs konungs. Þenna allan sjá blessaði hann í sinni skipferð, svo at engi um aldr man, at þar hafi manni misfarizt, ef þar er út látit, sem hann lét, ok sú stefna höfð, sem hann hafði.

Hjá þjóðveginum landsins á fjöllum uppi vígði hann brunna fyrir bæn vina sinna. Drekkja menn þar af árlíga, sem um ríða. Oftlíga gera ok þess háttar vötn meiri réttarbót, þá er ófærast hestar manna, en fá þar af fljótan bata, ok þat trúum vér engan mann lettrum lykta, hversu hans vötn ok vígslur hafa veitt mönnum ok smala mikinn fagnað ok enn gera. En því, at síra Guðmundr eignaði sér með öllu ekki, en allt öðrum af kraftinum, sem fyrr var getit, varð hann makligr svo vænum vitnisburð sem hér stendr skrifaðr.

9. Mária vísaði á vatn Guðmundar.

Á þessum tímum síra Guðmundar var kona nokkur norðanlands svo sjúk ok sálug, at sakir þess varð hún oft at þola bönd ok bardaga. Heitit var á vora frú fyrir henni ok aðra heilaga menn, ok stóð it sama hennar vanmegn, þar til at tígulig jungfrú birtist um nótt konu þeirri, er mesta dyggð ok manndóm sýndi þeim aumingja.

Frúin talar svo: „Fallast yðr læknidómar við ina sjúku?“

Hún svarar: „Eigi fáum vér á fundit, hvat guð hefir henni til lækningar sett.“

Frúin svarar: „Eigi sýnist mér þér ráðleitin í þvílíku vandkvæði.“

Hún svarar: „Hversu munum vér syndugir menn slíkt með ráðum vinna? Heldr bið ek fyrir vors herra nafn, at þú kynnir mér ráð þat, sem til liggir, því at ek trúi, at þú vitir guðs vilja.“

„Satt segir þú þat. Vel veit ek ráðit, því ek er Mária, móðir guðs. Skal ek ok til leggja, því at þér hétuð á mik. Gerið eftir vatni því, er blessat hefir vin minn, Guðmundr prestur Arason, því at hann þykkir mér beztan hátt á kunna at vígja vötnin.“

Leið hún síðan í loftit braut blessuð í veraldir. En sýn þessi prófaðist án falsi, því at svo fljótt sem vatnit var sótt ok riðit yfir sjúkdóm konunnar, varð hún í stað alheil, lofandi sinn græðara herra Jesúm Kristum.

Hér til kvað Einarr Gilsson vísur:

Ærðist ófnis jarðar
Unnr. Hétu þá runnar
víst á drottning dýrsta
dalregns himins þegna.
Fríð nam mildings móðir
menja Gefn í svefni
sýnast, mundar, mána,
Mist geymandi tvista.

„Segðu, at vatn þat, er vígði
vinr minn,“ kvað frú svinnust,
„stökkvi, ræsis, rekkar,
röðuls, dúks á Bil sjúka.

Sá kann bezt yfir brunnum
Baldr lofsöng halda,“ —
bóls segir buðlungs éla
blíð mæ, — „funa víðis.“

Braut hvarf at sýn sætu
sæt mæ, himingætis.
Hlín nam guðvefs greina
grein stálviðum hreina.
Lýðr brá vatni víðis
víðfrægs á man síðan,
heil varð brúðr af báli,
báls stýranda, talar.

10. Guðmundr læknaði kverkamein.

Enn í öðrum stað var sá bóndi ok góðr vin Guðmundar, er tók fárligt kverkamein með svo frábærum þrota, at af tók málit ok náttúru til at bergja nokkuru. En því, at hann var bæði vin ok nágrenni Guðmundar, teiknar hann til með bæn, at síra Guðmundr kæmi til hans, ok svo gerist, því at sá guðs maðr var harðla fúss ok framlútr at veita þeim bót, er þurfti, í hverju rúmi sem hann mátti þat helzt vinna. Sem hann fram kemr í þann bæ, sem inn sjúki ligg, tekr hann fyrst til vopna þeirra, er honum vóru tömust í slíkar nauðsynjar, gerir bæn sína til guðs. Síðan tekr hann þann helgan dóm, er hann bar með sér, ok bregðr í vatn, dreypir síðan því vatni á varir sjúka manni, ok rennr niðr þegar, þó sem nauðgast, svo at krankdóminum varð mikil sótt í. Síra Guðmundr reist þá kross yfir kverkunum með fingri sínum, ok án dvöl þiggr maðrinn mál, en meinit linast svo, at sama dags gengr hann um sinn bæ ok búsyglur, lofandi miskunn Jesú Kristi.

Svo segir Einarr:

Mein hlaut Kálfr af kauni.
Kverkr þrútnuðu. Serkjar
niðr, þó at reyndi, Rindar
rann alls ekki Sanni.
Prestr gaf hjörva hristi
heilagt vatn, en skatnar
litu eldboða Áta
albéttan þar stéttar.

11. Eldr slökktr með vatni Guðmundar.

Á einhverju ári byskupsdóms herra Brands ok á næstu nótt fyrir *festum Leonardi* varð eldr lauss á byskupsgarðinum með miklum voða, at bærinn mundi upp ganga. Lék þó upphafliga ok mestum ákafa þat, er í var viðrværiskostr staðarins. Er nú hlaup ok hark í bænum, sem von er í þess háttar tilfellum. Vatn var borit með afli, en eldr æ því frekari. Herra byskup vaknar við hlaup ok háreysti, hefir sik upp til kirkju ok tekr skryddr heilaga dóma, gengr svo búinn með kennimönnum fram í móti eldinum, þar er mest ógnaði brunann. Gerir þá guðs vald fyrir bæn heilagra ok sem trúast má fyrir von byskupsins, at eldr æsist eigi

framar, utan heldr því, er hann hefir fengit, stendr ok neytir, því at Guðmundar vatn er nokkut á garðinum. Prestur einn svarar, at þat mun finnast. Byskup býðr með öllum skunda, at þat skal dreifast fram á eldinn, ok án allri dvöl dregr sik saman ok fellr í fölska.

12. Um öfund við Guðmund.

Sá maðr, sem vel hugsaði, hvat nú hefir lesizt, má skilning yfir bera, hversu síra Guðmundr var valdr maðr fyrir guði. En með því at nú ofraðist þegar nokkut svo öfundarkveikja í móti honum, meir í fyrstu af kennimanna hálfu en leikvaldi, þá er fyrir aðra grein eftir leitanda, sem með nokkurri undran, hvat þeim mislíkaði við hann. Eigi meinyrði hann nokkurn þeirra eigi dró hann undir sik eitt eða annat af þeirra varnaði. Sú var hans sök, sem var heilags Martini við byskupa í Franz, eftir orðum Sulpitii, ok ins sæla Benedikti við Florentium prest, eftir orðum ins mikla Gregorii.

Þat er öfundarkyn kunnast, at maðr þínist at þeirri velferð samkristins, sem hann vildi sjálf fá. En hitt annat er meir frá dæmum, sem hér var, at öfunda þat með öðrum, er hann vill á enga lund sjálf nýta, þat eru bænar ok bindandi, ölmusugæði ok aðrir mannkostir. Því kostuðu þeir at slökkva kraftinn ok sátu við eyra byskupsins, at hann minnkaði þá náð ok nytsemd, sem síra Guðmundr hélt af kirkjunnar frelsi. En hvat er þeir drógu eða leiddu byskupinn, lagði vors herra miskunn æ sínum vin þar í mót aðra gleði, svo at endiliga hélt hann viljuga dyggð ok staðfesti. Hér með kallaðist byskupinn fram til þess, at þat væna messuskrúð, sem föðurbróðir síra Guðmundar prests at vígslu gaf honum, áðr hann fór af landi á braut, tekr hann heim til sín með valdi ok leggr eigi pening fyrir. En þó at herra byskup gerði svo, brá síra Guðmundr eigi um aldr sinni dyggð ok hlýðni við hann eða Hólakirkju, heldr var hans auðmjúk þjónusta reiðubúin nær ok firr á nótt ok dag. Var þat einkaligt í grein, at byskupinn skyldi hræast léttliga móti þvílíkum manni, er öllum reyndist frábær í byskupsdómi hans. En þat er með byskupinum, er Gregorius segir í fyrstu bók *Dialogorum*, at formannsins hugr, dreifðr í áhyggjum, verðr því fljótara blekktr í fortölum, sem hann er aflminni með sundrgreindri parteran í ýmissum erindum. Snúum enn aftr til Guðmundar ok sjáum hans athafnir.

13. Augnverkr læknast af handlaug Guðmundar.

Svo gekk á loft mildi ok manndýrð síra Guðmundar, at sauðir guðs af ýmissum héruðum fóru ok fluttust hann at finna ok at gera skriftamál fyrir honum sem inum mjúkasta feðr. Var í því mest megn móti jólum ok páskum, jafnvel þótt hann færi veg sinn, sem hann sæti heima. En því leiddust margir til hans, at hann var veikdóminum svo víkjanligr, at allr flaut í vorkynnd. Væri mjök kalt á vetrum, skrifaði hann fólki í stofu heitri eða laugarhúsi.

Héðan gengr þat af, at svo berr til einn tíma um hávetri, sem hann gerir sinn veg, at hann gistir einn bónda, at þar er fólk komit ok sitr fyrir Guðmundi presti. Dvaldist hann þar næsta dag ok heyrir játning manna í stofu lítilli, því at frer var hart úti. Hafði hann í sömu stofu klæðzt um morguninn ok þvegist. Stóð þar eftir laugin annan veg í pallinum. Af húsbónda er þat at greina, at hann hélt fyrir bæði augu með svo ströngum augnaverk, at hann fekk nauðuliga borit. Hann sami reikar með sinni eynd um bæinn ok síðan í þá litlu stofu, er síra Guðmundr sat fyrir, ok sem gjarnt er þess háttar krankdómi, hefir hann hendr fyrir sér, hvar sitja mætti. Ok er hann finnr munnlaug með vatn á pallinum, þykkist hann vita, at þar í mun síra Guðmundr þvegizt hafa. Hann vætir þá augun bæði ok alla ásjónina í því sama vatni ok fekk þar í mót þau starfalaun, at hann er í stað albætt maðr svo framt, at aldri síðan fekk hann augnaverk á alla sína daga.

Svo segir Einarr Gilsson:

Móð fekk hreytir hríðar
hjárteins í brásteinum.
Ófeigr hlaut augum
undrlost í stað blunda.
Varð af handlaug hirðis
hreins dýrlygra greina
hlátrar hellis Gauta
heil brúna rök deilis.

14. Læknaðist höfuðverkr Guðmundar.

En þat, er sagt var litlu áðr, at Guðmundr góði vandist á vetrartímum at heyra mönnum í vörnum herbergjum, kann vera, at þaðan af leiðist, er varð í fyrrum tímum, at tveir norrænir menn, kumpánar hans, er sátu samhéraðs, kómu til játningar ok kölluðu hann fljótt með votu höfði eftir nýtekna hárlaug í grimmu frosti, sem er í því landi svo norðarlíga um hávetrar skeið. Ok eftir litla útivist hrapaði á hann svo strangr höfuðverkr með voða, at hann varð ómáli ok lá svo um eina eykt, þar til er drottinn leit af sæti sínu þau hörmulígt tár, er allr lýðr á bænum steypiti út í hans augliti fyrir heilsubót síns andlígs föður. Var þá ok batinn svo fljótt, at hann söng messu samdægrís sér til fagnaðar ok öllum öðrum.

15. Upptaka beina Þorláks ok Jóns.

En er virðulígr herra Þorlákr byskup *secundus* hafði líkamlíga í jörðu legít um fjögur ár, væntu ástvinir hans enn meiri gleði. Þar af má einkanlíga tilnefna herra Pál byskup, frænda hans, ok síra Ormr, er var hans kapellanus, en sat í þenna tíma með herra Brandi byskupi at Hólum. Greindum árgang fundust þeir Guðmundr góði ok síra Ormr, talandi með sér þat, er Þorláki byskupi til heyrði. Sagðist síra Ormr þess vænta, at hans elskulígr faðir væri góðr maðr fyrir guði, en síra Guðmundr vann þar meira at með fortaks orðum, at Þorlákr byskup væri inn helgasti maðr ok eigi mundi langt, áðr en þat yrði ljóst öllu landsfólki.

Svo fylldist þessi spásaga, at með birtingum ok fögrum jartegnum fyrirförendum varð blessaðr Þorlákr á næsta ári eftir *translatus*. Var byskup Hólensis, síra Guðmundr ok síra Ormr þá í Skálaholti eftir bæn herra Páls í þeirri embættisgerð, er eigi var fyrr framin í því landi.

Skipar byskup Skálholtensis síra Guðmundi hæsta rödd yfir alla kennimenn, næst byskupinum, hvat lesa skal eða syngja í hverri stöðu eða framgöngu. Fekk hann þar af mikla virðing, því at svo sýndist í hverri grein viðkvæmilígst, sem hann skipaði. Hér með lét herra Páll byskup hann blessa fullt ker með vatn, at þat gefist út í sýsluna mönnum ok smala til heilsubótar.

Á sama tíma var þar á garðinum byskupsins svo krankr maðr, at hann lá lengstum sem í kór. Hans vanheilsa var svo fallin, at í millum hæls ok háls var hann steyptr einni hrufu, ok þar undan féll daunmikít vatn. Var meínit æ því óhægra ok líkaminn stírdari sem hryfit var harðara með órferðinni.

Ræðismanni á garðinum þykkir mikit at um sjúkdóm þessa manns, því at hann var hægr, en hafði nú verit með öllu ófærr um tíma. Finnir ræðismaðr þann veg, er dugði, at hann segir til síra Guðmundi, biðr þar með mjúkliga, at hann muni eitthvert ráð til leggja.

Síra Guðmundr svarar svo: „Vors herra miskunn má hans sjúkdóm lækna, en ef ek skal til leggja, þá fá mér einn bikar með *oleum*.“

Verðr ræðismaðr þá glaðr, gengr til Páls byskups ok kynnir honum, hvat komit er.

Sem *oleum* er til látit, hefir síra Guðmundr þat upphaf, sem honum var kærast, kallar á nafn Krists ok blessar *oleum* ok smyr síðan þá ina aumu limu, er allir vóru lamdir einni líkþrá, leggir til síðan nokkurar bænir lágliga af sinni hálfu ok talar svo: „Þess vænti ek í valdi drottins, at þér létti.“

Ríðr hann síðan fljótt með Brandi byskupi norðr um land, en af líkþrámanni er þat at segja, at hann var hreinn ok alheill í öllum limum ok liðum innan sjau náttu. Sýndi hann sik síra Guðmundi alvarliga hreinan, sem þeir fundust á næsta ári.

Svo lutu sæmdir at þessum guðs manni, at litlu síðar stóð hann í þeirri þjónustugerð með sömu raust ok forráði, er ger var í Hólakirkju til dýrðar sælum föður Jóhanni Hólensi, þá er hann var með jartegnum ór jörðu lyftr ok gleði allrar landsbyggðar, því at drottinn guð sneri fyrir hans meðalgöngu réttðæmi sitt ok refsing í mildan mjúkdóm hunangligrar miskunnar. En þó at veizlur guðs eða mannvirðing, sem nú var greind, hallaðist at síra Guðmundi, ofraðist eigi hans hjarta þar af, heldr var hann æ því kostgæfri til þjónustu við guð, sem gjafarnar vóru meiri.

Má héðan af vel til hans segjast þat, er ritningin setr réttvísunum mönnum, at fyrr en hann kallaði guð, svaraði vorr drottinn: „Ek er hér,“ – því at sú blessan ok birti, sem framdist af hans bænum, gengr fram flestum dæmum.

16. Af lækningum ok jartegnum Guðmundar.

Það er kyn jartegna, at maðr mýktr í hjarta leitar miskunn ok finnr hana, en þat er frábært, at hjálpin grípi mann þann, er einskis biðr um sína nauðsyn, sem oftsinnis varð fyrir vötn ok vígslur þessa manns, þó at eitt af mörgu sé hér til dæmis dregit, þat er tvær konur fóthrumar vóðu þann læk, er féll ór þeim brunni, er síra Guðmundr hafði vígt, ok urðu í stað alheilrar, en vissu á engan veg, hvaðan leiddi þeirra bata, áðr kunnir menn greindu þeim upprás lækjarins.

Hér með fylgir þat, er þó varð miklu síðar, at hans öfundsmenn urpu vatn af sínum líkam í hans blessaða brunn. En þat, sem þeir þóttust geta guðs vin til háðungar, sneri vorr drottinn sér ok sínum vin til virðingar, því at frammar en fyrr blómgaðist sjá brunnr mönnum ok fénaði til heilsubótar.

Þat var enn eitt sinn, at hann hafði brunn vígt, at kona nokkur langt til komin vildi bera vatn til heimilis síns, en hafði fatit ekki, tekr þá húfuna af höfði sér gerva með léreft ok fyllir með vatn. Svo gerir hún allan sinn veg, at vatn er óbrugðit, en húfan þurr utan.

Í sama brunn tók maðr vatn í fötu luktri. Hans farlengd var um fjallveg mikinn. Ok er hann kemr í hæð fjallsins, sezt hann niðr at erindi, en lætr fötuna lausa hjá sér ok hugsar eigi, hvar

hallrinn var undir, ok því grípr hana brattlendit með fjallsins flug, ok steytir urð af urð, þar til hún kemr á forlendi. Maðrinn harmaði þat, er hann hugðist tapat hafa, rennr þó ofan af hlíðinni ok finnr fötuna með sínum farmi svo heila sem hún hefði í dún fallit.

Nú ef vatni síra Guðmundar fylgdi þvílíkr kraftr, hvar er þat fór eða fluttist í fjarska við hann, má þat vitr maðr vel hugleiða, hveðrar dyggðar þat mundi þá vera, er hann sjálfr fylgdi fram með bænum sínum ok list heilags anda, sem enn sýnist í því, er eftir ferr.

Maðr kom til hans með fótarmeini svá sáru, at varla var bæriligt þeim, er þoldi. Því fellir hann mjúkar bænir, at guðs þjónn miskunni honum. Hann dvelr ok ekki, vætir í vatni fótinn ok meinit, signar síðan ok less yfir langa bæn, svo at fótr þessi var albætr innan þriggja náttu.

Í öðrum stað ok tíma vitjar hann þann mann, er nær var numinn öllu afli ok hafði legit um sjau ár í sífelldri kör. Þenna mann dreifir síra Guðmundr vígðu vatni, berr yfir helga dóma með bæn sinni ok reisir hann svo upp af rekkjunni, endurgoldinn fullri heilsu, sem eigi hefði krankr orðit.

Í þriðja tíma kom til hans sá maðr, er sárlegra mein hafði en flestir aðrir, því at hann þindist með óbærligum harmi í sjálfum getnaðarliminum, er hjartanligan sárleik hafði umfram aðra liðu. Hvat þarf lengra en þessi guðs maðr hefir sína læknidóma, sem greindir vóru, ok gerir hann alheilan mann með valdi ok vilja vors herra Jesú Kristi.

Fjórða sinni kemr hann í þann bæ, sem hann gerir sinn veg, at þar liggir maðr í rekkju svo krankr ok kreppt, at samhaldin kör var hans eigit heimili. Þenna mann vætir síra Guðmundr í vatni, vígðu með sjálfs síns höndum, biðr fyrir honum, berr yfir hann *reliquias*, ok fyrir þetta allt saman nálgast sá guðs kraftr, at limirnir réttast, hverr til síns embættis ok þjónustu líkamans, svo at þessi maðr fagnar fullri heilsu fyrir allar greinir.

Svo kvað Einarr Gilsson:

Raun lá sárt á sveini.
Svall búkr. Limu alla,
kör vann, kreppti stórum
kvöl, böðvar Tý fölván.
Þar fekk síðan sökkvir
sundeims af Guðmundar
hreina björtum bænum
bót armæðu ljótrar.

Í fimmta stað kemr enn síra Guðmundr til sjúks manns, er um langa tíma hafði í rekkju legit, ok sem hann hefir borit yfir hann vígt vatn eftir vana, fellr hann fram til bænar á pallinn, millum sængrinnar ok eins klerks, er honum tilheyrir, svo at í fyrstu hafði klerkrinn sýnan þunga af annarri öxlinni. Nú sem hann hefir beðizt fyrir um stund, rennr yfir hann þungi, sem hann sofnaði, ok nú í stað skilr klerkrinn, at sá líkamspungi er brott borinn sem fyrr hafði hann kennt í þeirra samkomu. Eftir þrjár stundir vaknar hann sætt ok hógliga.

Klerkrinn spyr þá: „Síra minn,“ segir hann, „hver grein mun til þess er ek kennda eigi þunga af þér, síðan höfgin leið yfir þik?“

Hann svarar: „Drottinn vorr vinnr þat, er hann vill. Hans nafn sé blessat um veraldir.“

Eigi fær klerkrinn meira hér um.

Þessir hlutir gerðust á einn laugardag. Líða nú tímar, þar til at fréttist, at á vestanverðu landinu fór einn bóndi dagstætt at sækja tíðir, ok því næst skrefar at honum einn fjandi í flagðkonu mynd ok vill bægja honum til fjalls brott af veginum. Hann mæðist brátt í umfangi við þann óvin, svo at hann þykkist at þrotum kominn, fær síðan inn bezta veg síns vandkvæðis, kallar með háreysti á góða Guðmund prest Arason. Ok án dvöl kemr maðr í svartri kápu með vatn ok stökkvil millum hans ok fjallkonunnar. Flýr þegar óvinrinn, en kápumaðr tekr vald yfir bónda ok fylgir honum allt til bæjar. Kenndi bóndi berliga sinn leiðtoga, at hann var síra Guðmundr Arason, því at hans vöxtr var flestum mönnum kunnr á Íslandi, bæði at sýn ok skýrri frásögn, heldr lægri en meðalmaðr ok þykkir í vextinum, breiðlaginn í ásjónu ok eigi langleit, æ með hýrligu yfirbragði.

Svo segir Einarr Gilsson:

Fúrs, gekk flagð at Snorra,
fór drengr á hæl stórum,
sótti mörn af mætti
mest valklifa lesti.
Hét á Guðmund gætir
glaðr ílegu naðra.
Þeim barg garpi geymir
greiðvirkr höfuðkirkju.

Sé hér nú afburðamann, er sæmist þeim frumtignum, sem fálígest finnast af heilögum feðrum, at sýnist líkamliga líkamsaugum í tveim stöðum á einum ok sama tíma. Hvar er víðara lesit svo lofsamlig efni en með Ambrosio Mediolanensi ok Frontone Petragoriensi? Þeir sátu báðir heima skryddir sofandi fyrir altari, hvorr at sínum byskupsstóli, en vóru í sama punkt báðir með guðs boði sénir í fjarlægum stöðum at veita graftarþjónustu guðs ástvinum, Ambrosius í Turs at sæma signaðan Martinum, en Fronto í þeim stað, er Tharaskonum heitir, at veita líksöng sælli Marthe, vors herra húsfrú. Þessum tveimr samlagast síra Guðmundr í sagðri gjöf. Ok at heilli sæmd svo frægra guðs vina má þat sýnast hér fremra at gera tveimr í sama tíma hjálp ok heilsu sinna þröngvinga, þá er sjúkr reis ór rekkju, en sótt af fjanda frjálsaðist.

Sami klerkr sagði svo gerast oftliga um nætr, sem þeir síra Guðmundr sváfu báðir í einni sæng, at kenning hans líkama veru var í brottu, en sakir ótta þorði hann eigi höndum til at taka. En þá er svo bar til, spurðust á síðan nokkur tígulig verk samtíma orðin í landinu, er hann vann í fjarlægð líkamans með krafti andarinnar, þótt vér kunnim eigi frammar greina sakir fáfræði, er þat prófan þess, er fyrr var skrifat, at þetta er lítit bréf hans ágætliga verka.

Mun þá svo sýnast mega, at fylgjandi frásögn efli mjök þat fyrra efni, þá er greinist, hvat kraftrinn vinnr fyrir hans klæði honum fráveranda, svo sem lesit er af ágætum manni í guðs kristni Anselmo, er síðan varð Kantuariensis erkibyskup næstr fyrir Theobaldum, at í sínum klerkdómi fekk hann stríðan punkt á stóru fjalli um hávetrartíma, sem hann fyrirlét áttjörð sína ok gerðist norðr til Borgundiam. Finnst sama grein í lífssögu síra Guðmundar, þá er hann sótti fjallveg þann, er liggir annan veg byskupsstólsins at Hólum. Í þeirri för var með honum margt fólk, sem honum var gjarnt, alla götu, því at hægt þótti at búa undir hans góðleik ok mildi. Á séttá dag viku byrjar hann sína ferð upp á fjallit. Eru með honum í ferð bæði ungir menn ok gamlir, þótt fáir sé nefndir. Klerkar hans vóru þar tveir, *Hospes* (þ. e. Gestr) ok Vermundr, er hann unni sem lífi sínu. Fóstrmóðir hans var ok þar ok ein meyjja lítil. Þat er fljótast af at segja

ferð síra Guðmundar, at svo sterkt ofviðri með grimmasta frost ok myrkr grípr hann ok allt hans föruneysi á sjálfum fjallgarðinum, at dauði ok drátt hríðarinnar dreifir fjögurra vegna allt þetta fólk. Báðir lærisveinar fyrrnefndir látast þar á fjallinu, meyjan sú in litla, er vér gátum, var grafin í snjá með þeim búnaði, at hún var sveipuð með kyrtli síra Guðmundar. Hann sjálf hefir þat náttból í fönninni á fjalli uppi svo óhægliga, at á sinni hendi lá hvort, fóstrmóðir hans lifandi ok andlauss lærisveinn. Varð hann hér af svo stirðr, at varla mátti hann ganga eftir um morguninn, sem hans var leita farit á hesti ok fæti, því at mikil sorg var orðin allri byggðinni af hans brotthvarfi. Hann lætr með virktum flytja ok til kirkju færa lík beggja lærisveina sinna. Söng hann yfir þeim heimkominn með tárlegri góðfýsi.

Ok áðr þeirra ásjónur væri sveipaðar, kyssir hann þá báða með grátstokknum augum ok talar svo: „Drottinn minn lífgi ykkur í ríki sínu.“

Ok á næstu nótt eftir þeirra gröft dreymdi fóstrmóður síra Guðmundar, at hún þykkist koma fram á eina fagra eng. Þar er pilti leikr mikill, ok þar sér hún, at leikr *Hospes*, lærisveinn síra Guðmundar.

Hann víkr at henni heimuliga, en hún talar til hans: „Hví stendr þú í leikferðum, framliðinn maðr?“

Hann svarar: „Ek var dauðr, en nú lífs, því at fóstri minn gaf mér í gær góðan kyrtil. Veittist honum ok þat, er hann bað með kossinum, at drottinn lífgaði okkur í ríki sínu. Nú er ek vel kominn, en skólabróðir minn betr miklu. Megum vér nú gera létta nokkvern í erindum fósttra okkars, þá er hann vill.“

Þessa sýn sagði hún síra Guðmundi um morguninn. Gladdist hann mjök hér fyrir af harmi piltanna ok lofaði guð.

En af meynni, þeirri er á fjallinu var sveipuð kyrtli síra Guðmundar, er þat at greina, at hún fannst á mánadaginn eftir heil ok ókalin, utan lítt á fótinn annan, er tók undan kyrtlinum. Svo hlífði henni guðs vinar klæði, at hvorki frost né hungur náði hennar lífi. Nú svo sem guðs mildi fæddi sælan Anselmum himnesku brauði í fyrrgreindum veg, sem hann var at ófæru kominn í fjallsins vegleysu, svo nærði hér andlig miskunn móti náttúru lítit barn um svo mörg dægr fyrir verðleik ok klæði síra Guðmundar. Því hæfir, at enn hlýðim vér framleiðis, hversu gæzka drottins, er honum var nákvæm á nótt ok degi, verðr öðrum sorgar slökkvir með nýtekinni gleði.

Svo berr til í ferð síra Guðmundar, at hann gistir þann húsbóna, er svo var handlami með ofverkjum, at hans sjúkdómur mátti eigi svefn hafa. Ferr þar sömu leið þarvista síra Guðmundar, at hann sálugr reikar brott af svefnskemmunni. En er hann kemr aftr farandi, sér hann skínandi birti af loftinu standa niðr yfir sæng síra Guðmundar, því líkast sem sól gefr í krafti sínum at alskærum himni. Hann gengr ok réttir fram hendrnar í geislann ok þá krönku hönd ok eigi í tómt, því at án minnstu hindran flýr braut verkrinn. Gengr hann til rúms síns albættur maðr í náð ok heilsu líkams, sem eigi mundi hann sik þess háttar þolt hafa.

Í annan tíma var þat, at í blíðum viðrtektum hans gistingar var fengin til kona nokkur at klá fót hans, er hann kom í sæng. En þó at hann fýsti eigi þvílíks, vildi hann sakir hógværi eigi neita, síðan ástin beiddi þjónustu. Kona sú hafði vanfæra hönd til vinnu, því at þrír fingr lágu krepptir í lófa. En er hún klær, líkir síra Guðmundi þat sem honum þykki hún ofkyrrt vinna ok spyrnir fætinum at fótafjölinni. Verða þar í millum þeir krepptu fingr, svo at hællinn kemr í

buginn, rétt á þá sin, sem dregit hafði. En í móti þeim sárleika, er konan kenndi hér af, finnr hún þat verðkaup, at innan fárra náttu eru þeir sömu fingr alréttir. Sýndi hún þá síðan guðs manni. Hann lofaði guð fyrir, eignandi sér með öllu ekki af þess háttar verki.

Svo segir Einarr Gilsson:

Fót kló jarðar Áta
elds Guðmundar þella.
þóttu þeygi réttir
þrír fingri á Bil kingu.
Hreinn nam hart at spyrna
hófs í krepptan lófa,
en hönd á Vár vindu
varð heil, friðar deilir.

Í þriðja tíma, sem hann flutti guðs embætti, stendr djákn hans hjá honum, er hafði mikinn sull í miðju höfðinu. En er þar kemr *officio*, at síra Guðmundr hefr upp sínar blessuðu hendr eftir upphaldit, mætir annarr handlegggrinn rétt miðjum sullinum klerksins, svo at í ákomunni verðr honum mjök sárt, en litlu síðar varð linara, því at aldri né eina stund upp frá því kenndi hann þar meinlætis af. Tjáði hann meistara sínum þenna hlut, en þar kom í móti eftir vana dúfuligt einfeldi ok þakklæti við inn hæsta guð.

Í fjórða tíma stendr svo skrifat, sem hann kemr í sinni hjálpsamligri yfirferð til eins bónda, er býr nær sjó, ok þar út af meginlandi vill hann hafa skipferð til eyjar einnar at finna vini sína. Víkr hann til við húsbóndann, at hann mun ljá honum skip ok lið svo langt sem þrjár vikur sjávar.

Bóndinn svarar: „Síra minn,“ segir hann, „ek vil gjarna veita skipit, en eigi mun þér þykkja harðskipat verða. Piltar mínir tveir ok húskarlar skulu til vera, en sakir þess at þeir eru aflvani til róðrar, vil ek, at þú veitir þeim byrleiði heim aftr.“

Guðs maðr svarar: „Við skal ek leita at biðja drottin minn, at hann létti erfiði þeirra.“

Sem þeir eru búnir, fara þeir ok fram koma.

Ok at skilnaði, sem síra Guðmundr gengr af skipi, tala svo piltarnir: „Minnstu nú, síra minn, at þú hézt feðr okkrum at gefa leiðit.“

Hann svarar: Guð greiði veg ykkarn, mínir sætu synir.“

Síðan gengr hann til kirkju. Veðr var kyrrt með öllu, er piltar láta ór vörum, eru svo öruggir af nokkurri tilleiðslu. Er þat ok allt í sama punkti, at þeir hafa undit ok vindr greiðist með fullum skrið, svo at eigi leggja þeir fyrri en fyrir bæ föður síns. Varð bóndinn glaðr í þeirra komu, jafnan síðan boðinn í vináttu síra Guðmundar frammar en fyrr hafði verit.

Hér var sagt af farargreiða síra Guðmundar, hversu hann var guði kær. Því skal setja þessu næst, hversu honum líkaði, ef menn fyrirkváðust hans nauðsynjar.

Á nokkurum tíma kemr hann af löngum veg landsins með mæddan hestakost ok krefr einn bónda í héraði ljá sér góðan hest um dagleið, er hann átti. Bóndinn fyrirnemst hestlánít. Er þar

skjótt um at gera. Vegr síra Guðmundar fellr eigi heldr, en bóndinn með sínum húskörlum á þau verkefni á næsta morgni at draga dauðan hestinn góða ór því feni, er hann hafði í steypzt um nóttina. Kemr þat hér fram, sem sæll Gregorius vottar í fyrstu bók *Dialogorum*, at ef guðs þjónustumaðr verðr reittr, verðr ok hans hugskot eigi seinna provoceraðr.

Á þessum tíma síra Guðmundar vóru tvær einsetukonur á Íslandi, önnur á byskupsgarðinum í Skálaholti, en önnur norðanlands, at því munklífi, er heitir at Þingeyrum. Þeirri þar svo til, er í Skálaholti var ok þar hafði þjónat, at litlu fyrir hennar andlátstíð kemr þar vegfarandi vorr blessaðr sögumaðr, síra Guðmundr góði, ok at bæn herra Páls byskups sagði hann henni allan yfirsöng til moldar. Var þat mál manna, at í því birtist mjök hennar kærleikr við guð, at hún öðlaðist þvílíkan árnaðarmann í sinni útferð, því at lestrinn var, sem skrifat finnst, bæði skilríkr ok társtokkinn. En nunnu þeirrar, er sat at Þingeyrum, mun þenna tíma sögunnar verða getit, sem síra Guðmundr er *electus* til Hólakirkju.

En þat, er munklífinu til heyrir, má hér setja viðrkvæmiliga, hversu sæmiliga þat tók við síra Guðmundi, ok þann tíma sem hann reið í garð, prestur at vígslu, þá var yfir lifnaðinum ábóti, er Karl hét, en fremstr í safnaðinum var bróðir, Gunnlaugur at nafni, er þá var kallaðr bezt skiljandi til bækr á öllu Íslandi. Með hans tillögu gerir ábóti sæmiliga *processionem* ok skrýdda móti síra Guðmundi með þessu *responsorio*: *Vir iste in populo suo mitissimus apparuit; sanctitate autem et gratia plenus iste est, qui assidue orat pro populo et pro civitate ista.*

Þessi Gunnlaugr componeraði meðr latínu líf ins sæla Jóhannis fyrsta Hólensis. Vottar hann þar í prologo þessa sama verks, at þat efni tók hann upp í fyrstu fyrir bæn eða boð virðuligs herra Guðmundar Hólabyskups. En hversu þessi munkurinn sem fleiri aðrir umturnar sinni dyggð, mun þann tíma getit verða sem síra Guðmundr berr fram í boðana.

En af þeirri *processione*, er vér greindum gerva mót honum at Þingeyrum, má vel skilja, hversu almenniligu lofi hann var prýddr á þeim tímum. Því syrgiligra var þat, er eftir kom, at margir gerðu því minnr vel til hans, sem þeir vóru honum meira skyldugir.

17. Guðmundr barg konu Kolbeins.

Virðuligr herra Þorlákus, nýorðinn byskup Skálholtensis flutti þau bréf herra Eysteins erkibyskups í fyrstu til Íslands, er birtu herra páfans boð, at upp frá því skyldu allar kirkjueignir ævinliga standa undir valdi ok skipan lærðra manna. Efldist sá boðskapr lítit á þeim tíma sunnanlands, en með öllu eigi fyrir norðan, eigi fyrir þá grein lítit, at sæll Þorlákr vanrækti hann, heldr fyrir þat, at Jón Loftsson, er þá var gildastr leikmaðr á Íslandi, reis með almúganum svo örðigr, at við voðann lá sjálfan, áðr erindit nam stað með öllu fortakit.

Fyrir þessa grein sátu kennimenn með bóndum í héruðum ok höfðu þat borð af kirkjunnar rentu, sem góðfýsi fyrri manna hafði offrat altarinu. Því sat vors herra þjónustumaðr, Guðmundr góði, at líðanda sínum prestsdómi með þeim húsbónda, er hét Kolbeinn Tumason. Hann bjó í því héraði norðanlands, er heitir Skagafjörðr. Þat liggr til vestrættar annan veg byskupsstólsins at Hólum. Kolbeinn, er vér nefndum, var mestr háttar maðr í því héraði, formenntur í skáldskap, svo at hans óðr leggst aldri niðr. Hann orti fagrligt lof guðs móður Máriae til dýrðar, ok í mörgu lagi var hann vel fallinn, þótt hamingjan væri honum hverflynd. Hans húsfrú, Gyrið at nafni, var náin frændkona síra Guðmundar. Hún var kvenna vænust ok brást aldri sínum frænda, hversu hart sem dró.

Svo berr til í nokkurn tíma, sem Kolbeinn ok hans húsfrú hafa með sinni fylgd riðit þann stóra Kjöl, er millum byggða liggur um mitt landit, at hann tekr náttgisting í þeim stað, er landsmenn kalla Vinverjadal. Hann lætr tjalda ríkmannliga, sem honum til heyrir, dvelst þar um náttina, en myrgininn árla hefir hann sik á fótum, var maðr á léttasta aldri, glaðværr ok leikinn, ok því kallar hann út pílta sína at efla einshverja gleði, áðr tími sé til borðs. Nú sem þeir standa, heyra þeir til tjaldsins sárliga rödd. Rennr Kolbeinn fyrstr manna, ok inn komandi sér hann rúm autt með öllu, er Gyrið hafði haft.

Hér af verðr hann sleginn þeirri sorg, sem enginn fæst í at greina. Ok sem hann hefir lengi andvarpast með hugleiðing, hvat helzt muni til hjálpa í svo stirðan punkt, kallar hann þá síðan til sín lágliga tvo menn ok býðr þeim at sækja fjallit sem ákafligast norðr í byggð á fund síra Guðmundar ok segja honum, at Kolbeinn sé sjúkr á fjalli ok vili fá prestsfund. Þeir fara ok fram koma berandi svo fallin orð sem þeim var boðit.

Síra Guðmundr kennir þegar með sér nokkut óttaboð ok svarar svo sendimönnum: „Þat trúi ek satt vera, at Kolbeinn sé krankr, en hvort sjúkara er, hugr hans eða hörund, látið þit kyrrt vera, en þat kann vera, at Kolbeini þykki ek skyldugr vera at fara.“

Hann dvelr ok ekki, ríðr sama dag heiman upp til fjalls ok þegar upp á fjall um nóttina, því at hásumar var, í júlíománaði, með svo miklum sólargang sem greindr var í upphafi sögunnar. Síra Guðmundr kemr suðr í Vinverjadal þegar í óttu. Veitir Kolbeinn honum þá virðing, stendr upp í mót honum ok tjár honum, hver hörmung hann hefir heim sótt, biðr þar með hverja lund, er hann kunni, at síra Guðmundr árne þess við guð, at líkami konunnar skipist ok mætti þiggjast í kristiligan gröft, þótt líf hennar væri forlagt.

Guðs maðr svarar engu, utan biðr hann sem alla þá ganga brott af tjaldinu. Ok eftir liðnar þrjár stundir kallar hann Kolbein, ok til kominn sér hann á klæðunum liggja líkam ljótliga spilltan, alla lund snaraðan og drepsóttan, sem grætiligt var þeim at sjá, er unni, hvert ferlíkan orðit var af ljúfum kristnum manni. Kolbeinn fellr þá í meiri sorg en fyrri, fellandi nýjar bænir at síra Guðmundi til léttis ok endrbata konunni.

Hann svarar: „Þú knýr mik, Kolbeinn, undir óbæriligan þunga, því at til svo stórra hluta ber ek engan verðleik.“

Kolbeinn gefr sik þá fram með tárur fyrir fætr hans, þar til þat blessaða brjóst bognar fyrir ok biðr hann brott ganga. Eftir liðnar tvær stundir eða heldr meir, kallast hann aftr í tjaldit. Sér hann þá guðligan kraft svo mikinn skína fyrir bæn síra Guðmundar, at líkaminn var aftr leiddr í mannliga mynd ok endrbætr í öllum greinum því fráteknu, at svo var hún mædd ok máttfarin, sem líf at eins bragðaði fyrir brjóstinu.

Guðs maðr segir þá: „Þat mun guðs dómr krefja af þér, Kolbeinn, fyrir svo háva velgerð, sem hann veitti þér hér í dag, at þú fyllir eigi flokk hans óvina ok eigi finnist þú með þeim, er hans rétt ok heilagrar kirkju vilja fyrirsma.“

Kolbeinn svarar: „Um alla mína lífsdaga skal ek þik elska, ok þat, er þú segir mér gott vera, skal ek gera.“

Síra Guðmundr segir þá: „Vonligt þykkir mér, at nú í dag sé þetta þitt hugarfar, en brestr mér, mágr, ef ek sé þik eigi um sinn í öndverðu brjósti þeirra, er mér vilja með öllu fyrir koma. En leggjum þetta tal. Far heldr ok nær húsfrú þína seint ok stilliliga. Far ok eigi héðan, fyrr en

hún má hættulaust á baki sitja, því at hún mun þér ávallt til nytsemdar skipuð, ef þú kannt geyma.“

Svo kvað Einarr Gilsson fimm vísur:

Snjöll var ferð á fjalli,
fleinþings, með Kolbeini,
tjald sló vörðr, sem vildi,
víns hirði-Bil sinni.
Ein sat ægis mána
eik, en sveit nam leika,
braut hvarf elds frá ýtum
Áta lands, með gráti.

Angrs var Kolbeinn klungri
kvíðandi mjök síðan,
Otrs er eik var brautu
ung nauðgjalda, þrungin.
Fróns bað fyrða sína
farar rækjandi sækja
prest þann, er lýð leysti
linns, allmörgu sinni.

Veit ek, at geirþings Gautar
Guðmund í stað fundu.
Kváðu Kolbein meiðar
kjaldúks vera sjúkan.

„Heill berr stefja stillir
stríðr útlímu fríða,“
brátt segir bölva léttir
bjartr, „en nauð í hjarta.“

Kænn nam Kolbein finna
kafs rýrandi fýris.
„Bittu,“ kvað Viðris veitir
víns, „fyrir beðju minni.“
Hét á skilning sætan
seimlundr röðulgrundar.
Aftir kom brúðr til beiðis
bláleit ok dauð hneitis.

Enn nam öðru sinni
allhryggr á prest kalla
hjaldrs at hjálpa skyldi
hlunnr valbrautar Gunní.
Hár gaf himna stýrir
Hlín albætta Vínu
fyrir Guðmundar greindar
grænleiks fríðar bænir.

Eftir framit þetta dýrðarverk, er saman heldr bæði spádóm ok verðleik síra Guðmundar, riðr hann norðr af fjallinu ok bíðr heima húsbónda.

En af því var Kolbeini mikit lagit í meingerðum við síra Guðmund, at mörgum hans táknum mátti hann vitni bera. Hann tjáði oftliga þat fyrir öllu heimafólki sínu, at í hans búgarði gekk jafnan minni kost, ef síra Guðmundr sat heima með klerkum sínum. Hann hafði ok sét, ef sauðr sýktist eða stærri fénaðr, svo leiddr í dauða, at rétti frá sér hvern fót, spratt kykvandit upp alheilt ok tók á rás, síðan Guðmundr gekk til með bæn sinni ok vígðu vatni.

18. Frá lækningum ok jartegnum Guðmundar.

Mikill bardagi féll yfir einn búgarð norðanlands með þat kyn, at ganganda fé datt niðr í bráðan dauða. Því eru orð ger signuðum lækni, síra Guðmundi. Hann er ok fljótr at stoða náungunum eftir vana. Sem hann fram kemr, lætr hann samka féit í einn stað, berr síðan yfir fyrst vatn með heilagri bæn, en síðan gengr hann til kirkju á þeim sama bæ ok býðr, at klukka sú, sem utan húss var um búit, sé niðr tekin. Síðan lætr hann fjögurra vegna rista á henni inn heilaga kross ok eftir þat skipast í sama stað. Þar með býðr hann forráðsmanni bæjarins, at þeirri klukku skal hann láta hringja iðuliga móti búinu, þá er þat gengr heim ór haga, segist þá vænta guðs miskunn, at fallit muni af nema. Eigi féll it minnsta í hans forsögn, meðan geymdist þat, er hann bauð. Fallit svæfðist, meðan klukkan hringdist. En síðan gleymdist, leiddist aftir sama ógifta, ok því nærri féll sú klukka niðr af sínum umbúnaði með svo einkanligum hætti, at hún brast á brjóti, en brotnaði eigi. Var þá síðan upp látin ok hringt eftir guðs manns boði. Var þá ok þegar fallit afdumit í þriðja sinn.

Annarr búgarðr varð enn fyrir sama stríði ok þeirri þínu fram yfir, at mannfólkit í bænum greipst í bráðasótt, svo at innan fárra náttu hnigu sjau menn. Var sá býr allr í hörmung ok angri, sem von var. Bóndi af þeim bý ríðr til fundar við síra Guðmund, sem hann ferr yfir land í sömu gæzku ok góðvilja til kristindómsins, sem greint var, biðr hann víkja til sinna hýbýla ok segir honum, hvat hann hefir hræra. Guðs maðr víkst þegar við hans þörf ok ríðr á bæinn, gengr síðan með vígt vatn ok *reliquias* ok heilagt bænahald inni ok úti um akr ok eng, langt ok víða alla vega frá bænum. Hér má nú sjá einkanligan hlut ok eftirdæmi sæls Martini mjök lofligan, því at fyrir bænir þessa guðs manns tókst hvorttveggja braut, fall af fénaði ok sótt af mönnum, því at þar birtist mestr verðleikr mannsins, ef hann þiggr af mannfóki lagða ráðning, hvort sem heldr fyrir syndir þeirra sjálfra eða leyndan guðs dóm, sem vottaði sæll Martinus, þá er hann græddi hús Licontii jarls.

Þat bar til enn í sömu ferð síra Guðmundar, sem hann kom með sínu föruneysi fram at á einni stórrri snemma sumars, at vatnit var með öllu ófært sakir óvægiligs vaxtar. Tveim megin til ríða farfúsir menn, en hverjum gefst fararleyfi. Síra Guðmundr stígr af baki ok víkr fram at ánni, en klerkar hans leika sér í leyfi. Ok allitlu síðar brestr á grandanum framfall árinna, svo at hvorirtveggju ráða til, mætast í miðju ok berr af it bezta, en án dvöl eftir þetta hleypr áin upp í sama vöxt, svo at lengi sumars fór fuglinn einn yfir hana.

Þat var annat vatnfall, er gekk ór fornum farveg, svo þann fylldi með sandmel, en braut annan, ok dregr sik þaðan svo meinliga, at hún ógnar óför þeirri kirkju, er nálægast var. Hér til er kallaðr síra Guðmundr með sínum læknidómum, sem hann var í greindum veg sunnanlands. Hann bar sínar *reliquias* fram til árinna. Dreifir hann hana með vígðu vatni, fellr síðan á kné til bænar móti austri ok stendr svo um stund. Hvat lengra en á næsta morgni sjá menn út komnir, at áin hefir brotit sik aftr í fyrra farveg, ok fellr svo um sanda þvers í braut frá bænum. Er þetta verk því samlíkt, er sæll Gregorius vottar með lofligum orðum í þriðju bók *Dialogorum* af þeim guðs þjón, er hét Frigidianus byskup Luteanensis.

Millum annarra heilagra dóma, er síra Guðmundr bar með sér, hvar hann fór, var bein ins blessaða Jóhannis Hólensis. Þat sama tjár hann í heilagri kirkju á sama bæ. Þar er viðstaddr einn prestr, orðmargr maðr, en eigi djúpvitr. Hann talar svo til beinsins, sem þat berast, at honum þykkir þat hvorki vel litt né stórum heilagligt.

Síra Guðmundr lítr til hans hógliga ok talar svo: „Mun Martinus Turonensis fyrir þá sök lítt eina heilagr, er hans bein er dökkt, eða trúir þú þat standa fyrir dýrð Þorláks byskups, er hans bein er eigi hvítt?“

Prestrinn svarar: „Eigi þarftu saman at taka Þorlák vorn ok Jón yðvarn.“

Síra Guðmundr svarar: „Ókennimannlig orð hefir þú, því at í þeim finnast bæði dirfð ok vantrú. Því skulum vér nú biðja vorn herra, at hann birti enn um sinn, hversu Jóhannes má reiknast millum heilagra manna.“

Ok sem menn hafa lesit *Pater noster* með *Ave Maria*, biðr hann alla menn minnast við beinit. Fylgir þá sú dýrð, at þar af angar inn sætasti ilm. Þat kenna allir menn utan prestrinn einn.

Síra Guðmundr segir þá: „Nú hefir guð sýnt stöðu þína, prestr, at þú ert frá skildr vináttu ins sæla Jóhannis. Nú krefr þik nauðsyn at renna, meðan þú mátt, ok gera iðran fyrir glæp þinn. Skal ek þá veita þér af helgum dómi Jóhannis til vináttumarks með okkr.“

Prestrinn svarar þá með góðu hjarta: „Ek má óttast, at sæll Jóhannes vili varla þiggja mína þjónkan fyrir þau minnkunarorð, er ek kallsaði til hans.“

Síra Guðmundr segir þá öllu því fólki: „Nú skulum vér falla á kné í annat sinn með þeirri bæn til guðs, at hann birti sér ok sínum elskara þæga vera prestsins iðran.“

Þegar eftir bæn gerva ok prestrinn kyssir beinit, kennir hann svo sætan ilm, sem eigi mátti jarðneskt reykelsi við jafnast. Gaf Guðmundr honum síðan af helgum dóminum, ok voru sáttir vel.

Í sama bæ, sem síra Guðmundr dvelst þar, liggur ein kona komin at dauða. Hún hafði verit meinlauss maðr í lífi sínu, hógvær ok bænærkin, en nú komin í örvasa aldr. Hún lá svo um sjau nætr fyrir utan næring matar ok drykkjar, at hún hrærði engan lim, nema sem minnst framanverða fingrna. Liggur hún svo búin á þann sama laugardag, er síra Guðmundr býst í veg.

Ok sem hann er kominn til hests, talar hann svo: „Þat er eigi farit, ef ek finn eigi þá góðu konu ína gömlu, er liggur í bænum.“

Síðan gengr hann inn í stofuna ok svo margt fólk með honum, at sumir stóðu utan dyra. Hann gengr at sænginni ok talar svo: „Þú, vinkona mín, munt brátt koma til guðs. Því bið ek þik, at þú berir kveðju mína vorri frú, sælli guðs móður, þar næst Mikjáli ok Jóhanni baptista, Petro ok Pálo, Ólafi konungi ok einkanliga mínum, sælum Ambrosio, ok öllum guðs helgum mönnum.“

Kerling svarar hátt ok hvellt, svo at þeir heyrðu fullvel, er í forstofunni vóru: „Já, já,“ segir hún.

Fylldist enn svo þessi forspá síra Guðmundar, at hún lifði eigi lengr en sex stundir dags upp frá því. Var þessi hlutr í mikilli dásemd með fólkinu, at nálíga var, at sjálfr dauðinn hlýddi boði síra Guðmundar með guðs vija, sem lesit er í *Vita patrum* af heremita nokkurum

Eignarmaðr jarðarinnar, er frjálsaðist undan árbrotinu fyrir bæn síra Guðmundar ok sá upp á þessi tákn, var gildr maðr ok klókr til veraldar vits, Sigurðr Ormsson at nafni. Hann ríðr sama laugardag í veg með síra Guðmundi ok greinir honum þat stríð ok áskilnað, sem með þóttu snaraðist millum hans ok Oddaverja, er eignir bóndans liggja í syðra byskupsdómi, nálægt við hans mótstöðumenn, talar hann svo til síra Guðmundar: „Ef svo verðr sem mik varir, síra minn,“ segir hann, „at þú fáir meira vald norðanlands en í dag hefir þú, þá minnst vináttu okkarrar, at ek megi firrast forþótt Oddaverja ok fá heyriliga staðfestu norðanlands með þinni umsjá, því at oss mun ella meiri ógifta heim sækja.“

En þessum orðum fær síra Guðmundr lítil andsvör sakir síns einfaldleiks, utan talar þat, er honum fylgdi, hvar hann fór, at friðr í góðum hlutum er öllum auðæfum betri.

En ef svo finnst í sögunni, at nefndr bóndi standi annarr maðr fremst í flokki móti síra Guðmundi, er þeim hugleiðanda, er lesa, hverja dýrðarkórónu þat mundi afla við guð at taka þar beiskleik, er hann hefir beztu sáð. En þó at járnligt hjarta sé hatsr heimili ok blindleiki, mun heilagri kristni svo sýnast á friðar tíma, at varla finnst sá maðr, at svo væri leiddr í höll himneskrar miskunnar sem þessi Guðmundr. Hugleiði sá, er less fyrirfarandi tákn, hversu satt er: Hann dró lifanda mann ór höndum fjandans ok skipaði aftr með sínum bænarkrafti í faðm heilagrar kristni, því at hans meðalgöngu við guð þjónaði bæði líf ok dauði. Hér með höfðu

hans bænir svo miklit afl fyrir guðdóminum, at hann lyfti hans ráðning eða reiði brott af mönnum, sem lesit var, en fall af fénaði. Greindi þar með tilleiðing ok lækning skriftanna, sem var í guðs dómi. Skepnan var honum svo hlýðin, at hún veik sér hvert, er hann vildi, ok því svo, eftir orðum sæls Gregorii, at hann geymdi skaparanum sanna hlýðni. Ok at þessur hans blóm sé því bjartari, fylgdi vottr hverju máli.

19. Guðmund dreymdi fyrir byskupstign sinni.

Fyrir var ritat, hversu spár ok forsýnir bendu fyrir löngu byskupliga tign síra Guðmundar, ok sakir þess, at nú nálægist sá tími sögunnar, er drottinn Jesús, brunnr spekinnar, hefir löngu disponerat, at sömu sýnir renni skipaða rás til réttar þýðingar, skulum vér hlýða, hversu samhljóðar þat, er sjálfan síra Guðmund dreymir fyrir sínum kosningi, því að guð vissi gerla, hvert var hans lítillæti, ok hversu þungt honum bauð hugr at taka valdit, ok því mundi hann eigi hafa undir játtast, nema mörgum vitnum væri hann til knúinn af guðs hálfu. Var þó endinn þess máls, at eigi fyrr setti hann fullöruggan, en sjálfs himinríkis *curia* gekk til at votta þat sannan guðs vilja, sem síðar mun sagt verða.

Líktist hann í því Dunstano í Englandi, því at hann til byskups kosinn vildi eigi undir játtast, áðr þrír postular, Petrus, Pálus ok Andréas, birtust honum með blíðri kveðju.

Andreas byrjar erindit með orðum vors herra: „*Tollite jugum meum super vos.*“ Eftir þat gengr Petrus fram *palmarium* ok segir svo: „Rétt, Dunstane.“

Sem hann hefir rétt ok þegit hljóðgóðan slag í vinstra lófa, segir postulinn svo: „Þat er þín plága fyrir óliðit ok óorðit, því at þér þolist á engan veg at færa þinn háls undan okinu.“

Skipaðist herra Dunstanus hér við, at hann varð fyrstr lýðbyskup, en síðan Kantuariensis erkibyskup, mikill röksemdamaðr í guðs kristni. Ok því er hans dæmi til herra Guðmundar oftast leiðanda, þótt seinna sé. En þótt þessir þrír, er Dunstano vitruðust, birti æðstan gráða postulligrar tignar, at enn æðri er sá í höll himnakonungs, er endaliga styrkir kosning herra Guðmundar, sem lesit finnst ok síðar greinir.

Þau tákni, er næst eru skrifuð, vann síra Guðmundr, sem hann fór síðast um land með einföldum prestdómi. Í þann tíma dreymir hann, at hann þykkist koma í eina kirkju, er hann hafði fyrr þjónat ok vígð var sælum Ólafi konungi. Í *sanctuario* kirkjunnar sér hann standa eitt virðuligt altari með svo vænum búnaði sem langt var yfir þann ríkdóm kirkjunnar, sem hann vissi vakandi, at hún varð nokkvern tíma eigandi. Ok er hann nálægist með athygli, hversu orðit var, hneigir sik altarit hans nákvæmd ok fellr rétt honum í fang. Hann íhugar draum þenna ok óttast þýðing hans.

Hér með lýtr undir sama efni þat, er varð miklu fyrri, þá er ein abbadís sunnanlands þess klaustrs, er heitir *Vicus ecclesiae*, hafði þegit byskupa orlof, at síra Guðmundr staðfestist með hennar vernd ok hann hafði lyft norðanlands sinni ferð, kemr samt í ráðagerð héraðsfólks, er látit hafði þvílíkan föður, at biðja Brand byskup þat orlof aftr taka. Sem þat fór fram, skýrði svo sjálf byskupinn þenna mótburð, at síra Guðmundr mætti hafa líking ins mikla Gregorii, er fyrir herra páfans boð kallaðist aftr í Rómam ór Englandsferð ok varð síðan inn æðsti byskup.

20. Byskupskjör Guðmundar.

Þessu næst verða þau tíðendi, at herra Brandr ferr fram af löngum sjúkdóm í almenniligan veg *octavo idus Augusti*. Þá hafði hann setit í þrjá tigi ára ok níu ár, ok var síra Guðmundr í þann tíma í eystra hluta landsins, mjök í fjarska, ok því fregnir hann eigi fyrr þessur tíðendi en í *festo Bartholomei*, sem hann segir óttusöng. Brá honum svo við sögu þessa sem hann væri höndlaðr undarligum harmi, svo at varla fekk hann fram borit sitt embætti. Lét hann þá þegar fórnfærast í formessu fyrir byskupinum, en prédikaði í hámessunni með ágætri viðrkomningu ok sætu orðfelli, opinberandi þar með, hvern harm Hólakirkja hafði fengit eða hvat hún hafði látit, ok eigi síðr áminnandi, at menn biði sannan guð þann gefa til stólsins, er hagligr sé sauðum hans. Eftir dags tíðir lætr hann syngja sálutíðir með þeirri virkt, sem kærleikrinn kann með góðum mönnum.

Nú sem heilög Hólakirkja er oltin í ekkjudóm, gerist in hæsta nauðsyn, at annarr kjósist í sætit. Ok at þat megi gerast því þægiligar fyrir guði, er lagðr dagr *kalendis Septembris*, at allir vitrustu menn, lærðir ok eigi síðr leikir menn í þeim landsfjórðungi, skulu samt koma í tiltekinn stað nærri Hólakirkju. Flaug þetta orð innanlands um svo marga daga, ok því sóttu margir þetta mót ór syðra byskupsdæmi, bæði lærðir ok leikar. Kom samt á nefndan dag múgr manns. Eru fremst nefndir af lærdóminum ábótinn Þingeyriensis ok ábótinn Þveráensis sama byskupsdæmis. Eigi er lesit, at kosnings grein væri af fleirum persónum ger en tveim. Var annarr síra Guðmundr, norðlenzkr, en annarr síra Magnús, sunnlenzkr. Bar þat hér í millum, at síra Magnús var ríkr maðr, ok hafði fylgi mikit af föður ok fóstbræðrum, nálægr í heyrn, hvat hvergi lagði með eða móti. En síra Guðmundr var fátækr at fé ok svo fjarri sem fyrr var sagt, án öllu fylgi nema því, er reis af guðs forsjá í hugskotum réttvísra manna eða því öðru, sem rann af vondri forhugsan til niðrbrots við kirkjuna, sem stendr í heilagri skrift, at offliga sækir eitt mót góðr vili guðs ok illr vili manns. Var ok sú misjafnan sett af sumum millum þessara tveggja, at síra Magnús væri bæði reyndr á bók meir ok veraldarforsjá.

Hér til svarar einn vitr maðr: „Eigi trúi ek oss semja hér um norðanlands, at móðir vor heilög Hólakirkja seilist í annan hluta lands eftir sínum formanni, svo væn efni, föng ok færi sem hún hefir í sínum faðmi sjálfrar heima, þar sem er son hennar, Guðmundr góði, því at ek þykkist víst vita, at svo mun skrifat í lögmáli guðs, at framar standi hreinlífir ok grandværi til flutnings við mann á svo hávan gráða heilagrar kristni en fjáreign eða frændastyrkr með veraldarfylgi.“

Eftir þessa tölu heyrða snerist allt fólk heilagrar Hólakirkju í eitt ok it sama samþykki, at með ákallaðri heilags anda miskunn kjöru þeir sér ok sínum sálum síra Guðmund góða til andligs föður ok forstjóra. Eru þegar sama dags bréf ger af kirkjunnar hálfu til síra Guðmundar undir æðstu manna innsiglum, þau er birta gert ok biðja, at hann viti sem fyrst sinnar hjarðar.

Kolbeinn, mágr síra Guðmundar, fór þar því líkt á mannfundi þessum, sem hann stæði í skugga nokkurum, því svo, at hann sýndist með síra Guðmundi, en brjóst var eigi bjart, sem síðan prófaðist, en þó tekr hann á sik sakir venzla at halda mann ok kost í þetta sendiboð. Dreifðist fundr víðs vegar eftir svo gert í vors drottins nafni.

Fara sendimenn ok finna síra Guðmund *in crastino sanctæ crucis*, tjáandi honum bréf þau, er brotin ok yfirlesin birta fullvel, at hann er kjörinn til Hólabyskups. En þessum tíðindum fær síra Guðmundr um eina stund eigi með orðum anzat, því at óttinn tjár brjóstinu, hvat bruggat var. Gerir hann síðan veg sinn svo fljótan sem áðr hafði hann hugsat, ok þar í veginum, sem hann finnr lofliga kennimenn, leitar hann, ef nokkur þeirra vill hans þunga létta. En þótt þeir

væri greindir í stöðum, vóru þeir samir í andsvörum, at guðs vili mundi ráðinn, at hann yrði byskup. Hvat lengra, svo kemr hann heim á búgarð Kolbeins, mágs síns, *in profesto sancti Lucae*. Gengr Kolbeinn blítt móti honum.

Þar er þá kominn til garðs föðurbróðir síra Guðmundar. Hann tekr orðum síra Guðmund þegar næsta morgin, sem með undran nokkverri, ef þat er satt, er af honum er flutt, at hann búist til at bakverpast við sinni sæmd ok allra sinna kynsmanna.

Síra Guðmundr svarar fátt ok staðfastliga, segir, at metnaðr frænda hans sé ínóg, þótt hann minnkist heldr en vaxi. „Hygg ek,“ segir hann, „at mínir kynsmenn flyti þetta framar fyrir sína hönd en mína, ok því fæ ek eigi skilit, hver skylda mik þröngvir at setjast í stokk fyrir yðar fortölur, því at ef þér ynnið mér mikit, mundi ek hafa orðit varr við.“

Svo skilja þeir frændr ræðu sína, at eigi vinnst á. Gengr nú maðr undir manns hönd, þar til at Kolbeinn kallar saman héraðsfólkit á næsta sunnudag, þvílíkt sem hann leiddi ofrefli móti honum. Var hér sami rómr ok ein allra bæn, at fyrir guðs skyld vikist síra Guðmundr eigi undan lærðra manna kosning ok kirkjunnar nauðsyn með samþykkt fremstu leikmanna, en bæn allrar alþýðu.

Verðr hér um síðir, sem lesit finnst af guðs vinum, at Guðmundr, heldr dreginn en leiddr til nokkurs samþykkis, talar svo: „Þér vilið mik þyngja ok fyrir borð bera, en eigi yðrum augum upp lyfta at sjá, hverr lítilmagni ek er at bera svo óbæriligt ok. Mun þat ok fyllast, sem ek tala hér í dag, at þeir, sem nú fylgja fastast, munu eftir lítinn tíma þessarar gerðar beiskliga iðrast, því at eigi mun fagrt, at ek kaupí mína náð með kirkjunnar smán. Þat ok, sem ek má, skal ek hennar vera.“

Þessi orð síra Guðmundar bera þann skilning, at þótt tignarmunr væri mikill með þeim Heinreki konungi í Englandi ok Kolbeini Tumasyni, var lík þeirra ástundan með undirhyggju. Báðir vildu formann, sem þeir hugðu sér hlýðnastan, lömdu ok báðir þann sama mest til lægðar, sem áðr sýndust þeir lyfta til virðingar.

Svo slítr þetta mót, at menn þakka síra Guðmundi, sem hann hefði undir játazt kosninginn. Setr hann þá ok engar mótbáru í síðustu, þat er svo væri skilit. Því var honum sama kveld háseti búit sem Hóla­kirkju formanni, ok sjálfr húsbóndi skipar sik í hans þjónustu.

Borð hans var breitt sæmiliga, en eigi stórum ríkmannliga, því at dúkr var mjök brotinn af odd ok egg, hvar fyrir hann bóndinn talar svo: „Herra, fyrirlátið, þótt eigi verði svo sæmiliga við yðr gert sem yðvarri stétt byrjar, einkanliga fyrir þenna fátæka dúk.“

Guðs maðr svarar honum: „Þat er sannara, mágr, at slíkr dúkr skipaðist fyrir mik it fyrsta sinn, því at með sínum borum ok brestum berr hann figúru ok forspá byskupsdómi mínum.“

Bóndi bakar fast á báðar kinnar, en svaraði engu til.

Á næsta morgin eftir þessur tíðindi hefir Kolbeinn bóndi sik uppi ok fram í veg til Hóla­kirkju með herra *electo*. Gengu klerkar sæmiliga í mót honum án klukkum ok *processione*.

21. Um lögmæti byskupskjörs.

Nú kann at vera, at nýrri kristni ok vaxandi klerkdómi sýnist sagðr kosningr vart hafa orðit í suma grein eftir skipuðum kirkjunnar lögum. En því má til svara, ef líkar, at herra páfans skipanir hafa lengi þróazt ok runnit síðan með postulligri röksemd innan um kristnina, land af landi, ok því at kristindómrinn var fyrr en smásmygli laganna, varð hvert ríki skyldugt at halda lögliga siðvenju. Er þat ok heiðr þess háttar vana, hversu giftuliga hefir til tekizt at kjósa mennina, því at þeir sömu, er kjörnir vóru skína nú með dýrðarblómi háleitra jartegna, ok því er ljósi bjartara, at sá confirmeraði þá, sem án ifa er yfirbyskup ok einvaldskonungur laganna. Má þar ok réttlíga tala, at hvar í kristninni sem makligr var kosinn, án nokkurri *sinnonia*, var alla götu lögunum ágætara. Þat vottaði Adrianus *primus*, þá er hann skipaði einum leikmanni, Karulo *magno*, svo mikit yfirvald lærdómsins, at engi *electus* um allt Italiam skyldi fyrr taka bagal ok gull út af sætinu en kosningarkapituli væri áðr prófaðr fyrir herra keisaranum, hversu hreinn hann væri ok samþykkr lögunum. Þessi skipan Adriani bar vitni dýrligr maðr Gregorius *sextus* í sinni bana sótt, at eigi um aldr fyrr né síðar hefir kristnin svo hreinferðug verit í sínum formönnum sem á dögum Karoli *magni*, fyrir þá grein, at engi florin flaug í hans auga. En á vorum dögum, segir herra páfinn, sem konunganna kurt gerist fyllt af ágirnd ok gjálífi, gerir mæð ok móðir heilög kirkja einkar réttlíga, þó at hún aftr taki þat *privilegium*, því at einn ok inn sami hlutr er í tímanna grein ýmisliga gerandi. Af þeim orðum herra páfans má vitr maðr skilja, at eigi sæmði hann at eins Karlamagnús konung, heldr alla kristni, er grunlausan kosning gerir formanna. Er þat loflig dyggð í stórríkjum með ágætum klerkum, en miklu lofligri í fátækum löndum með svo fáu fólki, at ekki kunnum nema krossfestan Jesúm Kristum.

Svo kvað herra Arngrímur:

Leysti, lýð sá er föstur
lætr jafnan vel gæta,
sén var í hjarta hönun,
hrein, akkeris fleina.
Engr fær talt með tungu,
tíðast þó at lof smíði,
verk þau, er dátt munu dýrka
dyggða mann inn sanna.

De apparitione Johannis:

Tignar birtist maðr af magni,
menn sé gerr, ef nökkurr kennir,
klæðin hefir sá illsku eyðir
öll ok prúð, með byskups skrudí.
Happreyni gaf hjálpar kænum,
hann græðir sár krankra manna,
sína blessan. Svá varð raunar
svefn at vitran byskupsefni.

22. Vígluför Guðmundar til Nóregs.

Sem herra Guðmundr *electus* er til kominn kirkju sinnar, hefr Kolbeinn bóndi á þann hátt sína þjónustu, at án frétt ok formanns leyfi sezt hann upp á kirkjunnar náð með sjaunda mann af sjálfs síns húsi. Er herra *electus* svo borinn ráðum, at eigi fekk borð á staðnum einn bróðurson hans. Hér með tekr hann skipanarlaust með sterkri hendi alla lukla á garðinum með ræðismanns vald, svo at allr bærinn skal lúta hans boði ok banni. Þann heimuliga klerk, er herra Guðmundi til heyrir, ok hans *notarius* var allt til þess dags, fyrirlætr hann nú, ok hefir hann nú at viðsjámanni, en semr þar í mót nýjan félagskap við einn kirkjuprest, er hét Kygri-Björn, ok alla götu fannst í óvinaflokki herra Guðmundar.

Nú fyrir þat, er Kolbeinn var svo ístöðumikill á garðinum, hafði herra *electus* litla fjölskyldu, nema tala með klerkum um tíðagerð. Var hann nú þolinn ok bar þessa upprás með mikilli hógværi, bæði fyrir þat, at hann var ríkr at kraftinum, ok þat annat, at hann sá löngu fyrir í spádóminum. Mildi hans ok ölmusugæði var it sama til fátækra manna, en því meira ok víðfaðmara út í frá tveggja vega sem lánit var margfaldara, því hann vissi vel skrifat, at þá er gjafirnar vaxa, vaxa ok skynsemdir gjafanna. Nú sakir þess at þat er kynfylgja í því landi, at þar gengr með öreign múgr manns hús af húsi á vetr ok sumar ok hefir enga næring nema ölmusugerðir góðra manna, segir herra Guðmundr svo fyrir, at öllum þeim fátækum, er á koma garðinn, skal gefa tvímæling. En þessi skipan líkar trautt Kolbeini, kallar vera auðnarglutr ok vill með engu móti hafa. Því leitar herra *electus* annan veg sinni góðfýsi, at með leyndri hlýðni starfsmanna á garðinum gefr hann bæði fóðr ok fæðslur þurföndum.

Héðan leiðir þat, er herra Guðmundr lét hníta við um vetrinn eftir jól, sem starfsmenn kómu til hans ok sögðu, at allr kostr, bæði til mannfæðu ok fænaðar, var nú mörgum hlutum meiri upptaks en eftir vana. Herra *electus svarar*: „Guði sé lof ok vorri frú. Hvat er óvænt í, at þeim lítist betr útlátin en Kolbeini, vin vorum?“

Bóndinn heyrði upp á ok brá við lit, en svaraði engu. Varð af slíku sundrgrein ok sem nokkurr sveitardráttur á garðinum, ok því hugleiðir herra Guðmundr sem vitr maðr at lægja þessa ofran meir með hóggleik en harðindum, því at hann sér réttara, at kennimannsvald sé yfir kirkjunnar góz en handgrip leikligrar persónu.

Hér með hugsar hann, at heilög Hóla­kirkja er nauðsynjuð at fá tvo röskva menn ok ráðna, annan til at halda kirkjunnar umboð í hans fráveru, en annan til Nóregs með sjálfum sér. Því skrifar hann tvenn bréf eftir jólin, önnur austr til Sigurðar Ormssonar í þann skilning, at honum er nú færi at firrast foráttu Oddaverja ok veita vörð Hóla­kirkju góz, meðan *electus* er af landi brott. Önnur bréf skrifar hann vestr á landit til vinar síns, er Hrafn hét, reyndr maðr í dyggð ok hamingju. Þar í lýsir hann vígsluferð sinni til Nóregs, ef guð vill svo takast láta, biðr Hrafn í vináttu þeirra fylgja sér ok forsjá veita kirkjunnar ok sínum nauðsynjum, nefnir honum stað ok tíma, hvar þeir skulu finnast á vorit eftir hvítasunnu í því héraði Hólabyskupsdæmis, er Miðfjörðr heitir.

Líða nú tímar fram yfir *transitum sancti Johannis Holensis*. Býst þá herra *electus* at finna Hrafn.

Sem hann er albúinn til reiðar, gengr Kolbeinn bóndi til hans ok talar svo: „Ek vil, at þú fæð sú leggist brott, sem inn hefir komit í vetr millum vor, því at sökin er engi, ef rétt er virt.“

Herra Guðmundr svarar: „Eigi fæ ek á fundit, at ek hafa verðat mér mikla óblíðu vorlangt. Er ok vel, ef þú ok þínir menn hafa svo gert, en ef finnst öðru vegs, svarið sjálfir.“

Kolbeinn svarar: „Þat er eigi ólíkast, at hér fari sem mælt er, at sjaldan er eins, ef tvo greinir. Kann vera, at ek hafa meira inn lagt, ok því bið ek fyrir láts. Vil ek fyrir gefa yðr, ef þér hafið framar leiðzt en heyrði.“

Herra *electus* svarar: „Glyslig orð væri harðla góð, ef þau bæta þann, er þau berr fram, en þat, er þú veikt at um beiðslu mína, mundi framar bert orðit, ef friðrinn hefði legit nokkuru firr. Mun sá orðskviðr hér sannast, at fáir gengr sekr af sjálfs dómi.“

Eftir svo talat skilja þeir mágar. Ríðr herra *electus* ór héraði til Þingeyraklaustrs ok kemr nær hvítasunnu. Er þar sem fyrr allblítt við honum tekit.

Nunna sú, er fyrr var nefnd, leiddi svo dýrligt líf í þeim sama stað, at sakir einvistar ok sífelldrar þagnar vildi hún engan karlmann sjá né finna, eigi heldr son sinn kjötligan, kennimann at vígslu. En svo sem þessi nýi gestr, herra Guðmundr, kemr til garðs, bregðr sú guðs ambátt sínum vana, svo at fyrir teikn eða láglig orð þykkist hún við hann erindi eiga. Hann leiðist ok gjarna eftir hennar vild í þat litla hús, er hún þjónaði.

Sem hann hefir niðr sett, fellr hún fram hjá fótum hans ok tekr svo til orða: „Hvat líðr, faðir minn, hefir þú nú staðfest hjarta þitt undir kosninginn?“

Hann svarar: „Dóttir mín, ek vilda þér satt segja, at þyngdarbæn manna gengr upp á hugboð mitt, svo at þar fyrir angrast ek allr, ok því veit ek vart, hvort er ek vil.“

Hún svarar: „Búðu hjarta þitt til mannrauna, ger karlmannliga, ok styrkst í drottnei, því at ek, in lægsta ölmusa guðs kristni, kann flytja þér, at engi er undanferðin. Vili guðs er ráðinn at gera þik byskup sinnar kristni, svo sem ek nam af munni sjálfrar minnar frú, guðs móður, ok set í frá þér allan ótta. Ber þik æ glaðr í guðligt stríð, því at krúnan er æ fegri, sem sigrinn er frægari.“

Herra Guðmundr tók með trúnaði hennar orð, hræddr fyrir lítillætitt, en styrkr af guðligum ténaði. Skilja þau í guðs blessan með sambland sinna bæna.

Gerir hann sinn veg sem ætlat var. Finnast þeir Hrafn í efnudum stað ok staðfesta sína sigling út af þeirri höfn norðanlands, er Eyjafjörðr kallast. Þat hérað er eitt bezt á því landi, bæði sakir veðráttu ok góðrar byggðar allt út tveim megin sjóvarins. Þar stóð uppi norrænt far á Gáseyri, ok ætlaði brott um sumarit.

Eftir svo gert ok nefndan dag, nær þeir skulu finnast, ríðr herra *electus* heim aftr. Er þá Sigurðr bóndi sunnan kominn ok bíðr hans á Hólum. Héldu þeir tal með sér, at Sigurðr taki umboð staðarins í þeim árgang ok öðrum. Er þat fljótt at greina, hvert upphaf hann hefir fundit til hlýðni ok vináttu við herra *electum*, at hann vill á enga lund gera létta kirkjunni, nema herra Guðmundr gefi honum handsal yfir hennar gózi. Þat annat, at heilög kirkja skal ábyrgjast honum hvern þann eyri, frítt ok ófrítt, sem hann legggr í hennar varnað. Þessi vegr hvortveggi sýnist herra Guðmundi nauðbeygðr, inn fyrri varla með lögunum, inn síðari til fjárskaða með undirhyggju, því at hann sér, at Sigurðr mun inn leggja með einvirðing sinni, en taka fullt af kirkjunni. Ríss hér hart við um kostaboð, áðr vitrir menn leggja til, at þröngvandi nauðsyn kirkjunnar í fráveru formannsins megi á enga leið þarfnast forsjá, kalla bóndann ráðinn til forgangs ok verndar, þótt hann þykki harðr í skildögum. Fyrir því líkar tillögur ok mest fyrir sína brottferð ok svo bráðar nauðsynjar leiðist herra *electus* á þenna kost, mjök um þveran hug.

Ríðr Sigurðr þá suðr aftr ok flytr sunnan sitt góz, er hann kallaði tvau hundruð hundraða. Var þat svo sem spakr gat með nafni innlagt, en síðan með ávinning út heimt.

Líðr nú þar til, er Hrafn kemr vestan ok ríðr með skipan herra *electi* síðan norðr til skips at taka við, geyma ok út skipa þat góz, er ræðismaðr Hólakirkju lætr til flytja. En þann tíma, er július gengr inn, ríðr herra *electus* til skips, skipandi áðr kirkjunnar erindum sem bezt ok

sæmiligast var honum möguligt. Er nú haldit á búnað, þar til er hvert fat er á skipi, sem *divisio apostolorum* gengr inn. Hún var þá á drottinsdag.

Á laugardag næsta áðr sendir herra *electus* einn af piltum sínum austr yfir fjörð eftir vatnfötum, er þar lágu. Verðr honum dvalsamt, svo at þat skip rær undan honum, er hann var farþegi til. Því kemst hann eigi aftr samdægris. En árla sunnudagsmorguninn, er sól rauð, kastar ofan fjörðinn fagrt gul, ok þegar vilja kaupmenn leysa ok vinda, en herra *electus* leggur til fátt sakir sveinsins, en setr eigi bann fyrir, ok þegar sem út kemr fyrir eyrina, er hlífir höfnina, grær því skjótara gullit, sem meir er aflent. Tekr nú búzan góðan skrið, en piltr herra Guðmundr er fyrir austan fjörð. Sér hann þeim í voðarbug, ok þykkist eigi, sem mælt er, hjá stýrimanni staddr.

Ok rétt í því bili rennir at landi sexært skip með þrim röskum mönnum. Hann segir þeim sína ógiftu, biðr þá drýgja manndóm fyrir skyld herra Guðmundar ok flytja sik út til búzunnar.

Sá, er fyrir var bátnum, svarar honum: „Gjarna viljum vér kumpánar þat verðskylda með stundar erfiði at vera heldr í vináttu meistara þíns en fyrir utan. Því gakk til vor, ok muntu skipit fá, ef honum þykkir betr, at þú fái.“

Síðan setja þeir til segls ok róa undir með afli allir þrír afklæddir ok sýnist eigi því síðr, at stórum dragi undan búzuna.

Formaðr talar þá til sveinsins: „Hvar til skulum vér flytja þik svo, at þú kallir röskliga eftir sótt?“

„Út í fjarðarmynni,“ segir hann, „sem haf tekr til.“

„Svo er rétt talat,“ segir bóndi.

Þat er greinanda, at utarlíga í firðinum stendr ein ey. Þar er prestssetr ok bæir nokkurir. Þar er ok kaupmannalægi, ef byrfall verðr, hvort þeir sigla út eða inn. Herra *electus* segir til kaupmanna, sem út gengr undir eyna, at hann vill at leggja ok bíða þjónustumanns síns ok heyra þar messu. Kaupmenn kasta í mót ok kalla ófært at ónýta svo vænan byr.

Herra Guðmundr svarar: „Þar má guð gefa, at þér fáid dvöl aðra eigi minni, þótt þér sneiðid hjá messustundinni.“

Kaupmenn treysta nú eigi at halda við hann, því at þeir skilja, at honum mislíkar, ef hann ræðr eigi. Fyrir þá sök lægja þeir ok leggjast með akkeri. Flyzt nú herra *electus* til lands ok segir sjálfr messu postulum guðs. Eftir þat gert vel ok fagrlíga eftir vana ferr hann aftr til skips. Er þá ok kominn sendimaðr hans með fylgd sinni. Þakkar herra Guðmundr þeim röskliga gerð með vináttu.

Þar liggja þeir á sunnudaginn, því at austan lá fyrir. En snemma næsta morgun hefir út fjörðinn. Vilja kaupmenn þá leysa, en þess er nú eigi kostur svo fljótt, því at akkeri þeirra er svo grunnfast, at hvorki vinnr afl né útvegr, þar til þeir hugsa þat ráð, er bezt var til, segja herra Guðmundi sitt vandræði.

Hann gengr fram á saxit ok blessar yfir strenginn ok lætr fylgja þessi orð, svo at allir heyrðu: „Drottinn minn, leys þú akkerit.“

Síðan tekr hann sjálfir strenginn ok fleiri með honum, flýtr þá akkerit upp sem eitt kefli. Hér má nú sjá virðuligan sporgöngumann ágætra guðs vina, Helisei ok Benedicti. Þessir þrír leystu járn af grunni, ok þat, er hér má sýnast móti náttúru, at mannlígt afl létti ok leiddi járn þunga, því meir var móti eðli náttúrunnar í fyrra stað, er mannlígr prófaði sama járn læst í grunni, áðr engla þjónusta leysti þat eftir boði guðs ok bæn herra Guðmundar.

Setja nú kaupmenn segl ok þakka guði sitt fararleyfi. Slafast þegar byrleiði þeirra, er þeir koma undan landinu, því at þetta sumar var mjök alvara veðrfalls at liggja í landnorðri, en þat var þeim mest í móti, því at allir þeir, er svo taka norðrhallt út, hafa þá stefnu at sigla norðr um landit ok svo í haf. Leiðir þá um kveldit ok þó síðla út undir Grímsey, er fyrr var nefnd. Þar liggja þeir um sjau nætr, því at landnyrðingr setr þeim farbann. Eftir þat liðit kemr þeim hagstætt svo langt fyrir landit sem eina morgunsigling. Síðan fellr á sami landnyrðingr ok rekr til Grímseyjar ok þaðan vestr annat hálfu lengra. Sem þar hefir reitt um stund, lætr vestræna sem hún sé alráðinn byrr beggja skauta, ok leiðir þá svo langt norðr fyrir land sem brátt sneri til landsuðrs í Íslandhaf. Nú brestr á austan með magni, svo at þá keyrir vestr í haf hálfu lengra en fyrr.

Sem þar er komit, dreymir einn mann í búzunni, at tíguligr herra, skryðdr öllu byskupsskrúði, gengr um skipit, einkanliga þar til sem stendr húðfat herra *electi*. Hér nemr hann stað ok blessar hugaðlátliga upp yfir sængina. Þat blæs í brjóst þeim, er sá, at þar væri sæll Jóhannes Hólensis. Glöddust skipverjar við draum þenna ok þýddu svo, at brátt mundi léttara falla.

Herra Guðmundr hugsar með sér, hversu honum féllu skipaferðirnar. Hann leitaði til einn tíma fyrr ok braut þá fót sinn, en nú volkar hann aftir ok fram sem hafrek ok fær hvergi fram komizt.

Nú sem landnyrðingr linar lítit dag né nótt, talar herra Guðmundr svo til stýrimanna: „Þat er ráð mitt,“ sagði hann, at vér dragim segl, ok látið ganga vestr um landit, því at landnyrðingar liggja svo þrátt, at tvísýnt er, hvort vér komumst nakkvat fram.“

Þessari hans tillögu samþykkja allir skipmenn, segja blásanda byr vestr um land ok allt austr um eyjar þær, er heita Vestmannaeyjar. Ok sem vart eru þeir komnir í Íslandshaf, brestr á sá galandi landnyrðingr, svo at á nótt með degi keyrir þá ok kastar suðr í haf, svo at þeir hafa vita af Suðreyjum, en kenna sik berliga hjá þeim eyjum, er Hirtir heita. Þá gengr vindr upp á austr, ok rekr þá með ofviðri vestr í Írlandshaf með svo miklum lífsháska ok voða, at boðaföll grenja á bæði borð, ok þar veðrit upp á. Herra *electus* býðr yfir allt skipit, at menn gangi til skriftar ok kennimenn semi krúnur sínar. Síðan samsetr hann heit fyrir allra þeirra hönd, at hverr sá maðr, er góz hefir í skipi, skal leggja til Rómkostar einum manni. Hér með skal gefast fátækum alin af hverjum sekk ok hálf mörk vax til kirkju á hvern mann, er góz átti. Eigi seinna en þetta heit fór um skipit með handsali, fellr veðrit í kyrrt, en án dvöl kaldar af boðafallinu, svo at með segli varð undan vikit ok hefir svo brott frá sjálfum dauðanum. Leika þá við léttir útnyrðingar ok bægja þeim suðr undir Skotland. Þar liggja þeir nokkurar nætr, sem heitr fyrir Stauri. Þat kalla þeir fyrir Hvarfi.

Svo segir herra Arngrímr:

Enn er sagt með sönnu,
sær gekk fjöllum hæri,
áðr þvarr öld fyrir þrúðri
austr, at þeirra flaustri.
Sundr brast há fyrir hendi,
hnoss er í slíkum krossi,
ván er, at hlýði hónum,
hrönn, sú er ægði mönnum.

Þar fá þeir at liðnum degi útsynning svo óðan, at engi maðr í skipi mundi sik hafa orðit fyrir slíku fári bæðir veðrs ok sjóvar.

Þá kvað einn maðr í skipi vísu þessa:

Eisandi veðr undir
uðr, nú 's hvasst ór suðri,
stærir sterkar báru,
starf esa mátt, fyrir Hvarfi.
Klökkr verðr kjölr, en rakkan
kemr hregg í stað seggjum.
Nú eru fjöll á sæ sollin.
Súð gengr æ sem þrúðast.

Þetta veðr féll brátt, en þó var hafit svo grafit sakir ofviðris, at grunnföllum var líkara en hafgjálfri. Þó leggja þeir í rétt ok hafa svo krappan sem þola mátti, þar til eina nótt heyra nokkurir þat brak ok bresti, sem sannliga mátti ógn heita. Hafa sik þá allir menn upp á skipinu. En þaðan leiddi þenna ógnar gný, at hafbylgja gekk geisandi sem fjall væri ok svo löng milli arma, at eigi sá út yfir. Hún horfði á þvert skipit ok ógnaði hræðilegan steyt, því at hana bar hærra en flaugina.

Stýrimaðr segir sér sýnast ráð at vinda segl ok prófa, ef stafnhaldit verðr mót bylgjunni.

Hrafn bóndi svarar honum, at þar ráð væri of seint, – „sýnist mér þat snjallara,“ segir hann, „at segja til herra Guðmundi, því at þat mun duga.“

Blessaðr guðs maðr skipast mjúkliga við allra þörf ok tekr fljótt sína *reliquias* ok gengr svo fram öruggri í guðs fulltingi, at rétt í þann punkt, sem skipit var komit í brjóst bylgjunnar, blessar hann upp móti henni, ok við þann kross brestr hún í sundr fyrir barðinu ok klýfst svo með tveimr borðvegum, at hún slær af sólbyrðin ok hvat, er laust var á búlkanum, aftr í austr.

Kaupmenn kalla þá: „Æ fór efnun betr.“

Herra Guðmundr sagði: „Þat er vonligt, at þaðan veitist miskunn, sem nóg er til.“

Eftir þetta umliðit gengr upp stormr inn sami, svo at engi er annarr lífsvegr en halda undan. Var veðrit svo hart, at þeir sigldu með eitt rif í miðju tré, þar til at landi skýtr upp. Þeir kenna, at þat eru sker ok útgrynni, er liggja fyrir Suðreyjum. Vóru þar sund, ef kunnir menn sigldu í kyrru, en nú var þvílíkt yfir sjá sem eitt bratt boðafall.

Norrænir menn segjast hér aldri komit hafa ok því enga stefnu vita.

Herra *electus* segir þá: „Þat dugir á enga leið, at menn láti yfir drífast. Ef þér vilið eigi, norrænir menn, þá far til, Hrafn bóndi,“ segir hann, „þú ert vitr maðr ok fróðr í fréttum, en reyndr ok ráðinn í hamingju.“

Hrafn svarar: „Dýrt er drottins orð, gef mér blessan yðra, ok mun ek þá til ráða í guðs nafni, ef stýrimaðr vill eigi.“

Stýrimaðr fyrirtekr. Hrafn bóndi þiggr blessan, sem hann bað, ok sezt með stjórnarvöl ok stýrir með svo frábærri giftu ok þess verðleik, er honum bauð verkit, at þat var þrim sinnum um nóttina, at skilríkir vökumenn sögðust engan hlut fyrir stafninn sjá nema flúð ok fall, en þá kenndi búzan hvorki grjót né grunn. Svo leiddi guðs miskunn þá gegnum þenna háska í brott af öllum voða margföldum, er fyrr var greindr í þeirra ferðum, at þeir fá blítt lægi í Suðreyjum, þar er Sandey heitir. Þar liggja þeir nokkurar nætr. Gengr herra *electus* þar á land til heilagrar kirkju ok er með sæmiligu yfirlæti í boði þess valdsmanns, er Óláfr hét ok yfir bauð eyjarnar. Þaðan taka þeir hagstæðan byr. Ríss þá ekki á móti, því at þeir taka Nóreg með heilu ok höldnu lítit suðr frá Þrándheimi, þar sem á Eiði heitir. Þaðan sigla þeir, sem byr gaf norðr til Þrándheims ok leggja inn fyrir Niðarós.

23. Frá Innocentius páfa.

Á þessum tímum, sem herra Guðmundr góði kom af Íslandi til Niðaróss at taka byskupsvígslu með guðs forsjá, var liðit frá holdgan vors herra þúsund ok tvau hundruð ok tvau ár á dögum Innocentii páfa þriðja með því nafni, er var dýrðar eftirdæmi formönnum í kristninni, því at hann var stjórnsamr ok ölmusugóðr, þar með nytsamligr síðar um tímum í lagasetning ok *predicamentis*. Hann hélt almenniligt þing í Latran, svo at upp sátu þúsund tvau hundruð ok fjórtán formenn heilagrar kirkju ýmisligra stétta. Á hans tímum byrjaðist ok lögtofst hvortveggi lifnaðr, Prédikara ok Berfættu bræðra. Honum eignar heilög bók fyrsta compileran *Decretalium*, en Honorio *tertio* næst eftir hann. Sat hann honum ok næstr í páfadóminum fyrir Gregorium *nonum*.

Nefndr Innocentius efldi þat hús í Róma, er hann kallaði heilags anda spítal, ok lagði þar til svo miklar eignir ok rentur sem þörf beiddi. Var þat föðurleifð hans, því at hann hafði verit ríkr maðr fyrir páfadóminn, kynjaðr af þeirri hálfu Italie, er Kampania heitir. Hann bannfærði Ottonem keisara fjórða með því nafni fyrir svo einkanligt efni sem hér stendr. Keisarinn var hans sjálfs vígsluson, ok er hann skyldi eið vinna í vígslunni, stafar herra páfinn svo frekan, at allar þær eignir, sem at fornu hefði til heyrt krúnu keisarans ok nú væri skutlaðar, skal hann með sterkri hendi aftr skipa fyrra stétt. Keisarinn er tregr at sverja, því at hann skilr með sér, at þetta mál hefir auga, sem þeim báðum mun af leiða inn mesta ótila. En þann tíma, sem herra páfinn knýr hann at eiðstafnum, sverr hann.

Um daginn eftir, sem herra páfinn veitir honum ágætliga ok þeir sitja báðir samt, talar keisarinn svo: „Heilagr faðir,“ segir hann, „framan eið buðuð þér mér í dag.“

Herra páfinn svarar: „Hann var réttvísliga framr, en í enga grein framar.“

Keisarinn svarar: „Þat er ljóst, at þér munið gjarna aftr leggja þat, er þér haldit ok vísvitat er, at keisaradæminu til heyrir.“

„Hvat er þat?“ segir herra páfínn.

„Þat heitir Matthildar arfr,“ segir keisarinn.

Herra páfínn talar þá, ok bregðr lítt: „Þat er heilög Rómakirkja hefir haft ok mínir forverar haldit í náðum ok friði fyrir minn dag, skulum vér halda sem einn rómverskr byskup fyrir hverjum lifanda manni, ok ef nokkurr dirfist at ræna kirkjuna ok oss svo höldnu gózi, skulum vér gjarna prófa, hvort sverðit Petri kann bíta hálsinn á honum.“

Keisarinn svarar fá um at sinni, en ferr til litlu síðar ok tekr upp alla þá eign, sem fyrr var nefnd. Þessi var hans bannsetningarsök. Skipaði herra páfínn annan keisara í hans rúm, þann ok svo fallinn sem finnst í þessa háttar leturum. En vér munum þaðan aftr venda til virðuligs föður herra Guðmundar ok sjá, hversu gerist hans vígsla.

24. Guðmundr vígðr til byskups.

Sem fyrr var greint í bókinni, sat herra Eiríkr inn þriði með erkibyskupstign í Niðarósi. Þat er samtíða fyrr greindu ári vors herra. Hann tekr með sannri virðing sinn blessaða son, herra Guðmund, skoðandi smásmugliga hans nytsemdarerindi, sem bréf af Íslandi þar um ger birta ok báðu ljóslega. En því vóru stefnur haldnar meir en um sinn yfir þvísa efni, at herra Guðmundr færðist undan á hverja lund, er hann kunni, tjár herra erkibyskupi með snjöllum orðum ok framligum, at kirkjunnar réttir er svo til falls kominn á Íslandi, at hún þarf skörung ok sterka hlífð með vitrligri stoð, ef hún skal eigi með öllu hníga fyrir ágang ok yfirgirnd vondra manna, vottar sik fátækan mann at vizku ok allan veg fjarlægjan svo háleitri stétt. Nú því frammar sem hann telst undan með margfaldri tálman, sér erkibyskupinn skrifuð guðs lög, at hann er kirkjunnar stéttinum æ því makligri. Þar með gengr bjartr ok fagr vitnisburðr þess ágæta lifnaðar, er Guðmundr hafði leitt í sínum dögum án allan ófrægðar flekk. Hér með bætir mikit, um lítillæti ok daglig áhyggja, er erkibyskupinn sér hann hafa í allri guðs þjónustu með hófsemd ok kærleik til allra manna.

Því skipar herra erkibyskup í nafni guðs endiligan veg þessa máls, at byskupsvígsla herra Guðmundar skal fremjast fyrir sjálfan hann heima í Kristskirkju. Þetta nytsemdarverk heilagrar kirkju vill hann eigi dvelja til óvísra tíma, heldr kallar hann til sín í stað byskupa, sem lögin bjóða, ok vígir herra Guðmund til byskups sextánda kal. Oktobris sama sumar, er hann kom til Nóregs. Þat er *festum Eufemíæ virginis*, tveim náttum eftir *exaltionem sanctæ crucis*. Þat var þá drottinsdagr. Bar þar eigi meira í millum en eina nátt ok þess, er í fyrra árgang kom honum byskupskosningrinn, sem fyrr var ritat. Fylldust hér nú fagrliga þeir draumar tveir, er Óláfskirkju tilheyra ok áðr vóru taldir, því at sannliga féll guðs altari honum í faðm á þeim degi með byskupsligri tign, er æ mun berast, meðan Norðrlönd byggvast.

Svo kvað herra Arngrímr:

Vélryrir tók vígslu dýra,
vagna bóls, með helgum stóli,
sínnum framdi siklingr mána
seima skipti andar giftum.
Tírprúðr lét trúarsæði
tungla hválfs í munar kálfum
göfgri ferð, þar er gætti hjarðar
gæfu studdr, af vexti frævast.

Lestir mæddi fárs í föstum
fagran aldr ok bænahaldi.
mæta sýndi miskunn ýtum
meina brjótr í dæmum hreinum.
Mjúklátum var mönnum veitinn,
mildr ok blíðr, en grimmr við stríða.
Réttu vildi hann ranga háttu,
rann frægð af því, undirmanna.

25. Útkoma Guðmundar byskups.

Herra Guðmundr byskup sat í Niðarósi um vetrinn, harðla sæmiliga virðr af herra erkibyskupi ok öllum góðum mönnum út í frá, því at hans ágæta líf gerði hann þess makligan. Þat var í upphafi ríkis herra Hákonar konungs Sverrissonar, en eigi kunnum vér greina, hvar Guðmundr byskup kom til hans, en þat er skrifat, at herra konungrinn tók hann kærlega. Er þat ok líklig sögn fyrir þá sök, at Hákon konungr ungi hefir verit inn mesti höfðingi ok hófsemdamaðr, ok allt á Íslandi lifir hans verka, þat er hann hefir snarat með einkanligum stíl sögu Barlam ok Jósafat, er vóru á dögum Damasi páfa ok sæls Jeronimi.

Oftliga var herra Guðmundr byskup í boði vígsluföður síns um vetrinn, ok töluðu miðil sín margan heimuleik, ok þat með öðru, hversu kristinn réttir hélzt á Íslandi, ok sýnist þeim einn veg báðum, at heilög kirkja ok kennimenn þoli óbæriligan ágang ok yfirvald heimligra hermanna, en þeim þykkir vís von, at sá mun mæta hörðu mótkasti, sem sig berr fram móti þeirra óvenju, er kirkjumál vilja fyrirkoma. Því treystir herra erkibyskup hjarta herra Guðmundar byskups, at hann geymi sína önd í teknu valdi ok vinni bata kirkjunnar, hvat er hann má í andligum styrk til friðar ok frelsis við kirkjuna.

Ok næsta sumar, sem Íslandsför eru búin, tekr herra Guðmundr byskup orlof með bæn ok blessan erkibyskups, sæmiligum gjöfum út leystur með æskiligum orðróm. Svo gengr hann í haf sem byr gefr. Fá þeir góð veðrföll, létt ok hagstæð lengstum, ok koma austan at landi at áliðnu sumri ok vilja norðr fyrir til Gáseyrar. En er þeir hafa legit í rétt fár nætr fyrir Austfjörðum, setr sik harðan í móti þeim vestrænn útnyrðingr, hvar fyrir herra byskup tekr þat ráð með samþykki allra kumpána, at hann leggr inn til lægis þar, sem heitir Mjóvafjörðr, austan á landinu.

En þegar í stað, sem þat flýgr ok ferr um fjörðuna, at Guðmundr byskup er þar út kominn, skortir eigi góðvilja með alls kyns farargreiða, er hann ok hans fylgd þurfti at hafa. Skipar hann góz Hólakirkju í þá geymslu, er hann kunni bezta fá, ok ríðr síðan frá skipi rétta leið heim til Hóla. Var Hrafn í ferð með honum. Hvar sem hann ok kom, tóku lærdir ok leikar með honum af inum fremstum föngum. Svo ok í veginum runnu fátækir menn flokkum saman hann at heilsa með nýfengnum fagnaði, sem þeir tæki himin höndum. Ok þó at þess háttar mál sé orðskviðr, má þat hér vel vera eftir orðum Salómons: *Anima justi, et cetera*. Öllum tók herra byskupinn sæmiliga með sama lítillæti sem fætt var með honum, en þó einkum hýrligast guðs ölmusum. En hvat megum vér skrifa af þeirri sæmd, er heilög Hólakirkja ok hennar klerkar veittu þessum nýja byskupi, er hann heim kom, utan þat fremsta, sem hún til hafði með söng ok skrudá.

26. Frá Hrafni ok um ölmusugjafir.

Eigi miklu síðar en herra byskup kom heim ok hafði skipat þeim hlutum, sem honum sýndist bráðust nauðsyn á standa, biðr Hrafn bóndi orlofs ok þigggr. Leiddi herra byskup hann út með sæmiligum gjöfum, sem vert var. Er þetta greint, at byskup gaf honum vænt stóð, þar með náttúraðan kristallum ok rauðbrúnaðan kyrtil hlaðbúinn.

Hér með svarar Hrafn bóndi: „Gjafir þessar eru sæmiligar mjök, en þær vil ek gjarna þiggja, en umbuna því, sem fáheyrtr er, fyrst í stað, at ek vil biðja þeirra gjafanna hér umfram, sem mér sýnast enn dýrri ok at öllu dýrligri.“

Herra byskup svarar: „Hvat er þat, er þú vilt þiggja?“

Hrafn svarar: „Þat er óleysilig yður vinátta.“

Herra byskup svarar: „Ek trúi, at þat gangi um tíma, at margr kaupi ódýrra vinátta mína en þú, Hrafn, ok því er ek skuldbundinn at játa þér hana slíkt er hún má.“

Hrafn svarar: „Ok nú til marka, hversu væna gjöf ek þigg í dag, ina síðustu, bið ek, at vit skiptim kyrtlum.“

Herra byskup veitti þetta gjarna. Vóru þessir báðir kyrtlar dökkbrúnir, búnir með hlöð, sem í þann tíð var ríkra manna siðr at bera.

Herra byskup segir þá: „Gripi þessa muntu virða svo mikils með vinátta okkarri, at þú eigir þá um þína daga, ok ef þú gerir svo, er líkast, at synir þínir taki eftir þinn dag gripi, þó at annat sé hugsat.“

Með svo greindum hætti tekr Hrafn bóndi blessan, sækir heim á sinn búgarð. Geymdi hann með virktum klæði ok kristallum, meðan hann lifði. Er ok trúligt með góðum verkum hans sjálfs, hafi honum vel stoðat játuð vinátta svo dýrligs manns, því at þessi Hrafn þá, sem trúist, æskiligan enda með þíslarvætti, þá er hann var fyrir eina saman öfund leiddr um nátt af sæng sinni undir brugðit sverð, því meir en saklauss, at þann, er fyrir var heimsókninni, hafði hann elskat, fætt ok fóstrat sem sinn kjötligan son. En svo sem hann var af sleginn ok þeir dauðasynir rupluðu bæinn, leita þeir gripanna Guðmundarnauta, því at þat var í allra manna vitund, at Hrafn hafði þegit þá, en þó vóru þeir í þenna tíma eigi kenniligir, því at kristallur var nú at sjá grár sem hégettill, en brúnn kyrtill hlaðbúinn sem leppr rotinn. Fylldist enn í þessu spásaga herra Guðmundar, því at hermenn köstuðu niðr hvorutveggja, ok því tóku synir Hrafns gripina sem aðra erfð eftir föður sinn.

Þann fyrsta vetr, sem herra Guðmundr sat heima at Hólum, lagðist með guðs dómi svo grátlig hörmung ok hallæri yfir fólkit, at fyrir þrot bóndans hnigu fátækir menn niðr af sulti, svo at hundruðum skipti í einum samt Norðanlandsfjórðungi. Var þessi vá ok vesöld kristinna manna svo nærgeng brjóstfastri mildi herra Guðmundar byskups, at einn guð í himnum var hans vottr þar um, því at eigi var ríkdómur til at stoða öllum, þótt góðvilinn ómæddr með ástinni hitnaði í hjartanu. Ok þó tók hann formannliga staðarins góz þurföndum til næringar, at Sigurði ræðismanni þótti með öllu ofraun í vera. Fylgdi þat ok langa tíma hans byskupsdómi, at sú var æ önnur hans sakagift, er guðs ölmusum til heyrði, því at vantrúaðir menn skildu eigi, at erfð ins krossfesta Jesú er fátækra manna fé. Eigi höfðu þeir ok heyrt með hugskotseyranu, hversu loflig orð Gregorius mikli setr Paulino byskupi Nolano í upphafi þriðju bæk *Dialogorum* fyrir þat, er hann gaf upp í hertekinna manna lausn sléttan thesaur kirkjunnar, ok þar upp yfir sjálfan sik í þrældóm inn á heiðit land, því at þeirri ekkjunni, sem síðast bað hann útlausnar fyrir son sinn, hafði hann engan penning at tæra nema sjálfan sik. Gafst honum ok svo þessi gerð, at þá er hann gekk einn í þján, leiddi hann alla aftr ór þeirri herleiðing til síns fóstrlands at þess dæmi, er oss leysti. Eigi höfðu villtir menn þann hugarstyrk, at þeir vildi bíða, hvat herra Guðmundr byskup hefði til ráða tekit, eða hvat guð hefði honum lagit, síðan fé kirkjunnar vóru uppgefin, því at færri tákn eru lesin af Tiburcio keisara, ok gaf guð honum fé at óvöru til þess at gera ölmusuna. Þessi Tiburcius var næstr fyrir Mauricum, er fyrr var nefndr í sögunni. Hann var svo ölmusugjarn, at sjálf drottningin tók hann þar um með svo harðri ávítan, at eigi mundi hann lengi bera keisarans krúnu óhalla, ef þessu færi fram.

Hann svarar henni: „Ef svo er, frú, sem þú sannar, hefi ek eigi rétt hugsat. Ek hugði, at satt ölmusugæði mundi mann gera auðgan bæði hér ok í öðru lífi.“

Honum varð ok eigi von sín at hégóma, því at á einn dag, sem hann spáserar um eina stóra höll, er haft höfðu fyrri konungar í Róm, sér hann í marmara gólfínu, at grafinn var heilagur kross, ok án dvöl talar hans hjarta vandlæti trúarinnar ok talar svo: „Ferlig óhæfa,“ segir hann, „at it hæsta lausnarmark, skipat á brjóst ok enni kristninnar, skal þola fóttroð syndugra manna,“ – ok rétt í sinni nálægð býðr upp brjóta steininn.

Sem þat er gert, liggr önnur hella þar undir með sama form, ok þeirri upp leystri, birtist þriðja berg með sama hætti, ok þeirri enn upp settri at keisarans boði, er nú eigi grjót undir, heldr svo mikit ógrynni gull ok silfr, at engi veraldarmaðr, mátti á vog færa. Svo styrkti drottinn þann mann í ölmusugerðum, ok þat er trúligt, at herra Guðmundr byskup hafi sömu von haft í guði, því at hann vissi skrifat, at sá öðlast ríkdóm himinríkis, sem ekki elskar jarðligt. Leiðist þó byskupinum at fást við lund Sigurðar, ok því fór hann brott frá Hólum um vorit með allt sitt eða meira, sem fyrr var ritat.

27. Um strangleik byskups.

Herra Guðmundr byskup hugsar um bæði nætr ok daga, hversu heilög kristni guðs var hryggiliga hneist í háðuligum framferðum svo óbæriligs ofsa ok ágirndar sem hún hafði svo langan tíma þolat um daga fyrri byskupa með óbættum skaða. Hann sér, at tveir eru vegir, hylja sik með ófremd ok kaupa svo frið eða taka krossinn Jesú Kristi ok bera með honum hvat, er hendrnar þola.

Af þessum tveim kýs hann þann með heilags anda íblástri at vera heldr hirðir en leigumaðr. Því ríss hann upp með frjálsri kirkjunnar rödd móti þeim vörgum, er þat eitt stunduðu með gráðugum sult at svelgja hjörð almáttigs guðs. Héðan varð þat, er hann spáði í sínum kosningi, at þeir birta sik fyrstir í blótlausri iðran, sem fyrr sýndust ok fylgdarmenn hans heimligrar tignar, því at eigi vildu þeir greina, at skipt var um mennina ok honum var nú bæði boðit af guðs hálfu at brenna ok lækna, berja ok miskunna, því at svo sem byskupi er boðit at vera linr iðröndum, svo er hann skyldugr at vera strangr ok stríðr dramblátum. En því, at vitstolnir menn vanvirða byskupsins gerðir, gleymdu þeir eigi hans reglu ok settu honum einkanliga tvennt ámæli alla götu, þat fyrra, at hann hafnaði hvers manns tillögu. En í mót þessum tvífoldum umlestri stendr vel, at vér hlýðim, hvat erkibyskup Dunstanus segir hér um, at þau lögtekin dæmi fylgi síðan Guðmundi byskupi um alla söguna.

Heilagur Dunstanus var erkibyskup í Kantia, þá er svo bar til þar innan staðar, at meistaramenn yfir steðja erkistólsins, í þeim glæp sannprófaðir, at þeir höfðu falsat steðjann, vóru inn kastaðir með valdi konungsins. Gerðist þessi hlutr mjök síðla á næsta laugardag fyrir hvítasunnu. En á næsta morgin þriðju stund dags, sem herra erkibyskup er til messu búinn, snýst hann til fólksins ok spyr yfirvald staðarins af konungdóminum, hvort falsarinn hefði tekit lögliga skrift, en þat er í Englands lögum at láta báðar hendr.

Honum var sagt, at þat var dvalt sakir hátíðar.

Hann svarar: „Þessi sök heyrir mér til ok minni kirkju, ok því syng ek eigi messuna, fyrri en þeirra pína er fullger.“

Ok án dvöl, sem hann sér, at þeir renna út af musterinu, sem vinna skulu verkit, snýst hann til altaris ok grætr svo í samþining bróður síns, at fljóta tárin fram af augunum með stórum styn ok hugarangri. Svo framt ok, sem þeir koma aftr, er sendir vóru, þværr hann ásjón sína ok segir svo: „Nú væntir ek, at drottinn minn þiggi offr af þessum höndum,“ – gekk síðan glaðr til altaris.

Í því sama *officio* kom yfir hans höfuð ok herðar heilagrar andi sem eldr logandi, ok hvíldist sá yfir honum um alla lágamessuna, sem allir menn sá í kirkjunni. En eftir messuna, sem hann lét síga hökulinn aftr af herðunum, hekk hann í lofti, því at klerkarnir vóru nær blindir af tárum ok þeim ótta heilagleiks at koma nær honum.

Þetta dæmi sýnir, hversu vöndr ok himnamjöl, vín ok *oleum*, á samt at vera í formannsins brjósti ok hversu almáttkum guði er þat sambland elskuligt.

Hér fylgir annat dæmi af byskupligri staðfesti.

Dunstanus erkibyskup bannfærði einn ríkan jarl í landinu fyrir opinbera hóranar skemmd, en jarlinn sækir at fylgi konunginn í Englandi, ok hann gefr honum bréf til erkibyskups, at jarlinn fái lausn. Erkibyskup virði þat bréf svo mikils sem blek okg bókfell. Herra jarlinn lætr eigi fyrir vinnast, sækir nú á herra páfars garð með stóran kostnað ok hugsar yfirvinna erkibyskupinn. Svo tærir hann í *curia*, at hann fær herra páfars bréf til Dunstanum erkibyskups.

Sem þat er upp lesit fyrir Dunstano með því boðorði, at hann taki jarl ór banni, hann svarar svo: „Langt sé þat frá mér,“ sagði hann, „at fyrir nokkurs dauðligs manns orð fyrirláti ek lögmál drottins míns Jesú Kristi, langt ok fjarri sé þat minni sál.“

At sénni slíkri staðfesti fellr jarlinn til fóta honum með tárum, gefandi sik allan í guðs vald á kirkjunnar dóm með fráskilnaði fyrri ófrægðar. Fann hann þegar þat, er hann leitaði, lausn ok líkn af kirkjunnar hálfu. Þetta birtir þann sið valdra manna guðs at skíra fyrst auga sjáldrit yfir glóð ástarinnar, enda víkja síðan fyrir engum lifanda manni af réttum veg, sem gerði Tómas erkibyskup eða Guðmundr Hólensis, en þá sýndist vondum mönnum sem þeir sé einráðir ok deilugjarnir, sem stendr í lífssögum þessara guðs vina, sem nú vóru nefndir.

28. Hófust deilur Kolbeins ok byskups.

Nú með því at Kolbeini Tumasyni varð höfgara en hann hugði at hafa herra Guðmund Hólabyskup undir hendi sér, byrjar hann óheyriligan herskap ok ófagran fjárafla móti kirkjunnar frjálsi ok klerkanna, sem einn af *justisum* Heinreks konungs.

Þat er upphaf hans, at hann hefr kærú á lærðan mann, þat kallar hann fornt fémál, en byggðarrómr var sá, ef menn þorði rétt at tala, at sá málatilbúnaðr væri eigi mjök vandaðr, þótt leikmenn hefði hlut í átt undir lands lögum. Prestrinn sækir byskup at málinu, gerir honum kunnigt, hvat hann hafði lögligra vernda, en gefr sik ok sitt góz á kirkjunnar vald ok frið undir vernd byskupsins. En er Kolbeinn fregn þetta, sækir hann prestinn, sem hann kallaði landslög bjóða, til útleðar ok ætlaði þá sömu sekt at hafa frammi á allsherjarþingi um sumarit. Herra byskup fyrirbýðr Kolbeini af guðs hálfu ok heilagrar kirkju at sækja prestinn, en hann leggur ógilt, hvat herra byskup talar, ok fjölmennir til þings, sem hann skuli kæra in stærstu málaferli. Herra byskup hugleiðir annan veg, at bæði sakir guðs réttar ok þess, er

prestrinn hafði sik lagt á kirkjunnar náð, stendr honum eigi at snúa baki við, ok því tekr hann at sér vini sína ok frændr til alþingisreiðar.

Sem fram kemr í þing ok mál er búit móti prestinum til dóms eftir flutning ok atgöngu Kolbeins gengr herra byskup til Lögbergs með bagal ok stólu ok talar svo: „Vér fyrirbjóðum af guðs hálfu undir banns þínu at draga prestinn undir leikmanna dóm.“

Síðan gengr hann í braut, en þeir dæma eigi at síðr ok gera prestinn sekjan drápsmann.

Sem þetta er sannspurt, gengr herra byskup til Lögbergs á næsta dag eftir ok hefr svo sitt mál: „Þik kveð ek at þessu, Kolbeinn, þú hefir ratat í óhlýðni við guð ok heilaga kirkju ok við oss með svo opinberum glæp, sem nú er öllum ljóst, at þú hefir dregit lærðan mann með fors ok ranglæti undir leikmanna dóm. Hefir þú eigi verit þér einum illr ok óþarfr í þessu verki, heldr þeim öllum, er hér samþykktu með vitnisburð, dómi eða rangfengnum sóknargögnum, því firr stæði þér at rangdæma prestinn til dauðligrar sektar, at þér áttuð hann eigi rétt at dæma. Nú samir öllum lítt, en þér ferligast, at grimmast svo í móti guði. Því megum vér eigi né viljum þyrma þér, ok sakir þess at glæprinn fyrirmælir þér ok öllum þínum fylgjurum í þessum ósóma, þá lýsum vér yfir yðr öllum samt af kirkjunnar hálfu ok herra páfanna skipan it sterkasta forboð guðs þjónustu, þar til þér sættizt við guð ok heilaga kirkju með iðran ok fullri yfirbót.“

Herra byskup heyrir orðin, en svarar engu. Prestrinn seki hafði riðit til þings með byskupi, svo reið hann ok heim aftr til Hóla með honum, en kona sú, er prestinum tilheyrir ok geymir þeirra búnað, kúgast af Kolbeini til fjár framlaga, at hann láti búit standa.

Þetta sama haust dregr Kolbeinn at sér fjölmenni ok ríðr til Hóla ok lætr þar dynja stefnu svo stranga upp á húskarla ok heimamenn byskupsins, at hann lætr varða útlegðarsök hald ok hjálp við prestinn.

Móti þessi stefnu hrærist mjök byskupinn ok heitast berliga at bannfæra Kolbein, áðr til koma beggja vinir ok bera sáttmál, en herra byskup vill enga aðra sætt fyrir kirkjunnar hönd en Kolbeinn gangi til festu ok allt hans brot standi á kirkjunnar dómi, bæði til skrifta ok fégjalda. Ok til þess at illskueldrinn mætti lægjast, draga góðgjarnir bændr saman með því játyrði Kolbeins til sættar, at þeir skuli borga fégjöld slík sem dæmast.

Svo slítr þetta mót, at Kolbeinn gengr til festu, sem áðr var greint. Segist herra byskup vel mega bíða annars sumars ok alþingis um þetta mál, at því betr verði haldinn dómr kirkjunnar, sem vitrustu manna ráð er til leitt, hversu lögliga hann er settr ok saminn, skildust at svo mæltu ok hétu sáttir. Var nú næsta vetr kyrrt at kalla.

En um sumarit eftir ríðr herra byskup til alþingis ok dæmir þar með ráði Páls byskups ok annarra vísustu mann tólf hundruð vaðmála. En þessa gerð svo lágliga samda rýfr Kolbeinn, þegar hann kom heim í hérað, svo at varla laukst helmingr dómsins, því at hann sagði bændr skylduga at lúka slíkt er þeir játuðu, en byskupinn heimtir einart á Kolbein fullan dóm eftir handfestu þeirra. En því lúka bændr eigi, at Kolbeini líkaði svo betr. Ok þó at hann væri fallinn fyrir dómrof aftr í sama forboð, þá lætr byskupinn enn atgerðalaust, þar til hann eykr meiri bölván yfir sitt höfuð.

29. Bannsetningar byskups

Sigurðr Ormsson ok hans kumpán, er Hallr hét, hafast enn nokkut at þetta sumar. Þeir fara til ok draga mann undir meiðingar ok limalát ór Þverárklausri í Eyjafirði. Þar með kúga þeir einn prest at lúka sér stórfé, til þess at hann haldi lífi ok limum. Þetta fé draga þeir undir sik ok kalla höfuðmund prestsins. Fyrir þessar tvífoldar sakir, svo ljósar ok guðrækar, bannfærir byskup þá báða. Lætr Kolbeinn í fyrstu sem hann skuli forðast þeirra samneyti, en litlu síðar tekr þá bannsetta svo sem í sinn faðm með sætt ok lögneyti. Varð sá endinn þessa máls fyrst at sinni, at Sigurðr ok Hallr sættust við heilaga kirkju um haustit *in festo Mauricii*. Greinir eigi framar þeirra sætt en byskupi þótti heilög kirkja hafa sinn rétt.

Kolbeinn sat í hjá friðinum, því at honum er sárt at láta af penninginum. En svo sem herra byskup hugleiðir, hverja samtempran réttvísi ok miskunn hefir í lögmáli guðs, sér hann, at eigi tjáir linleiki við þenna mann, því at æ framleiðis eykr hann sína vesöld, hvar fyrir byskupinn neytir valds sér gefins af guði ok bannfærir Kolbein með fullri þjónustugerð á næsta vetr eftir jól fyrir þær tvær sakir, at fyrir kirkjunnar dómrof féll hann aftr í þat sama forboð, er fyrr var hann í settr, en nú síðar fyrir samneyti bannsettra manna með fráskilning kirkjunnar. Margar vóru hans sakir, þótt þessar sé greindar, sem var samblástr hans at banna sölur til staðarins ok hvat annat, er hann lysti.

Sem hann hafði bannfærðr verit, heldr hann sik einn veg í samneyti sem áðr, dregr nú saman herfólk um vorit eftir páskir ok gerir heimsókn aðra til Hóla með átta tigu manna þess erindis at stefna lærða ok leikmenn af byskupsins garði til þess héraðsþings, er þeir kölluðu Hegrannessþing.

Ok er byskup varð þess varr, býðr hann bæjarlýð at standa hjá sér til beggja handa í þeirri stöðu, sem hann skipar, fjarri kirkju, því at hann segist eigi vilja, at kirkjan svívirðist í nákvæmd bannsettra manna. „Skulu þeir ekki tala við þat auma fólk, en ek mun tala, þat mér leggst í brjóst.“

Síðan skryddist herra byskup ok tekr með sér eina rullu skrifaða með norrænu. Stendr hann svo með bagal ok mítru í öndverðu brjósti síns fólks þann tíma, er Kolbeinn reið á staðinn. Kolbeinn víkr þangat at, sem hann sér, at byskup er fyrir, ok byrjar þegar sitt mál með stefnu svo fjölmennri sem fyrr var sagt.

Byskup þolir ok þegir, meðan fram ferr stefnan, en talar síðan: „Enn býð ek þér sætt, Kolbeinn, því at alls of lengi heldr þú þínu þrái. Þú reisist í móti þeim, er þú ættir at þjóna með öllum krafti andar ok líkama. Þú þykkist vitr, en villist þó allr ok hvarflar í myrkrum sem sjónlauss maðr, þá er þú þykkist hefjast af þinni hrapan ok vaxa af þinni vesöld, þá er þú hatar ok hæðir móður þína, er þú ættir vernda ok verja, ef þú vildir vera réttir kirkjunnar son. Nú geym þín, at þú ofþreytir eigi, því at ek segi þér satt, at hvort er þú fjölmennir eða stefnir, skal ek eigi hoga fyrir þér ok eigi gerast eiðrofi fyrir þína skyld, en þá væri ek svo, ef ek hylða með hljóði, þá er þú fyrismár ok fóttreðr kirkjunnar ok klerkanna rétt. Ok til þess at þú gangir óduldr, hvat sá maðrinn aflar, er þvílíkt starfar, þá heyr, hvat ek les þér.“

Herra byskup tekr þá rolluna ok less sjálfr á norrænu þau bannsetningarorð, er þar vóru saman lesin, þung ok mikil at heyra.

Kolbeinn stendr ok heyrir, en víkr síðan þegiandi aftr í veg ok kveðr vísur þessar með miklum móð:

Báls kveðr hlynr at Hólum
hvern mann vesa í banni
Gylfa láðs, þanns greiðir,
geðrakkr, fyrir mér nakkvat.
Geustr mun gegn at flestu
Guðmundr fara of stundir.
Trautt mák enn fyrir annan
enda sjá, hvar lendir.

Bannar byskup mönnum,
berr stríð af því víða
lýða kind á láði
löngum kirkjugöngur.

Trautt kann hóf, sás háttar,
hoddlestir, vel flestu,
meðr eru af því aðrir
ósælir, stórmæla.

Ara vill Guðmundr gervast
glíkr Tómasi at ríki,
nær liggr okkr við eyra,
erfingi, höfðingja.
Ræðr guðs laga greiðir
geðbjartr snöru hjarta.
Hræðist himna prýði
hann, en vætki annat.

Hér af má skilja, at Kolbeinn sá tvo hluti, réttvísi byskupsins, en rangindi sjálfs síns, ok þó gaf ógiftan honum faðmlag svo fast, at hann fekk eigi frá henni snarazt.

30. Kolbeinn ok byskup hétu sáttir.

Herra Guðmundr byskup sitr nú heima um vorit, en Kolbeinn linar enn lítit, heldr gerir hann nú eftir styrk móti byskupinum í syðra byskupsdæmi at fjölmenna sem mest til héraðsþings, ok þat orð yfirfram, at með öllum þessum liðdrætti munu þeir fara eftir þingit í þriðju heimsókn at herra byskupi ok taka út með valdi undir sverð þá menn af húsi, sem þeir kalla, fyrir ýmis tilfelli.

Nú sem komit er at því líkri ófæru, hlutast til góðir menn, at friðr mætti formerast, en þar gekk seint á, því at dómi byskupsins neitar Kolbeinn þverliga, en byskupinn sér hallat sínu valdi, ef undan honum leggst réttir dómr yfir sinnar kirkju meingerðum ok hennar klerka. En þó enn sem fyrir sýnir hann sik vera sannan vin friðarins, ok því legggr hann sinn rétt ok samþykkir, at öll þau mál, sem ganga milli kirkjunnar ok Kolbeins, skal standa á dómi erkibyskups. Þiggr Kolbeinn lausn undir þeim veg, en gefr upp sektir allar, er hann kallaði á byskupsmenn. Skyldu nú heita sáttir, ok því svo, at eigi varð langt friðkaupit, sakir þess, at menn Kolbeins rugla æ kirkjunnar rétt með eins hverjum óhæfum, heldr tíund hennar eða annat vitafé, svo at þeir máttu engan tíma frjálsir fara án kirkjunnar refst. En þann hirtingar sprota, sem byskupinn nauðbeygðist til kviðjanar á at leggja fyrir þeirra löstu, rangsneru þeir svo, at hann ryfi sættir allar ok engi maðr mætti frið fá fyrir hans ónáðum.

En þessi ógifta Kolbeins var góðum vinum hans it mesta angr ok hörmungarefni. Má þar fremsta til telja húsfrú hans, Gyðríði, frændkonu byskupsins, því at hún elskaði þá báða.

Hér af kveinkar hún fyrir frænda sínum, sem þau finnast, ok tekr svo til orðs: „Þat angrar mik yfir alla hluti fram, er bóndi minn reynir þik svo margfaldliga, minn sæti faðir ok frændi, því at ek óttast, at hér fyrir falli hann í guðs reiði ok fái svo harða hegning sem eigi sé orð eftir sendandi.“

Byskup svarar: „Ef ek mætta því ráða, þá mundi honum létt falla þat, er hann meingerir mik, en þat er honum hræðiliga, er guði tilheyrir ok hans heilagri kristni.“

Hún svarar: „Hvat mun in sæla guðs móðir til sín taka í þessu máli? Mun hún nokkura umbun skipa Kolbeini fyrir þann óð, sem hann þykkist hafa samsett henni til lofs?“

Byskup svarar: „Sannliga, frændi, mun hún umbuna.“

„Nær þá?“ segir hún.

„Þá er hann þarf mest,“ segir byskup.

„Hvar mun þat?“ segir hún.

„Þar sem málskiptin ok hjálpin liggr við,“ segir byskup.

Hún grætr þá sárliga, en byskup mátti ekki aumt sjá ok vill gjarna hugga hana, þótt hér væri eigi brýn efni til hugganar.

Hann segir svo: „Grát eigi, sæti mín, vel mun verða. Kann verða með guðs miskunn ok minnar frú, at endinn verði líkari en upphafit.“

Eigi er getit fleiri orða þeirra at sinni. Á þessum tímum Guðmundar byskups verðr höfðingjaskipti í Niðarósi. Kallaðist burt Eiríkr, vígslufaðir hans, en herra Þórir vígðr, fyrsti Nidrosiensis með því nafni.

31. Enn frá deilum byskups ok höfðingja.

Þessu næst gerist þat ófriðarefni í byggðinni enn at nýju meðal kirkjunnar ok Kolbeins, at einn klerkr akolitus at vígslu, ósiðsamr í vopnaburði, lifnaði ok klæðaskurð, ráðspellaði konu nokkura í vernd ok garði bræðra sinna. Bræðr konunnar taka þat ráð, sem þá var kært, sækja Kolbein at málafylgi upp á skaða klerksins. Klerkr leitar fyrir sér í öðrum stað, ferr til byskups ok biðr hann ásjá, gefr þar með sik ok allt sitt góz í vald ok vernd heilagrar kirkju.

Við þetta tiltæki grimmast Kolbeinn at marki ok býr til sóknar legorðssökina. Herra byskup býðr fram klerkinum til frelsis sex hundrað vaðmála ok kallar þat tvennt fullrétti svo fallinnar konu. Þessu boði neitar Kolbeinn, mest fyrir þá sök, at hann segist æ fyrst rjúfa, hvat er hann talar, ok því ferr hann fram málaferlum ok tilbúnaði, sem hann hugsaði.

Herra byskup sér enn þar komit, at guð drottinn fyrir spámanninum býðr honum upp stíga til verndar ok skipast múr fyrir húsi Ísrael ok standa í bardaga á degi drottins, því fyrirbýðr hann undir banns viðrlögu, at Kolbeinn dragi kirkjunnar rétt undir sik eða sína blástrsmenn í fordæmi klerksins. Kolbeinn anzar engu, hvat hann segir, lætr tumba málit á gallhörðum landslagalit allt til útleðar. Herra byskup sér sik krafðan til framferðar af kirkjunnar hálfu ok gerir fyrst lögligar ok föðurligar áminningar til afláts ok yfirbótar, en forboðar síðan Kolbein ok alla þá, sem sátu þann útleðardóm.

Kolbeinn harðnar því meir, dregr nú at sér Sigurð Ormsson til fylgis ok framferða móti byskupinum, at þar hér vel sannist, sem fyrr var ritat, at þeir tveir stóðu fremst í fylkingu móti byskupinum, sem honum áttu bezt at lúka. Þeir byrja fjársókn innan fjórtán náttu eftir dóminn, at allt þat góz, er klerkrinn hafði átt, skal falla upptækt í þeirra garð. Herra byskup fyrirbýðr

þeim ranga sókn ok yfirgirnd fjárins, segir, at hverr sá penningr er kirkjunnar eign. Þeir gefa því engan gaum ok grípa slétt upp undir sik.

Herra byskup bannfærir þá báða fyrir svo guðrækilig rán. Stendr nú í þeirri hörmung, at veslugir víkja eigi til baka, heldr verða af vondum verri, því at þetta sumar fjölmenna þeir til alþingis.

Því er alþingi kallat, at þat skal vera eitt höfuðþing á hverju ári í sama stað sunnanlands ok sama tíma, í enda júnii, en upphafi júlii. Héldu þann tíma þingit formenn landsins, en nú stjórna lögmennt, síðan landit var svarit Nóregskonungi. Skulu sýslumenn nefna svo marga skilvænustu menn til þingreiðar ór hverju héraðsþingi, sem bók vottar. Þessir nefndarmenn skulu dæma í lögréttu öll þau mál, er þangat bjóðast með prófuðu skilríki ok eigi verða samin í héraði. Oftliga sóttu byskupar í þann tíma til alþingis, annathvort at vernda kirkjuna fyrir rangindum leikmanna eða eitthvert frammi at hafa til styrktar kristindóminum.

En þó ríðr herra Guðmundr eigi nú til þings þetta sumar. Því eru þeir Kolbeinn ok Sigurðr eigi iðjulausir, þat fyrsta at þeir svívirða þingit í samneyti við sik, þat annat at þeir sækja sex menn af húsi byskupsins at Hólum fyrir bjargir ok samlag við klerkinn, er þeir kalla sinn útlaga, því at hverr, er hjálpaði alsekum manni, skyldi fá sama tjón lífs ok aleigu. Fyrir þá sök hafa þeir liðdrátt í héruðum eftir þingit með þeim orðflaugum, at þeir munu veita herra byskupi heimsókn enn um sinn með þessum her ok taka út með aflamun líf ok lán þeirra manna, er þeir kalla sekja.

Vinum herra byskups sýnist eigi traust at sitja fámennnt fyrir svo miklum mannstormi ok þeirra forsligum fjandskap. Því biðja menn, at byskupinn hættleggi eigi þat, heldr rými hann með visiteran sýslu sinnar. Herra byskup er seinn at láta sígast með forflotta, en fyrir þá grein, at gott er erindit til bata kirkjunnar, lætr hann eftir tillögum ok byrjar ferð sína norðr í sýslu. Fara þeir allir með honum, er sekir vóru kallaðir.

Ok er hann víkr norðan at áliðnu sumri í ágústómánaði, fregn hann þat einu vestan yfir fjöllin, at eigi er fagrt. Bannsettir menn ganga í kirkjur ok heyra guðs embætti, einn veg fyrir manna augum sem synir kirkjunnar. Lærðir menn vóru svo lítt fengnir, at þeir flytja guðs embætti yfir þeirra höfuð, sumir kúgaðir, en aðrir leiddir af eiginligum vondskap sinnar óhlýðni, þat er lengi síðan var þeim haldsamnt at officera yfir afsniðnum, hvort sem kirkjan bauð eða bannaði. Má ok merkja, hvílíkir þeir mundu vera í embættisgerðinni með óhlýðni móti byskupinum, sem glaðir gengu í orrustur ok umsátir með hans opinberum óvinum, vóru ok at öllu grimvari en ólærðir, sem brátt mun lýsast í því, sem eftir ferr. Svo veraldarfullir vóru þessir tímar, at þeir máttu sannligar heita samhaldin nátt en lýsandi dagar, því at andligt ljós var mörgu hjarta löngu horffit, en sá inntekinn í leiðsögu, sem alla sína tíma gekk í myrkrum.

Herra byskup harmar af huggæði svo mikla eynd ok angran heilagrar kristni, en fær eigi vikit í þann veg, er honum líkar, heldr fara þau orð vestan móti honum, sem hann um ríðr Eyjafjörð, at herr manns muni samhlaupast, ef hann ríðr heim til Hóla, ok þeir, er sekir kallast af hans fylgd, munu utan alla miskunn láta sinn háls. Fyrir þenna kurr koma saman frændr ok vinir byskupsins, meir af sinni vild ok manndómi en hans bænarstað. Var þeirra foringi einn röskr maðr, er Ögmundr hét. Þeir vóru bræðrasynir ok byskupinn.

32. Byskup kom ór yfirreið.

Nú berr svo til í veginum, at herra byskup ríðr um þann bý, sem búgarðr Sigurðar Ormssonar stendr. Þar er kirkja fögr, skrín vænt með helgum dómum ok bækr góðar. Herra byskup víkr hér til með sinni fylgd ok tekr skrínit í sitt vald ok bækr nokkurar, segir ófallit, at bannsettir menn hafi nokkura drottnan yfir þvílíkum hlutum.

Sigurðr var heima ok í þann tíma með honum bróðir Kolbeins, Arnórr at nafni, er einn finnst aumastr í sögu þessi, því at hann tók at erfðum bróðurligt hatr ok illsku. Þeir standa eigi fyrir, at byskupinn skipi kirkjunnar gózi, sem honum líkar, utan tungur sínar hvessa þeir sem tvíeggjat sverð ok hleypra sendiboð vestr til Kolbeins, at byskup ætlar vestr til Hóla ok dregr eftir sér útlaga þeirra, en ferr um land með rán ok rífs. Kolbeinn safnar liði fyrir vestan, en Sigurðr ok Arnórr fyrir norðan.

Ok eigi því síðr, hvat sem brakat er, segist herra byskup heim vilja til kirkju sinnar at hennar vígsludegi, er þá stóð *in festo nativitatis beatæ virginis*, at byskup eignaðist þat, er ritat er: *justus, ut leo confidens absque terrore erat, et cet.* En fyrir þá hræring, sem nú gengr í héruðin með óbæriligum ótta dugandis manna, sækir fjölmennt á fund byskupsins, bæði lærðir ok leikar, hann at styðja ok styrkja, ef þörf gerist, ábótar báðir norðanlands ok nær fjórum tígum presta, en svo margt leikfólk, at dró í þúsundrað, áðr lauk.

33. Heimsókn Kolbeins á staðinn.

Svo gerist, at herra byskup kemr heim á staðinn á næsta kveld fyrir kirkjudaginn með allt þat fólk, er honum fylgir, segir sjálfr messu á kirkjudaginn ok prédikar einkar fagrliga.

Þenna sama dag kemr Kolbeinn með þúsund manna ok sezt um staðinn. Fara þá menn í miðil af hvorratveggja liði ok vilja koma sáttum á. Er herra byskup enn sem fyrr víkjanligr til friðarins ok segist búinn at veita Kolbeini líkn, ef hann vildi þess alvarliga biðja, með þeirri grein, at allir hans menn hafi grið ok góðan frið, en þat er þvert af Kolbeini at gefa sektir upp, heldr líkar honum þat eina, at þeir menn, sem hann vilja selja menn sína undir öxi, segist ok þat hyggja, at Kolbeini muni nógu þungt á höndum, þótt hann beri eigi með sér saklaust blóð.

Ögmundr byskupsfrændi leggr sik allan til at draga saman með þeim. Þykkist hann kominn í vandan punkt, annan veg stendr at byskup hans ok náfrændi, en annan veg námægðir. En með því at Kolbeinn er ekki til hallr friðargerðinni, er þess leitit, at byskupinn muni liðugr fara, ef hann rýmir undan honum, en Kolbeinn geldr þar þögn í mót.

Ok er þat kemr fyrir byskupinn, svarar hann: „Stríðr er Kolbeinn nú, at mér skal eigi játta friði, þótt ek gerist flóttamaðr frá kirkju minni. En fyrir þá grein, at þat finnst boðit, at fyrir utan sálutjón firri maðr mann foraði, skal í myrgin, sem þér biðið, í brott ríða, ok eigi fyrr en ek hefir gert mitt embætti guði til tignar ok hans mæðr.“

Er nú þat ráðit, at byskupinn skal undan láta með sitt lið. Kolbeinn ok hans menn sitja í útgarði nokkurum, svo langt sem vart ördag norðr af staðnum. Ok svo er sagt með sannindum, at þeir heyrðu eigi nokkurs kyns hljóð, þá er hringdust allar klukkur at Hólakirkju. Birtist í þeima hlut, hver guðs reiði lá yfir þeima lýð, at allir vóru samdæmdir svo sem með einu banni.

En er á leið kveldit, segist, at Kolbeinn tekr svo til orðs: „Reiðr er Guðmundr, mágr vorr, er hann lætr klukkur þegja svo dýra hátíð.“

Þá svarar einn maðr í liðinu: „Kann vera, bóndi,“ segir hann, „at hringt hafi verit, þótt vér hafim eigi heyrt.“

En eftir þetta, segist, at Kolbeinn kvæði vísur þessar:

Heyr himna smiðr,
hvers skáldit biðr.
Komi mjúk til mín
miskunnin þín.

Því heit ek á þik,
þú hefr skaptan mik.
Ek em þrællinn þinn,
þú est dróttinn minn.

Guð, heit ek á þik,
at þú græðir mik.
Minnsktu, mildingr, mín,
mest þurfum þín.

Ryð þú, röðla gramr,
ríklyndr ok framr
hölðs hverri sorg
ór hjarta borg.

Gæt, mildingr, mín,
mest þurfum þín,
helzt hverja stund
á hölða grund.

Sendu, meyjar mögr,
málsefnin fögr,
öll es hjálp af þér,
í hjarta mér.

Vóru nokkurir svo illir menn með Kolbeini, at þegar vildu hafa strítt upp á staðinn um kveldit, en Kolbeinn fyrirtekr þat, sakir guðs móður hátíðar, því at hann veit byskupinn svo einarðan, at eigi lætr hann kirkjuna officerast í þeirra nákvæmd. Liggr hann í sama stað um náttina, en Ögmundr með sína fylgd er á verði alla þá nátt allt til morgins ok biðr fyrir sínum mótgangsmönnum, felandi sik ok kirkjunnar sök í vors drottins vald ok verðleika vorrar frú.

34. Víðinesbardagi ok fall Kolbeins.

Á næsta morgin, sem tíðum er lokit fagrliga ok herra byskup er albúinn í veg, lyftir hann sinni ferð með allri þeirri fylgd, er fyrr var reiknuð. Var þat it bezta mannval. Þeir víkja á fram þær flata foldir, er liggja norðr ok niðr frá staðnum.

Í fylgd með Kolbeini var einn vansignaðr maðr, er rétt má kallast krúnaðr son Plútonis, en prestr, Brúsi at nafni, því at hans eitrlig tunga talar sér sjálfum ok enn mörgum öðrum bráðan höfuðsbana, þá er hann segir svo, sem lið herra byskupsins nálgast í ferðarbrodd niðr á eyrarnar, þar sem heitir Víðines: „Sé, Kolbeinn,“ segir hann, „þar ríðr nú byskup í brott með beggja ykkra virðing.“

Við þessa eggjan býðr Kolbeinn, at menn herklæðist ok hlaupi á bak, renna síðan sem hvatast fram í veginn þvert á eyrarnar, stökkva af baki ok fylkja. En er herra byskup sér þat, at forsát er skipuð, býðr hann sinni fylgd bæði með orði ok hendi, at þeir víki annan veg út í frá. En þegar sem þeir víkja, lætr Kolbeinn síga sína fylking fram fyrir þá ok hefr höggorrustu, þegar brjóstin mætast. Herra byskupinn kallar hátt um herinn, fyrirbjóðandi af guðs hálfu, at menn berist á svo dýrri hátíð, en hvat hann talar, geymir engi maðr, því at árásin varð in snarpasta sakir þess, at fullhugar fundust, þótt eigi væri mótit fagrt.

Ögmundur byskupsfrænda var svo framr maðr til vopns, at í einu höggvi tvískipti hann miðjan mann í þessari sókn. En hví skulu bækr lengja slíka atburði, er ekki gera heyröndum utan hörmung, nema segja þat, er at lítr þess dýrðlings manns lofi ok verðleik, er þá verðr frá sagt?

Sem litla hríð hafði sóknin staðit, fær Kolbeinn sár mikit á hægra fót, sem kálfinn er digrastr, en litlu síðar kemr honum steinn í ennit svo snart, at þegar tumber hann í óvit á bak aftr, en við hans fall fellr ok orrustan í stað. Standa menn yfir honum ok finna þvísa næst, at vit hans er veitt brjóstinu, en mál er honum enn bannat.

Herra byskupinn, sem hann heyrir, hversu orðit er, angrast hann ok hrærist af mildi sem einvalit ker almáttigs guðs í eftirlíking sæls Davíðs konungs, ok talar svo með andvarpan: „Drottinn minn ok sankta Mária, hjálptu skáldi þínu.“

Ok eftir litla stund öðlast hans bæn svo háleita framkvæmd, at Kolbeinn fær bæði skyn ok mál ok beiðist hófsamliga byskups fundar. Er þá byskupinum sagt.

Ferr byskupinn þegar feginn til fundar við hann ok spyr, hvort hann vill sættast við guð ok heilaga kirkju.

Hann svarar: „Gjarna, herra, allt mitt mál legg ek upp á guðs vald ok yðvart, þar með bið ek lausnar af heilagri kirkju fyrir öll mín misfelli.“

Herra byskup svarar: „Viltu sverja þann trúnaðareid at standa á dómi heilagrar Hólakirkju ok veita henni aldri mótgang, meðan líf liggr þér í brjósti?“

Kolbeinn segist þat gjarna vilja ok sverr, er síðan leyst, skriftaðr ok huslaðr, en andaðist litlu síðar.

Herra byskup lætr flytja líkam Kolbeins til Hóla ok veitir honum fagran söng fyrir umsátir, mjúka bæn fyrir mótgæðir, með sæmiligri graftar þjónustu. Þótti þessi tíðindi mörgum mikil, ok þeim mest, er vitrastir vóru, því at þeir sá, hvat eftir mundi koma. Má hér líkligt þykkja, at enn hafi fyllzt forsögn herra byskups í hjálp ok heimvon Kolbeins, sem hann forðum tilveik í huggunarorðum frændkonu sinnar, sem sagt var.

35. Liðsafnaðr gegn byskupi.

Engi maðr veit enn í dag, hvern stein þann sendi, er Kolbeini varð at bana. Því er þat margra manna ætlan, at meinleysi byskupsins muni hafa slegit hann með guðligri hefnd. Má þat sýnast líkligt enn fyrir aðra grein, at sá var mismuni í þeirra sókn, at tveir menn féllu af liði Ögmundar, en níu af Kolbeini, ok hann sjálf inn tíundi. Þat þriðja má hér fylgja, at sá illgirndarprestr, er fyrr var nefndr, féll nálíga í fyrstu hríð.

En þó réttsýnum mönnum, er hlýða sögunni, verði vel ljóst, hversu syrgiliga Kolbeinn þægði saman sínar sakir móti kirkjunni ok féll í því, kollverpa byskupsins óvinir ok svo rangturna þessu máli, at þeir kalla hann meir en saklausan, ok því skulu hefjast í hans eftirmál fullar mannhefndir í garð byskupsins. Var þat veitt þar um fyrsta afhroð, at hans náfrænda, góðr maðr, subdjákn at vígslu, er Snorri hét, var settr undir öxi suðr á Kili litlu eftir fundinn. Var formaðr þess verks Þorvaldr Gizurarson, sunnlenzkr maðr, er herra Guðmundr kallaði mesta undirrot allra þeirra ónáða, er kirkjan fekk af Kolbeini, því at hann var á þeim fundi, er klerkrinn var sekr gerr, ok nú kominn upp á fjallveg at veita byskupi heimsókn, áðr hann spyr

norðan fall Kolbeins, sem áðr var sagt. Hér með styðja at bændr í héruðum, því at þann sáttareið, er þeir unnu kirkjunni eftir fundinn, rjúfa þeir svo ferliga, at þeir kalla í fyrstu sinn formann rangliga drepinn. Þar með segjast þeir ræntir gózinu, þá er þeir skyldu lúka ölmusu fátækra manna, er byskupinn hafði dæmt hverjum í sína skrift fyrir atföer ok óhlýðni. Hér með reis þat efni til meiri framferða, at Kolbeinn var ættstórr maðr. Vóru sumir hans frændr, sumir mágar, er mest máttu afla í ófriðinum ok þann tíma vóru kallaðir landshöfðingjar.

Þrjá bræðr verðr at nefna, þótt ólíkir væri, er svo hétu: Þórðr, Snorri, Sighvatr, Sturlusynir. Þórðr var þeirra beztr, Snorri í mið, en Sighvatr verstr.

Ok því kveðum vér svo at með fullteknu orði, at Þórðr var alla götu inn trúasti vin herra Guðmundar byskups, sem bæði lýsist í sögunni fyrr ok síðar. Þar fyrir fekk hann alvarliga vináttu byskupsins. Þat til marks, at einn tíma, sem þeir fundust ok sitja báðir samt, talar Þórðr svo til hans: „Ek bið þik, vinr minn, at þú vísir nokkut á fyrir mér, hversu lengi ek mun lifa.“

Herra byskup færast undan með einfeldi, segir fjarlægt sínu lífi at vita örlög manna. Þórðr sagði, at þat brást engum manni, er hann veik á.

Hér lendir með þeim, at herra byskup segir svo: „Þat er hugsan mín, ef ek skal til leggja, at þá er þú spyrr andlát mitt, munir þú eigi langt draga.“

Nú hversu þetta sannprófaðist, er herra byskup sagði, stendr síðar greint í sögunni.

Snorri var í mið, sem vér sögðum, því at hann stóð í óvinaflokkum herra byskups, en sýndi honum þó stundum nokkvern manndóm, þá er harðast gekk, sem brátt mun lesast.

En Sighvatr finnst í engum sínum veg annat hafa gert byskupinum en mein ok mótgerðir með svo máttugri óhæfu, sem segja skilríkir menn, at sjálfar byskupstúndir um allan Eyjafjörð tók hann undir sik eigi miðr en um átta ár, meðan stormrinn geisaði sem hæst móti kirkjunni. Hér með hefði hann verit kátr kaupmaðr, þótt hann hefði tært alla sína eign, at firrast þau atvik, sem lesin eru, at herra Guðmundr hafí veitt oftár en um sinn hans andligri von. Sighvatr átti systur Kolbeins. Var honum þat mikil framhvöt til illra hluta fyrir áeggjan hennar.

Arnórr Tumason, bróðir Kolbeins, ok Sigurðr Ormsson sátu sunnanlands næsta vetr eftir fundinn ok vóru heilagri Hólakirkju helzti óþarfir, því at þegar um vetrinn fara sendiboð meðal þeirra, er bandamenn gerast at stríða byskupinum ok hefna Kolbeins. Er þar fyrstr Sighvatr, annarr Snorri, bróðir hans, þriðri ok fjórði Arnórr ok Sigurðr, fimmti ok sétti Þorvaldar tveir, Gizurarson, er fyrr var nefndr, ok annarr Vatnsfirðingr, er vann þat niðingsverk, sem fyrr var skrifat af lífláti Hrafns bónda, fylgdarmanns Guðmundar byskups. Þessir sex ok aðrir tveir samblása þá guðs reiði at fara með her norðr um land til mannhefnda eftir Kolbein.

Sighvatr sendir orð Þórði, bróður sínum, at þeir finnist. Þórðr sækir þat mót, sem mælt var. Biðr Sighvatr, at Þórðr ráðist í fylgd með honum.

Hann svarar: „Hversu mikil skulu ráð mín, ef ek ferr?“

Sighvatr segir: „Hví muntu eigi ráða því, er þér líkar, eða hvern styrk hefir þú margmennis?“

Þórðr svarar: „Þat eru fimm menn.“

Sighvatr sagði: „Hvat vinnr þú þá meira en annarr maðr?“

Þórðr svarar: „Þú sér, frændi, en undr þykkir mér, er þú gengr í slíka snöru, er langligan ófagnað mun af leiða þér ok mörgum öðrum.“

Sighvatr reiðist ok hleypr á hest sinn. Sagði Þórðr svo, at aldri varð síðan þeirra bróðerni svo blítt sem áðr.

36. Frá heimsókn höfðingja á staðinn.

Eftir páskir um vorit draga þeir formenn herfólk saman, er nefndir vóru. Fór lítil njösn fyrir þeim um fjallit, áðr þeir kómu yfir fjallit í Skagafjörð. Dreif þar enn til þeirra margt lið, svo at um kveldit hafa þeir allir samt sex hundruð manna. Fáir halda á þessum tíma trúnaðinn við herra byskupinn. Var ok eigi mjök hægt um, því at Ögmundr, frændi hans, norðan kominn um fjall, var svo höndlaðr af herinum í Skagafirði, at þeir ræntu hann bæði vopnum ok hesti, ok komst hann því hvergi fram, en þeir allir, er Arnórr kallar mest sekja um bróðurdráp, flýja undan svo sem til skjóls á byskupsgarðinum.

Herra byskup sitr heima, sem hann fregn ófriðinn, ráðinn at rýma eigi né hræðast fjöld ómildra, heldr bíða ok gjarna þola, hvat er guð vill lofa, at honum sé meingert. Engum sendi hann orð til liðs eða málafylgis, því at hann setti sik allan í þess vernd, er vald hefir allra hluta. Ein var hans ógleði ok áhyggja sakir samfæddrar mildi at sjá eynd ok afarkosti, dráp ok dauða sinna sauð, því at eigi fór leynt af herinum, at þeir ætluðu hirðinn brott skýfa, en höggva niðr þá menn af hans hjörð, sem þeir kalla mest sakaða, ok taka þar með byskupsgarðinn í sitt vald með allt þat góz, er honum heyrir til.

Á næsta dag fyrir *festum Tiburtii* ok *Valerini* halda þeir herinum heim á staðinn, en þeir búast til varnar, er fyrir vóru, röskir menn ok margir, bera at sér grjót ok þá vernd, sem fá mátti, taka sér stöðu á þeirri hæð eða húsi, sem sterkast var ok veggbrattast ásóknar. Formenn sjást um, hversu þeir megi með minnstri mannhættu vinna þá, er fyrir vóru.

Þá leggr til einn klókr maðr, at þeir ljósti upp herblástr sama dag, en greiði atgöngu eigi fyrr en um morguninn. „Væntir mik,“ segir hann, „ef svo er gert, at fylking þeirra sé heldr þynnri.“

Þetta ráð var haft. Gekk ok sem hann gat, at eigi vóru allir jafnir. Sumir leynast á braut um náttina til liðs með Sighvati, aðrir í kirkju eða flýja brott í leyni, svo at fátt eina stendr eftir á verndinni um morguninn.

Svo finnst ok í nokkrum stað, at þessi hafi einkanliga verit tillaga Þorvalds Gizurarsonar, at þeir skyldi eigi samdægris stríða við staðarmenn sakir þess, at hann sagði þá vera vígsludag Guðmundar byskups ok væri vonlaust, at þeir beri sigr yfir hann eða hans menn á þann dag. Nú ef svo er satt, má skilja, at lesandi maðr má vel skilja ok hugleiða, hversu sjá undarligir lýðr líktist þeim, er röktu letrín, hvar Jesús mundi fæðast, en ofsóttu hann síðan allt til krossins. Í aðra grein, ef svo er sem hann sagði, hefir herra Guðmundr vígzt á vorit, *idus Aprillis*, en hann kom til Nóregs áðr um sumarit. Má þetta vera fyrir þá sök, at *Martirilogium* setr á þann dag andlát *Evfemiæ virginis in Kalcedonia*, finnst ok hér með í fornum *kalendaris*, at *in profesto Tiburtii et Valeriani* hefir sungizt *Evfemiæ virginis*. Nú sem herra Jesús Kristus ok hans vin, Guðmundr byskup, veit sannra vera, viljum vér svo hafa sett ok sagt, þótt *festum Evfemiæ virginis* ok *martyris in Kalcedonia* sé mönnum nýrrar kristni kunnara *sexto decimo kalendas Octobris*, því at þar sem finnst ýmisligt skrifat af inni sömu

grein ok fyrir utan sáluháska er eigi vísvitat, hversu varð, hafa feðr vorir hvorttveggja sett, en hvortki dæmt.

Á myrgininn gengr Arnórr til með gnógum styrk ok slær niðr staðarmenn úti ok inni ok einn í kirkjugarðinum, svo at blóðit stökkur á kirkjuna. Arnórr ok Sigurðr ganga til byskups, gera honum tvo kosti, þann fyrra, at hann leysi þá, fari liðugr brott ok komi þar aldri síðan utan þeirra orlof. Hér í mót játa þeir at gefa grið mönnum, er á kirkju náðir eru komnir. Vill hann eigi þenna, heitast þeir at reka hann brott með svívirðu, en drepa menn, hvar er þeir finnast.

Herra byskup svarar: „Hvat er ek má réttlíga kirkjunni til frelsis ok þeim til náða, er á hennar grið eru komnir, vil ek gjarna gera, en at leysa ykkur ór banni er langt yfir mitt vald, því at þit eruð fallnir í svo djúpa bannsetning dauðans, at af henni megið þit hvergi leysast utan á herra páfans garði, nema meiri iðran glæpanna gangi fyrir en nú má sýnast. Heilagrar kirkju eign ok rétt skal ek ok aldri upp gefa eða játta undir bannsettra manna vald, því at enginn yðvarr á mik frá minni kirkju út flæma eða mér útleigðardóm setja né mínar gerðir dæma. Mik ok kirkjunnar sök gef ek enn sem fyrr undir erkistólsins dóm í Niðarósi.“

Snorri Sturluson leggur til, at byskup geri nokkura linan á þeirra máli þeim til lífs er nú reið sverð at svíra, segir þar mikit til vinnanda.

Svo gerist fyrir bæni Snorra, at byskup less yfir þeim *Miserere*, segir þó allt eins, at þeir eru jafnlausir ok áðr.

Snorri býðr heim byskupi, því at honum sýnist eigi mjök friðvænligt. Herra byskup þiggur þat ok ríðr sama dag brott með honum ok hefir fá þjónustumenn. Þat var á sjaunda ári hans byskupsdóms. Angrast margir af hans brottferð, þeir sem dagliga höfðu með honum verit ok mesta huggan af hans miskunnarfullu brjósti þegit.

Þegar sem herra byskup er í brott riðinn, ganga þeir Arnórr væpntir at kirkjunni ok eggja þá út, sem inni vóru, segjast ella skulu draga þá út eða svelta til bana.

Maðr svarar, er Sveinn Jónsson hét: „Gera mun ek kost á útgöngu, ef þér játið at lima mik til hálshöggs. Vænti ek engis friðar af yðr, því at þeim gerið þér ófrið í dag, er yðr samir verr.“

Þessu játtuðu gengr hann út ok þeir, er inni vóru. Er Sveinn aflimaðr ok segir *Ave Maria* með hverri afliman, réttir hálsinn at síðustu ok lætr líf sitt með frægiligum orðstír. Margir vóru þar drepnir, er út gengu. Nær allir formenn tóku í grið einshverja af því fólki. Gerði þat hverr þeirra í þrá við annan, því at eigi vóru þeir í öllu samlyndir, þótt þeir væri til ills jafnir í eftirlíking Heródis ok Pílati. Aðrir af hermönnum hlaupa í bæinn, brjóta hurðir, lok ok lása, leita bæði fjár ok manna. Margri staðarins eign var þar rænt ok stolit, hestum ok húsbúningi ok flestu því, er utan kirkju var, á líkan hátt ok af slegnum sælum *Thoma in Kancia*.

37. Höfuðkirkjan sat í sorg ok sút.

Amórr ok Sigurðr, eigi fegra fallnir en fyrr var ritat, taka nú yfirvald byskupsstólsins at Hólum, yfir tíundum hans ok tign ok réttarbótum, sem þetta allt saman væri þeirra erfð. Eru nú þeir dagar komnir, er Sigurðr umbunar líkt manndómi sínum þat, er herra Guðmundr leiddi hann forðum undan ágangi Oddaverja, því at hverr sá maðr, er at því verðr kunnr, at honum hafí fullting veitt eða forstoð fjár eða fylgis, skal nú gjalda skyn fyrir eða kúgast með afarkostum, fyrst til sjálfðæmis, en síðan til fépinu eftir þeim atvikum, sem hver

sýndist sekr. Létu sumir þrjú hundruð, einir fimm, aðrir tíu eða tuttugu, þrjátíu eða fjörutíu. Ögmundur byskupsfrændi lét hundrað hundraða með fjórðungssekt um alla sína daga. Segja svo fróðar frásagnir, at verðleikr herra Guðmundar hafi leitt hann heim til Hóla ok brott af allri útlegð ok eigi fyrr en hann var áðr örendr. Grefti drepinna manna skipa þeir svo at staðnum, at sína menn bannfærða láta þeir hafa kirkjugarðs gröft, en byskupsmenn dragast í urð. Presta tvo ok leikmenn tvo kúga þeir til járnburðar ok þeirrar undanfærslu, at þeir hafi eigi unnit á Kolbeini. Eina ok aðra gera þeir óbótamenn ok útlaga fyrir ýmissar sakir. Kennimönnum kirkjunnar gera þeir boð ok skipan at flytja þar allt embætti, sem hún væri án flekk ok fölnan. Sama boð gera þeir út fjögurra vegna, at allir prestar í hverri kirkju, þótt afsviptir væri sínu embætti fyrir lögligar sakir, skulu nú syngja ok öll embætti flytja, sem þeir segja herra byskup boðit hafa, áðr hann reið brott.

Herra Guðmundr byskup, sem til hans koma svo sorglig tíðindi, harmar hann í sinni huggæði, at heilög kristni ferr svo stopalt, með hryggiligri hratan brott frá þess boðorðum, er hana leysti sínu blóði. Því skrifar hann opit bréf með röksemd ritninganna ok ráði vitrustu manna, í hverju hann býðr með byskupligu veldi, at Hólakirkja, margfaldliga saurguð ok svívirð af bannsettum mönnum lífs ok dauðum, skal aftr strengjast ok allri þjónustugerð af setjast, þar til drottinn lítr hana ok sendir henni miskunn af sínum háleita himni.

Sem þessur bréf koma fram ok upp lesast, er kirkjan læst fyrst í stað ok tjald reist til messusöngs utan kirkjugarðs. En litlu síðar leiðist ræðismönnum þessi þögn kirkjunnar, ok því lokka þeir prestana til í fyrstu með undirhyggju at segja þar tíðir messulausar, ok innan fárra daga kúga þeir til með harðindum, at þar gerist allt embætti.

Harmanlig var þessi kristni. Einir vóru þeir kennimenn, er lögðu sitt embætti með ótta guðs ok byskupsins, en aðrir fyrir mannliga hræðslu eða fluttu þat fyrir þeirra kúgun eða eigna óhlýðni. Höfuðkirkja, allra móðir, sitr í sorg ok sýt sem útlæg frá sínum formanni, ok sumar dætr gráta með henni, en sumar gleyma hennar sýtligum harmi. Hverr lifði sem lysti, því at eigi var sá, er um vandaði.

38. Byskup fór til Steingrímsfjarðar.

Dirðuligr herra Guðmundr byskup, útlægr fyrir guðs réttlæti, sat á næsta vetr í syðra byskupsdæmi með Snorra Sturlusyni, vel haldinn á þann sið, sem þá var í landi. Herra Páll byskup sendir honum orð ok býðr honum sinn kost, meðan sem harðast lægi á ófriðarstormr, ok herra Guðmundr þakkar honum boð, en treystir eigi at þiggja, því at hans meingerðamenn stóðu í kærri vináttu Páls byskups.

Sem vetrinn er af liðinn, staðfestir herra Guðmundr byskup með sér ok sínu ráði at venda heim af útlegð til kirkju sinnar, ef hans vegir tálmast eigi af óvina forsát. Því fær Snorri honum ok hans fylgd norðr til sjóvar, er Hrutafjörðr kallast, – þar mætast byskupsdæmi, – allan nógligan kost, ok skilja með blíðu.

Herra byskup ræðr til skipa ok hugsar at fara sjáveg alla leið norðr til lægis þess, er heitir Kolbeinsárós ok næst liggir byskupsstólnum, en þessi forhugsan gengr honum eigi fram, því at fyrr en hann kemr á skip, eru þær fréttir norðan, at Arnórr ok Sigurðr taka með flokk ok ferð hafnir allar á veginum, en hafa liðsdrátt á landi ok ætla því liði at stefna móti byskupinum, þegar þeir vita glöggt, hvar hann kemr fram.

Fyrir þessi tíðendi skilr herra byskup, at allt er samt ok fyrr, vill eigi leiða fá menn í forað ok vendir ferð sinni til syðra byskupsdæmis, þar sem heitir Steingrímsfjörðr. Þar fregn hann norðan framferð prestanna, hversu þeir sungu í forboði ok bönnuðum stöðum með náveru bannsettra manna, er alla illsku draga móti kirkjunni, sem fremst megu þeir afla. Því gerir byskupinn bréf, fyrirbjóðandi þeim framleiðis undir efstu banns viðrlögu at fremja guðs embætti sér til áfalls ok fyrðæmingar.

En er þessur bréf koma norðr, þykkir þeim harðna at eins ok bregða þó undir sitt óráð, en verpa í vind byskupsins orð fyrir eigin vondskap ok illar fortölur.

Er þar eignat mikit af fyrrnefndum munk, bróður Gunnlaugi at Þingeyrum. Má þat ok trúligt þykkja fyrir þann forsligan hlut, er af honum segist, at svo sem hann hafði diktat *novam historiam sancti Ambrosii*, fór hann norðr til Hóla þann tíma, sem byskup var heima, gekk fram í kór næsta kveld fyrir *festum Ambrosii* ok hefir upp at óspurðum byskupinum þat nýja dikt, er hann hafði saman borit. En er þat kemr fyrir herra Guðmund byskup, gengr hann fram í kór ok fyrirbýðr honum undir forboðspínu at leiða inn nokkura nýjung orlofslausa í sína kirkju, segir miklu lofligra ok kirkjunni makligra þat kompon, er samdi blessaðr faðir Gregorius páfi í Róma. Lætr bróðir Gunnlaugr þá niðr falla ok fekk fyrir dirfð heyriligan kinnroða.

Herra Guðmundr byskup, sem hann fær enga náð í sínu byskupsdæmi, vitjar vini sína, er honum forðum öfluðust í kennimannsstéttum, svo sem útlægr maðr í nafni Jesú Kristi. Fyrir því hneigir hann í þær hálfur landsins syðra byskupsdæmis, er Vestfirðir heita. Taka Vestfirðingar hann sem fyrr með allri blíðu ok manndóm, greiða ok góðvilja af fremstum fönngum. Veitir ok guð þeim þegar stundliga þar í mót fagra réttarbót, því í þeirri ferð verða margir merkiligir hlutir fyrir guðs mann, þótt hér greinist fár af mörgu, einkanliga hversu hann frjálসাði menn ok héruð af því flagði eða fjanda, er þeir nefndu Selkollu. En á hvern hátt þessi óhreinn andi kom til í fyrstu eða hversu hennar yfirgangr steiptist fyrir bæn ok blessan Guðmundar byskups, stendr hér skrifat.

39. Upphaf Selkollu.

Svo berr til í þeirri hálfu, sem títt er, at á einum litlum bæ fæðir kona meybarn. Eru skipaðir eftir skyldu karl ok kona at bera barnit til sóknarkirkju, at þat taki skírn. Ok er þau gera sinn veg fram með sjó, verðr fyrir þeim stór steinn, er menn kalla Miklastein. Þar gera þau illmannliga dvöl, leggja niðr barnit undir steininn ok víkja annan veg til saurlífis. Ok er þau koma aftr, sýnist þeim barnit blátt, dautt og ferligt. Hér hugsa þau við skiljast ok ganga frá harla skammt, áðr þau heyra grát. Ok sem þau aftr víkja, sýnist þeim barnit lifa ok nú svo hræðiligt, at hvorki þora þau snerta nér nær koma, snúa heimleiðis ok segja þetta undr. Síðan er leita farit barnsins, ok er í brottu. Ok litlu síðar sýnist þar kona ein nýkomin í byggðina, stundum með vænu áliti, en stundum með selshöfði. Gekk þessi fjandi einn veg djarft á dag sem nátt. Því var þessi miðdegisdjöfull Selkolla nefndr í sveitinni.

40. Frá glettingum ok ásókn Selkollu.

Nú gengr svo til efnis í því héraði, at bóndi sá, er á húsfrú væna heima í sínum bæ, stendr um dag at skipasmíð í nausti nokkuru nær sjó, at þar kemr til hans at óvöru sú kona, er þat lík er með álitu ok öllu látbragði sem hún sé hans eigin kona. Hún slær í fyrstu á leik nokkurn við hann bóndann, þar til hann leggur glens í mót, en nákvæmir hana síðast með kjötligu verki.

Ok brátt eftir þetta verk birtist fyrir umskiptiliga mynd óvinarins, hversu brögðuliga hann var blekktr. Vill hann nú heim leita til bæjarins, en Selkolla verr honum veginn, svo at mæddr ok máttfarinn nær hann um síðir bænum. Kennir hann þó sína heimamenn, en leggst í kör fyrir þá sótt, er svikligr fjandans prettr hafði unnit hans náttúru. Má hann síðan enga hafa, því at sami óhreinn andi sækir hann dag ok nátt með ákafa. Þora engir menn at sæma með þvílíkri óhamingju nema einn dyggðugr frændi hans, er liggr í hjá honum, þar til Selkolla ræðr á þann of nátt ok sprengir ór honum bæði augu. Liggja þeir nú báðir sem hálfdauðir.

Svo mikinn ógang hafði þessi fjandi á nætr ok daga, at gildir menn þorðu eigi at fara vega sinna, því at þar kom hún upp ór jörðinni, sem sízt varði. Stendr þessi sút með svo miklu áfalli sem herra Sturla vottar, er þessa sögu samsetti, at sumir lágu blindir, sumir beinbrotnir, aðrir með öllu dauðir, svo at öll sú héraðsbyggð var uppnæm til auðnar, áðr læknir kom. En þó at þessi óvin sveimaði víða um byggðina, þóttist hún heimili eiga hjá þeim bónda, er svikizt hafði með hans háðuligt samband. Því var sá aumi bær allr ruglaðr með hryggð ok fjandligum yfirgang, svo at þar var engi ró, heldr vá ok vesöld síð ok árla.

41. Byskup tók gisting at bóndum.

Nú er at segja frá ferðum Guðmundar byskups, at í meðal annarra góðra manna bjóða honum heim tveir skilríkir bændr. Var fólk margt með herra byskupi, bæði frjálst ok fátækt, en hallæri mikit í þeim héruðum ok torfengr kostur til mannfæðu.

Sá bóndinn, er fyrr tekr með honum, slær niðr tuttugu geldinga fyrir fátæka menn byskups. Dvelst hann þar tvær nætr ok líkar allvel.

Bóndi biðr, áðr hann ríðr í brott, at hann vígi honum brunn. „Vildi ek,“ segir hann, „at þat yrði með öllu heilagt vatn.“

Herra byskup svarar: „Sá, er helgar alla hluti, stjórnar því, hversu heilagt þat verðr, en blessa skal ek brunninn þinn, sem ek kann.“

Síðan vígir hann brunninn, ok er þat vatn svo mikillar blessanar, at margfaldr heilsubætr gerast af. Ór þeim sama brunni var flutt vatn í línúfu yfir þveran Steingrímsfjörð. Sýndist hún utan sem svell, meðan hún hélt, en þurrt lín, er ór var látit.

Héðan ferr byskup í annat heimboð. Gerir sá bóndi líkt inum fyrra, leggur niðr tuttugu geldinga fyrir fátæka menn, ok er kjötin eru upp gengin, dregr á gleði byskupsins með nokkurri fæð.

Bóndi finnr þat brátt ok talar svo: „Herra minn,“ segir hann, „hvat er þat í mínu valdi, er yðr þykkir at skorta?“

Herra byskup svarar: „Heyrðist mér rétt, at þú gæfir fátækum tuttugu geldinga?“

„Já, minn herra,“ segir hann.

Byskup svarar: „Þarf hann nokkut inn fátæki bæði á fót ok líkam.“

Bóndi finnr nú, hvar ferr, at hann hefir kippt geldingagærunum í sína eign, en veitt kjötin slætt. Því svarar hann svo til: „Ek vil gjarna svo hafa gefit sem yðr líkar betr,“ – lætr síðan gærunar til. Skiptir byskup þeim með ölmusumönnum ok er þá kátr sem áðr.

Í herbergjum þessa bónda var sá kvenkrypplingr, at knéin þröngdu brjóstit með föllnum sárum. Hér um biðr bóndinn, at byskupinn muni líkna svo auman líkam.

Byskup svarar: „Gjarna skal ek biðja drottin minn ok hans sæla móður, at þau miskunni. Legg ek þat til í fyrstu, at þér berið hana í sæng mína, sem ek geng til óttusöngs í nótt.“

Um morguninn eftir, sem þetta var áðr gert, segir hann sjálfr messu ok býðr, at krypplinginn skuli leggja niðr á gólfít hægra megin altaris í því sama *officio*, þar sem hann dæmir heyriligast. Blessar hann þryssvar yfir krypplinginn. En þann tíma eftir messuna, sem hann hefir tekit *ablucionem calacis*, vætir hann kreppta limu með því vatni, ok guðs krafti tilkomanda réttast bjúgi limir svo, at hverr þjónar þægiligri skipan sinnar náttúru. Lifði sú kona lengi síðan ok bar á brjósti ævinlig ör, er vottuðu, hversu stórmerkisfullt verkit var fyrir guði ok mönnum.

42. Byskup lagði Selkollu fyrir.

Þessir tveir menn, er greindir vóru, ok fleiri byggðarlýðr tjá mjúkliga herra Guðmundi, hverr ágangr ok illska þröngdi þann auma lýð með falsi fjandans, er næst bjó byggðum Selkollu. Þar með biðja þeir hans ágætt faðerni, at hann muni til fara ok álíta með sinni list, at þessi óhreinn andi mætti firrast.

Hann svarar: „Þessi er mikil bæn, ok langt yfir mitt megn að þreyta við helvízkt vald, þat er svo ofrar sér með sterkum yfirgang.“ – En þó sigrar hans mildi eftir vana, ok ferðast sem beðit var. Vóru flestir þangat ófúsari en til boðinna brúðlaupa.

Fram kemr hann til þess bæjar, er óvinar máttir ok megin átti heima. Því var líkt sem allt þat hús væri grafit í duft ok hárlæði með sorg ok sótt óbærra vesalda. Hér tekr herra byskup gisting, þótt eigi væri glatt í móti gengit. Var forbeini léttir um kveldit, því at sumir heimamenn lágu, en sumir litlu betr.

Herra byskup býðr, at sæing hans sé ger í stofunni á hægra veg dyra, segir, at þar skal allt fólk hjá honum inni vera um nóttina. Herra byskup blessar þá menn, er í lágu stofunni, gengr síðan til sængr ok sezt niðr í rúmit ok ætlar af klæðast.

En með því at þjónustumenn vangeyma at draga af honum skóklæðin, sér herra byskup, at kona skýzt fram at óvöru ok gengr óboðin í þjónustu, lætr sér eigi feilast ok dregr af hosuna.

Hann kennir, hver komin var, þrífr af henni hosuna með aflí ok keyrir um höfuðit með þessum orðum: „Far niðr, fjandi ok gakk eigi framar.“

Ok svo varð, at Selkolla þorir eigi til þrautar at leggja við byskup. Flestir sváfu laust ok lítit í stofunni, en byskup vakir lengst á bænum þá nótt.

Á myrgininn lætr byskup gera sex krossa með tré ok einn stóran, svo at fáir hafnarkrossar eru stærri. Síðan hefr hann sína ferð til þess altarishúss, er nálægast var í byggðinni, hefr með sér alla sex krossana. Ok í veginum, sem þeir fram koma at einum læk, sjá ófreskir menn, at þar stendr Selkolla ok býst enn til bragða. Þessa sýn óttast bæði menn ok hestar. Herra byskup sér ok, hvar Selkolla stendr, víkr djarfliga at fram at henni ok gerir kross með sinni blessaðri hendi.


Eftir hann gervan talar hann svo: „Sökk nú fjandinn, ok kom aldri síðan upp í þessum landsfjórðungi, en ef þú biðr þess, er ek steypi þér þriðja sinni, skaltu sjálft undirdjúpit finna.“

Selkolla sökk við þetta boð.

Sem herra Guðmundr kemr fram til kirkjunnar, segir hann fyrst sjálfr altarismessu, en vígir síðan krossana alla ok vatn þvísa næst í einu kerri. Síðan lætr hann setja uppreista krossana í kerit ok væta alla með vatni, en þat vatnit, sem áðr vígðist ok nú flaut af krossinum, býðr hann dreifast syðra veg upp á kirkjuþekjuna, segist þess vænta, at af því grasi, er þar vex, muni menn fá léttu mein sinna, biðr menn ok þat varast, þótt húsit verði þakt með nýju, at æ nokkut fyrra samblandist í þekjuna, segir, ef svo er gert, at eigi mun grasrótin tapa sinni náttúru ok dyggð. Prófaðist þetta síðan sem hann fyrir sagði ok brátt mun lesast með einu vitni.

En nú fyrst eftir svo gert, er greinanda, at hann snýr aftr í veg, ok sem hann kemr til bekkjarins, þar er Selkolla sökkr, býðr hann í þeim sama stað niðr skipast þann stærsta krossinn, ok aðra fjóra setr hann í fjórar höfuðættir umbergis bæinn ok fimmta uppi á stofuþekjunni þar skíðlægt yfir, sem Selkolla hafði niðr leitat undan hosunni. Síðan huggar hann þat auma fólk, segist þess vænta, at eigi mun Selkolla þar ganga um sýslur frá þeim degi. Sjúka bónda býðr hann þat, at hann láti flytja sik til sóknarkirkju sinnar, segir, at hann mun þá eigi langa kröm bera. Þetta fór enn svo. Hann lét flytja sik ok andaðist innan fárra náttu. Fluttu forsýnir menn, at í hans graftarstund stóð skelmir fyrir utan kirkjugarð ok treystist eigi nær koma, sakir þeirrar blessunar til fararleyfis, er maðrinn hafði þegit af Guðmundi byskupi. En frændi bóndans, er augnasprenginn fékk, var steinblindr á alla sína daga.

43. Lok Selkollupáttar.

 itlu síðar koma þeir menn á fund herra Guðmundar byskups, er ráðit hafa sína skipferð norðr yfir þann fjörð eða flóa, sem liggir meðal nyrðra byskupsdæmis. Þeir ganga til herra Guðmundar ok biðja blessunar til fararleyfis.

Herra byskup blessar þeim ok talar svo: „Farið vel, synir, verið varir ok signið yðr kristiliga, því at við brögðóttan er at beita.“

Þeir koma til skips ok ýta lítit undan landi, áðr í kemr skipit svo mikill ofrþungi ósýniligr, at skipit er með öllu kafhlaðit. Þeir litast um þetta undr ok sjá enga nýlundu, utan sýnist sem ein stór ok svört beinknúta liggir aftr í skutinn. Hraðr var byrr, en mjök bárstórt ok lítit borð við báru. Því lystir þá at vinna kyrrt ok verðr eigi út kastat knútunni. Halda þeir inn á Miðfjörð, er fyrr var nefndr, ok taka land með höldnu. En þann tíma, sem skipit kennir grunn, kastar einn kumpána knútunni fyrir borð. Veltist hún með varpi sjóvarins upp í flæðarmál. Sér þá skygginn maðr, at þar ríss upp Selkolla ok gengr á land.

Sé hér dýröligan verðleik, er flóttak helvízkan anda ok fjötraði jafnfram, svo at hann mátti kristnum mönnum eigi granda. Man þat enginn aldr síðan, at hún hafi sézt eða meinat í Vestfjörðum. Síðan er hún ór sögunni.

En nú skal enn aftr víkja ok sjá, hvat herra Guðmundr byskup veitti Vestfirðingum fyrir þau grös ok heilagan kross, er hann leifði þeim í elskumark fyrir margan greiða ok góðvilja, er þeir gerðu honum bæði fyrr ok síðar. Ok þó at þessi hlutr hafi síðar gerzt en hann fór til guðs, ritast hann í þessum stað tilheyrandi fyrra efni.

Eftir Selkollu sögu kvað Einar Gilsson tuttugu vísur ok eina, ok er þetta upphaf á:

Askr fór éls ok Röskva
ósvinn dalar tvinna,
grands var gaurr af stundu
gjarn, með heiðnu barni.
Lögðu jóð, en ugðu
öngva grein, hjá steini,
beint meðan börðust punti,
baugrein og Týr fleina.

Hugðust barn, áðr bægdí
brynjumeið, ok reiða,
girndar óhreinn andi
undrgjarn, taka mundu.
Sýndist fljóð, en fundu
fláræðin þau bæði,
illiligt með öllu,
ofgrand af tál fjanda.

Gengu þar frá þinga,
þjóð frétti slíkt, jóði
Baldr ok Bölverks köldu
bauga rein und steini.
Þar gekk síðan, sökkva,
svört Gneip, viðum björtum,
sýndist selr í enda,
sannfrétt er þat, annan.

Dálkr réð fyrri fólki,
furðu tíðr á smíðar,
ei var auðar bægir
ólmr, at Lægishólmi.
Kemr í hús, en hamra
hlýns olli þat kynjum,
Gríðr til girndar fæðis
gjósorð um dag ljósan.

Lagðist Laufa brigðir
ljóða hvass með skassi,
brúns, lézt beðju sína

broddspennir þar kenna.
Sótti síðan rétti
seims Gestilja heima
æst, svá at ýtir missti
undfleins þegar greina.

Sat yfir sjúkum veiti,
svall móðr, daga alla,
Þundi þorna, randa,
Þorgísl, er fekk píslir.
Sprungu á hreyti hringum
hyrflæðar þeim bæði
sjónarberg með sorgum.
Selkolla því olli.

Svá lét gýgr fyrir Gautum
grimm hanga-Týs rimmu,
ferð var af hálfu harðri
hremmd, farvegu stemmda,
víst at varla treystist
væn drótt slegin ótta
ríða réttar leiðir
raunfast af Bil hrauna.

Báðu byskup síðaan
bálregns viðir gegnir
hjaldrs, at hann hjálpa skyldi
hugrakkr firum nakkvat.
Fór til Hólms, er heyrði
hörmung um lið þunga
leika sjóvar, sækir
snjallr manndáða allra.

Inn kom leygs, þar er lágu,
lægis vörðr, með hörðum,
trautt munu, tálum settir,
tveir veslingar meiri.
Blindr var gæðir grandí
geirþings í píningu,

vinds, en vitlauss annarr
valdr fjöldrifins skjaldar.

Vátr nam byskup breyta,
bálflæðar, skóklæðum,
hosu dró harðla lausa
Hrund ein af Guðmundi.
Þá kom inn in auma
ámgerðr við lit sáman.
Hugðist Greip at grípa
ginljót um skjól fótar.

Vitr sá Leirvör ljóta
lands höfðingi standa,
örr, ok ei sér fjarri,
áðr guðligra ráða,
en þollr af frægð fullri
fríðr blessaði víðis
glóða. Glatt við lýðum.
Greipt flagð í jörð steypist.

Þar lá njól, sá er nærði,
njótr, allmargra brjóta,
sægs, þá er sjúkir lágu,
sindr, benloga vindar.
Dagr kom, djöfla sigrir
dád mildr ok þá vildi
glaðr yfir Gauta fríða
góins skers hafa messu.

Ætla á Hamar, því at, humra
hyrbíðendur fríðir,
þar stóð, bings, it blíða
bænhús, með sið vænan.
Satt var, at mönnum mætti
meinvætrr hjá bekk einum.
Bægði sára sigða
Selkolla mjök þollum.

Sæll nam sökkva trölly
söngs meistari ströngu
harðr með helgum orðum
hellis grams við mellu.
Varð aldregi virðum,
viðfrægt er þat, síðan
mein at mörnar sjónum.
Móð létti svá þjóðar.

Ráð- söng messu meiðum,
mítru gramr at Hamri,

-viss, ok vígði krossa
vel fimm, Kjalars rimmu.
Settu sólar drottins
seims verkendur merki
eitt, þar er áma knátti
alklökk í jörð sökkva.

En fjóra lét færa,
furðu jafn til Hafnar
skreytir hólms í heitum,
hyrfoss þegar krossa.
Dálkr fekk, dróttir klökkvar,
dádlistanda, misstu,
skyn fyrir blíðar bænrir
böls græðarar, mæði.

Fóru frægir árar
fleinþeys á byrhreini,
Sveit hafði þar sóta
svanbekks hlaðit ekki.
Kemr á heiðar humra
hest ópokkuð flestum,
þat var hrossknúta heitin,
hræseiðs frömum meiðum.

Bátr seig, borð var lítit.
Brast súgr um lið drjúgan.
Salt þó húfi héltum.
Hrönn fell í kné mönnum,
áðr hreytendur hétu,
húm lá svalt í rúnum,
at Guðmundur grandir,
góins stéttar, þeim létti.

Borð flutu, byrr kom Njörðum
blíðr Sköfnunga hríðar,
sjór lék stafn ok stýri,
stirð inn at Miðfirði.
Þar lét kastat knútu
kát ferð á höfn verða.
Hafa sönviðir séna
Selkollu þá Heljar.

Barðs hefir aldri orðit
anгр at hálu gangi
síðan Svölnis beðju
sárt eyðöndum reyðar.
Svá nam hilding himna
hvatr þjónandi ljónum,

Lýðr fekk miskunn mikla
margr, fagrliga bjarga.

Eigi verðr í orðum,
öld sannar þat, manna
tínt þat er happa henti,

heiðrs vinnanda svinnan,
því at verk, sem drótt dýrkar,
dádvaldanda, aldar,
rétt ok rausnir vátta,
ranns, ferr hvert á annat.

44. Frá einum smalamanni ok krossinum byskups.

Smalamaðr var einn trúlítill ok óskynsamr. Hann hljóp til fjár um morgna, svo at hann signdi sik varla, ok fyrirlét kirkjuna. Hann var á þeim bæ, er herra Guðmundr vígði krossana ok grösin vaxa. Nú gengr svo til einn morgin, sem hann hefir heim rekit fé ok er mæddr af hlaupi, at hann fleygir sér niðr at læk ok drekr þegar ósigndr sem eitt kvikvendi. En eftir þann drykk setr honum upp stór óp, sem gellr í, segir þar með, at sá óvinrinn, er hann gleypti af læknum, rífr ok ruggar öll hans iðr. Nú er runnit sem hvatast eftir at taka gras þat, er herra Guðmundr vígði, af kirkjunni, ok eigi seinna en þat kemr í hans kvið, fær hann svo harðan krepning, at með fossfalli skýst fram af hans munni þat eitrfulla lyf, er hann svalg, mjótt ok svart með snörpum tindum, svo fljótt ok frátt, at þegar tók á rás aftr í lækinn. Liggr maðrinn sem í dái svo langan tíma, sem vonligt var, at grasit móaðist með honum eftir náttúru. Eftir þat liðit æpir hann í sinn annat með ógurligum tannagníst ok svo föllnum orðum: „Nú er óvinrinn aftr kominn at drepa mik,“ – ok litlu síðar deyr hann.

Var hér sýndr verðleikr herra Guðmundar á þann hátt, sem virðuligs vinar hans Ambrosii, þá er óðr maðr var leiddr í veg at græðast af honum. Fyrirlét óvinrinn á miðri götu sitt herbergi, en tók þat aftr í sama stað til sín, sem maðrinn fór ór augliti Ambrosii. Birtist fyrir þetta, at tign heilagra manna má eigi draga syndugan mann undan leyndum ok endaligum guðs dómi, þótt þeirra kærleikr birtist í fyrra stað fyrir augum heilagrar kristni.

Þat er segjanda af þeim stóra krossi, er við lækinn stendr, at um langan tíma var þangat eigi minni sókn en til þeirrar kirkju, er herra páfans vald hefir til syndalausnar, því at þetta signaða mark flaut í jartegnum, sem herra Guðmundr sagði fyrir, þá er krossinn var niðr settr. Fyrir honum brunnu log sem í húsi, þótt hagl ok hreggviðri væri úti. Svo var hann klofinn, tegldr ok skoraðr af pílagrínum sínum, at um síðir var nálíga brottu bæði hendr ok höfuð, því at einn ok annarr vildi bera spón með sér til heilsubótar mönnum ok fænaði.

Ok sem krossinn er svo fallinn, berr svo til í nálægu héraði, at einn sjá maðr sviptist þeirri hamingju, sem honum hafði lengi veitst. Hann var klókr skyti ok inn mesti veiðimaðr til allra sjáfanga. Hafði hann með þeim listum jafnlíga flutt allt sitt fólk. Þessi öll framferð fyrirlætr hann nú, vefst honum allt ok veltr í öreign. Hann snýr sér nú til áheita við guð ok heilaga menn, ok stendr it sama, þar til at hann treystir nefniliga á Guðmund Hólabyskup.

Ok litlu síðar birtist honum í svefni sá guðs maðr ok talar svo: „Þat skal vera skilorð með okkr, at ek skal þiggja fyrir þína hönd fengsemi þá alla, er þú hafðir forðum, en þú skalt semja kross minn, því at þú er hagr vel. Seg þat ok sóknarmönnum, at ek vil eigi láta lýta krossinn, síðan þú skilr við.“

Þetta gekk sömu leið. Hann samdi kross, ok var saminn til fáfanga frammar en fyrr. Var ok sá inn heilagi kross minnr skoraðr en áðr, þótt hann sé nokkut snortinn jafnan fyrir elsku sakir.

Stendr hann enn í sama stað með sínum blóma, veitanda vorum herra Jesú Kristó, er lifir blessaðr í veraldir. Amen.

45. Þórir varð erkibyskup í Niðarósi.

Fyrr í sögunni var sagt höfðingjaskipti í Niðarósi, at Eiríkr féll frá, en herra Þórir kom til. Segja sumar bækr, at Eiríkr gæfi lifandi upp erkibyskupsdóminn fyrir þat tilfelli, er hann varð sjónlauss. Þórir var þenna tíma kórsbróðir austr í Vík. Byðr erkibyskup honum á sinn fund ok leynir erindum, þar til þeir finnast. En síðan birtir hann sinn vilja, at síra Þórir kjósist af kórsbræðrum til erkibyskups með samþykki Hákonar konungs. Gengr svo fram, at herra Þórir ferr ór landi ok þiggr *pallium* af fyrnefndum Innocentio páfa *tertio* ok kemr heim ári síðar.

Herra Þórir var ríkr maðr, vitr ok vinsæll. Hann heyrir af Íslandsföllum, hversu sáran sjúkdóm heilög kristni þolir á Íslandi, einkanliga norðanlands. Höfuð hennar, sjálfr byskupinn, er keyrðr í útlegð, en brúðr hans, heilög Hólakirkja með sínum réttarbótum, liggr sem herfengin ambátt í tárlegum trega undir bannsettra manna drottinn, svívirð ok saurguð utan ok innan með þeirra meinligri nákvæmd, svo at hún fær eigi augum upp litit til gleði fyrir því brigzli ok háðung, sem henni veitist á nátt ok dag. Prestar hennar ok klerkar eru slegnir af sem sauðir ok aðrir hennar synir svo nær henni drepnir, at þeirra dreyri stökkr á hennar möttul, ok eigi því síðr þolir hún ógræddum angri allar sínar meingerðir.

Héðan hugleiðir erkibyskup sem góðr hirðir, hversu þesskyndis föttroð ok fyrirlitning heilagra guðs laga var almúgnum opit efni tjóns ok tapanar, síðan sá fannst varla, at gæfi leyndar áminningar guðs vegar, en sá með öllu engi, er legði opinbert á við með hirting laganna, ok þótt hann sjái ofsóknar grein verða útlægum byskupinn til krúnu, skilr hann, at flestum verðr til bótlausrar pínu. Nú þótt hann sjái brotin svo stór, at vert sé sterkrar pínu, vill hann fyrri prófa sakir guðhræðslu, ef hann fær linat sem friðsamr læknir svo þrjózkufullum þrota vondra manna. Því skrifar hann bréf til Arnórs ok Sigurðar með hógværru ávítan ok föðurligum áminningum, at þeir lægi sinn ofmetnað ok mýkist til friðar við heilaga Hólakirkju ok hennar formann, herra Guðmundr byskup, bæti svo yfir afbrotin, at þeir styrki kristindóminn ok veri hans rétt fyrir ranglátum, ok verði svo makligir at kallast ok vera kirkjunnar synir.

Þessur erkibyskups bréf koma til Íslands á því sumri, sem herra Guðmundr ferr yfir Vestfjörðu ok vinnr yfir óvin, sem fyrr er skrifat. Gera þeir Arnórr ok Sigurðr svo mikinn rétt erkibyskups ok hans heilræðum, at herra Guðmundr byskup var í útlegð vetr annan sem fátækr maðr. Sat hann þá í Steingrímsfirði með vinum sínum, því at eigi þurfti frið at nefna, ef hann fór í sjálfs síns byskupsdæmi.

Þenna vetr andaðist Páll byskup í Skálaholti. Verðr þá fyrnefndr Magnús Gizurarson næstr byskup Skálholtsensis.

46. Kómu úr bréfi erkibyskups.

Liðnum tveim vetrum útlegðar herra Guðmundar tendrast upp nokkurir menn góðfúsir beggja byskupsdæma at leita til, ef friðr mætti formerast millum hans ok mótgangsmanna. Kemr svo með góðra manna tillögum ok bænarorðum, at fundr er laginn með herra byskupi ok Arnóri. Verðr þat bezta boð Arnórs til friðar á þeim fundi við byskup, at Guðmundr byskup skal fá orlof at sækja undir hans handlegg heim til Hóla ok stjórna kirkju sinni ok klerkum, en Arnórr vill hafa ræði öll nú sem fyrrum yfir gózi ok

mönnum. En því, at vinum byskups sýndist þetta boð hvorki glaðvært né góðrar trúar, kann byskup því eigi játta ok sakir þess at æðra frelsi kirkjunnar var forlīga nítt, skilja þeir svo fundinn, at eigi stóð betr en fyrr.

Reið herra Guðmundr byskup vestan, er á leið sumarit, allt it efra fjallveg með tíunda mann, kom ofan í Eyjafjörð ok um síðir á þann búgarð, er sitr formaðr héraðsins, er Hallr hét. Hann hafði forðum samnetjast Sigurði í vanvirðu klaustrsins ok prestsins höfuðmund, sem fyrr var ritat, en er nú í góðri vináttu byskupsins með herra byskupi, ok því gengr hann í mót honum vel ok býðr honum með sér.

Herra byskup hefir í ráði at fara í sýslu sína, en þegar Arnórr fregn þat, dregr hann lið saman ok ætlar í mót byskupi, ef byrjar yfirferð. En er Hallr spyr þetta, dregr hann lið saman í annan stað ok hugsar at veita byskupi. Finnast þeir með fylktu liði, en skilja svo með góðra manna tilstilli, at menn eru óskaddir, en einn veg ok áðr missáttir.

Hallr var drepinn næsta vetr eftir. Var þat kennt köldum ráðum Sighvats Sturlusonar. Hafði hann tvær sakir, þá aðra, at hann var formaðr í Eyjafirði, því at Sighvatr vildi hans rúm, en þá aðra, at hann fylgdi Guðmundi byskupi, ok þann arf vildi Sighvatr eigi taka eftir Hall með formannsskapnum. Bjó hann síðan í Eyjafirði.

Ferr herra Guðmundr byskup norðr á héruð um sumarit ok dvelst þar lengi, lætr messur flytja í tjöldum, en því eigi í kirkjum, at móðurhúsit, heilög Hólakirkja, var enn í sút og saurgan.

Þetta sama sumar koma út önnur bréf herra Þóris erkibyskups, bæði til herra Guðmundar byskups skrifuð ok þeirra, er svívirðu kirkjuna. Skrifum til herra byskups hefir þann skilning endaligan, at hann kallast á fund erkibyskups at svara fyrir kirkjuna jafnfram sínum mótstöðumönnum, er stefndir vóru, til lögligrar umbótar, at friðr mætti formerast kirkjunni ok klerkunum til stöðugra náða. Stefnubríf þeirra kumpána annan veg hefir upp brotit þvílíkan skilning:

47. Bréf erkibyskups til höfðingja.

Þórir með guðs miskunn erkibyskup í Niðarósi sendir Arnóri Tumasyni, Sigurði Ormssyni, Þorvaldi Gizurarsyni, Snorra Sturlusyni ok öðrum þeim, sem formenn eru kirkjunnar meingerða norðanlands, þá kveðju at hneigja frá illu ok gera gott. Sú hörmungar framferð, er af yðr flyzt fyrir sannorða menn, angrar hjarta vort ok áeggjar, at vér hefim með hryggðarorðum heilræði vor til yðvar, því at svo sem postulinn lærir at hafa glaum með góðum mönnum, svo erum vér skyldugir af hirðiligri sampíning at sýta með sýtöndum. En sakir þess at frægðin flytr oss eigi fagnaðarefni eyrum vorum, þat er yðr heyrir til, grætr mæð ok móðir almennilig kristni ok vér með móður vorri af þeirri grimmd ok ágang, er þér gerið henni ok hennar formönnum með berri óhlýðni við æðsta hirði, er svo talaði til postulanna ok þeirra lögligra hleytismanna: „Hverr er yðr heyrir, heyrir mik, ok hverr yðr hafnar, hafnar mik.“ Þessi vors drottins orð, postulum gefin í fyrstu, líða fram til vor, er skipumst, þótt óverðugir, fyrir erfð ok hjörð almáttigs guðs, því at vér segjumst þeirra synir, sem prófetinn vottar, ef vér veitum guðs kristni þá kenning, er þeir seldu oss, ok tókum líka umbun sem þeir tóku, ef vér líkjumst þeim í ástundan ok einurð guðspjalligra boðorða. En ef vér föllum í letisvefn leigumannsins með hirðuleysu hjarðarinnar, töpum vér hirðis nafni ok kynferði postulanna, þar með oss sjálfa ok sálir vorra undirmanna, er vér ættim at lífga með allri kunnustu, því at þenna ávinning krefr hæsti konungr framar öllum fjárlut af vorri ármennig. Því stæði yðr vel at virða, hversu vér skyldumst af stríðu laganna at boða glæpi

vorra undirmanna, því at ef vér vanrækjum þeirra líf, er þat vorr dauði. Nú þótt vér hnöggvim ok gangim verr en vera skyldi, er í mót öllum setningum ok sjálfum náttúrulegum, at limr af dæmi höfuðit sinni sæmd, hvat undrandi dirfðar vér heyrum með yðr gerast, at þér hafið dæmt til útleðar föður yðvarn, en elskuligan bróður vorn, herra Guðmund Hólabyskup. En hversu yðvart rasanda fors er lögunum fjarlæggt, lýsist í þeim orðum, at yfir byskupinn er einskis manns dómr á jarðríki utan herra páfans ok vorr af hans hálfu. Hér fyrir væri yðr hugleiðanda, þó síðla sé, í hversu hátt forað ok greypiligan glæp þér hafið steypt yðrum sálum fyrir byskupsins útleðardóm, presta dráp ok klerka ok fleiri annarra undir kirkjunnar vernd. Fyrir þessar óhæfur ok aðrar hér ógreindar at sinni, er þér hafið í fallit í svo fordæmlega guðs reiði, at yðr má engi leysa eða upp reisa utan herra páfann. Vér höfum prófat at lina þessi mein með áminningarorðum ok verpzt í vind, því at vandræði vaxa, ok gróðsamlig orð geta með yðr ekki frjó. Skiljum vér, at þat leiðir af langri ólýzku ok ofbeldisfullum illvilja yðvars landsskapar. Nú sakir þess at vér höfum leitast, hver upprás gangi rikast svo vondra vesalda fleiri en framlútr yðvarr illvili mót kirkjunni, flyzt oss þar af nokkut ýmisligt. Sjám vér eigi annat líkara kristni guðs til náða en allr yðvarr áskilnaðr af hvoratveggju hálfu komi fyrir oss. Því bjóðum vér yðr öllum fyrrnefndum af því guðs valdi, sem vér höldum, syndum yðrum til lausnar, kirkjunni til frelsis ok öllum landslýð til eiginligr friðar, at þér komið á vorn fund forfallalaust sem fyrst megið þér, síðan skip ganga. Ok sakir þess at vér höfum kallast byskupinn eigi síðr, bjóðum vér þér, Arnórr, undir banns viðrlögu, at þú veitir byskupinum liðugan gang til stóls síns, þar með allan kost á kirkjunnar náð. Svo viljum vér ok bjóðum undir sömu stríðu, at hann ok hans föruneyti hafi svo sæmiligan kost af kirkjunni fram ok aftr með hennar erindi, at hann megi vel fara, hvar sem hann vill vera. Nú ef þér þverizt enn móti þessum vorum veg, skulum vér hug á leggja sem skyldan býðr at koma mót yðr. Skipizt þér ok vel við, skyldumst vér ok því frammar at gera yðrum málageinum hvat gott, er vér megum, því at máttigr er guð at reisa sonu Abrahams upp af steinum.“

48. Guðmundr fór á fund erkibyskups.

Seyrðum boðskap erkibyskups linast Arnórr svo mikit, at nú verr hann eigi vopnum byskupsstólinn. Náir nú byskupinn herra Guðmundr at sitja um vetrinn í því líkum friði sem verða mátti. Var þá heilög Hólakirkja hreinsuð ok þeir menn leystir, er sættast vildu ok byskupinn sá sig vald yfir hafa.

Á næsta sumar býst hann til siglingar ok sitr til sex vikur eða sjau, verðr tysvar aftrreka ok um síðir borinn sjúkr af skipi. Kemr hann til Hóla heim nær vetrnóttum ok sitr þá heima í góðum náðum, því at Arnórr Tumason kom eftir boði erkibyskups á því sama sumri til Nóregs, er Guðmundr var aftrreka. Eigi greina bækr, at fleiri nefndarmenn hafi siglt en Arnórr ok Þorvaldr Gizurason. Kómu þeir báðir fyrri til erkibyskups en herra Guðmundr. Var því hans greinum ok framferðum heldr vikit afvegar. Má þat ok vel skilja, hvern hlut Kygri-Björn, er fyrr var nefndr, mundi þar í eiga, því at hann var alla götu vin byskupsins óvina, fyrst Kolbeins Tumasonar, en síðan Sighvats Sturlusonar. Er þat vísvitast, at Kygri-Björn fór til Nóregs nær þessum tíma ok þaðan út til Róms eigi miklu fyrir þingit í Latran, er hélt herra Innocentius *tercius*, sem greint var í hans kapitulo. Nú með flutning ok fortölum því líkra, er svo vóru hallir í sínu fylgi, leiðist erkibyskupinn, kórsbræðr ok þeirra klerkar oflangt á þann veg at heyra áleitni ok umlestr svo til herra Guðmundar, at nálíga sýndist hans málavöxtr fyrir drifinn á garðinum, því at flestar hans gerðir vóru afþýddar ok hneigðar til vinstri handar, ölmusur hans til auðnar, vígslur til ofdirfðar, einurð til ákefðar ok ófriðar. Því trúist, at eigi sé getit Arnórs ok Þorvalds til andsvara, sem herra Guðmundr byskup kom fram á erkibyskups garð ári síðar, at þeir þættist unnit hafa fort yfir öll þau mál, at eigi um aldr mundi herra

Guðmundr viðréttu fá, þótt hann flytti sik án mótkast. En þar í mót fann herra Jesús Kristus eitt ráð, at herra Guðmundr heyrðist ok heyrðr tignaðist sem síðar greinir.

Herra Guðmundi byskupi byrjaði farsælt næsta sumar ok kom til Niðaróss á fund erkibyskupsins. Finnir hann brátt, at hans mál hefir flutt verit á garðinum, því at erkibyskup var mjök óbliðr, svo at málaefnum herra Guðmundar nefndist engi dagr at sinni. Sezt hann í bæ með klerkum sínum ok gerir lítit um sik, því at hann heldr þeirri lund, sem fyrr er skrifat, at hann er eigi mjög tillátssamr, ef honum er herðamunr boðinn. En svo bar til af rót vandra manna, at klerkar á garðinum setja byskupi kalls nokkurn. Ferr svo með þeim, at klerkar hafa kinnroða, en herra byskup sæmd með skilríki sinna greina, hvar af hér stendr skrifaðr einn *eventus*, þótt menn hafi utan bækr fleiri frásagnir.

Klerkar byrja svo orðræðu til byskupsins: „Er þat satt, herra Guðmundr, at þú orlofar tvímælt kjöt á föstudaga í byskupsdæmi þínu?“

„Þat neita ek þverliga,“ segir hann.

Klerkar tala: „Hversu skipar þú, ef burðartíð vors herra stendr á föstudag?“

„Þér talið ófróðliga,“ segir herra byskup, „því at yðvart mál stendr allt ómöguligt.“

„Hvat fyrir?“ segja þeir.

„Þar fyrir,“ segir hann, „at burðartíð vors herra gengr skipaða rás ok stendr oftsinnis á setta dag viku, en aldri á föstudag.“

Klerkar tala: „Hvat gerir þú þá af föstunni, er þú ferr svo með?“

Herra byskup svarar: „Hversu farið þér með myrkr þá er skært ljós kemr inn?“

Klerkum verðr þá orðfall.

Herra byskup segir þá: „Hvort vilið þér sanna, at vor herra væri fæddr á drottinsdag eða föstudag?“

Þeir segjast þat hyggja, at hann væri fæddr á drottinsdag.

„Nú þá,“ segir herra Guðmundr, „hvort kallið þér burðartíðina föstudag eða drottinsdag, þíslardag eða gleðidag?“

Þeir játtu því, at hann má sannliga heita gleði dagr ok fagnaðar.

Herra byskup svarar: „Þá sýnist oss allt einn veg, því at svo sem myrkr flýr fyrir ljósi, svo flýr fasta fyrir dýrðarfullri hátíð vors herra, Jesú Kristi.“

Skildu þeir svo talit, at klerkar vóru seinni at andstefna með byskup, því at þeir skildu hann eigi vanbúinn við andsvörum.

Svo segist, sem út dregr móti jólunum um vetrinn ok nálægist burðartíð guðs vinar, Þorláks byskups Skálholtensis, gengr herra Guðmundr til herra erkibyskups ok spyr, ef hann vill orlofa, at hann syngi sælum Þorláki eftir íslenzkum vana.

En erkibyskup svarar heldr snart: „Þat lofast eigi, at þér brjótið lög á oss hér í Nóregi, hversu sem þér gerið, herra, á Íslandi.“

Herra Guðmundr svarar: „Eigi skal þess þá lengi biðja.“

Skilja þeir þá talit.

Snemma morgins Þorláksmessu gerir herra erkibyskup tvo klerka til þeirrar kirkju, er herra Guðmundr syngir í, at prófa, hvat hann hefst at. En er þeir koma aftr farandi, spyr herra erkibyskup, hversu Guðmundr byskup heldr boðskapinn.

Þeir svöruðu: „Þar á yfir að standa yðvarr dómr, tíðagerð er þar harla sæmilig með þeirri skipan, sem hæfir hátíð allra heilagra.“

Herra erkibyskup svarar: „Vel má svo vera, því at eigi er hægt at lýta svo gert. Mun þat herra Guðmundr ætla, at Þorlákr skuli fá sinn hlut óskerðan í tíðagerð þessi. Er þat eigi hvers manns, at finna þvilíkan útveg. Má þat ok eigi mjök undra, þótt hann verði þeim roskinn í leik, er á Íslandi eru. Vant er mann at lofa, meðan lifir, en þat er mín hugsan, at bæði Guðmundr þessi hafi fá menn sér líka yfir mold, bæði til höfðingsskapar ok mannkosta.“

49. Guðmundr læknaði nöðrueitrun.

Svo bar til um vorit, at vinnumenn á erkibyskups garði fara í mörk at fella við, en hiti mikill með erfiði. Verðr þeim heitt ok beiðir hvíldar, setjast niðr ok snerpa öxar sínar. Lítr þá einn þeirra, at lyngormr hrökkvist á grasinu upp á stofninn hjá honum. Hann slæmir til öxinni ok sníðr orminn miðjan, brýnir síðan sem áðr ok gleymir, hvat hann hafði gert, ok sakir þess at vatn er fjarri, snerpir hann eggvöllinn, sem vera kann, með tungu sinni, ok án dvöl hleypr eitri í tunguna ok þar næst í andlitit með svo óbæriligum blástr, at tungan, stirð sem stokkr, slær sér út ór munninum, augun umsnúin ok frá mannligri mynd, verðr nú ferligasta ólíkan. Svo flytja lagsmenn hann heim í Kristskirkju ok leggja niðr á einn kögur fyrir þann kross vors herra, er Hjálpin kallast.

Er þá sagt herra erkibyskupi, hvat gerzt hefir. Gengr hann til með bæn sinni, stundar langri, ok er allt sem áðr. Þá er gengit til herra Guðmundar byskups með bæn, at hann muni vitja ins sjúka.

Hann svarar: „Hvat muna ek sálugr þar í vinna, er svo dýrðligr maðr, erkibyskupinn, gekk í frá?“

Þó, at margra bæn, ferr hann of síðir. Stendr herra erkibyskup þar í hjá ok vill sjá upp á, hvat þessi guðs maðr tekr ráða. Í fyrstu, sem hann til kemr, lyftir hann upp þá létta hulning, sem lagin var yfir þá aumu ásján. En er hann sér, hversu guðs skepna er afmynduð sinni náttúru, andvarpar hann með ást við náunginn. En eftir bæn gerva, spýtir hann sálifu í vinstra lófa ok rýðr með henni hring allt umbergis eitrblástrinn, en í hringum innan gerir hann kross. Eftir þat dregr hann tungu sína þar alls staðar yfir, sem blástrinn var ákafastr undir. Þar með less hann bænir sínar, blessar síðan inn sjúka ok gengr í frá. Hvat lengra en þessi maðr varð alheill

innan þriggja náttu. Flagnaði öll ásjánan, ok hjart ok hreint hörund var undir með fullum bata í alla staði. Vann þetta ráð herra Jesú Kristi, at herra erkibyskup blíðkaðist við herra Guðmund ok vildi heyra þat, er hans málagreinum tilheyrir ok honum var til frama.

50. Viðtal erkibyskups ok Guðmundar.

Sem sá dagr kemr, er herra erkibyskup vill skoða málavöxtu Guðmundar byskups, lætr hann kalla herra Guðmund til tals við sik ok byrjar svo ræðu með þvílíku efni: „Vér höfum veitt yðr, herra Guðmundr, litla blíðu hér til, eigi sakir illvilja, heldr fyrir þat, at oss hafa fluttar verit af yðr þær framferðir, at oss sýnast mót vera skrifuðum lögum feðranna, en nú er svo vikinn vorr hugr, at vér viljum gjarna þeim greinum hlýða, er yðvarri sæmd megi til léttis vera. Ok nú fyrir hverjar skynsemdir þér hafið gert, viljum vér, at þér sýnið oss. Í fyrstu leitum vér, hví þér vígið fleirum vígslum í senn en skipat er eða kirkjunnar vani sé til.“

Herra Guðmundr svarar: „Herra minn, gjarna skal ek svara yðrum spurningum, sem guðs miskunn tjær mér framast at skilja, en þat þykkist ek sét hafa í ritningum, at þröngvandi nauðsyn verðr lögum ríkari. Mér þótti nauðsyn ínog, at prestar vígðist fljótara sakir þess, at kristnin var þurfandi kennimanna, ef nokkur guðs þjónusta skyldi flytjast norðanlands, sakir þeirra ónáða, sem þar hafa um tíma yfir staðit. Sumir prestar mínir ok klerkar voru svívirðir ok ónáðaðir, aðrir drepnir ok útlægðir. Nokkurir prestar ok kennimenn stóðu í óvinaflokki með opinberum vopnum mér at móti, sungu messur í banni mínu, samneyttu bannsettum mönnum ok veittu þeim allar nauðsynjar ok þjónustu, þótt ek fyrirbyða. Þorða ek eigi, at þvílíkir fórnfærði í guðs musteri. Læt ek þó marga hluti þá um líða í vorum framferðum, sem stórir megu sýnast ok þeim samir lítt at gera. Nú fyrir þessa grein lagða ek mitt mál upp á guðs náð, hverja vorkynnd hann dæmdi mér til slíkra verka, ok því vígða ek fljótara en ek vissa kirkjunnar lög til standa. Sýnist mér þat ok heldr með en mót í minni gerð, er ritningin segir: *qui vivit in æternum, creavit omnia simul*. Þvílíkar greinir hefi ek fyrir mér af þessu efni móti mínum óvinum. Hygg ek ok þat, at þeir eiga enga sök á mér of þetta ok eigi sé þeirra valds at ónýta vígslur mínar eða dæma mik ok mína klerka sem ólærða menn ok illvirkja.“

Herra erkibyskup svarar: „Þótt svo væri, at þér hefðið eigi lögliga fram farit, var þat berliga rangt, at þér eða yðar gerðir dæmdist af yðrum undirmönnum. Gagnast oss ok vel hér um yðvarr framburðr. En nú er at tala um aðra grein, er segist, at þér séð mjök vígslugjarnir at krisma vötn eða fleiri skepnur ok kalla þat síðan helga dóma.“

Herra Guðmundr svarar: „Svo mun yðr sýnast, at þat sé eigi greinarlaust, at ek vígi vatn, en þó meira greinarmál, at ek leggi þeim helganarnafn, því at yðvarri vizku er vel kunnigt, at sá helgaði þau í sinni hérvist, sem brunnr er allrar helganar, þá er hann steig niðr í Jórdan ok heilagr andi í dúfu ásján krismaði vatnit sinni nákvæmd. Spretta upp af þessu vatni æ síðan margar æðar ok ýmisligar rásir í gegnum jörðina, heilagri kirkju til nytsemdar andar ok líkama. Ok hvat er þá annat sannara en allar keldur eru Jórdanar vatn? – því at þær fyllast allar af einni upprás með guðs forsjá. Ok í aðra grein, þótt vorr herra hafi svo skipat sem hæfði, at eigi skal skírn veitast sama manni meir en um sinn í heilagri kirkju, veitir mildr drottinn andliga skírn fólki sínu með synda afþvott í sama vatni Jórdanar, þá er þat rennr um æðar líkamans at hjartanu ok þaðan út af augunum með svo mikilli fljótvirkt ok heilagleik, at sá, er í morgin var grimmr guðs óvin, hann er í kveld inn kærasti guðs ástvin. Í þriðja stað er merkjanda, hversu forkunnliga elsku lausnarinn lagði á þessa skepnu, þá er hann valdi hana til upphaf sinna jartegna *in Kana Galilee*. Nú sakir þess, minn sæti herra, at ek fann í bókunum skrifat þess kyns embætti ok þar með vissi ek efalaust, at lögligir menn höfðu framit fyrir mér þetta verk, er brunnvígsla heitir, treysti ek þar með miskunn guðs með ritningunni: *non ad*

mensuram dat reus spiritum. Hér með virðist tign almáttigs guðs at herða minn hug til þeirrar þjónustu, því at heilum mönnum varð í kærleik, en krönkum heilsubót.“

Herra erkibyskup talar þá: „Harðla vænar greinir gefir guð fyrir yðvarn munn. En nú næst er þar til víkjanda, er flyzt, at þér hafið ok yðvarr kennidómr þar jafnan nálægr verit, er orrustur heyjast með berum fólkvopnum, því at enginn tekr þurr í tjörn.“

Herra Guðmundr svarar: „Nú þykkist ek skilja herra, hversu flutningr hefir farit, efni ok ásýn míns lýtis hafa tját verit, en vorkynnd með skynsemdum hefir niðri legit. Nær var ek hjá orrustum nema nauðigr, svo til dæmis sem herfenginn maðr ok fjötraðr? Ek leitaði at flýja ok firrast eigi seinna brott af mínu byskupsdæmi en aðra vegu undan stríði ok baráttu, en þar er mér ok mínu fólki vóru forsátir veittar svo sterkar, at eigi skyldi vegrinn rýmast án orrustu, varð ek þar at vera, þótt mér þætti illt bæði fyrir mik ok aðra. Mímir menn saklausir skyldu falla óhelgir ok urðgræfir sem þeir, er sækjast til fullra sekta fyrir fordæðuskap undir landslögum, en þeir, er lífinu héldu, höfðu enga hvíld eða hjálp nema fylgja mér, því at eigi seinna en ek viki þeim brott var úti þeirra blóð. Einn var vegr, at ek hefða mátt forðast um stundar sakir orrustur minna óvina, þegja ok þola glæpi þeirra með fors ok föttroð kirkjunnar laga, at svo væri sótt ok særðr lærðr sem ólærðr, ok var þó mjök óvíst, hvert friðkaup veitit hefði, síðan óeinurð var útlagin, því at þessa heims líf er allt ófrjálst ok stendr æ því ánauðgara sem valdsmaðr er verri, því at þeir með lastauðugu eftirdæmi ok illu foraði gera sárastan kinnroða heilagri kristni. En þar, minn herra, er þér nefnduð tjörn þykkist ek skilja, at þér merkið fyrir hennar nafn samneyti þat, er ek veitti þeim, er stóðu í manndrápum, svara ek svo til, at ek vil vænta, at sú tjörn verði oss til hreinsanar heldr en saurganar, því at ek hefi yðr sannliga flutt, hverjum hætti ok fyrir hverja sök manndrápin urðu, því at atvik ok ástundan dæmir alla hluti, sem ritat er: *quicquid agant homines intentio judicat omnes.*“

Herra erkibyskup talar: „Góða trú berum vér til yðvarrar undirstöðu. Kunnið þér ok þat vel styðja með skilríkum orðum. En nú stendr eftir ein grein óleyt, er segist, at þér dragið fjölmenni eftir yðr ok margt óvandat, hvort er þér sitið kyrr eða farið. Kalla menn þetta hófleysu í fátækum landskap ok þröngu byskupsdæmi.“

Herra Guðmundr svarar: „Hér er sú sök, er ek mun eigi hart verja, því at hún er sönn, en þó þykkir mér eigi víst, hvort þeir fóru syndlaust, er yðr sögðu, því at atvikin munu enn þessu ráða. Þá er ek sit heima at Hólum, koma nokkurir at minni orðsending, en þeir miklu fleiri, er ek kalla eigi. Síðan sitr hverr sem líkar, því at ek rak engan brott, enda það ek fá vera. Varð fyrir þessa grein kostnaðarsamt, því at fleirum þótti betri dvöl en brottför. Ek senda mína menn í héruð at heimta tolla ok tíundir ok annat vitafé staðarins, ok ef þeir fóru nokkut óspakliga án mínu boði, var þat æ ok æ mér eignat, at ek héldi ránsmenn ok ribbalda upp á kirkjunnar góz, en ef ek fór í sýslu mína, safnaðist at mér fjöldi fólks ok enn meir fátækt, en þó senda ek engum orð, en þat er satt, at mér þótti æ því betr, er fleirum guðs ölmusum leiddi hjálp af minni ferð, því at mér sýnist þat heyra mínum stétt at vera þeim, er þurftu, því líkr sem þeir væntu, því at sjaldnar verðr sá heimsótt, er fám gerir gott. Nú hefi ek sagt yðr sannan veg, hversu ek hefi gert, en hver ástundan fylgt hefir verkinu, er guði kunnigt. Byð ek mik nú sem fyrr allan á guðs vald. Hefi ek oftsinnis boðit mín málaferli á dóm heilagarar Niðarósskirkju. Þat sama geri ek enn í dag, því at yðvarn dóm þoli ek gjarna, sakir þess at þat er skipan míns lávarðar, herra Jesú Kristi ok virðuligs herra páfans.“

Herra erkibyskup svarar: „Vér höfum heyrt um hríð, bróðir, hversu þú hefir öndverðr staðit í guðs orrustu móti kirkjunnar óvinum. Því munum vér tala til yðvar viðrligum orðum, sem Klemens páfi forðum til heilags Dionisium: Farið í guðs blessan út til Íslands, flytið fram

guðliga kenning ok fylgið kirkjunnar rétt, því at þér eruð vel lærðr at standa í guðs víngarði. Þörf er nóg, en fáir vinnumenn. Gerið sterkliga, viknið eigi fyrir, minnizt jafnan, at eigi krúnast upphafit, heldr endinn, hugsíð offliga, hversu þröngva vegu gengu fyrir feðr vorir, því at æ því fegri gefst *denarius* verkamanninum sem hann erfiðar lengr í víngarðinum. Vatnvígslur yðrar viljum vér því síðr meina eða vanmegna, at vér biðjum yðr ok bjóðum, at þér blessið sem fyrr, því at trúin þróast með þvílíkri miskunn. Skulum vér ok halda þenna skilning, meðan guð þolir oss í þessu sæti, ok því gerum vér yðr í dag með byskupligu valdi frjálsan fyrir utan hvers kyns lýti ok dæmum sannan byskup sæmdum tilheyriligan í nafni vors herra, Jesú Kristi, gefum vér oss ok vora hjörð undir yðrar bænir.“

Eftir svo talat gengr herra erkibyskup brott af stefnunni, ok skilja þeir herra Guðmundr með sannri blíðu, ok stóð svo, meðan þeir lifðu báðir, en þat var eigi lengi, því at herra Þórir andaðist á næsta sumar. Er þá kosinn síra Guttormr, sæmiligr klerkr. Fór hann á páfagarð ok var í Róma, sem þingit stóð í Latran, en herra Guðmundr sitr þann vetr í Nóregi, er Guttormr var utanlands, því at honum sýnist eigi friðligt at leita út til Íslands undir vald óvina sinna. Er hann lengstum í Niðarósi, en syngr at Kristskirkju allar stærstu hátíðir.

Um viðtal þeirra Þóris erkibyskups ok herra Guðmundar byskups kvað Einarr Gilsson sjautján vísur, ok þetta upphaf á:

Frétt hefir öld, at sækir sótti
sóttalausss at vilja dróttins
klerkavalds ok ítrar orku
erkibyskup harðla merkan.
Guðmund, frá ek, at rægði reyndar,
reyndist þat með flærð ok leyndum,
reitinn þjóð við seggja sæti.
Sætt urðu mál fyrða gætis.

Biðja, frá ek, um elda eyði
eyjarbands at sínum vanda
greiði vells at flytja fríðum
fríðs Þorláki helgar tíðir.
„Eigi skal,“ kvað meina mýgir,
„mýgir tála ólög drýgja,“ –
síðu styrkir sjá móðu merkir
markar grands, – „á váru landi.“

Klerka sendir meiðir mundar
mundar grjóts við hlyn til fundar.
Vita skyldi þeir atferð Eldis
elda vers á Þorláksmessu.
Gengu aftr ok sögðu at syngi
söng ágætan bauga slöngvir
öllum helgum stjörnu stillis
stilliliga með fremd ok snilli.

„Get ek, at svá,“ kvað meiðir mæta,
„mætr ætli þat vígslu gætir,
at Þorláki fái sem fullast

fulla dýrð í tíðum skýrða.
Undrumst ei, þótt ljóst á landi
lands höfðingjum fremri standi
mítru runnr við sæmd ok sanni
sanni prýddr, er oss gefst þannig.“

Guðmund spurði hringa hirðir,
hirð gleðjandi Fáfnis beðjum:
„Hví æxlar þú virða vígslur,
vígslu njótr, lögum í móti?“
Græðir svaraði þegna þýðum
þýðr byskupi rétt af prýði:
„Hætti ek gerð á drottins dýrðir
dýrðarsnjalls of breytnei alla.

Prestar veita mér á móti
mótigang ok þrætur strangar.
Syngr enn með byskups banni
bannsett ferð í Jesú ranni.
Þjóðin vígð er lömd af lýðum.
Lýðrinn veit, at mörg eru heitin.
Flýti ek því,“ kvað sættir sveita
sveitum þekkr, „at vígslum rekka.

Gerði allt með einu orði,
orð skýra svá, drottin forðum.
Greindi síðan allvaldr anda
andargifta smíði vandat.
Treysti ek rétt af magni mestu,
mest styrkir þat vella lesti,

himintungla er siklings sómi
sæmiligr, á þessi dæmi.“

Þórir frétti af stillings stýri
stýrilátan hafnar fýris:
„Hvart vígir þú bekki, bauga,
baugs leitöndum marga, veitir?“
Mætr svaraði auðar ýtir
ýta sætti harðla nýtum:
„Eigi er greitt,“ kvað lýta lægir,
„lægir vins, um söngva mína.

Engi fær með sínum söngum
söng heyrandi jarðar dreyra
helgat betr en sólar sætra
sætr stjórnari, hringa gætir.
Forðum veitti drottinn dýrðir
dýrðar hress á skepnu þessi.
Flotnum gerði vín ór vatni.
Vatn blessaði græðir skatna.

Jórdán varð, þá er skjöldung skírði
skíran Jón, er hjálpar ljónum,
blessuð endr ok, geisla grundar,
grandalaus af helgum anda.
Þessi dýrð hefir vötn at vísu
vísa drottins gervöll prísat,
finnast þau, með sigri sönnum,
sönnust orð, til líknar mönnum.

Jafnan, veit ek, en sjór nam sæta
sætum tír, er guð lét skírast,
milli síðan enda allra
allheilaga Jórdán falla.
Trúi ek, enn at vötnin vinni
vinds ráðanda mörgu láði
öllu hjálp, en eigi spilli
auðs tínöndum söngvar mínir.

Sagðar hefik,“ kvað bölva brigðir
brigðlunduðum erki-þundi,
„beini láðs sem vildar vinnu
vins kastala iðnir mínar.
Veitið mér af skýrleik skjótum
skjóta dyggð, ef finnið ljótar
várar gerðir, frelsir fyrða
fyrðum þýðr, en ek skal hlýða.“

Byskup svaraði runni röskum
röskr blíðliga hyrjar víðis:
„Dugnað hljóta grafþvengs Gautar
Gautalands af yðr í þrautum.
Jarðar, trúi ek, at vísir virði,
virðum kunnr, ok leiðar sunnu
þína ást með björtum bænum,
bæn vinnandi miskunn sinni.

Hversu máttu,“ kvað lasta léttir
léttir, „skýrliga undan stýra,
vígslu njótr, þá er sæfa sveitir
sveit þínandi virðar þínir?
Engi tekr ok slétt yfir slöngvir
slungins gulls í tjörn at fullu,
reikna þat svá, at víst ei vökni,
vöku réttlig, tála slökkvir.“

„Várir menn hafa særzt at sönnu,
sönn veittust ok lífspell mönnum.
Börðust þeir fyrir himna hirðis,
hirð léttanda, sönnum rétti.
Lýða spýtu benjar blóði,
blóð synjaði andar þjóðum.
Seggja flóði af hörðum höggum
höggvin ferð í sára döggu.

Treysti ek upp á himna hæstra
hæstráðanda kraft ok náðir,
verði oss ok þollum þessum
þessi laug at hreinsan bauga.
Allir hafa með frægðum fullum
fulldrensiliga mínir gengit
meiðar, oft þó at fyrðar flýði,
flæðar báls at leiki stála.“

Dróttir vissu, at síðan sáttir
sátt náðandi skildust báðir,
víða báru þjóðir þeira,
þeir byskupar, sæmd at meiri.
Dynda mærd gat hjörva hirðir,
herra minn, at forsögn þinni
brögnum innt, en fyrðar fregni
frægð Guðmundar sóma nægða.

51. Frá Guðmundi byskupi í Nóregi.

Svo berr til einn hátíðisdag, sem herra Guðmundr hefir sungit messu ok gengr út af kirkjunni með kórsbræðrunum ok fleirum klerkum, at fjórir fátækir menn koma á móti honum ok biðja ölmuðu með ákafa. Herra byskup segist eigi nú í stað nærhendis hafa til ölmuðgerða. Þeir standa í bæn því fastara ok láta eigi frá hefjast.

Herra byskup kallar þá hljóðliga klerk sinn ok segir svo: „Mér kemr í hug, son minn,“ segir hann, „at vér höfum ínóg at gefa, tak þú kerit, er mér offraðist í messunni.“

Sem klerkr hefir til látit ok herra byskupt við tekit, talar hann svo: „Hvat mun nú? Þér eruð fjórir en einn er hluturinn. Hversu má ek nú þessu skipta?“

Síðan lítr hann til himins ok segir svo: „Drottinn minn, Jesús ok sankta Mária, skiptið þit.“

Eftir þetta varpar hann kerit niðr á marmarann, svo at stökkr í fjóra hluti. Tekr síðan hvern sinn hlut. Vóru kerbrotin jafnþung, síðan vágust, svo at eigi var eitt öðru meira. Var þetta verk stórliga frægt allt til þessa dags.

Enn fylgir hér annarr hlutr dásamligr. Þar í bænum fæddist barn blint báðum augum. Móðirin harmar þat sárliga, ok sem hún heyrir margt ágæti af herra Guðmundi byskupi tekr hún barnit, berr þat til byskups ok leggr í hans möttulsskaut, biðr með tárur, at hann hafi hendr at augum barnsins ok syngi yfir bænir sínar.

Sem herra byskup heyrir bæn konunnar, talar hann: „Máttugr er guð að gleðja þinn harm.“

Síðan lítr hann í barnsins ásjánu, bregðr tungu sinni yfir sjáaldrin, less þar með bænir sínar ok talar til konunnar: „Tak, dóttir, barn þitt ok far í friði.“

Innan þriggja náttu var þetta barn alskyggnt báðum augum. Sagði móðirin síðan mörgum manni með tárur þetta dýrðligsta tákn.

Hér fylgir þriði hlutr: Klerkr einn íslenzkr var samtíða Guðmundi byskupi í Nóregi. Klerkr sjá var sunnlenzkr, af þeim stað, er Viðey heitir. Hann lér herra Guðmundi bækr nokkurar um vetrinn, en um sumarit eftir, sem Íslandsför eru búin, kemr klerkr at finna herra Guðmund.

Guðs maðr segir til hans: „Eruð þér brátt til hafs búnir, klerkr minn?“

Klerkr játar svo vera.

Herra byskup talar: „Þá er tími, at þú takir bækr þínar, ok haf þökk fyrir lánit.“

Klerkr svarar: „Þat vilda ek, at þér launaðið mér bókalánit.“

Herra Guðmundr brosir þá ok segir: Hverja vildir þú umbun hafa, klerkr minn?“

Klerkr svarar: „At þér segið mér, hversu oss kumpánum mun takast Íslandsferðin í sumar.“

Herra byskup svarar: „Hvat mun ek þat vita?“

Klerkr svarar: „Ef þér vilið, vitið þér.“

Herra byskup þagnar þá um stund, en talar síðan: „Hversu mikit góz hefir þú í skipi, djákni minn?“

Klerkr svarar: „Mér þykkir rétt sagt, at bókakista mín sé allr minn ríkdómr.“

Herra byskup talar þá: „Eigi þykkir mér ólíkt, at þér félagar fáid landtöku heldr óbliða í sumar.“

Klerkrinn svarar: „Þegar þykkir mér vel, er menn halda lífi.“

„Þat vil ek víst segja, at þér munuð koma lífs á Ísland í sumar.“

Klerkr svarar: „Guð sjálfr umbuni yðr, hversu þér gleðið mik í dag, því at nú gerðir þú framar en ek það, er þér játtuð mér Ísland, því at þá er víst, at ek fær Viðey at vetri, ok síðan hindrar mik eigi kost.“

Herra byskup svarar: „Þá er vel, djákni minn, ef þér líkar.“

Skilja þeir eftir þat. Ferr klerkr með kumpánum í haf um sumarit. Kom þeir austan at landi vel kátir ok ætla suðr fyrir til þeirrar hafnar, er á Eyrum heitir. Síðan grípr þá svo galinn útsynningr, at þá keyrir upp í boða, þar sem heitir Minþakseyrr, brýtr skip í spón, tapast góz allt, en menn fá lífi haldit, svo at enginn týnist, at því framar sannaðist þat, er guðs maðr sagði. Klerkr, er vér gátum, gengr með ströndinni ok leitar at bókakistu sinni, finnr hann brátt læsta ok óbrotna, en svo sem hann lýkr hana upp, er hún full af sjó ok bækr í hafi spilltrar til ónýtis, utan þær sér greindar, hvítar ok hreinar, sem um hrið vóru undir valdi herra Guðmundar. Ferr klerkr veg sinn með fagnaði ok víðfrægir, hvar er hann kemr, hversu herra Guðmundr byskup prófaðist sannorðr í sínum forsögnum.

52. Frá tíðindum.

Herra Guðmundr erkibyskup kom heim í land eftir ár liðit. Vígði hann litlu síðar herra Magnús Skálholtensem byskup. Stóð herra Guðmundr á aðra hönd erkibyskupi í þeirri vígslugerð. Á því sama ári gekk Innocentius páfi almenniligan veg um dauða dyrr. Hafði hann ríkt átján ár, fjóra mánuðr ok tuttugu daga. Næstr eftir hann var rómverskr byskup Honórius *tertius*.

Herra Guðmundr byskup sat í Nóregi næsta vetr eftir heimkomu Guttorms erkibyskups ok annan til, því at þeim þótti eigi friðligt fréttast utan af Íslandi. Var þá herra Guðmundr hafðr í mikilli virðing ok yfirlæti, bæði af erkibyskupi ok öðru stórmenni í Nóregi.

Herra Magnús byskup fór til Íslands þegar næsta sumar eftir vígslu sína. Þeir vóru bræðr ok Þorvaldr, einn af stefnumönnum, sem fyrr var getit.

Arnórr Tumason fór til Íslands, áðr Þórir erkibyskup andaðist. Sezt hann nú fyrst á búgarð sinn, er Áss heitir í Skagafirði, en lætr Hólakirkju halda þeirri forsjá, sem byskupinn hafði skipat, áðr hann fór í frá. Mjök er Arnóri angrsamt þat, er hann fregn af Guðmundi byskupi, hversu hann fær gott sinni af þessum sem fyrra erkibyskupi. Hugsar hann at fremja hér fyrir óheyriligar hefndir, sem brátt mun heyrast, þótt meir sé grátligt en gleðiligt.

53. Eyjólfur Kársson barg byskupi.

Sem virðuligr herra Guðmundr Hólabyskup hefir setit fjóra vetr í Nóregi, segir hann herra erkibyskupi, at hversu friðvænt sem er, vill hann heim leita til kirkju sinnar ok kristni, en biðr erkibyskupinn, at hann muni leggja ráð á, at friðr mætti formerast, en ófriðr niðr leggjast. Því skrifar hann til Magnúss, nýja byskups, ok er bréf eru ger, tekr herra Guðmundr byskup blítt orlof með blessan af erkibyskupi, stígr á skip með sitt föruneysi, siglir í haf, sem byr gefr. Er þá eigi getit, at honum takist utan greitt ok farsælliga, at hann kemr heim til Hóla. Allir góðir menn fagna hans tilkomu ok einna framast guðs ölmusur, því at sama var hans lítillæti, ástúð ok miskunnsemi til allra dugandi manna. Birti hann með einurð erkibyskups bréf til frelsis kirkjunni, sem honum var boðit, bætti um siðu manna, sem hann mátti fremst, því mörg siðlausu hafði enn öflgast, síðan hann fór í frá. Lærdóminn sér hann, at sækir svo mikit þrot, at eigi dugir svo búit, því at margir höfðu dáit ór í hans frávist, en sumir lyktu svo ferliga sitt líf með löngum óvana ýmislegs vondskeppar, at þeir vóru sem dauðir frá æðsta guðs embætti. Því skipar hann skóla heima at Hólum með vitra manna ráði. Skal þar inn ganga sá, er nema vill. Gáfu ríkir menn góðan kost með sonum sínum, en þeir vóru miklu fleiri, er ekki höfðu nema ölmusur byskupsins. Varð því brátt á staðnum mannmargt ok kostnaðarsamt, því at ölmusugæði herra byskups fór eigi þverrandu.

Hér fyrir ofrazt sú orðfleyting í héraðinu eftir vana, at allt staðarins góz muni upp ganga, ef byskup má lengi ráða, ok síðan umlestr með áleitni klappar at eyrum Arnórs í Ási. Er þar fúsum at fleygja til mótgangs ok meingerðar. Tekr hann þat bæði af sér ok af vináttu Sighvats Sturlusonar, er nú var kominn í höfðingssskap í Eyjafjörð eftir Hall drepinn, sem ráð var til sett. Þykkist ok Arnórr vita ef byskup sezt ok staðfestist í frelsi kirkjunnar, at brátt mun hann eigi þegja yfir löstum þeirra, er kirkjunnar rétt fyrirsmá. Því kýss hann sér þann hlut at verða fyrr at bragði, dregr saman lið með leynd ok ferr á nátt upp til Hóla, umkringir herbergi byskups með herfólk sitt, gengr inn með sinni fylgd í hans *dormitorium* ok tekr hann sjálfan í sinni sæng með svo greypiligri grimmd, sem ferligt er frásagnar, at þeir draga smurðan byskupinn fullkomit nauðgan fram eftir herbergjum. Þat til marks, at hann setr hendr ok fætr, hvar fornám er fyrir. En þeir óvinnarins limir bjóða honum afl æ því meira, svo at liggr við beinbrot ok meiðslin sjálf, áðr þeir færa hann út af húsunum, leggja hann síðan í vagn lítt vandaðan ok aka brott af staðnum á náttarþeli heim í búgarð Arnórs. Sem herra byskup er braut ekinn, gengr Arnórr at skólanum með sína sveit ok heitir þeim banaorð með bruna, sem inni vóru, ef þeir dragast eigi út ok dreifast víðs vegar. Hér með keyrir hann á vonarvöl hvern þann mann af staðnum, er í nokkverri frændsemi eða venzlum var við byskupinn. Leitaði þetta hvortveggja fólk braut af staðnum undan öxi í ýmissa staði, en Arnórr heldr nú einn Hólastað ok allt hans góz.

Herra Guðmundr byskup sitr nú í Ási svo ríkuliga haldinn, at hann er ófjötraðr dag ok nótt í einni lítilli myrkvastofu með einum pilti, ok skal eigi ganga víðara en ákveðit er. Spyrst þetta um allt land innan, hversu hann er spenntr, ok sakir þess at Magnúsi byskupi var boðit af herra erkibyskupi at leggja gott til, ríðr hann sunnan um vorit ok norðr um land. En er Arnórr fregn þat, dregr hann saman frændr ok vini með fjölmenni ok vill eigi vera uppi orpinn fyrir byskupinum, hvat sem í gerist. En er Magnús byskup kemr í Skagafjörð, rýmir Arnórr svo mikit gang byskupsins, at hann skal sjá mega Magnús. Eru þá upp lesin bréf þau, er erkibyskup hefir með berri skipan gert meðal herra Guðmundar ok hans mótstöðumanna. En síðan Arnóri sýnist nokkurt strítt á lagt, fær hann í fylgi ok leiðir með sér vin sinn, Þorvald Gizurarson, bróður Magnúss byskups. Virðist þá Guðmundi byskupi, at Magnús byskup viki eigi minnr eftir bróður sínum en boði erkibyskups, ok því vill hann hvergi af ganga þeirri skipan, sem ger var, hvort þess biðr Magnús byskup eða aðrir menn. Skilja þeir svo, at sátt

verðr engi. Kennir Arnórr þat allt þrálýndi byskups, at hann hvorki vill hlýða erkibyskupi né góðra mann tillögum ok efli svo ófrið með óróa, at menn fái aldri náðir, því skal hann aftr í stofu sína. Ríðr Magnús byskup suðr í sýslu sína. Herra Guðmundr byskup stendr æ því fastara sem hann er meir at búinn með líkamligri pínu ok umlestrum ok bíðr svo þess, er hans fjandmenn vilja at honum færa, því at hann veit skrifat, at hverr, sem vel vill lifa, mun hér ofsóknir þola.

Þess næst kemr sú ráðagerð Arnórs, at svo sem hann hefir tekit sér fari, þat er heitir Hvítá eða Seleyrr syðra byskupsdæmis, ætlar hann at flytja herra Guðmund byskup nauðgan at þola þar þann dóm, sem fremst fær hann sýslat honum til handa með bréfum ok fylgi vina sinna. Ok þann tíma öndvert sumar, sem hann er heiman búinn, tekr hann Guðmund út af stofunni ok lætr setja upp í barir millum tveggja hesta ok svo reka fram í veg til Seleyrar, eigi skemmra en þrjár stórar dagleiðir, með svo lítilli vægð ok manndóm, at þeir ráku svo hart, at stundum þoldu eigi bararnar ok brotna í sundr, en hestar draga byskupinn beran um grjót ok móa með svo miklum voða, at heldr við beinbrot, en síðan haldinn um sumarit suðr þar sem einn fangi í svo sterku varðhaldi, at sex menn vaka yfir búðinni hverja nátt. Var þat fyrir tvefalda sök, þá aðra, at Arnórr vissi marga góða vini herra Guðmundar byskups í Vestfjörðum, þat annat, at þat var lausabúð ok hafði enga jarðveggi. Stóð húðfat herra Guðmundar í endann ok var húð þakt utan ok innan. Var þar hægt at rjúfa, ef eigi meinaði forstaða. En þótt mörgum þætti hörmuligt herra byskups harmkvæli, treystust menn eigi fyrir uppgangi Arnórs at leggja sik eða sitt góz í hættu, því at þat var kunnigt um allt land, at sakir mágsemdar þeirra Sighvats Sturlusonar var þeim báðum at mæta í eitt, hvor sem til kom.

En fyrir þá grein, at drottinn Jesús Kristus lítr jafnan til hugganar sinna vina, þótt hann þoli þeirra þröngving í þessum heimi, eflir hann eins manns hug svo óskelfdan til frelsis byskupinum, at hann óttist hvorngi þeirra mága. Þessi maðr heitir Eyjólfur Kársson, einn af fyrrum vinum herra Guðmundar. Hans búgarðr stendr þar í Vestfjörðum, er Flatey heitir. Honum verðr kunnigt sem öðrum mönnum í landinu, hversu herra Guðmundr er haldinn ok hafðr nauðigr til brottferðar. Líkar honum þat stórum lítt ok stefnir þá ráðagerð at frjálsa byskupinn, hvat sem kostar.

Þat er upphaf hans ráðagerðar, at hann tekr einn fátækan pilt, dyggan, fljótan ok ófælinn, ok sendir hann til skipalægis, er áðr var nefnt. Skal hann vera í hlaupum ok sendiförum ok hafa kenning þess, er Eyjólfur þykkir varða.

Eftir Máriaumessu fyrri ríðr Eyjólfur heiman við sex menn, þar til er hann kemr á þann bæ, er næstr stendr læginu. Hann trúir bónda, er þar býr, til trúnaðar síns um frelsi herra Guðmundar. Bóndinn samþykkir gjarna ok leynir þeim í sauðahúsi sínu. Kemr piltur Eyjólfur frá skipi ok kynnir þeim búðarstað með því öðru, sem Eyjólfur forvitnar. Eyjólfur gerir bóndann fram til búða, at segja byskupi leyniliga komu hans ok erindi, þat með at herra Guðmundr þiggi þat af guði ok vinum sínum, at þat ráð megi framgang fá. Sem þetta er gert, er eigi langt at bíða, áðr eina nátt brestr á þat hreggviðri með storm ok krapadrífu, at varðmenn stökkva inn í búð ok bregða vökunni, leggjast niðr til svefns ok segja, at sjá galandinn skal vaka yfir Guðmundi. Í þenna sama punkt ferr Eyjólfur allan veg til búðanna, gengr at gegnsta, þar byskup liggr fyrir innan, sprettir hann skörunum ok húðpakinu, tekr síðan herra byskup í fang sér ok berr hann til kumpána. Eru þar þegar klæði reiðubúin, hvítr kyrtill með blank ok myrkrblá kápa. Svo varð þessi hlutr einkanligr, at engi maðr hafði njósn eða vissu af þeirra ferðum nema hlaupapiltur Eyjólfur. Hann stökr upp í húðfat herra Guðmundar, breiðir klæði á höfuð sér ok liggr þar um nóttina.

En af ferðum Eyjólfis er þat at segja, at svo sem þeir koma í veg, talar hann til herra byskups: „Nú væri mikill mun tveggja vega, minn herra,“ sagði hann, „at oss væri beinna ok beri fljótara þar, er heita Valbjarnarvellir, en þann veg eru þau fen, at varla kemst yfir í ljósi, þótt leitast sé, en nú þröngvir oss bæði veðrit ok náttmyrkr. Munum vér þaðan merkja, hvort guði líkar betr, at þér séð í vorri ferð eða valdi Arnórs.“

Herra byskup svarar: „Guð mun greiða riðit sem yðr líkar.“

Eftir svo talat treysta þeir ok víkja á Valbjarnarvöllu. Sögðu þeir svo síðan, at líkara var þjóðbraut en fen undir hestafötum, þar með stendr af spjótum þeirra sú birti, en hermenn kalla hræljóma. Þat ljós gaf svo glaðan veg, at þeir riðu rétt sem á dag.

Nú er at víkja til Arnórs ok hans manna. Langt líðr á morgin, ok liggir piltr í húðfati herra Guðmundar, þar til at búðarmönnum þykkir undarligt, hví byskup sefr svo lengi mót vana ok geymir eigi tíða sinna, tala þar með, sem þeir vöndust, honum til háðungar: „Lengi sefr kampi nú,“ segja þeir, en sumir ætla hann sjúkan.

Síðan ganga þeir at húðfatinu, lyfta yfirbreiðslit ok sjá, hversu skipt er um menn við þá. Þeir spyrja, hversu orðit er.

Piltr segir, at Eyjólfir Kársson hefir flutt byskup í braut, „ok munu svo langt komnir,“ segir hann, „at yðr vinnr eigi at þrá, því at fleiri hafa vel vakat í nátt en þér einir.“

Þeir biðja hann aldri vel fara ok segja hann munu í nokkru tilstilli verit hafa.

Piltrinn stökkur af tjaldi við þessi orð ok talar: „Yðr var boðin vakan, en eigi mér.“

Eigi fá þeir af honum meira. Hleypr hann brott veg sinn. Arnóri líkar stórilla ok kann þó eigi eftir ríða, bæði sakir veðrs ok þess, at óvíst er, hvert herra byskup hefir vikit. Bregðr Arnórr fyrir þessa sök utanferð sinni ok ferr heim til Skagafjarðar.

Hverr mun sá maðr, er svo oft líkist gimsteininum Thome Kantuariensi, sem þessi Guðmundr með sínum mannraunum? Litlu var lesit, hversu hann samneytti Thome, þá er frændr hans vóru dreifðir; í annan stað, er hann stóð óhræriligr með rétt kirkjunnar, eigi síðr í byskupsins nálægð, þótt hann væri áðr pínaðr; þriðja, er honum var eignat friðbrot með ónáðum ok einræði; fjórða er hann flýði ok forðaðist náttúrliga sína óvini, at honum til lofs megi félagliga segjast sama prófetans orð: *laqueus contritus est et nos liberati sumus*.

54. Byskup vígði björg ok festar.

Nú er at segja nokkut frá herra Guðmundi byskupi, at þeir Eyjólfir ríða þar til, er þeir koma til skips, er Eyjólfir átti. Fara þeir þaðan skipaleið til Flateyjar, taka þar kost ok nauðsynliga hluti, því at þeir vilja leyni hafa, þar til víst er um eftirleitina. Því fara þeir í þat öræfi inn af þjóðleiði, er Eiði heitir, dveljast þar í skógum, þar til þeir spyrja satt, at allt er kyrrt.

Þar höfðu verit reimleikar svo miklir, at menn þóttust eigi byggja mega sakir tröllagangs, áðr herra Guðmundr byskup vann bata með þessum hætti.

Eina nótt, sem herra byskup ok öll hans fylgd er í tjaldi, heyra þeir út dunur miklar ok margs kyns ólæti, sem glímt væri, ok eftir þat tekr til orða flagð eitt: „Hér sofa drengir, ok hér sofa drengir.“

Byskup sprettr þá upp, en biðr menn sofa í náðum. Hann gengr út með helga dóma ok vígt vatn. Menn hans heyra út skræki stóra, hlaup ok eltingar, sem þá er naut leika fátíðligast, með svo miklum gný at jörðin skalf, en tjaldit hristist. Undrum þessum fylgdi ódaunan svo mikit, at þeir létust aldri slíkt kennt hafa. Við þetta allt samt hlaupa þeir út ór tjaldinu ok vilja forvitnast, hvat herra byskup hafist at. Þeir sjá hann langt frá tjaldi ok spyrja tíðinda.

Hann svarar: „Nýjungar smár einar, en hvergi kom ek þess fyrr, at svo margar óvættir væri, en þó vænti ek, at hér kyrrist frá þessum degi.“

Ok svo var, því at aldri síðan varð þar mein at óvættum.

Sem nálgast burðartíð vorrar frú, gerir herra Guðmundr orð presti einum, at hann vill hafa þar kost í hátíðina með níunda mann. Prestr mæltist undan kostnaði. Herra Guðmundr leitar þá at vera við þriðja mann. Prestr fyrirtekr þat nú eigi síðr.

Sem þat flyzt herra Guðmundi, talar hann svo: „Þat óttar mik, at prestar fái annat eigi minna en þótt ek væri við þriðja mann.“

Þetta kom svo fram ári síðar, næsta dag fyrir *nativitatem beatæ virginis*, at prestsins búgarðr gekk upp at köldum komum.

Herra byskup gerir nú þat ráð með tillögum Eyjólfis at fara til annarrar kirkju. Þar var húsbóndi djákn, er vandist at syngja tíðir síð ok árla, sem hans vígslu var tilheyriligt. Hann byrjar aftansöng at *primas vespas* vorri frú, ok segir út yfir ymnum. Síðan hefr hann upp *Antiphonam: Nativitas tua*, ok eftir hana verðr hans minni svo undarliga sljóvat, at hann fær eigi fundit, hversu byrjast *Canticum* vorrar frú. Hann segir út þrim sinnum *Antiphonam* ok man eigi því heldr. Honum segist þá, at skip ferr at landi margmennt.

Djákninn segir: „Kann vera, at þar sé sá innanborðs, er byrja skal í kveld lofsöng vorrar frú.“

Svo fylldist sú guðsmóður skipan, at herra Guðmundr byskup flutti þar allar tíðir henni til lofs ok dýrðar.

Á sama tíma kemr til herra Guðmundar einn bóndi af þeima bý. Hann flytr svo sitt mál: „Herra minn, ek er kominn at tjá yðr mitt erindi ok vandkvæði. Innangarðs á bæ mínum stendr einn hamarr stórr. Ligg þar fyrir slétt völlr, er börn mín leika sér oftliga. Hefir mér þaðan leitt margan harm, því at ór klettinum hefir kastat verit, sem sízt varði, svo meinliga grjótflaug, at börn mín hafa þar af fengit beinbrot, en stundum bana. Nú biðr ek yðr fyrir þann góðvilja, er þér veitið öllum mönnum, at þér víkið til bæjar míns ok blessið börnin, at þess háttar klettr kveli þau eigi.“

Herra byskup svarar: „Líkar þér síðr, son minn, at ek blessi klettinn, því at ek sé, ef hann meinar eigi, mega börnin vel fara.“

Bóndinn sagðist þat gjarna vilja, sem byskupinn vill heldr gera. Síðan ferr herra Guðmundr á þann bæ ok signar hamarinn svo virðuliga eftir vana, at eigi um aldr síðan fekk þar barn eða fulltíða beinbrot né bana.

Svo er Ísland vaxit víða fyrir norðan með sjónum, at standa stór björg með svo frábærri hæð, at í sumum stöðum gengr langt yfir hundrað faðma. Í þess háttar björg safnast í mörgum stöðum á sumarit svo margr sjófugl, at þat er ótöluligr fjöldi. Verpr hann í þeim holum eða hellum, sem verða í bjarginu. Þessi er fjárafli margs manns at fara í björgin at taka egg ok fugla. Þess háttar afli fremst á þann hátt, at fuglarinn ferr í festarenda ofan fyrir bergit. Gerist þat oftliga með miklum háska ok bráðum manntapa, því at festinni kann margt granda.

Einn af þess háttar mönnum kemr til herra Guðmundar ok biðr hann blessa einn festarþátt, er hann átti. Sem byskup hefir blessat, samsetr fuglarinn festi sína með átta þáttum ok þeim níunda, er signdur var. Ferr hann síðan til bergs, er stóð með þeim ummælum fornra manna, at eigi skyldi lengr í vera en sól væri á góðu lofti kveld ok morgin. Nú einn dag, sem hann ferr í bjargit með sömu festi, fylgir hann svo margt, at hann hleðr sik bæði bak ok fyrir, verðr því dvalsamt, svo at hann gleymir tímanum, verðr eigi fyrr varr við en myrkr kemr at honum. Ok því nær brestr fram ór bjarginu greip, eigi smáleit, ok bregðr títt á festina stórrí skálm, svo at allir þættir átta fara í einum rykk í svo hörðum drætti, at neðra enda fleygir ofan yfir manninn, en því dásamligra var þat, er fylgdi, at einum þætti herra Guðmundar mátti fjandinn eigi granda, ok sá gaf líf manninum, því at svo var hann sterkr til uppdráttar sem strengr. Bera því lík verk herra Guðmundar ljóst vitni, hvorr þeirra Arnórs hefir betri málaefni.

55. Frá ónáðum byskups í Reykjadal.

Sem herra Guðmundr byskup ok Eyjólfur spyrja til sanns, at Arnórr hefir aftr sett ok norðr vent til Skagafjarðar, leita þeir brott af Eiði ok heim til Flateyjar. Þýðr Eyjólfur herra byskupi, þar um vetrinn, ok þat þiggr hann. Var þar margt fólk, en húsbóndi gekk svo fyrir, at ekki skorti. En er sumraði, staðfesta þeir herra byskup ok Eyjólfur ráðagerð, at enn skal vitja norðr á sveitir. Eyjólfur hugsar þat ráð, at hann vildi fá herra byskupi þann styrk, at hann væri nú eigi allr í óvina valdi. Því fyrirlætr hann eignir sínar ok fylgir herra byskupi. Marga hafa þeir röskva menn ok ríða svo norðr á héruð. Heim koma þeir til Hóla ok dveljast litla hríð, því at þeir trúu Arnóri eigi betr en meðallag. Ríðr herra byskup norðr um fjall með fylgd sína ok hyggur at visitera Eyjafjörð, en þar kaldar í mót af Sighvati, at herra byskupi er fyrirkveðin yfirferð. Snýr herra byskup þá austr um fjörð ok svo norðr í sýslu sína, þar er Reykjadalr heitir.

Verðr þess geta, hversu tveir lærðir menn gera með byskup sinn í þeirri byggð. Annarr þessara hefir hálfu jörð með einn leikmann. Skiptir þar svo til, at prestrinn rak brott bú sitt af jörðinni ok vildi eigi fæða byskupinn, en leikmaðrinn lagði allt sitt góz í hönd herra byskupi með sönnum kærleik. Sá var annarr presta þessara, er þar sat, er nýgert var trévirki, ok byskup vill þat sama vígja guði til tignar. En þann tíma, sem herra byskup ríðr at garðinum, stendr prestr úti móti honum, eigi með skryddri *processione*, heldr herklæddu byggðarfólki, svo at skipt var í tvo veggj meðal húsanna, þar vegrinn lá. Eyjólfur Kársson ríðr þá fram fyrir ok spyr, hvat liðsafnaðr sjá skuli.

Prestr svarar með orðskvið, at nú skal fara allt saman karl ok kýr.

Eyjólfr segir: „Þat er eigi kennimannligt at draga hér í móti byskupi sínum.“

Prestr segir, at svo mun nú standa.

Herra Guðmundr leggur þá til: „Ríðum vér héðan ok reynum eigi prestinn, því at nú hefir sá húsbóndi fengit hans vald, sem aldri fannst í friðinum.“

Eigi linast prestr því heldr, þótt honum sé sýnt, hver hans eynd er. Víkr guðs maðr hógværliga brott annan veg.

Nú fyrir svo greypa óhlýðni þess manns ok þeira, sem honum líktust, varð svo mikit rót ok rugl í byggðinni, at þeir ofra sinn hug til þeirrar guðs reiði at efla þann herskap mót biskupinum, sem honum mætti þyngst falla, en þat er at senda orð Arnóri ok Sighvati, at þeir frjálsi byggðina af hans yfirferð. Takast þessi ráð sem bruggat var, því at eigi var latan at keyra. Dregr Arnórr lið saman fyrir vestan fjöll, en Sighvatr um Eyjafjörð, mætast síðan ok halda þat fólk til Reykjadals. Í þeirri ferð eru tveir synir Sighvats, Sturli ok Tumi. Tumi var þá ungr, en þó vill faðir hans, at hann venist meingerðum móti herra Guðmundi. Skildist honum ok þat verk, sem brátt mun lýsast.

En er þeir nálgast norðr dalinn, er herra byskupinn kominn á þann bæ, er Helgastaðr heitir. Þar hefir hann ráðit kirkjuvígslu á laugardag *kalendas Septembris*. Sama morgin, sem hann er búinn til þjónustugerðar, berst honum njósn af ófriðnum. Tala þá nokkurir af hans mönnum, at kirkjuvígsla muni um líða, ef þá berr at fljótara en lykt verði.

Byskupinn birtir þá enn, hvern hann hefir innan brjóst, ok talar: „Gera mun ek þjónustu mína, því at nægjast mun tíminn til þess.“

Svo var sem hann sagði. En nærri nóni koma þeir mágar með flokka sína ok ganga þegar at bænum með heróp. Þar kemr ok til fulltingis við þá með mikinn flokk byggðarmanna prestr sá, er fyrr sagðist frá, hversu hann bjóst at verja vígi kirkjuvígsluna. Eyjólfr Kársson ok önnur fylgd byskupsins skipast til verndar í garðinum. Var þat bæði, at þar vóru saman komnir röskustu menn, enda áttu þeir at standa fyrir dýrum herra. Varð þessi in snarpasta sókn, bæði með grjót ok fólkvopn, svo at þeir mágar leita hvíld at taka ok ganga brott á tunit annan veg.

Ok til þess at því frammar lýsist, hversu illgjarn andi gladdist í þvílíkum gerðum ok gabbaði þá, er unnu, er geti, at Arnórr tæki svo til orðs: „Sighvatr mágr, þykkir þér eigi hörð hríð gengit hafa?“

„Hörð víst,“ segir Sighvatr.

Arnórr talar: „Þat kann ek segja þér, at mér hefir verit þunglíft mjök í sumar ok nær krankr, en í stað, er mér kómu orð Reykdæla, lyfti þat allt af mér.“

„Þat muntu kalla jartegn,“ segir Sighvatr.

„Nei,“ segir Arnórr, „þat kalla ek merkiligan mótburð.“

Síðan gera þeir ráð, at vinna herra byskups menn meir með klókskap en mannhættu, setjast síðan um kirkjuna sem einn herkastala, vaka svo hvorir yfir öðrum um nóttina. En árla sunnudagsmyrgininn njóta þeir liðsmunar, sækja þá sumir, en sumir brjóta stór hlið á

verndinni, svo at þá er allt upp gefit. Hörmulig var sú framferð. Kirkja nývígð er svo særð ok barin grjóti, at alla ævi sá þat á henni, meir en hundrað ára, þá er þessi frásögn var samsett. Ganga menn nú til griða. Gefr Arnórr Eyjólfí Kárssyni gang, ok svo út í frá, sem höfðingjar taka til sín. Herra Guðmundi byskupi býðr til sín einn góðr bóndi. Ríðr hann brott með honum sama dag. Fjórir menn féllu vopnsóttir af herra byskupi. En þann tíma, sem hann var á brottu, tóku þeir Arnórr ok Tumi sjau menn, er honum til heyra ok festa upp á gálga. Leið lítit, áðr en Eyjólfí Kársson ok aðrir kumpánar vitja aftr til herra byskups.

Herra Guðmundr tekr þat ráð at ríða austr lengra undan ófriðinum, en þann tíma, sem hann spyr, at þeir mágar hafa riðit vestr um ok dreift flokkinum, vendir hann aftr í veg ok hugsar at fara til Eyjafjarðar, en þess er eigi kostur heldr en fyrr, því at ófriðr æpir í mót. Trúist í þessum tíma þat er fyrr var skrifat, at Sighvatr hafí tekit byskupstíundir um Eyjafjörð, því at mágr hans var formaðr Hólakirkju, en herra byskup útlægr.

Herra Guðmundr sér enn um sinn, at hann fær enga hvíld í sínu byskupsdæmi. Því leitar hann upp á fjall ok ríðr suðr um land ok léttir eigi fyrr en hann kemr suðr í Odda til Sæmundar bónda. Hann var son Jóns er fyrr var nefndr í framferðar *capitulo sancti Thorlaci*. Hann tekr herra Guðmund við ölværð ok býðr honum svo lengi sem hann vill þegit hafa. Þekkest herra byskup þat ok sitr þar um vetrinn í góðu yfirlæti, en um sumarit eftir ríðr hann it syðra vestr á landit, þar er heitir Borgarfjörðr, ok dvelst þar lengi með vinum sínum.

Á því sama sumri skrifar herra Guðmundr til erkibyskups, hvert volk ok vandræði, forsmán ok fyrirlitning hann ok heilög kristni þolir án afláts ok yfirbótar norðanlands fyrir ágang ok yfirgirnd þeirra mága, biðr þar með, þat mjúkt er hann kann, at herra erkibyskupinn leggi kirkjunni nokkura huggan, at hún mætti firrast óvinavald ok fá um síðir þann frið ok frelsi, sem hennar upphafari, Jesús Kristus, ok hans *vicarius*, blessaðr Petrus, gaf henni. Sem þessur bréf koma fram til Niðaróss, er greinanda, at síðan herra Guðmundr sigldi þaðan, er orðit erkibyskupaskipti, Guttormr leiddist brott, en Petrus *palliatu* vígðr. Honum berast bréf herra Guðmundar, hver upp brotin ok yfirlesin skýra honum vel, hversu kirkjan hefir nóga þörf, at hennar hlutr réttist. Því leitar hann við lærða menn, ef nokkurr vill þat gera fyrir guðs skyld ok hans bænarstaðar at visitera Hólabyskupsdæmi ok enda þær ónáðir, sem þar hafa yfir gengit alls of lengi, en engi af öllum vill undir víkjast at fara í ófagnað. Því gerir herra erkibyskup þat stöðugt at kalla herra Guðmund byskup ok Sturlunga á sinn fund, at svo mætti formerast nokkur friðargerð. Arnórr Tumason var eigi at kalla, því at hann fór til Nóregs þetta sumar ok tók banasótt, en stefnubréf bíða sinn tíma ok koma svo fremi til Íslands, sem enn hafa guðs óvinir meir ok meir hlaðit sína byrði með glæp yfir glæp ódæmiligrar illsku, sem í því mun lýsast, er eftir ferr.

56. Byskup settist í Málmei, en Tumi á Hóla.

Á því sumri liðnu, sem herra Guðmundr fór yfir Borgarfjörð, kemr hann til Þórðar Sturlusonar, er hans var einn trúastr vin, sem fyrr sagðist. Tekr hann herra byskup báðum höndum ok býðr honum allan sinn kost, fé ok fylgi. Dvelst hann þar um hríð í allgóðum fagnaði.

En síðan birtir herra byskup Þórði, at hann ætlar at vitja stól sinn at Hólum. Býðst Þórðr til farar með honum, segir, at Skagfirðingar munu lægra mögla, ef hann er í ferðarbroddi. Herra byskup tekr því glaðr ok vill gjarna. Ríða þeir vestan með gott mannval allan beinsta veg heim til Hóla. Skilja þeir herra byskup nú um kyrrt litla hríð með sömu mildi ok ölmusugæði.

Nú er þar til at taka, at Tumi sitr heima með Sighvati, feðr sínum. Hann hrærir þat mál við feðr sinn, at hann fái honum góz ok mannaforráð, segist engu fjarkomnari til þess en Sturli bróðir hans, því at hann hafði vald í vestra hluta lands, þat er Sighvatr hélt, áðr hann kom til Eyjafjarðar. Sighvatr fyrirtekr, at hann muni leggja sinn metnað fyrir syni sínum. Því hugsar Tumi ráð sín eða enn heldr óráð, þat er at fara vestr til Skagafjarðar ok hafa þing við bændr. Þat sama gerir hann, tjár ok tínir fyrir þeim, hversu herra Guðmundr var þeim óhagligr ok allri þeirri byggð með þann mannfjölda, er hann heldr í hófleysu upp á staðinn at Hólum, segir, at eigi seinna en kostur er upp genginn á staðnum, munu byskups menn fara með rán ok rifs yfir alla byggðina ok afla svo fanga.

Héraðsbóndum skiljast þessar ráðagerðir, því at þeir höfðu lengi þann meistara haft, er annat lærði oftár en hlýðni við Guðmund byskup. Því spyrja þeir Tuma, hvort hann mun svo snarr, at hann vili setjast á staðinn ok halda fyrir byskupi ok hans mönnum, ef þeir fá þat gert, at byskup rými brott. Tumi játar at ráða til.

Síðan gera héraðsbændr sendimenn til Hóla at gera byskupi tvo kosti, þann annan, at hann rými staðinn sjálfviljandi með allt þat fólk, er þeir kalla með þarflausu þar haldit, ella segjast þeir koma skulu ok drepa með harðri hendi þann óaldarflokk.

Herra byskup kýss at rýma heldr, segir, at hans undirmenn veita þar um lítit brigðmæli, ef þeir heita honum afarkostum, sýnist eigi kjörlikt at halda hart móti ofrefli ok láta menn sína með ýmisligum dauða.

Eftir stadda ráðagerð, hvert af skal snúa, vendir herra byskup til skips ok flyzt í þat útsker, er Málmey heitir. Þat liggir til norðrættar frá byskupsstólum, skammt undan landi. Þar er prestssetr. Þar kemur herra byskup fyrir *adventum* ok sitr þar fram um *purificationem sanctæ Mariæ*, þar til tíðindi gerast, en Tumi sezt á Hólastað með því megni, sem þar sé hans föðurleifð. Hefir hann varðhöld stór ok lætr vaka náttliga yfir staðnum um vetrinn, því at hann grunar áhlaup byskups manna, sem honum gafst, því at næsta dag eftir *purificationem beate virginis*, sem herra byskup gekk frá kirkju um kveldit, nemr hann stað, ok horfir mót veðri. Var landnyrðingr bæði óðr ok kaldr, svo at vökumenn Tuma at Hólum gera sér svefn þetta sama kveld ok segja, at landnyrðingr skal vaka.

57. Dráp Tuma Sighvatssonar.

Serra Guðmundr byskup talar svo, sem menn hans heyra upp á: „Dýrð er vald þitt, drottinn minn, því at vindr ok bára vægir þínu boði.“

En þeir menn, sem áðr vöndust hans spádóm, skilja svo tilvik þetta, at þótt stormr þjóti, en sjór rjúki, mun færiveðr til lands, ef þeir treysta.

En sem herra byskup sér víst ætlan þeirra, segir hann svo: „Guð gæti yðvar, at þér hafið gott erindi, en ef svo verðr, at þér fáið vald yfir Tuma, þá geymið boð mitt, at þér flytið hann heilan á minn fund, en spillið eigi blóði hans. Munum vit þá vel semja nokkvern veg. En ef þér brjótið boð mitt hér um, munið þér efla nýjan harm heilagri kirkju ok mér. Munu þat ok sumir sanna af yðvarri sveit, at því sé mjök misráðit, áðr þessum málum líkr.“

Eftir svo talat ráða þeir til skipa ok þrír tigir manna. Eigi var gott at ýta, því at sjór var hvítr fyrir drifi, en svo sögðu þeir síðan af sinni ferð til dæmis at draga sem stormrinn brakaði á báðar hendr í tvo steinveggi, en þar í miðil var sjókyrrt ok nálíga vindlaust. Gerr er vegr til

Hóla, koma þeir um nóttina með öllu á óvart ok taka svefnhús yfir Tuma, leiða hann út af sæng ok volka klæðlausan í því grimmdarveðri, því at ógifta þeirra gaf eigi þá liðuga til hlýðni síns herra, þar til at einn setr höfuðit brott af Tuma, fara síðan ok fá maklig erindislok, því at herra byskup kunni þeim mikla óþökk fyrir sitt verk. Féll þeim ok í höfuð sín óhlýðni, sem Tuma tók af lífi móti byskups boði, því at litlu síðar lét hann sjálfs síns líf með nasadreyra.

Líðr nú tíminn fram yfir páskir, svo at herra byskup sitr í Málmey ok treystir engan veg at fara til lands fyrir sakir ófriðar, því leggr hann allan hug á at forðast orrustur, hversu stríða útlegð sem hann þolir, hvar fyrir hann gerir stöðugt at halda austr í haf til Grímseyjar, er fyrr var nefnd, ok leiðir guð þann veg, at þeir koma fram með höldnu.

58. Bardagi í Grímsey

Sighvatr, sem hann spyr líftjón Tuma, gerir sér lítit um í fyrstu, en sendir menn þegar um vorit vestr á land til Sturlu, sonar síns, at hann fjölmenni til bróðurhefnda. Má hér fljótt yfir fara, at þeir draga saman lið ok skip, þrjú hundruð manna, ok koma til Grímseyjar á vorit næsta fyrir *festum* Filippi ok Jakobi.

En því, at þessi fagnaðarlaus ferð stóð með harðligri óhæfu ok greypara glæp en nokkur sú illing, er áðr var lesin, sýnist eigi bati gerr sögunni, þótt þess háttar efni dragist í langmæli, utan þat er skyldugt at greina, sem at lýtr píslarvætti herra Guðmundar þrífaldliga, fyrir sjálfan hann ok fyrir lærdóminn ok fyrir ástvini sína, þótt leikmenn væri. Í þessi hörðu hríð féll Eyjólfur Kársson með ágætum orðstír ok aðrir átta með honum.

Sumir vóru særðir til ólífis. Var af þeim fremstr maðr Aron, mágr Eyjólfis Kárssonar. Hann var svo mikill hreystimaðr ok ofrhugi, at hann bar þau vopn ok hlífar móti Sturlu, sem Tumi hafði átt. Laut hann síðan fyrir liðsmun, ok stóðu á honum spjót svo þykkt, at varla mátti hann hníga. Mátti héðan vel skilja, hversu hans óvinir mundu þykkjast öruggir af hans dauða, áðr þeir gengu frá, ok eigi því heldr máttu þeir taka líf hans, því at spásaga herra Guðmundar varð at standa, þá er hann sagði honum fyrir orrustuna, at þeir mundu sjást síðan. Varð Aron skotit í skip. Komst hann til lands ok fekk margar umsátir síðan af Sturlungum, en forðaðist allar, stundum með harðfengi eða fulltingi herra Guðmundar, sem þá varð ljóst, er þeir umkringdu hann í náttmyrkri, ok því næst sýndist öllum hans óvinum sem skært ljós kæmi fram ór klett einum, ok fyrir undran þessa hlutar gleymdu þeir sókn við Aron, svo at hann tók undan, því at drottinn vildi fylla þat, er hans þjónustumaðr sagði.

Nú er at snúa aftr til Grímseyjar. Klerkdóminn svívirða þeir svo feðgar, at þeir drepa einn prest, en afeista tvo nærri kirkju ins heilaga Óláfs þar í eyjunni. Sem þeir hafa limina pínt ok plágat, gengr svo óvinrinn í þá, at eigi heldr þyrma þeir nú höfðinu, taka byskupinn höndum ok farga hann svo þungt sem bein hans í heilagri Hólakirkju bera nú vitni, en þó vilja bækr sanna, at þrjú rif hafi brotnat. Eftir þat fanga þeir hann til skips.

Sem þeir búa sik til brottlögu, segir Sighvatr, at þeir skulu fara samskipa.

Herra byskup fyrirtekr þat með svo föllnum orðum: „Illa ok undarliga fær þú at þér búit. Þú meingerir heilaga kirkju ok mik með öllu megni, en í öðru lagi lætr þú sem þér muni nokkurt gagn af mér leiða.“

Sighvatr segir: „Því skal ek ráða, at skróði þinn fari með mér.“

Byskupinn svarar: „Þat vil ek eigi banna, því at samvizka þín dæmir þik. Munu ok fleiri þann dóm kenna en þú einn.“

En hvat hefir þat at merkja, er Sighvatr vildi byskup eða skruða hans með sér í sjóvargangi, utan svo bjartan lífsverðleik byskupsins, at eigi leyndist fyrir blindum manni. Sem þeir láta undan eyjunni, lýstr yfir þeirri óðahríð með guðligri hefnd, at tveir menn ins fjórða tigar létust af þeim þrimr hundruðum, er börðust í mót herra Guðmundi.

Ok þá er stormrinn geysti sem mest hafit, er getit, at herra byskup tæki svo til orðs: „Lof sé þér, drottinn minn, því at þeim feðgum verðr gagn at skruða mínum í dag.“

Þat er sagt annat, sem hann fór inn til lands um sundit, at hann leit fyrir borð ok mælti: „Þar liggjð þér nú sálugir, mjök fáráðir.“

Byskupsskip ok annat þeirra feðga fá Eyjafjörð með heilu. Kenndu þat góðir menn verðleikum herra Guðmundar, en eigi farsælu Sighvats. Sem þeir taka land, fær byskupinn með engu móti liðugan gang, því at Sighvatr tekr hann ok heldr undir sínu yfirboði, á þann hátt sem oft verðr í heiminum eftir orrustur, at menn eru þjáðir til verðs. Brott eru keyrðir sveinar frá honum með þeirri orðflaug, at svo skal hann biða þess, er hann rekst nauðigr í haf ok í skip til Nóregs ok þola þar dóm fyrir fors ok friðbrot.

Líðr svo fram á sumar, þar til Nóregsför koma til Íslands. Í einhverju þeirra eru þau bréf Petri erkibyskups, sem fyrr var af sagt, at hann kallar herra Guðmund ok Sturlunga á sinn fund. En sem þessur bréf berast herra byskupi, verðr hann glaðr við at fara heldr til Nóregs með boði erkibyskups en kúgan Sighvats.

59. Guðmundr fór á fund erkibyskups.

Dald yfir Hólastað ok hans góz halda nú Skagfirðingar eftir fall Tuma. Fær byskupinn þaðan enga rentu sér til kostnaðar eða farar, því hefir hann þat eina, er hann fær í héruðum af tíundum sínum eða vina framlögum. Býst hann nú sem verða má um vetrinn eftir, en ferr til skips um sumarit ok hefir minna kost en þvílíkum manni hæfir eða heyrir, en þó at sinni vill hann gjarna brott fara. Ógerla veit hann, hvat Sighvatr ætlar sinna ráða eða þeir fleiri, sem nefndir vóru, því at honum samsinna var engi þeirra umboðsmaðr.

Þegar sem byrr fellr, sigla þeir byskup í haf. Gefr þá æskiliga til Nóregs, koma þó at heldr sunnar en þeir hugsuðu ok Þrándheimsförum til heyrir. Spyr herra byskup tíðindi, at herra Pétur erkibyskup er framgenginn, en Þórir *secundus* kjörinn ok búinn ór landi til *kuriam*. Því sér herra Guðmundr, at honum vinnr eigi at sitja í Þrándheimi með lítinn kost, snýr hann suðr til Björgynar, leggdr drottinn þá huggan ok gleði sínum þjón, at fyrir þá víðfrægð, at hann fekk í fyrrum sínum ferðum, gerir sik margr dugandi maðr skyldugan bæði til fjárframlaga ok sæmiligs yfirlætis. Svo víkja bækr til, at herra Guðmundr hafi farit allt austr í Vík ok setit þar um vetr ok annan í Hamarkaupangi. Má þat vel trúast, at hann hafi svo biðat heimkvómu erkibyskupsins, því at þat kann ýmisliga takast, hversu fljót þeim verðr sín ferð í *kuriam* ok aftr þaðan.

En svo fljótt sem herra Guðmundr fregn heimkvómu erkibyskups, sækir hann hans fund með öllum skunda, fær þar góða blíðu ok glaða meðtekt öllum hlutum. Tjár hann herra erkibyskupi með hógværum orðum, hversu sífelldar bænir, ónáðir, þvingan ok þröngving hann hefir þolat um alla daga, síðan hann hefir skilit við herra Guttorm erkibyskup. Greinir hann ok, hversu

erkibyskupsins forverar, Þórir ok Guttormr, höfðu kærlega við hann gert ok hans mál tekit. Hneigist erkibyskup fyrir þessur sannindi til sömu vináttu við herra Guðmund, huggar hann með áminningum ok fögrum frásögnum, hversu góðir byskupar í kristninni höfðu einarðliga staðit mót ranglátu valdi, en með kirkjunni, ok þar fyrir öðlazt af guði ágætan verðleik ok vináttu með eilífum fagnaði.

Herra erkibyskup býðr oft Guðmundi byskupi í boð sitt ok gerir honum margan sóma, þar til spillendr koma.

60. Erkibyskup skýtr máli Guðmundar til páfa.

Nú er að segja frá Sturlungum, sem þeir spyrja, at herra erkibyskup er heim kominn ok flóttamaðr þeirra, herra Guðmundr byskup, vel heyrðr á garðinum, en Arnórr fallinn andsvörum, bera þeir saman ráð sín ok gera statt at hafa sik ok sitt góz í engri háttung lands eða sjóvar, heldr sitja heima í rúmi sínu ok rægja svo byskupinn at eins með sendibréfum, at hann megi muna. Hér til draga þeir eða kúga þá menn, er þeir hugðu virðast mundu hæstrar raddar á landinu at fráteknum byskupinum, at þessi félagsskapr megi þeim samlagast, er *psalmista* talaði svo til: *acurent linguas suas sicut serpentes, et cetera*, því at til byskupsins skaða dikta þeir svo þrungit bréf, at þat stendr með þrim tigum sakargifta. Var þat sumt í lettri sannindalitr fyrir mönnum, en lygð fyrir guði, því at ljót ástundan er eigi maklig, at heilög skrift kalli hana sannorða, sakir þess at hún þarfnast þá undirstöðu, sem æðsta sannleik megi samþykkja, en flest í þessu bréfi var bæði fals af hjarta ok munni með gamalli grimmd ok öfundaraustri.

Þetta bréf var styrkt með þeim hætti, sem þá gekk framast um skilríki meðal landa. Ferr þat bréf í haf, byrjar þeim skipum seint ok koma við Hálogaland eftir vetrnætr. Ferðast þeir norðan ok koma til Niðaróss litlu fyrir jól, sækja fund herra erkibyskups ok bera honum bréf Íslendinga.

Herra erkibyskup, sem hann hefir þau yfir lesit, verðr mjök óglaðr. Líðr svo fram yfir átta dag jóla, en á níunda kallar erkibyskup saman kórsbræðr ok lærða menn á garðinum. Þangat er boðinn herra Guðmundr byskup ok sendimenn. Eru þá upp lesin bréf með svo mörgum sakargiftum, sem fyrr var greint, Spyr herra erkibyskupinn, hvat herra Guðmundr eignar sér af sakargiftum þessum. En hann segir greiniliga sem fyrra erkibyskupi, hvat hann hefir gert, neitar ok þverliga þat hann hefir eigi gert, en sakir þess at skipt var um erkibyskupana, beiðist hann eigi glósuna, heldr svo brátt sem herra Guðmundr hefir nokkura viðgöngu veitt, gengr erkibyskup braut af stefnu ok kallar með sér kórsbræðr í sitt *oratorium*, biðr þá skoða með athygli, hversu hávar þeim lítast þær sakir, er hann kallar herra Guðmund sér á hendr játtat hafa.

Ok síðan þeir þykkjast þau mál yfir réttlætisvog sett hafa með einu samþykki, kallast herra Guðmundr inn, ok eftir þagnartíma tekr herra erkibyskup svo til orðs: „Svo lízt oss ok bræðrum vorum sem þú, Guðmundr, hefir lengra fram vikit setning laganna en ritat finnst í reglu byskupanna, ok svo stórt sýnist oss yfir bera, at eigi megir þú halda byskupligan stétt, utan þú fáir dispenseran *in curia* herra páfans, því fjarri stendr þinn málavöxtr voru valdi, því sem vér höldum.“

Endir erkibyskup svo þetta mál ok gengr til hámessu, en herra Guðmundr til sinna manna. Finnst honum enn um sinn, hversu hjólit kann velta, því at þeir sömu þegja nú, er í gær sögðu: „Góðan dag, herra,“ – heimboð er í brottu, en byrgðr er erkibyskups garðr ok nálíga

vörðr haldinn, at herra Guðmundr komi þar eigi sem nokkut kallsandi um sín málaferli. Líðr svo út um *purificationem beatae virginis*, at dagar hans eru daufligir, en lítill svefn á nætr. Er ok svo komit heilsu líkamans, at hún veikist mjök. Var þat mest fyrir þær meiðslur, er hans óvinir höfðu gert.

61. Sendiför Ketils prests.

Sá prestur var með herra Guðmundi, er Ketill hét, mikill maðr vexti ok sterkr, vel fallinn í lund ok góðrar hlýðni, en lærðr lítt til bækr. Hann sefr í hjá herra Guðmundi um nætr ok less með honum.

Eina nátt þeir liggja spyrir herra Guðmundr, hvort prestur vakir. Hann segir svo vera.

Herra byskup talar: „Óglaða daga eigum vér, meðan svo búit stendr.“

„Hverr bati mun þar á vinnast?“ segir prestur.

„Þat er mælt,“ segir herra Guðmundr, „at ekki dugir ófreistat. Hefi ek hugsat at senda þik á páfagarð, því at herra erkibyskup veik þangat málum mínum.“

„Guð drottinn geymi okkur,“ segir prestur, „ok sjá þat, hversu ek mun fara á páfagarð, fátækr ok ófróðr, þar með svo ókunnigr, at ek sá engan stíg í öllum þessum veg, skipagangr engi meðal landa at svo búnu. Er mér ok sannliga sagt, at sjálfir konungarnir bíði ár eða tvau, áðr þeir sjái herra páfann eða sín erindi fá, ok þó með veraldar ríkdóm. Hvar mun ek þá standa, fátækr maðr, sem mállaus í fáfræði minni?“

Herra byskup svarar: „Satt segir þú, son minn, at ef vit skulum líta upp á veraldar götu, eru engi álit í þessu uppkasti, en ef vit sjám til guðs ok fulltings minnar frú, liggir þinn vegr allr lauss fyrir.“

Prestur beiðist þriggja daga rúm at hugsa sik, hvat hann skal upp taka.

Byskupinn játtar því ok segir svo: „En sakir þess at ek kenni vel þína dyggð ok hlýðni, muntu þat kjósa, sem þér samir betr, ok því mun ek skrifa til herra páfans mitt erindi, sem guð lér mér vizku til.“

Svo gerir hann, samsetr hann latínubréf ok articulerar upp, hvat eða í hverju hann var lýttr ok fyrir hverja sök eða nauðsyn hann hafí framit hverja grein, tjár ok skilríkt, hverir undir höfðu flutt þann órskurð, er herra erkibyskup gaf honum, ok hvert hans mál sér til vægðar með vorkynnd af guðs hálfu ok sælla postula Petri ok Pauli, gefr sik hér með ok sína sæmd í guðs vald ok hönd herra páfans, segir ok eigi síðr, hversu hans sendiboði var fátækr bæði af peningum ok kunnustu.

Sem bréf er læst ok albuít, hefir prestur hugsat sik, at hvert víl sem óvænt efni veitir honum lands eða lagar, vill hann gjarna þola fyrir guðs nafni ok hlýðni byskupsins. Því tekr hann orlof með bæn ok blessan litlu eftir kyndilmessu, hefir skotsilfr, slíkt sem herra byskup mátti fremst láta. Ferr hann landveg austr til Óslóar, þaðan með fari til Danmerkr, svo til Þýskalands, leggr eigi fót fyrr en hann kemr í Rómam rétt fyrir *cenam domini*. Heyrir hann á næsta dag, er herra páfinn flytr messuembætti at Pétrskirkju, svo at umbergis hann standa

þrennar tylftir alvæpntra manna. Fær prestur þá hvergi nær komizt. Líðr svo fram á vor, at honum þykkir eigi vænt um sitt erindi.

Á næsta dag fyrir *festum Philippi et Jacobi*, sem hann stendr á stræti, kemr undir dynr mikill, ok því næst sér hann mektuga ferð riddaraligrar herneskjju með allri þeirri hofslekt ok heiðr, er konungligt kurt plagar í veröldinni. Í miðjum skara lítr hann svo voldugan herra, at yfir hans höfuð berst eitt pell með fjórum pílörum uppreist. Eigi sá prestrinn fyrr þvílíka hofferð ok hæverskr en hann víkr sér af þeirra veg sakir ófremdar ok fátæks búnaðar.

Litlu síðar verðr honum sagt, at þessi herra er konungr af Franz ok skal vera í boði páfans á sjálfa krossmessu, en næsta dag eftir mun herra páfinn halda þá stefnu, er konungrinn skal inn ganga fyrir hann með erindi síns ríkis ok þeir fleiri, sem makligir reiknast at sjá herra páfann ok sínar greinir fyrir hann fram setja.

Sú höll eða herbergi, sem til þeirrar stefnu var skipuð, stendr á eitt fagrt pláz yfir stólpa fjóra nærri Pétrskirkju. Vóru gráðar nokkurir upp til dyranna, at húsit var hátt í stöðu. Var þangat innangengt ór herbergjum páfans, en þeir, sem kölluðust, skyldu um gráðana inn ganga. Lítit *consistorium* gekk annan veg af höllinni. Er þat til þess skipat, at herra páfinn víkr þangat með *kardinales* til dóms eða skipanar þeirra hluta, sem fram tjást í fremra húsinu, því at þenna tíma var sá siðr í *kuria*, at hverr ok einn, fyrir herra páfann komandi, skal sitt erindi, bæn ok nauðsyn *in scriptis* fram segja fyrir hann án kalls eða kæru. Ok sem þessur bréf vóru fram sett með því fremsta skilríki, er hverr hafði, veik herra páfi í þat minna herbergi með sínum bræðrum.

Líða nú dagar, ok vaktar prestur stefnutímenn, hefir sik árla upp þann morgin fram á gráðunum, stendr þar með bréf herra Guðmundar ok áhyggju, sem honum var mikil manndyggð í, biðar svo búinn, þar til fram kemr Frakkakonungs fylgd með allri þeirra mekt, er veröldin fagar mest. Þrýði þeirra var sett með pell ok guðvef eða vildastu kyni ýmissa klæða, hvar af prédikast, at honum muni skammt til skeytings, er hann snertr þeirra hóferan með fátæki sínu. Hann skorar nú fast á vora frú ok bæn meistara síns, herra Guðmundar. Eru því næst dyrr upp loknar ok konungrinn inn leiddr með annat hoffólk, sem skipan diktaði. Gengr þá svo mikit afl í hjarta prestsins, at hann berr sik rétt fram í miðal þeirra, ok sakir þess at engi maðr hratt eða hræddi hans göngu, skilst honum þat, at engi maðr sjái hann, hvar hann ferr.

Sem konungrinn kemr fyrir herra páfann, fellr hann fram sem allir út í frá. Víkr herra páfinn þegjandi sinni hendi konunginum til sætis, svo at tveir *kardinales* sátu meðal. Tveir *kardinales* stóðu fyrir herra páfanum á knjám ok héldu einn dúk. Skildi þar í leggja öll þau skrifta, sem greind vóru. Létu þeir allir hönd fylgja, sem næstir vóru, en aðrir vörpu til sem kyrrligast.

Prestur herra Guðmundar stendr fjarri, ok því kastar hann sínu bréfi ok biðr guð stýra. Svo var, því at rétt kom niðr í miðjan dúkinn fyrir herra páfann. Er nú lítit, áðr þeir taka orlof, er inn gengu. Víkr þá herra páfinn sem sagt var. Ferr prestur til herbergis síns ok fær enga vissu, sem Frakkakonungr tekr orlof.

Líðr nú fram vorit. Þykkir presti seinkast, því at penningar skrapa lítt í pungu. Hefir hann sik oftast á dag nærri Pétrskirkju eða herra páfans garði.

Sjálfan uppstigningardag stendr hann enn nærri kirkju ins sæla Petri ok sér upp á smíðit, ok því næst lítr hann upp í múrinn, at virðuligr maðr kemr fram at einum glugga ok talar nokkut. Prestr rennr upp undir vegginn ok vill til heyra, ef til hans verðr talat.

Þá segist svo til hans af glugganum: „*si nuncius Godemundi episcopi de Islandia præsens est, veniat.*“ Þat er svo at skilja: „Ef sendiboði Guðmundar byskups af Íslandi er nálægr, komi hann.“

Prestrinn tekur til klerkdóms síns ok svarar vel hátt: „*sum* – ek er sá.“

Síðan teiknar maðrinn hendi sinni út af glugganum, at prestr taki sæmiliga þat honum sendist. Hann breiðir í sundr kápuskaut sitt, ok fellr rétt niðr í mitt.

Prestr hneigir manningum ok rennr til herbergis, leysir til ok sér hér undir bréf með páfans *bullu*, verðr þá fegnari en frá megi segja, leggur land undir fót ok hleypr svo norðr eftir löndum, at á tuttugasta degi ok þrettánda kemr hann í sjátún aftr á Rauðastokk, gengr þar þegar í kugg, er alþúinn liggr fyrir bænum. Fá þeir hraðbyri til Björgynjar. Af Björgyn kemst hann þegar í Þrændafar, ok lægja eigi fyrr en við Agðanes. Næsta kveld fyrir Jónsmessu baptiste koma þeir undir Hólm, en árla Jónsvökumyrgin fær prestr sér bát ok flyzt inn til Eyra, gengr upp í garðinn ok til þess herbergis, sem herra Guðmundr byskup hafði, áðr hann fór braut, bangar á dyrr ok klerkr lýkr upp. Prestr spyrr, hvort byskup er heima. Klerkr segir hann gera bæn sína. Klerkr þessi var norrænn ok kennir eigi, hverr var.

Prestr segir þá: „Seg byskupi, at maðr er kominn af fjarlægum héruðum ok vill sjá hann.“

En síðan klerkr flytr svo byskupi, ríss hann upp frá bæninni ok gefr blítt orlof, en er prestr kemr inn, stendr byskup upp móti honum ok faðmar hann, verðr þar fagna fundr mikill, setjast síðan niðr báðir samt, ok spyrr herra byskup vandliga af ferðum hans ok erindislokum. Prestr segir greiniliga þat hann hafði til, ok selr páfabréfit í hönd byskupinum.

Byskup tekur bréfit með vegsemd, kyssir *bullam* ok mælir svo: „Þess væntir mik í drottni mínum, at nokkura huggan öðlist ek fyrir þik, it góða bréf.“

Líðr nú svo fram tímum yfir formessur, er segjast í Kristskirkju, ok sem þær eru endaðar, gengr herra Guðmundr til herbergja erkibyskups. Er honum sagt, at hann less bænir sínar *in secretario*. Herra Guðmundr gengr fram at dyrunum ok knýr.

En svo sem lokusveinninn upp lýkr ok spyrr, hverr svo snemma ónáðar einn erkibyskup, þá svarar Guðmundr byskup: „Seg herra þínum, at ek, Guðmundr Arason, vildi finna hann.“

Sem þat er gert, segir erkibyskup: „Hvat vill hann oss nema tala eitthvert af sínum málaferlum, en vér erum þar til eigi liðugir, því vér gerðum þat vér munum gera.“

Snýr sveinninn aftr ok segir byskupi svo fallit.

Herra Guðmundr segir enn: „Far nú ok seg erkibyskupi ljósliga mitt erindi, at ek hefi herra páfans bréf nýkomi af Róm at sýna honum.“

Nú sem herra erkibyskup heyrir þetta, signir hann sik ok segir: „Lát hann ganga, því at maðr svo vel reyndr mun eigi með fals fara, þótt svo fallit orð sýnist ótrúligt.“

Herra Guðmundr gengr innar, hneigir erkibyskupinum ok selr honum þegar í fyrstu bert bréf herra páfans með knéfalli ok kossi.

En svo sem herra erkibyskup lítr sannleik þessa hlutar, er svo skrifat, at hann hneigði sín bæði kné fyrir Guðmundi byskupi með þvílíkum orðum: „Fyrirlát mér, góðr guðs maðr, at ek hefi þér minni virðing gerva en ek skil, at skyldugt er, því at þínir vegir fljóta fram í guðs miskunn.“

En lítillæti herra Guðmundar var þessi hlutr eigi með öllu léttbærr, at svo voldug persóna knéfellr honum. Síðan sitja þeir báðir samt. Spyr herra erkibyskup þá, hversu herra Guðmundr hefir aflat bréf þat. Hann greinir, hversu prestur hans hefir aflat bréf þat. Hann greinir, hversu prestur hans hefir fátækr farit ok fram komit. Erkibyskup dásamar mjök þenna hlut, því at hann veit vel eiginni raun, at þessi er í *curia* nýr háttur bréfanna, at þau leysist út, svo at hvorki komi þeim í nánd fé né flutningr. Hér með skoða þeir bréfit ok finnst í líku formi sem herra Guðmundr setti sitt bréf með artikuleran, svo at grein svaraði grein út í enda.

En þótt bóklausir menn segi af þessu bréfi, at sæmd herra Guðmundar væri sett undir dispenseran herra Þóris erkibyskups, er sannaraa, at hans tign var lagin undir eigin sjálfræði, hvat hann vildi: resignera eða halda byskupsdóminn. Þat vottaði virðuligr maðr, Laurentius, ellifti Hólabyskup, at þann tíma prestdóms síns, sem hann var í þjónustu Jörundar, þrettánda Nidrosiensis erkibyskups, sá hann þat páfabréf, er Guðmundr byskup fekk í *curia*, ok greindi svo fallin páfans orð þar standa: „*Si vult cedere, cedat.*“ Þessi latínuorð hafa þann skilning með liðugri norrænu, sem fyrr var greint, til sæmdar herra Guðmundar byskups. Ok í enda bréfsins setr herra páfinn þat ályktarorð, at hann vildi þiggja með vors herra náð, at allir byskupar í kristninni líktist þessum Guðmundi, at misverki þeirra yrði engi hærri en miskunn ok vorkynnd, þó at lagavegr sýndist aflaginn.

Sama dag ins sæla Jóhannis var herra Guðmundr í boði erkibyskups. Var þat eigi undranarlaust með mörgum, er inni sátu, hversu stríða erkibyskups vendist brátt í blíðu, því at þeim var ókunnig sú gerð guðs miskunnar, sem næst var ritin. Síðan lætr erkibyskup snara páfabréfit í norræna tungu ok lesa yfir kór á Pétrsmessu í sjálfri Kristskirkju, lýsir þar með í tölu sinni fyrir öllum lýð, hversu þetta bréf hafði aflazt mót öllum vana. Fekk herra Guðmundr héðan af at verðugu svo mikla sæmd sem guð vildi. Var hann í boði erkibyskups ok Rómferðarprestur hans á Pétrsmessu. Sagði prestur þá erkibyskupi frá ferðum sínum til skemmtanar. Tók herra Guðmundr útskrift norræna páfabréfsins ok flutti til Íslands með sér þann tíma, sem guð gaf hann fram, en sitr nú fyrst í Niðarósi, harðla sæmiliga virðr af erkibyskupi bæði með veizlum ok féggjöfum. Líkti þar eftir margt stórmenni í Nóregi.

Herra erkibyskup hefir sik nú allan til at gera fagnað heilagri Hólakirkju ok hennar formanni. Því skrifar hann til Magnum Skálholtensem ok ávítar hann fast um sljóleik ok óeinurð móti þeim guðs óvinum, er æ leiða sinn hernað ok hatrligt sverð upp á kirkjunnar frelsi, er hentar réttarbótum sem lærdómsins vilja með gráðugri grimmd allan veg fyrirkoma. Þar með ásakar hann byskupinn fyrir þat, er hann samsetti sinni vináttu þá menn, er í svo ljótum ósóma eru sannreyndir.

Önnur bréf skrifar hann til Sturlunga, boðandi þeim byskupliga án allri vægð, hversu í hávan helvítis pytt þeir steiptust fyrir þá glæpi ok guðs reiðis verk, er þeir hlóðu sér með ódæmiligri dirfd í Grímseyjarför, býðr þeim undir bruna bannsins, at þeir sæki til Niðaróss ok snúi til sættar við guð ok sinn formann, herra Guðmund byskup. En sakir þess, at Sighvatr Sturluson var nú sem fyrr eigi helvítis skjarr, virðir hann eigi meira erkibyskups orð en einn óbúinn

spora, sem ritat er: *Peccator cum venerit in profundum, contempnit*. Kýss hann heldr sitja heima á Grund í Eyjafirði en hafa sik undir afarkosti ok álögur kennimanna. Gefst honum ok færi enn um leik at hafa frið með syndinni, því at Þórir erkibyskup vannst eigi til at þrýsta honum, sakir þess at eftir þrjú ár liðin lét hann sitt vald með lífinu.

Þótti herra Guðmundi þat mikill skaði, því at með þeim var þá orðin heitasta vinátta. Sat hann þó í Niðarósi, því at eigi þótti vænligt at vitja til Íslands. Leiddi hann þá enn sem fyrr einfaldliga sitt líf ok var oftliga einn í herbergi ok þjónustumaðr hjá honum, þegar svo mátti. Lengstum var hann á bænum, bæði nætr ok daga, þegar meðal var annarra nauðsynja. Svo hélt hann með staðfesti mildi ok ölmusugæði, at þó at honum væri gefnir hnossgripir, veitti hann glaðr fátækum, hvort er hann var heima eða utanlands. Enga elsku hafði hann í fallvaltri blíðu eða fjárhlutum heims þessa. Því var hann guði kær ok góðum mönnum, at öllum þeim var ljóst, hversu líðandi hlutir lágu lágt undir hans fótum, sem í því lýsist, er eftir ferr.

62. Frá ölmusugæðum byskups.

Þórir erkibyskup gaf herra Guðmundi einn vænan silfrbolla. Er hann geymdr, en eigi gefinn fátækum um nokkura daga, þar til hann ferr líka leið ölmusugæðis með táknsamligu sundrskipti, sem fyrr var sagt af boðkerinu í næstu Nóregsferð herra Guðmundar.

Svo gengr til um dag, sem guðs maðr sitr í sínu herbergi ok þjónustuklerkr í hjá honum, at þar koma inn þrír fátækir menn ok biðja ölmusu í guðs nafni ok vorrar frú. Byskup sér um sik eftir vana, ef nokkut væri handbært at gefa, en sakir þess at fémunir fálust fyrir augum, spyrr hann klerkinn, ef silfr væri nokkut laust at gefa voluðum.

Hann svarar: „Minn herra, allt er brott gefit, ok lánun út látit, svo at eigi finnst penningr eftir utan bollinn erkibyskupsnautr, ok þætti mér hann eigi stafkarla eign.“

Byskup talar: „Mik minnir svo skrifat, at fátæks manns hönd sé fêhirzla vors herra. Því fá mér bollann. Hann fær aldri betra stað.“

Sem byskup hefir við tekit, lítr hann í loft ok segir svo: „Einn hlutr, en þrír biðja. Skipaðu, drottinn, hvat verr skal hafa,“ – varpar síðan bollann fram á gólfrit svo einkanliga, líkt ok fyrr, at hann stökk í sundr í þrjá parta, svo meistarliga vegna, at engi var öðrum meiri. Taka þá fátækir sinn hlut ok biðja himneskan konung umbuna byskupi væna gjöf.

Svo kvað Einarr Gilsson:

Söngs, nam hreytir hringa
hugdyggr stofu byggja,
klerkr var einn til orku,
ormbekks, með gram þekku.
Kómu árar aumir
inn benstara minnis,
þar er Guðmundr greindi
góð verk, þrimu sterkrar.

Báðu byskup meiðar
byrhrafnis í guðs nafni

heiðs ok hilmis móður
himins ölmusu fimrar.
Spurði grepp, sá er gerði,
glóðeims at fésjóðum,
ei var auðs á mýgi
uggr, Krists limu hugga.

Njörðr kvað eftir orðit
ítr leygs vera þeygi,
„eyðist silfr í sjóðum,“
svanbingis at penningum,

„nema skál sú, er hirð hælir,
hvít, at ei sé lítil,
örr ok yðr nam herra
ættstórr gefa Þórir.“

„Okkr skal eigi þykkja
ofgóðr, himins fróðum,
þræll kvað þengils, bolli,
þýðr, guðs vera lýðum.
Því gjöf, sem helzt hæfir,
hlýrns greiðu vit, fyrir
meiðr hygg at því móðu
mætr, heimstöðu gæti.“

Ker lét handa hyrjar
hlynr snarpliga varpat.

„Skipt nú, skjöldungr leiftrar,
skál,“ kvað eyðir tála.
Svell brast, skildingr olli
siðvand, í þrjú handar,
árs því, at allir váru
ölstafns hlutir jafnir.

Fóru Fundins hyrjar
flaums þakkandi aumir
Gautar vænum veiti
víns ástgjafir sínar.
Gerst mun hlýrna hæstra
hildings vita mildi,
góðr hvat guðs til náða
Guðmundr hefir stundat.

Svo stendr skrifat í bókum, at í þessari síðustu utanferð vann herra Guðmundr svo mæta hluti ok mjök ágæta, bæði með virðuligum verkum ok spásögum, at eigi gleymist með norrænum mönnum, heldr lifir þar hans minning án afláti, þótt sakir fáfræði kunnim vér eigi letrliga setning þeirra tákna utan þat eina þrennt sem hér stendr næst:

Miðil Þrándheims ok Björgynjar liggir sá sjár, er heitir Hjörungavogr. Þar barðist forðum Hákon Hlaðajarl við Jómsvíkinga. Í þeim stað varð svo mikit undr, at einn ormr með tólf lykkjum flotnaði upp ór sjánum ok lá oftsinnis um þveran voginn, en leyndist stundum í kafi ok kom þá upp, er verst gegndi mönnum ok skipum, því at inn á voginn var gott lægi. Fekk því margr hér fyrir óhagligan steyt.

Nú berr svo til, sem herra Guðmundr siglir sagðan veg, at skiparar vildu gjarna fá lægi á Hjörungavogi, ef óvinrinn bannaði eigi, en nú hittir eigi til vænligar en þeir sjá allir orminn uppi liggja þvert yfir voginn.

En er herra Guðmundr heyrir klið ok kurr Austmanna ok undirstóð, hvaðan leiddi, talar hann svo: „Legið til hafnar, sem yðr lystir. Guð mun til gæta.“

Skiparar treystu svo mikit í hans orðum, at þeir leggja at voginum, ok sem skipit nálgast orminn, gengr byskup fram í lokit með bæn ok vígt vatn ok dreifir fram yfir ormslykkjuna. En er skipit rennr fram í staðinn, lægist ormrinn undan, svo at liðugr veigr veittist inn á höfnina, lágu þar um náttina, en um myrgininn mátti sjá mikit verk himnakonungsins. Ormrinn var bolaðr sundr í tólf stykki ok svo kastaðr land. Varð þar aldri ævinliga mein at því skrímsli ok engu síðan þvílíku.

63. Frá fjarsýn Guðmundar ok brunnvíglu.

Annan tíma berr svo til, sem herra Guðmundr ferr landveg austan um Kjöl ok markbyggðir it efra til Þrándheims, at hann tekur gisting á þeim bæ, er á Vangi heitir, dvelst þar eina nátt ok ríðr þaðan næsta morgin yfir stóra mörk, er kallast Vangskógr. Þar tekur þá æðistormr, svo at hestar fá varla stýrt sér. Ruglast þá ferð byskupsins, því at hverr leitar fyrir sér, þar til er borðprestr herra Guðmundar leiðir hugsan, hversu flatliga þeir fara, ef

engi sæmir við formanninn. Því snýr hann aftr í veg, þótt hart blési í mót, ok sér um síðir, at herra Guðmundr sitr á hesti sínum ok stendr á móti austrætt. En er þeir finnast, sér prestrinn, at hann hefir sútfengna ásjón.

Því talar hann svo: „Ek bið fyrirláts gleymsku minnar, bið ek þar með, at þér segið mér, hver ógleði angrar yðr nú.“

Byskupinn svarar: „Kalla má, at harmr þessi sé mér nokkut fjarlæggr, en þó er eigi glatt at sjá, at veraldarmenn óskriftaðir steystist niðr í sjó.“

Prestr spyrr: „Hvat er um þat, minn herra?“

Byskup svarar: „Óláfr bóndi af Berudal, er þú munt heyrt hafa nefndan, tíu tigur manna ok tveir týndust á þessari stund í sjó, ok með því at drottinn minn virðist mér þenna hlut sýna, bað ek miskunnar fyrir þeirra sálum, er svo skjóttliga kölluðust af heiminum, ok svo bið ek, at þér gerið allir samt. Munuð þér fréttu þessi tíðindi enn greiniligar, sem vér komum í kaupstaðinn.“

Eftir svo talat ríða þeir sinn veg. En er þeir koma til bæjarins, prófa þeir alla hluti svo orðna, at Óláfr bóndi tapaðist á sömu stundu með svo margt fólk sem fyrr var sagt.

Í Nóregi út af Sogni ganga tveir dalir mjök stórir ok fjölbyggðir, Sóknadalr ok Læradalr, en upp af þeim stendr byggð við fjallgarðinn, er landsmenn kalla á Tálgi. Í þessari byggð voru þenna tíma reimleikar svo miklir, at byggðarmenn þóttust nálíga upp eyddir. Heitit var fyrir áfelli þessu, ok varð þeim fjöndum eigi á flóttu komit, heldr var þeirra yfirgangr því meiri ok mönnum óbærri.

En sakir þess at frægð herra Guðmundar flaug nú í hvern dal, sækja þeirra byggðar menn á hans fund, sem hann ferr yfir land þar í nánd, ok tala svo: „Þú blessaðr byskup,“ segja þeir, „legg oss gott ráð, því at vér eigum at þreyta við fjandr sjálfa, er eyða undan oss lönd vor ok óðöl. Má þar réttlíga segja, at vér megum hvorki óhræddir fara síð né snemma.“

Herra byskup svarar: „Synir, verið hugsterkir. Guð mun græða. En sakir þess at ek er nú farfúss, má ek eigi ríða yfir jarðir yðrar. Því mun ek vígja yðr brunn, ef þér vilið, en vatn ór þeim brunni skuluð þér sjálfir dreifa yfir landeign yðra, ok mun batna, ef trú bilar eigi.“

Þeir taka þetta ráð með þökkum. Vígir hann brunn ok ferr brott síðan, en héraðsmenn gera eftir hans tillögu, bera vatn um hús ok herbergi, eng ok akra ok hvervetna um sínar byggðir til inna yztu endimarka.

Fór eftir guðs vinar orðum, því at allr sá fjandaflokkur flýði brott, svo at héraðit var alhreint alla götu síðan. Veittu þeir ok þeirra eftirkomendr fyrir þenna atburð mikla vegsemd inum góða Guðmundi byskupi ok hans vígsluvatni allt til þessa dags.

64. Útkoma Guðmundar byskups.

Eftir Þóri erkibyskup framliðinn af veröld vígðist Sigurðr, áttandi *Nidrosiensis* erkibyskup. Sér nú Guðmundr byskup með ráði herra erkibyskups, at sá einn mun til at vitja Hólakirkju, þótt eigi sýnist vænligt um frið eða hlýðni. Því tekr Guðmundr byskup orlof, sem hann hefir setit fjóra vetr í Nóregi, siglir fyrst til Björgynjar snemma um vorit ok biðr þar skipagangs. Hefir svo guðs mildi gengit um byskupsins kost, at hann býst ríkari á brott en hann kom.

Sem Íslandsföru eru búin og skiparar leysa eftir á næsta dag, ef til fellr, gengr byskup til Máriukirkju ok felr guðs móður á hendi allan sinn veg bæði fyrr ok síðar. En á næstu nátt eftir birtist honum blóm heilagra manna, blessuð jungfrú sankta Mária, með mikilli blíðu ok hunangligri orðræðu, sem eigi er manns at greina. Sagði hún honum marga hluti fyrir, bæði óorðna ok umliðna mjök í fjarska. Ok þá er herra Guðmundr byskup sagði vitran þessa æðstum sínum trúnaðarmönnum, lagði hann þat til, at drottning himins ok jarðar gaf honum sína blessan at skilnaði. Eigi viljum vér vísdóm á bera, með því at eigi finnst skrifat, hvort signuð guðsmóðir hefir í þeirri vitran sagt honum þat, er hún hafði litlu áðr birt, af upprisu síns líkama, en þat er vísvitat, at herra Guðmundr bauð þar um einum klerk, kærasta sínum vin, ef sú nýjung kæmi skrifuð til Nóregs, skylda honum senda til Íslands þat sama skrift, sem skilríkast mætti hann fá. Er þat eflaust, at þetta gerðist í síðustu utanferð hans, ok þat bréf kom til Íslands, sem síðar mun greinast. Gefum vér þat mál upp á guðs vald, hvort herra Guðmundr heyrði þat í fyrstu af munni vorrar frú eða dauðligs manns.

Sigldi herra Guðmundr á sama sumri til Íslands ok tekr land þar, er Borðeyrr heitir í Hrutafirði, er fyrr var nefndr.

Mjök fljótt, þegar hann stígr fæti á landit, gengr at honum ein kona ok biðr ölmusu.

Herra byskup kennir konu þessa, at hennar bóndi var einn af fylgdarmönnum Sturlunga í Grímseyjarferð. Því svarar hann svo: „Þykkir þér bóndi þinn makligr, þótt nú sé hann undir lok liðinn, at ek gefi fé börnum hans, því at nær stóð hann Sturlu en mér í Grímseyjarför?“

Konan svarar: „Hvat mun ek mín njóta né hans, heldr þess huggæðis, er þú veitir öllum mönnum, er þik sækja í sínum þröngslum?“

Herra byskup svarar: „Far suðr yfir heiði á þann bæ, ef þú vilt þiggja hálfu kvígu, er vorri frú ok mér var gefin í vetr, þar með legg ek þér tíu aura varnings, ef þú leysir kvíguna til þín.“

Konan svarar: „Hverr sagði þér, minn herra, at þér væri kvíga gefin, með því at þú fannt engan mann til frásagnar á landi? Þykkir mér mæða mikil at fara suðr um heiði, ef erindit eyðist.“

Byskupinn svarar: „Sé ek nú, at þú rennir grunum á mína sögn ok lokkar mik svo til gjafa. En far nú, ef þér líkar, ok haf frjálsa þá tíu aura, er ek gaf þér. En ef þik brestr nokkut í sögn minni, skaltu eiga hjá mér jafngóða kvígu sem ek saða þessa vera.“

Konan verðr grátfengin ok biðr þann umbuna byskupi, sem einn gefr öllum góða hluti. Ferr hún veg sinn ok finnr utan fals, at herra Guðmundr var mjök trúlyndr bæði með orði ok verki. Naut hún ok hans gjafar bæði vel ok lengi. Má þat líkligt þykkja, at þenna *casum* hafi vor frú sagt vin sínum meðal annarra hluta.

65. Spádómasagnir um byskup.

Herra Guðmundr byskup ríðr frá skipi norðr í sýslu sína ok allan beinan veg heim til Hóla. Verða frændr ok vinir ok einkanliga fátækir menn hans tilkvómu fegnir, því at mjúklæti hans ok linkind stóð in sama ok í öðru lagi byskuplig einurð mót vondum mönnum, svo at fyrir enga þrýsting þrekaðist hann um aldr frá réttri hirting. Því ferr hann fram móti þeim, er eftir lifðu ok svara máttu sínum glæp í Grímseyjarfö, setr þeim bæði föstur ok fépínur. Líðr þá eigi langt, áðr gömul óhlýðni ofrar sér, ok veik iðran iðrast yfirbótar ok fær síðan verra fall en fyrr, því at fyrir því líkra undirrót ok rangan óvana hérðsmanna í Skagafirði hófst sami kurr í móti byskupinum af eyðslu hans ok óhagligri skipan mikils mannfjölda. Því taka þeir þat ráð, sem samdi sízt, at gera orð Sighvati Sturlusyni, at hann taki nú enn í tauma með byskupi. En því leita Skagfirðingar til Sighvats at meingera byskupinn, at Arnórr, formaðr þeirra, var undir lok liðinn ok hans sonr, er hét Kolbeinn ungi, eigi fullroskinn at taka þá erfð eftir feðr sinn at útlægja Guðmund byskup. Var því Kolbeinn ungi á þessum tíma í siglingu meðal Nóregs ok Íslands, því at faðir hans leifði honum lítit góz í heiminum, ok því varð hann at ryðja sér til rúms, sem síðar mun getit.

En svo sem af líðr vetr ok herra byskup verðr viss, at Sighvatr er egndr enn af nýju á hans skaða, vill hann heldr hliða undan en bíða þess manns heima, er hann vissi sízt virða fyrir sér at hlaupa í eldinn, ok því ríðr hann sem vorar í vestra hluta lands í syðra byskupsdæmi. Fór nú sem fyrr, at hverr góðr maðr, sem hann tók eða hans fólk með vildustum föngum, fekk bæði, sem trúist, stundliga umbun ok þar með eilífa, því at guð sýndi þat í mörgum stöðum með ágætum verkum, at hann gaf þeim blíða þökk, er frjálsliga fæddu þann signaða gest, þótt vér kunnim fátt greina af stöddum atburðum.

Svo berr til einn dag, sem herra Guðmundr gerir sinn veg með margt fólk ok hefir skipat gisting sína sama kveld hjá einum bónda sínum kærum vin, er búgarð átti nærri sjó, at nokkurir tala með hans fylgd, at betr sé gert við bóndann, ef þeir ríða eigi á óvart upp á hans garð.

Þá svarar herra byskup: „Látið kyrrt vera, guð mun fyrir búa ok senda vin sínum góðan rétt, at ekki mun skorta.“

Eigi brást þat, er byskup sagði, því sá beztu hvalr, er reyðr heitir, var renndr upp á reka bóndans, sem herra Guðmundr reið í garð. Fekk bóndi þá tvennan fagnað: herbergði góðan gest ok gladdist af ágætri guðs gjöf.

Í annan tíma berr svo til nokkut líkt, at hann sitr með alla sína fylgd eigi minnr en sjau nætr hjá einni vinkonu sinni, er byggðir átti sjó nærri. Var með þeirri húsfrú svo mikill örleikr, at engri sinni eign þyrmdi hún fyrir skyld byskupsins.

Því kemr hún til hans eftir svo langliðit sem áðr var sagt ok talar svo: „Minn herra,“ segir hún, „kost okkarr grynnist á garðinum, en ek á kým tvær feitar, ok þær skulu fá báðar slag á þenna dag.“

Herra byskup svarar: „Guð mun umbuna þér, sæti mín, hversu trausta vináttu þú veitir mér, því at í hennar verð veitir þú alla þína aura blíðliga, en þó vil ek ráða, at eigi skal kýmna drepa, því at mín frú, sankta Mária, má leggja okkr þá gleði, at búi þínu falli léttara, því at eiga muntu nokkvern ein samt.“

„Sannliga, herra minn,“ sagði hún, „á ek reka fyrir landi mínu ok svo óheppin, at aldri kom rekald á í manna minnum.“

Byskup svarar: „Gefum eigi því gaum, því engi hlutr er guði um megn.“

Líðr næsta nótt, ok árla myrgininn talar byskup: „Farið, piltar, ok sjáið yfir reka húsfreyju. Mik hefir fengiliga dreymt í vor.“

Þeir fara ok bera aftr þau tíðindi, at yfir þat grunn eða útfiri, sem liggr undan landinu, var rennd sú vænasta reyðr, sem varla sá maðr þvílíka ór hafi koma. Var hún ok fyrst ok síðast á þann reka, eftir því sem bækr segja, hvar fyrir lof ok dýrð vorum herra eilífum konungi allra veralda.

Enn var sú önnur húsfrú, er tók herra Guðmund með allri blíðu ok bazta kosti, ok þann tíma, sem guðs maðr skal af garði ríða, biðr hann ganga um sín herbergi, blessa kost hennar, segist trúa, at allir hlutir batni með hans blessan. Byskup gerir sem hún biðr, gengr í matbúr hennar ok sér yfir, stóð þar á íslenzku stórt ker með búnyt, ok í öðrum stað smjörspann vel mikit. Þetta bæði signar guðs maðr ok ferr síðan brott.

En tíma síðar koma ránsmenn í þá sömu byggð ok taka með ribbaldaskap þat bændr áttu, einkanliga mest þat, er búkosti til heyrir. Grafa þeir gráðugir vargar fast eftir, hvat smjörkaup væri bezt í byggðinni, en sakir þess, at þat er háttir í vesöld, at hverr víkr í frá sér, verðr þeim sagt, at húsfrú, er vér gátum, er fullrík þar um. Þeir koma til hennar ok fala smjör. Hún segist engi kaup með þeim gera munu. Þeir segja, at þá skal hún svo láta at hafa illt eitt í mót. Hún segir þat munu fara sem auðna fellr til. Þeir hlaupa inn í bæinn ok spyrja, hvar matbúr er. Hún biðr tröllin vísa þeim veg. Þeir finna dyrr ok brjóta upp ok ganga fram í húsit ok sjá þar ker stórt. Sýnist þeim þar í afskurðir ok skinnleppar, en ekki matvænt. Innar í krá sá þeir standa í skugganum grjótklett gráan. Hann er svo harðr sem hégettill fyrir öxarhrynum, sá er mest óbergan kann verða. Ribbaldar segja þá, at þat mun smjör vera, þótt þeim sýnist grjót, sakir fjölkynngi þeirrar herjans kerlingar. En hvat illt sem þeir tala, hafa þeir svo búit, því at drottinn minnist bænarorða síns elskara ok varðveitti konunnar góz með sínum almætti, svo at eigi lét hún eins penningr verð. Fóru ránsmenn brott með bannan, en hún lofaði guð, er ríkir um veraldir.

En svo margra líkamliga ölmusu, sem herra Guðmundr framdi við fátæka menn guðs, vóru þær þó litlu færri hans ölmusugerðir, er þurftugir þágu fyrir andligan kraft hans voldugra verðleika.

Svo bar til einni fátækri konu, er átti börn mörg í húsi ok matarkostr var eigi meira en einn sauðarlimr. Þar með átti hún einn kálf, ok hann vill hún nú skera. Var þar brunnr herra Guðmundar í nánd henni, ok tekr hún vatn af brunnum ok gefr honum drekka, festir síðan upp stóran ketil, ok lætr þar í svífa kálfinn ok sauðarliminn, ok þá er hún skal upp færa, er ketill fullr með feiti, svo at hún bar enga skyn yfir, utan allt þat vatn, er hún bar í ketilinn, væri orðið sú feiti, sem kjötit kann ákafligast af sér gefa. Var þetta samt svo mikit fullfengi, at hún ok hennar börn máttu vel haldast.

Sú var önnur kona, er enn sat í nákvæmd við brunn herra Guðmundar, ok eitt vor sækir hana ok hennar börn mikit hungur. Tekr hún vatn ór brunnum ok setr yfir eld, kastar þar yfir síðan þat gras, er margir menn hafa til lífs næringar í því landi, ef einföld mjólk eða betri kostr ferr

með. En hér varð móti náttúru, þá er vatn herra Guðmundar samtempraðist grasinu, ok snerist þeim í fæðslu, er fátækr var, fyrir hægri handar skipti græðara vors, Jesú Kristi.

Sú var þriðja ölmusukona, er sat á sömu leið með mörg börn í húsi svo meinliga þröngd, at öll líkamlig næring var uppi. Gráta þá börnin sárliga í ásjónu móðurinni, því at hungur kvaldi þeirra kvið. Móðirin leitar að hugga þau með orðum ok vinnr þat eigi. Síðan tekr hún ráð annat, segist í stað skulu til fara ok festa upp ketil ok sjóða. Börnin hlakka þá ok huggast, setjast umbergis eldinn ok hyggja gott til matar síns. Móðir þeirra lætr vatn í ketil, ok þar í niðr skýtr hún elditorfi með svo klókligu yfirbragði, at börnunum mátti líkligast þykkja sem kjöt væri. En rétt á sömu stund sem varma tekr í katlinum, heyrir konan sagt, at herra Guðmundr Hólabyskup ríði þar um garð. Hún tekr á rás fram á veginn fyrir hann, tjár grát ok hungran barnanna með eynd ok öreign, segir ok, hvat hún hefir gert þeim til hugganar.

Byskup svarar: „Sannliga þykkir mér þú mjök ráðleitin at hugga börnin. Legg ek þat til, at þú farir inn til sýslu þinnar, en ek skal biðja mína frú, at hún veiti þér huggan.“

Skilja þau, ok ríðr herra byskup sinn veg. En er hún kemr inn til elds, hlaupa börnin at henni ok fagna, segja, at vel sé soðit í katlinum ok mál upp at færa. Konan gengr til ok sér dásamligan hlut, at ketillinn flýtr ofan með kjötligri feiti fyrir þá grein guðligrar miskunnar, at torf var í brott horfit, en hann fullr með kjöt. Var þat síðan svo drjúgt upptaks, at börn höfðu inög, þar til aðrar guðsgjafir kómu. Er þessi hlutr svo frægr, at eigi má fynast.

Hér um kvað einarr Gilsson þrjár vísur, ok er þetta upphaf:

Ljós var hrings í húsum
Hörn með sínum börnum,
stríð lá þorns á þýðri
þöll, hungruðum öllum.
Ketil réð fús at flytja
fári hrelld at eldi,
trölis, af torfi fullan,
tundr lagði Sif undir.

Glöddust jóð, en eiðu
æ var þjósti í brjósti,
svöng til fóðrs ok fanga
fús, er rauk í húsum.

Einn morgin árla, sem herra Guðmundr er varla klæddr ok sitr í náðhúsi á einhverjum bæ í sömu reið, sem fyrr var byrjuð, kemr einn lítill piltr inn farandi alnöktr ok kallar á byskup í ákafa, at hann gefi honum nokkut til klæða.

Herra byskup sér upp á hann litla hríð ok talar síðan: „Áttu ekki klæðakyns, son minn?“

Piltrinn sagði svo vera.

Byskup talar: „Þá muntu þiggja vilja, þótt félítill sé fatagjöfin.“

Piltr játar því.

Byskup segir: „Far hér niðr frá bænum til torfa bónda, ok undir þeim stakkinum, sem first stendr, muntu finna fataleppa. Taktu þá ok kasta yfir þik, son minn.“

Piltinum finnst fátt um framlagit, ok þakkar eigi.

Byskup svarar: „Ek skal fá klerka mína tvo til ferðar með þér, at þú villist eigi vegar.“

Piltr stendr ok vill hvergi fara. Klerkar taka í hendr honum ok leiða hann nær nauðgan, koma niðr at stakkinum ok finna þar fataleppa.

Klerkar segja þá: „Þessi klæði gaf byskup þér, ok því far í.“

Piltr svarar: „Ekki gaf hann mér þetta. Ek kastaði hér niðr áðan, því at mér þótti engu nýt. Vildi ek, at byskup gæfi mér betri klæði.“

„Far þú nú,“ segja klerkar, „ok finn hann. Kann vera, at hann geri sem þú hugsaðir at bæta heldr um búnaðinn.“

„Eigi þori ek nú,“ segir piltrinn, „at finna hann, því at honum mun mislíka, er ek laug at honum.“

Klerkar segja: „Fara skaltu fyrir víst. Bera kann byskup meiri meingerðir hefndalaust.“ Þeir taka hann nú ok leiða hann til byskups.

Herra byskup talar: „Hví vildir þú, son minn, hégóma?“

Piltr svarar: „Því, at ek hugða mér til ávinnings, en eigi kann ek sjá, at Mária drottning eða þú gæfir mér þetta, er ek átti áðr.“

Byskup svarar: „Vorr drottinn ok hans signaða móðir gefa þér ok öllum alla góða hluti. Skaltu nú þiggja tólf álnar vaðmáls ok fara vel.“

Piltr verðr grátfeGINN ok segir, sem prófaðist, at Guðmundr byskup var ágætis maðr í mildi sinni. Er þetta spádómskyn því samlíkt í alla staði, er sæll Gregorius vottar í fjórðu bók *Dialogorum* af guðs manni Ísak.

66. Byskup sýndi kraft sinn á dýrum.

Þetta sumar, er áðr var byrjat, ríðr herra Guðmundr byskup til þings með þrjá tigu manna ok er með Snorra Sturlusyni um þingit með allt fólk sitt. Af þingi ríðr hann vestr til Borgarfjarðar ok er þar um sumarit. Drífr þá til hans mannfjöldi. Taka Borgfirðingar vel með byskupi nú sem fyrr, gefa honum yxn ok geldinga eða aðrar sæmiligar gjafir.

Á því sumri gerist í hans ferð sá hlutr, er brosligr má kallast. Þat er eitt kyn í því landi, at vargr er þar engi, en hér í mót fæðist þar með mikilli frjósemd þat fjalldýr, er menn kalla melrakka ok því svo, at þat dýr liggr í urðum ok brögðóttum fylgsnum ok veitir þaðan árásir sauðfé manna bæði vetr ok sumar með stórum skörðum. Eitt af greindum dýrum er komit í Borgarfjörð á þessu sumri með svo soltnum gráð, at bóndi sá, er skaðanum mætti, þóttist orðinn fyrir miklu áfelli. Ok sem þessi ógifta var inn komin, gistir herra Guðmundr á þeim bæ. Kærir bóndinn skaða sinn fyrir honum ok biðr hann ráðs.

Herra byskup svarar: „Líkar þér, bóndi, at ek vinni bót dýrabitinu?“

„Gjarna vil ek þat,“ segir bóndi.

„Kostar þik þat nokkurs,“ segir byskup.

„Hvat skal kosta?“ segir bóndi.

„Þú skalt gefa ölmusumönnum mínum tuttugu geldinga, þá er ek vel af öllu fé þínu.“

„Eigi nenni ek því,“ segir bóndi, „at gefa svo mikit.“

Byskup svarar: „Þú skalt ráða, en vilja muntu í myrgin þenna kost.“

Líðr náttin. Ferr sauðamaðr árla til fjár ok heim komandi segir hann bónda bitinn inn bezta forustugelding, er hann átti. Bóndi segir byskupi sem orðit er, – „eða hvat er nú góðra ráða?“ segir byskup.

„Ek vil nú gjarna þann kost, er þér buðuð í gær,“ segir bóndi, „því at allt mitt fé er upp gert, síðan forustusauðrinn er frá tekinn.“

„Held ek því, er ek bauð,“ segir byskup.

Lætr bóndi heim reka alla sína geldinga ok fær mann til at velja af byskups hálfu, biðr síðan, at byskup gangi til ok sjái sauðina. Hann gerir svo. Er þat einvala fé bæði at vexti ok holdum. Þakkar herra byskup bóndanum framlagit ok skiptir miðil vina sinna, guðs fátækra manna.

Síðan gengr byskup til kirkju með klerkum sínum ok leikfólki, skryðist til messu með klerkum sínum ok hefr upp með lágum tón þat *officium*, er bannsetning til heyrir. En at lyktaðri þjónustu gengr herra byskup til borðs ok er þann dag í góðum náðum.

Árla næsta morgin ferr sauðamaðr til fjár eftir vana ok finnr ekki dautt utan einn stóran melrakka nærri fênu. Hann prófar, hvat kappanum hafi orðit at fjörlesti, ok finnr, at hvert bein er brotit í honum ok sem brjósk orðit, svo beit hann bannit. Skildu þeir bóndi með mikilli vináttu.

Er þessi *eventus* nokkut þeim líkr, er Bernardus ábóti vann, þá er hann bannfærði stumpinn fyrir augum ríka manns, því at fyrir bæði þessi dæmi mætti skilja mjök vondr maðr ok óhlýðinn heilagri kirkju, í hvert bann ok bruna hann heldr sinni sál, þá er hann stendr með fullum sökum undir stórmælum byskupsins, er skynlaus skepna fær þvílíka bölván fyrir afl orðanna.

Hér skal fara með annarr hlutr, at þessir báðir sýni, hversu bænorð Guðmundar byskups báru mikit afl fyrir guði, svo yfir dýrum sem mönnum, hvort sem heldr er til lífs eða dauða. Bóndi einn í þeim hluta lands átti einn stóran rakka. Hann var svo vitr, at hann skildi með vana, hvat maðr bauð honum. Svo af fjöllum ok ór haga rak hann heim sauð ok naut einn samt, sem mælt var, berr heim til bæjar, hvat hann fann fémætt í haga, varði völl ok veitur með svo vökru varðhaldi nótt ok dag, at bóndanum þótti engi kýr svo góð sem hundrinn.

Nú berr svo til eitt sumar, at þingmenn koma þar í veg ok slá hestum sínum í veitur bóndans, er lágu niðr undir túninu. En er rakkinn sér þat, ræðst hann í mót heiman ok kostar at reka í brott hestana, en fær ekki at gert fyrir þess sakir, at hann var einn, en þeir margir. Bónði ferr þá til með húskarl sinn ok veitir honum, ok er þá búit til bardaga, því at þingmenn slást í með vopnum. Skilja þeir svo um síðir, at bónda líkar eigi betr en fyrr, því at þann tíma, sem þeir eru albúnir til brottferðar, slæmir einn þeirra brugðnu sverði á hrygg rakkanum, svo at náliga tvískiptir skrokkinn. Bónði bað fyrir þeim sem verða mátti, er þetta vann, en kastaði hræinu hundsins einum megin undir túngarðinn, því at þaðan skammt var samaneign þeirra. Þarf þat einkanliga í söguna þessu næst, at á þeim bæ var brunnr ins signaða Guðmundar byskups þar mjök nærri stöðu, sem rakkinn lá, ok þat féll í brjóst bóndanum án heiti nokkuru, at hann tekr horn fullt ór brunninum ok slær niðr í sárit, gengr síðan inn ok hugsar at heygja hundinn, þá er hann hefði tóm til, sem þá gerðu menn mjök í því landi, ef þeir vóru náttúrugripir í nokkru lagi. Annan myrgin, sem hann kemr í sama stað, er rakkinn allr í brottu, ok svo líða þrjár nætr. Ætlar bóndi þá, at ernir muni hafa brott borit.

En eftir svo langt liðit kallar heimamaðr bónda árla myrgins ok segir svo: „Hvat mun vera, bóndi?“ sagði hann, „ek þóttist heyra til rakka þíns uppi á húsum, ef þat mætti verða.“

Bónði svarar: „Engi hlutr er guði um megn, því at hann hjálpar alla sína skepnu.“

Þetta þarf eigi lengra, en þegar er bóndi kemr út farandi, rennr rakki hans ofan af húsum ok fagnar honum eftir vana. En svo sem bóndi hefr hendr til ok greiðir hárit, finnr hann liggja grætt ör um þveran búkinn, þar er áðr var eggbitit. Ok þó at þessi hlutr fremdist á óskynsamligri skepnu, má þat hverr maðr skilja því frammar, hversu dýrlegar vóru þess manns vígslur, er heitir herra Guðmundr fimmti Hólabyskup.

67. Byskup sat í Hvammi ok á Hólum.

At áliðnu sumri því sama, sem áðr var greint, kemr herra Guðmundr byskup heim til Þórðar Sturlusonar, vinar síns, ok sitr þar um hríð í góðum fagnaði. En nálægt vetri, sem herra Guðmundr er kominn þar, sem heitir Staðarhóll, ok hugsar þaðan at venda heim til Hóla, kemr kappinn Sighvatr vestr þannig ok hefr liðsdrátt í héruðum, greinir síðan þau orð byskupinum, at eigi fyrir háls né höfuð sinna manna skal svo djarfr, at hann ríði á héruð. Guðs maðr skildi enn sem fyrr, at eigi var hæg landtaka þar, er Sighvatr stóð fyrir á ströndu. Því vægir hann ok eflir setu í Steingrímsfirði, er fyrr var nefndr, lætr þangað flytja yxn ok allan kost, er honum gafst um sumarit. Líðr nú svo um *adventum domini*.

Ok sem þar er komit, fær herra Guðmundr svo mikla sótt, at hann liggir í rekkju þungliga haldinn. En er Þórðr, vinr hans, spyrr þau tíðindi, gerir hann son sinn til byskups ok býðr honum upp á sinn garð, ef þar mætti heldr sá kostr finnast, er hagligr væri hans krankdómi. Herra byskup þiggir þat boð. Var hann svo mjök sótttekinn, at hann fluttist í börum. Létti þá brátt síðan með vilja guðs, ok sat hann með Þórði um vetrinn. Hélt bóndi hans fylgd ok fátæka menn svo stórmannliga, at allt samt fólk á garðinum var eigi færra en hundrað.

Í því öðru mátti lýsast, hverja vináttu Þórðr veitti Guðmundi byskupi, at honum lá eigi léttara hans útleð en sjálfs síns meingerðir, sem merkja má í því, er fylgir. Þessir bræðr, Þórðr ok Sighvatr, vóru mjök missáttir. Leiddi þat bæði til af fjárskipti ok fleirum greinum. En einkanliga sök hafði Þórðr með báða feðga, Sighvat ok Sturlu, þat var falslaus vinátta við Guðmund byskup, er hann veitti honum jafnan. En þá er góðgjarnir menn gengu í milli um sættargerð, fyrirtekr Þórðr at semja nokkura sætt við bróður sinn, nema þar fari með frjálsi

Guðmundar byskups, at hann fari liðugr til stóls síns fyrir ónáðum Sighvats, ok þat verðr samit í síðustu um vorit, at bræðr sættast, en byskupinn skal fá sæti sitt bardagalaust. Vendir guðs maðr þá í veg til kirkju sinnar. Ok áðr hann ríðr af syðra byskupsdæmi, sættust þeir Sturla Sighvatsson. Var Sturla síðan viljugr til vináttu herra Guðmundar. Sitr herra Guðmundr heima þat sumar ok vetr eftir í góðum friði.

Um vorit ríðr hann í sýslu sína. Segist, at í þessum veg gistir hann eina frænkou sína, er orðin var fyrir miklum harmi, því at son hennar hafði horfit braut, svo at engi hlutr spurðist til. Þetta kvein berr hún upp fyrir frænda sinn, byskupinn, ok biðr hugganar, segist hafa mikinn sorgar létti, ef hún vissi, hvat piltinum væri orðit, þótt hún mætti aldri sjá hann. Herra Guðmundr leitar undan alla vega, segir, at sú vissa verðr henni harms næring heldr en huggan.

Þar til þyngar hún byskupinn, at hann segir um síðir: „Nú ræðr þú, frændi, bæn þinni óþarfri, en vit, at hér í hólnum fyrir ofan bæinn var son þinn. En nú í dag nenni ek eigi at kalla hann þinn son, því at hann er þér ólíkr orðinn, en nauðigr geri ek at angra þik, en þó veldr þú sjálf, því fyrir þann kost er þú veitir vesalingum mínum, væri þú annars maklig. En hvat er um á þá, er hér fellr hjá bæ þínum, fylgir engi laxveiðr þinni jörð?“

Hún svarar: „Um laxveiði er eigi at tala svo snemma tímans, en sannliga á ek veiðina.“

Byskup svarar: „Lát taka net þín ok draga, en ek skal ganga til ok sjá, hvar mér sýnist fiskligast.“

Svo gerist móti náttúru ok vana landsins, at í þeim árreit, er húsfrúin átti, var sú vænasta laxveiðr um vorit, svo at henni tvígildi heima allan þann kost, er hann ok guðs ölmuður höfðu þar haft.

Berr hér annarr hlutr með nokkut líkt. Einn lítill bóndi kom til herra Guðmundar ok býðr fram eina kú, er hann átti, at gefa voluðum mönnum herra byskups. Hann þiggr gjöfina, en þar nær stendr ríkr bóndi ok talar svo: „Eigi stendr, herra, at þiggja af svo fátækum manni, því at hann á nægri börn en kýr.“

Herra Guðmundr svarar: „Kæri minn, hví skal ek eigi þiggja, því at fleira gagnast til mannfæðu en ganganda fé?“

Sama dag fara synir þessa sama manns nærri á þeirri, er faðir þeirra átti, ok sjá einn stóran lax við landit ok fá tekit með höndum sér, segja föður sínum, sem hann kemr heim af fundi herra Guðmundar.

Bóndi svarar: „Vera kann, at orðin byskups vors hafi framkvæmd, er hann kvað fleira til fæðu en kýr einar, ok er lax þessi svo góður, at eigi mun hann enn samt verit hafa. Er þá sýnt, hvat Guðmundr má þiggja af guði, er laxveiðr kemr þegar til vor móti eðli landsins. Skulum vér fara í myrgin með net vor.“

Svo gerir hann, en hvat lengra, laxveiðr er komin í á hans með því megni, at hann selr til mikils fjár um sumarit, svo at vel þrjár kýr tók hann í mót einni.

Herra Guðmundr ríðr til þings þetta sumar. Í þeirri ferð gerði Sturla honum þat fyrsta vináttubragð, at hann sendi mikinn ok góðan kost á veg fyrir hann til ölmuşugerða, því at allir menn í landinu, vinir ok óvinir, vissu þat, at Guðmundi byskupi þótti sér þat mest veitt, at

volaðir væri huggaðir fyrir hans skyld. Lagði Sturla af með öllu at vera mótgangsmáðr herra Guðmundar upp frá þessu. Er ok sannliga sagt, at byskupinn hafi svo talat til hans, at Sturla væri dugandi máðr í mörgu lagi, ef faðir hans væri nokkru líkari kristnum mönnum.

68. Byskup fór at gistingum.

Því sumri, sem nú var greint, kom út Kolbeinn ungi, er til verðr skipaðr at gera enda allra þeirra ónáða ok eynda, er herra Guðmundr hefir þolt í sínum byskupsdómi. Hann sitr næsta vetr með Sighvati, mági sínum, en um vorit ríðr Sighvatr til Skagafjarðar með honum ok leitar með bændr, ef þeir vilja taka Kolbein til höfðingja í stað föður síns ok gerir honum bú á í kosti sínum. Víkjast bændr undir þetta mjök blíðliga, því at þeim sýnist vonligast, at Kolbeinn verði kynlíkr feðr sínum at hrinda með harðri hendi þann þunga, er þeir kallast bera fyrir fjölda fólks Guðmundar byskups at Hólum. Því gera þeir Kolbeini bú á sama garð, sem faðir hans sat forðum. Hefir Sighvatr ráð Kolbeins mjök í höndum, meðan hann var yngri, en þegar hann þykkist fullroskinn, réttir hann af sér okit ok gerist ofsamaðr mikill, snýr ok þangat sínum ofrgang eftir dæmi feðr síns, sem minnst mátti honum sama, þat er að snúa sín harðindi upp á byskupinn ok veita Skagfirðingum fyrir búkostinn. Ok sakir þess at gull er æ því glaðara sem þat prófast betr í eldinum, þolir vorr drottinn Jesús, at hans þjónn, Guðmundr byskup, sé enn mæddr ok út borinn af sínum réttarbótum, at eftir hans mæðusamligt líf bæði fyrr ok síðar í náverandi veröld verði hann því háleitara höfuðgull í endalausri veröld með völdum vinum himnakonungsins. Héðan leiðir þá endaliga ofsókn, er Kolbeinn ungi hrærir móti byskupinum með þeim harmi ok hólmgönguboðum, at byskupinn sér engan veg annan í friðkaup sinna manna en lúta undan ok leita norðr í sveitir í sýslu sína. Voraði þungt, ok vóru kostir manna óhægir, en byskup ríðr heiman litlu eftir páskir ok hefir fjölda fólks bæði frjálst ok fátækt.

Svo berr til í þeim veg, at byskupinn gistir einn bónda, góðan sinn vin. Var hann bóndinn klókr máðr, vinsæll ok vel ríkr. Hann tekr heiðarliga byskupinn með vildustum föngum. Þar vóru frjáls herbergi, því at húsbóndi þessi kann góða stjórn. Greinir hann í tvo riðla byskupsins skara, skipar alla frjálsa menn hjá honum sjálfum, en fátækum mönnum skipar hann hús annat ok veitir þeim þar svo góðan kost, at allir höfðu fullfengi. Vóru menn kátir um kveldit í byskupsstofu, því at öllum líkaði vel, utan einn herra Guðmundr er mjök hljóðr. Þat skildu eigi óvitrir, því at bóndi var allkátur ok þó vin byskupsins. Húsbóndinn lætr um kveldit sem eigi viti hann, hvat veldr ógleði byskupsins. En á næsta dag eftir, sem herra Guðmundr er undir borð kominn ok vist inn borin, gengr bóndinn fram af stofunni til þess fátæka manna húss, er áðr var getit. Hann spýrr, hversu þeim líðr. Þeir segja svo líða sem guð umbuni honum eilíflega.

Bóndi segir: „Sé þat nokkurt í, at yðr líki vel, vilda ek þiggja af yðr laun þegar í hönd.“

Þeir svara: „Hvat munum vér öreiga sálugir menn sjá móti þínum velgerðum?“

Bóndi svarar: „Fleira gagnast mér en fé. Litlu síðar en ek geng héðan, skuluð þér allir taka dik vægðarlaust í stofu byskups. Þér skuluð rífa mat af diskum ok hlífa engum manni, hrekja svo byskupsins mat sem allra annarra. Geymið engis manns ávít eða umvandan nema mín, þá er ek vil til leggja, en hér á móti játa ek yðr svo góðan kost, meðan byskup sitr.“

Þeir játa honum þessu ok eru þó tregir, því at þeir skildu eigi undirstöðu. Gengr bóndi síðan brott, en litlu síðar lýstr undir dyn þeim, at margir í stofunni hugðu ófrið fara. Stendr því næst

inn straumrinn með þat hark og háreysti, rif ok slit umbergis, sem eigi var lítit um, þar til er slær í árásir, bann ok bölvan. Þolir herra byskup þegjandi, þar til orðalag versnar.

En engi þeirra gefr gaum, hvat byskup segir.

Húsbóndi gengr fyrir herra byskup ok segir svo: „Verið nú glaðr, minn herra, því at ölmusur yðrar eru nú inn komnar. Ek fann í gærkveld, at þeirra fjarvist ógladdi yðr mjök, en nú megið þér sjá, hversu þeir halda stofuna.“

Herra byskup svarar: „Guð umbuni þér, minn kæri vin. Fyrirlát mér þrotleysi mitt, því at svo er betr sem þú skipar.“

Bóndi svarar: „Eigi dregr mér stórt um, því at ek em ríkr maðr, en hugsa mætti héðan af, hvat honum líðr smábóndanum, þar þér komið til garðs. Þótt hann hafi kost at gefa yðrum frjálsum mönnum, ofbýðr honum þessara yfirgangr, sem nú standa hér. Nú trúi ek ok sannliga, at svo mun guði bezt líka, en vel mætti fljóta fátækr maðr, þótt hann hefði með stjórn nauðsynliga hluti, ok svo skulu yðrir vinir hafa, meðan þér sitið hjá mér. Látið ok yfir sjá einhvern, ef yðr grunar þar nokkut um.“

Ok nú segir hann bóndinn til fátækra manna: „Út allir í stað, ok sukkið eigi framar.“ Þeir fram á hurð með hans fyrstu tillögu.

Herra Guðmundr segir þá: „Nú er þat vottr þinn, vinr minn, hversu þú gerir, því at eigi hefði þeir sálugir svo virt þína tyftan, nema þeir væri vel haldnir.“

Var herra Guðmundr þá allkátr, meðan hann var með þessum húsbónda. Lofuðu margir hans vitra tiltekt, því at guðsmaðr fekk eigi fyrir ástar sakir hirting á komit, svo framt sem sumum þótti tilheyriligt um fátækra manna framferð. En svo sem bóndi þessi sagði sína trú, at þat mundi guði bezt líka, sem byskupinn gerði, prófast í mörgum stöðum sögu þessarar, hverja umbun vorr herra veitti þeim þegar í hönd, er herra Guðmund glöddu með gjöfum, fátækra manna ölmusu, ok enn mun sýnast í því sem eftir ferr.

Nærri hvítasunnu kemr herra Guðmundr byskup til annars bónda, er búgarð átti nærri vatni stóru. Var þar í veiði mikil, þá er tímaliga féll, en þetta sama vor lá mikit hallæri mað því sama vatni, svo at nálíga fekk engi byggðarmanna búðarverð.

Nú á laugarkveldi fyrir *penecostern*, sem Guðmundr er kominn, segir bóndinn: „Ek á níu kýr allar vel hafðar, ok þar af vil ek slá einar þrjár fyrir ölmusur yðrar, en þér með yðrum frjálsum mönnum skuluð vera á mínum kosti yfir fram.“

Herra byskup játtar þessu gjarna. Eru kýrnar niðr lagðar, en sakir þrots í veiðistöð bóndans varð fátækt fólk herra byskups lítilliga fætt um kveldit. Gengu kjötin því harðara sinn veg um morgininn eftir, svo at sunnudagskveldit var með öllu yfir lukt. Herra byskup verðr víss, hvat líðr, ok vakir drjúgt á bænum um nóttina, sem æ var hans vani, til guðs. Sem tíðum er lokit á mánadaginn, gengr herra Guðmundr út af kirkju ok spáserar fram at vatninu, því at sjálf túnit var á ströndinni. Þar settr garðr með grjót til hlífðar á túninu, at vatnsbáran skyldi eigi brjóta mega. Þar yfir lágu vörpur bóndans til þurrku.

Herra Guðmundr segir þá: „Ek vilda gjarna sjá, hversu þér farið at veiðum norðr hegat á landit.“

Bóndi svarar: „Þat er mikit starf, herra, á þvílíkum degi.“

Byskup svarar: „Svo mun standa, at sæll Martinus lét veiða sér fisk til borðs á fyrsta páskadag, ok því sýnist mér þetta gera mega, er byskup býðr.“

Bóndi hlýðir nú, ferr til ok setr út vörpunar, ok verðr fyrir einn vænsti fiskr.

Herra Guðmundr lof guð fyrir ok segir svo: „Nú megum vér hafa grænan fisk í dag, en draga skuluð þér oftár. Þeir verpa í annat sinn ok þriðja ok fá svo fagra veiði, at fulla fjóra tigi flytja þeir heim til borðs. Varð þar glatt í fólki, því at fiskr var bæði stórr ok inn bezti kosti.

Annan myrgin eftir talar herra Guðmundr til bónda: „Ek vil ganga í dag at sjá veiðistöð þína í vatninu.“

Húsbóndi segist þat gjarna vilja. Sem herra Guðmundr kemr til, blessar hann veiðistöðina ok býðr fiskimönnum at slá netjum, en þat þarf eigi langt. Á lítilli stundu taka þeir fjögur hundruð. Var ok allan tíma sumarsins svo máttugr fiskigangr í bóndans reit, at hann kom varla nytjum á, ok þar yfir selr hann þurran vatnfisk meir en til þriggja kúa. Lofaði hann margan dag þann blessaða byskup, er honum veitti þvílíka hluti ok fagnað með sínum verðleikum.

Fer herra Guðmundr tómliga um sumarit yfir sýslu sína, ok sem haustar ok nótt er svört orðin, hefir herra Guðmundr sent fyrir sér til einnar vinkonu sinnar, at hann ætlar sama dag at gista í hjá henni. Hún býst fyrir með beztum föngum, bíðr um kveldit fram í myrkr, ok kemr byskupinn eigi. Þá tala nokkrir, at hann muni eigi svo koma síðla sem þá var orðit.

Húsfrúin segir, at óglöggk kunna þeir menn Guðmund byskup, er honum ætla umskipti sinna orða utan einhverja tálman. „Veit ek víst,“ segir hún, „at hann kemr, því at eigi brást mér hálftr orð í því, er hann sagði mér fyrr eða síðar.“

Því stendr hún úti með fólk sitt, sem myrktr er orðit, ok því næst sér hún ljós bjart í garðshlið, sem von var til herra Guðmundar, svo at langt af skein á vegginn, ok mjög litlu síðar riðr Guðmundr í þat sama hlið ok fær allblíðar viðtökur um kveldit. Húsfrú þessi virðir eigi langt, hvat kostrinn þolir, til þess at ölmusur herra Guðmundar hafí sínar nauðsynjar, lætr fara sömu leið naut ok sauði, svo at dagliga stendr hún at matgerð sem önnur Martha. Ok einn dag, sem herra Guðmundr hefir lykt morgintíðum, gengr hann með fylgd sinni fyrir þat hús, er hans vinkona stendr í starfi.

Byskup nemr stað fyrir dyrunum ok segir: „Hvat er nú sæti mín, mun eigi líða kvikfénu, ef svo lætr lengi?“

Hún svarar: „Annat elska ek meir en kvikfé, en þat er yðr þökk ok vinátta, því at hvat er mik kostar, vil ek henni halda.“

Herra byskup talar: „Fullt verðskyldar þú mína vináttu, en gefa má guð minn, at þú hafir eigi færri kvikfé í vor en þeir, er nú þykkjast sitja með fullum kostum.“

Svo gekk út sem guðsmaðr sagði, því at hún hafði heykost inn bezta, en fátt at fódra, ok því at hún hafði heykost inn bezta, en fátt at fódra, ok því seldi hún hey til beggja handa þeim, er heylausir voru, sakir þess at vetrartími var mjök harðr næst eftirkomandi. Fekk húsfrúin með þessum hætti fullbýli á sína jörð. Hún hafði í svo mikilli virðing verðleika herra Guðmundar,

at í þá sæng, sem hann vandist at sofa, þá er hann gisti hana, bar hún kranka menn, ok skipaðist æ jafnan til léttis á nokkvern veg. Svo ok fyrir þann stein, er byskupinn hafði vígt henni, urðu margar heilsuþætr. Hann gekk ok víða yfir landeign hennar, ok því segja menn, at sú jörð standi óbrigðlig með hamingju.

Nú svo mikit afl sem herra Guðmundr bar til at hjálpa sinni fylgd, tók hann eigi síðr af þeim oftliga í mót margar meingerðir, sem þeir væri honum í engu skyldugir. Ok því mæddist þessi maðr, byskupinn, framar dæmum, en bar allt með þolinmæði, at þá er þeir þröngdu hann mest með sínum óspektum, talar hann svo einn tíma, sem húsbóndi spurði, hvort hann vildi það hafa: „Menn mínir,“ segir hann, „hafa gert mér það ok launat mér vetrvist.“

Allt fram á langaföstu árgangsins liðr svo, at byskupinn fær engan kost fyrir Kolbeini unga at sitja heima, en þann tíma eftir *dominicum palmarum*, sem hann hugsar at sækja heim til stólsins at þeirri dýrustu hátíð, gengr Kolbeinn ungi út í móti honum, eigi svo sem sæmandi, heldr minnkandi, hvat er hann mátti, því at hann dreifir fjögurra vega alla byskupsins fylgd, en tekr sjálfan hann með tveim lærðum mönnum sem fanginn í varðhald heim til Hóla, mjök á líkan hátt ok faðir hans forðum, utan þat var hér léttara, at byskupinn hafði ljósa stofu ok mátti lesa tíðir sínar. Hann hefir nú ok hjá sér tvo lærða menn, frændr sína, ok hétu Þorkell ok Helgi. Þeir höfðu ungir til hans komit ok unnu honum sem lífi sínu. Urðu þeir báðir mjök langlífir menn eftir framför herra Guðmundar ok sögðu til hans svo marga merkiliga hluti, sem eigi finnast í bókum ritaðir.

Er þat vitat, at Þorkell lyktaði sitt líf með priorstétt í Þverárklostri norðanlands. Var hans framför merkilig ok mjök æskilig. Ok sakir þess at þat efni lýtr enn nokkut til lofs herra Guðmundi, skal þat setjast í þessum stað. Prior þessi var meinlætamaðr ok bindandis á sinn líkam, staðfastr í guðs lofi á dag ok nátt, því at hann hafði eigi meira svefn en náttúran beiddi.

En þann tíma sem hans endadagr nálgadist, talar hann svo einn dag, sem hann sitr ósjúkr millim bræðra sinna *in locutorio*: „Brott mun ek héðan ganga,“ segir hann. Ok því nærri sem hann kemr at dyrunum, leggr hann þetta til: „ok mun ráð, at ek bæti barinnar, ef ek skal fyrstr á liggja.“

Þat var undirstaða þessa máls, at sakir fyrnsku vóru barinnar mjök kostaðar, ok því, at hann priorinn var vel hagr á tré, gerir hann eftir sínum orðum. Hér með var þat hans vani, þótt hann héldi *prioratum*, at hafa vikuhold í kór með öllu embætti sem einfaldir bræðr. Stendr nú yfir hans vika at segja hámessur. Sem þetta gerist þann síðasta dag, sem hann lifði þessa heims, segir hann hámessu svo, at engi maðr sér hans krankdóm. Ok sem hann er afklæddr í skrudhúsi eftir messuna, segir hann svo munkinum, er las *evangelium*: „Nú þóttist ek verða vís í nótt, at Guðmundr byskup, frændi minn, má meira en sjálfum sér. Vil ek, at þú þiggir í dag þat, er ek mun senda þér yfir, því at eigi mun síðar kost.“

En þó at bróðirinn græfi eftir á alla lundir at fá fremri kynning þessa hlutar, fekk hann eigi orðit frammar en nú var sagt, því at priorinn fyrirtók. En raun bar vitni sannindum: Hann sendi bróðurnum eitt egg, sem hann hét, gengr síðan með *psalmum Miserere* út í kór eftir munka sið ok víkr fram yfir brik nokkura ok vors herra pínungarmark stóð yfir. Hér styður hann sik upp á ok hneigir krossinum, þá í stað örendr.

Lýkr hér frá honum at segja, ok því skal aftr snúa til herra Guðmundar.

69. Frá spádóm ok skyggnleik byskups.

Nú sem herra byskupinn þröngdist óaflátliga af yfirgirnd sinna undirmanna, gæddi himneskr faðir hans andligan kraft því frammar ok frábæriligar með spádóm óorðinna hluta. Hér með fylgir þat fáheyrt er, at þótt hann væri luktr inni í varðhaldi, vissi hann gerla, hvat gerðist úti í garðinum, sem hann stæði hjá ok sæi upp á. Þessi hvortveggi grein má lýsast í því, er eftir ferr. Ef klerkar kómu til hans ok báðu hann gefa sér vissu, hversu lengi þeir mundu lifa eða halda sæmdum sínum, brást engum um aldr eitt orð í hans forsögnum. Svo er sagt, at síðan er Sighvatr vægði nokkut til meingerðum herra byskupsins, at Sturla, son hans, hafði með sætt komizt í góðan málfrið herra Guðmundar, bauð hann Sturlu, frænda sínum, at spyrja byskup, hversu langlífir faðir hans mundi verða.

En er Sturla hafði fram sagt erindit, svarar byskupinn: „Hvat mun hann sálugr ifast, hvern hans endadagr mun verða, því at óvænn er viðrbúnaðr, þó at tíminn sé vitaðr. Því þykkir mér ok líkara, at Sighvatr geri sér glens ok grun af mínum orðum en nokkvern sálubata, en þat er hugsun mín, at þá er hann spyrr andlát Kygri-Bjarnar, félaga síns, muni eigi langt, áðr hann kastar fótleggjum.“

Framkvæmdist svo þessi spásaga, at á næsta dag fyrir þann bardaga, er Sighvatr háði síðast í Skagafirði, þar Örlygsstaðir heita, spurði hann af nýrri skipkvómu andlát Kygri-Bjarnar, er þá var kallaðr kosinn til Hólabyskups. En því gat herra Guðmundr eigi fjarri, at Sighvatr sneri upp í gys forspá biskupsins.

Fyrra sinn, er Sturla sagði honum andsvar byskups, talar hann svo: „Eigi kann ek því trúa,“ sagði hann, „at Kygri-Björn hafi líf mitt á linda sér.“

Síðara sinn er vér gátum, sem hann spyrr í veg andlát síra Bjarnar, sér hann upp ok skekr lokkana með svo föllnum orðum: „Vel, vel,“ segir hann, „nú er dauðr Kygri-Björn ok lifir Sighvatr.“

Á næsta dag eftir datt honum dauðaskellr. Er þat efni endat, en nú er at víkja til síðari greinar, er sett var af skyggnleik herra Guðmundar heima at Hólum, þótt hann sæti luktr í stofu sinni, at af þessi kátligri sögn megi merkja skýrr maðr, hversu heilagr andi mundi honum birta stóra hluti, er hann vildi eigi leyna hann smæstum hlutum, er urðu á staðnum.

Á einn dag, sem herra Guðmundr sitr í stofu sinni ok er hljótt um hann, var í fyrstu varðhaldit svo sterkt, at Kolbeinn fekk til tvo sveina at geyma hann nátt ok dag; var þat ein ritstofa, – hefir herra Guðmundr lesit um hríð, en sitr nú þegjandi.

Síðan talar hann þetta orð með litlum róm: „Eigi fór nú sem skyldi.“

Sveinar spyrja, hvat nú sé tíðinda.

Hann svarar: „Varla mega þetta tíðindi kallast.“

Þeir forvitnast því meir.

Hann svarar þá: „Þessi nýjung er eigi meiri en þeir Kolbeinn bóndi og prestur hans settu rakkavíg uppi í garðinum, ok varð sá munr harðfengi, at rakki Kolbeins braut fremstu tönn ór þeim, er prestur átti. Ok svo fljótt sem hún féll til jarðar, brá prestur hana blóðuga í munn sér, at

eigi kaldaði, því at hann hugsar at græða tönnina aftr í hundinn ok í sinn fyrra stað. Þótti mér þetta ókennimannliga gert, ok því varð ek svara nokkuru.“

Þeir segja þetta eigi munu þann veg orðit.

Herra byskup segir: „Kann vera, at svefn hafi runnit í brjóst mér, en þó vil ek orlofa, at þit reynið, hvort sannara er, ok játta ykkur til sanns, at ek skal hér biða ykkar.“

Þeir vilja gjarna fara, ok sem þeir koma upp í bæinn, reyna þeir svo hvert orð satt sem byskupinn hafði sagt, því at rétt í þann punkt var þetta nýorðit. Fannst Kolbeini mikit um þenna hlut ok lætr rýma varðhaldit byskupsins um nokkvern mun.

Skipaði svo blessaðr guð, at þann tíma sem hans lífdögum leið mjök í lykt, ok sjálfr vorr herra fór til með sínum miskunnarsprotu at semja ok alskíra sitt einvala ker með líkams meinlætum, létti til ófriðinum, svo at hann mátti kyrr sitja heima at hólum. Gekk þar til einkanliga boð Hákonar konungs gamla, sem vottaði bréf herra Njáls *Stafangrensis*, at Guðmundr byskup skal halda sinn byskupsstól með fullum náðum fyrir hverjum manni. Leiddi þetta þaðan af, at herra byskupinn hafði komizt í valda vináttu herra konungsins ok byskupanna, sem hann var næst í Nóregi, ok því skrifuðu margir til hans hugganar bréf, at þeir angruðust af hans þrönging sem elskuligs feðr ok kærasta vinar. Sat Kolbeinn þá lengstum at búi sínu, en lagði til hagræði með herra byskupi.

70. Frá Sturlungum ok Kolbeini unga.

Þessu næst er þat segja, at þau bréf herra Sigurðar erkibyskups koma til Íslands, at hann krefr Sturlunga undir stríðufullri ógn eilífrar tapanar, at þeir sæki á hans fund ok svari kirkjunni fyrir þá glæpi ok guðs reiði, sem þeir hlóðu sér í misþyrming með sjálfan byskupinn ok svívirðing við klerkdóminn, ok taki lausn eftir hans ráði.

En er þessur bréf opinberast, staðfestir Sighvatr ráð, at Sturla, son hans, skal fara ok svara fyrir þá báða ok taka lausn fyrir beggja hönd, ef þess verðr auðit, því at honum sýnist þat auðveldara ok fulla þörf vinna.

Þat ferr fram, at Sturla kemr til Nóregs, ok þykkir ágætr maðr, bæði fyrir vænleik ok atgervi. Skipar erkibyskup svo hans máli með ráði Hákonar konungs, at hann er skriftaðr í páfagarð ok fær lausn sinna vandkvæða. En þat er frægt orðit, hversu mjúkan hann gaf sik til yfirbótar í játorði glæpanna sér á hendr. Tók hann með þá pínu ok kinnroða, at hann var leiddr berr um borgina ok strokinn til blóðs fyrir mörgum höfuðkirkjum í Róm, svo at borgarlýðr grét í huggæði, at svo fagrt líf skyldi þann veg kveljast. Gerði Sturla sína dyggð, at hann minntist feðr síns með þeim orðum, at alla sömu lausn ok líkn vildi hann honum sótt hafa sem sjálfum sér, en kirkjan þagði þar í mót, ok hyggjum vér hana fyrir þá sök svo gert hafa, at henni sýndist ómöguligt, at sá, sem aldrei beiddist lausnar ok eigi fann sekt í sjálfum sér, mætti leysast í annarligri persónu. Kom Sturla síðan aftr til Nóregs sæmiliga virðr með Hákonni konungi, ok þótti síðan æ frægri maðr en áðr, hvort er hann var í sínu ættlandi eða í Nóregi.

En Sighvatr hefir enn nokkut at hræra, því at með þeim mágum Kolbeini unga ríss upp dauðligt misþykki, svo at með þeim fyllist þat, er Salómon segir til ómildra, með þessum orðum: *Subplantatio perversorum vastabit eos*. Ok litlu síðar í sömu ritning tók hann svo til orðs: *In insidiis suis capientur iniqui*. Þetta hvorttveggja mega þeir eignast, því at syndligt samþykki til mótgangs ok meingerða herra Guðmundar grimmist nú upp á þá með eitruðu

hatri, svo at hvorr vill annan í bráðum dauða. En nú svo komit máli, at hvorirtveggju sækja traust herra Guðmundar, því at þeir trúa honum mun sigrinn fylgja, hvorn veg sem hann stendr. Kemr nú svo, at þeir draga herlið saman ok hafa mælt mót, at til skarar skal skriða með þeim ok hlutr skal gera dreng auðgan.

En hvat mun vors herra vin, Guðmundr byskup, taka ráð, síðan hvorirtveggju biðja hann liðsinnis, utan þat, sem honum mátti bezt sama bæði fyrir guði ok mönnum ok þó munu mjök fáir eftir líkja, þat fyrst at gleyma sökum öllum, bæði fornum ok nýjum, ok ganga svo í fylgi með hvorumtveggjum, því at þann dags morgin, er þeir hugsa at berjast, er hann kominn til móts við Kolbein, ok er hann sér, hversu þeir búast til vopnamótsins, því at Sighvatr sat sömu nótt í öðrum bæ, talar hann svo til Kolbeins ok hans manna: „Hermannliga búizt þér nú, synir, en vitið til sanns, at eigi munuð þér berjast í dag.“

Þótti Kolbeini þetta orð mjök ótrúligt, því at hann var svo fullr með reiði til Sighvats, at hann vildi drepa þann mann í veginum, er þat talaði honum áheyrir, at þeim stæði þat eina sakir mægða at gera sætt.

En er þeir finnast, verðr Kolbeini bilt, því at honum sýnist Sighvatr miklu liðfleiri en hann hugði. Og þegar í því bilinu ganga fram góðgjarnir menn ok stórir bændr af Eyjafirði ok bera sáttmál í millum þeirra. Varð ok svo standa, at þeir sættust, því at liðveizla herra Guðmundar vann þat með hvorumtveggjum í bæn ok vökum með mildi guðs, at hvorigir spilltu annarra lífi at því sinni. Svo kunni guðs maðr at gjalda gott í móti illu.

Sagt var, at margir virðuligir menn af Nóregi skrifuðu til herra Guðmundar honum til gleði á þessum tímum, hvar meðal annarra bréfa kemr þat efni, er hann bað sinn féлага, klerkinn, skrifa til sín af Nóregi, sem hann fengi sanna vissu af upprisubirting vorrar frú. Þar með sendir klerkrinn herra byskupi sjálfs síns bréf undir þvílíkum orðum:

„Virðuligum herra Guðmundi með guðs miskunn byskupi at hólum á Íslandi sendir svo heitandi klerkr sanna kveðju í upphafara allrar heilsu. Drottinn guð, er aftr geldr sérhverjum þá góða hluti, er þeir gera náunginum fyrir ástríki, sé yðr umbun óleysilig fyrir allt þat gott, er téðuð mér, sem ek nálægr var yðru faðerni. Ek veit, góði herra, at löng dvöl frá erfð himinríkis er yðr mjök þungbær í harðri útlegð, einkanliga sakir þess, at þér byggvið milli ómildrar þjóðar ok enn heldr stríðrar at ganga götur guðs með sannri hlýðni. En hvat sem yðrir undirmenn gera yðr í mót, varðveiti himneskr faðir yðvart líf ok sál af allri skriðnan veraldligs vegar. Minnizt þér, heilagr faðir, hvat vér töluðum af líkamligri upprisu sællar guðs móður, hvers ek minnumst í þessu mínu bréfi, skrifandi yðr þat letr, er vottar, hversu gerzt hefir með vitran hennar upprisu.

71. Frá upprisubirting vorrar frú.

Þá er liðit var frá hingatburð vors herra, Jesú Kristi, þúsund hundrað fimmtíu ok tvau ár, á dögum postulligs herra Evgenii páfa *tertii*, var ein nunna, Elisabeth at nafni, í því klaustri, er Skanogia heitir ok liggr undir Treveris borg á Saxlandi. Yfir þeim lifnaði var sú abbadís, er Hildilín hét, vel geymandi þat, er hún hafði til stjórnar tekit af guðs hálfu. Fyrnefnd systir Elisabeth hafði ellifu ára gömul í klaustr gengit ok lifði svo dýrliku lífi sem allsvaldandi guð ok hans blessaða móðir virðust bæði vitni um bera, því at þann tíma sem þessi nunna hafði lifat í klaustri önnur ellifu ár, hafandi tvo vetr ok tuttugu, auðgaði guð hana svo óendanligri huggan, at heilög guðs móðir Mária birtist henni oftliga, talandi með henni ýmisligar greinir ok skynsendir heilagra ritninga. Hér með birtir henni enn oftligar einn guðs

engill, sá er vandist hana at læra með einkanligri speki. Kenndi hún þennan engil jafnan inn sama til sín komanda sem sannan vin ok kæran féлага. Ok er hún blómgast með þvilikum gjöfum, stundar hún því framar at líka sem bezt guði í öllum hlutum, geymandi sitt lítillæti með góðum verkum.

Ok þat gerist, síðan hún skilr, at vor frú, guðs móðir Mária, virðist hennar oftliga at vitja, at hún segir leyniliga einum andligum feðr sínum þar í klaustranum, hverr henni gefr þat ráð at spytja nokkurn drottningina, þá er hún birtist henni næsta sinn. Systirin segist þess spyrja vilja, sem inn gamli maðr vill henni ráð til gefa.

Hann segir: „Þat bið ek, dóttir mín, at þú spyrir hana, hvort hún hafí af dauða risit ok lifi nú í guði bæði með önd ok líkama.“

Nú á næsta tíma, sem blómstr allra meyja, virðulig Mária, birtist Elisabeth, tala þær miðal sín harðla kærliga. Þat var *in octava assumptionis sanctæ Mariæ*, meðan guðsþjónusta fluttist í kirkjunni. Leið þá léttr höfgi yfir hana nunnuna, í hverjum henni birtist eftir vana heilög mæR Mária.

Elisabeth spurði þá djarfliga, svo segjandi: „Drottning mín sætasta, ef þat líkaði þínum góðleika vildum vér vita gjarna, hvort þú hefðir í andanum upprisit ok ríki tekit með þínum syni eða reis þú af dauða upp numin yfir öll englafylki bæði með önd ok líkama. Spyr ek fyrir þá grein þessa hlutar þína mildi, at mér er sagt efanligt skrifat í letrum heilagra feðra af þinni uppnumning.“

Drottningin svarar svo hennar máli: „Þat, er þú spyr, máttu eigi at sinni vís verða, en þó er þat ætlat, at þessi hlutr skal fyrir þik birtast ok auðsýnast.“

Sem þessi sýn hverfr brott, gerir systirin kunnigt inum gamla manni, hversu farit hafði spurning ok andsvör með drottningunni, en sá góðr bróðir leggr þat til, at nunnan taki upp einkanligar bænir guðs móður til sæmdar í minning þessa fyrirheits, ok haldi þeim dagliga, þar til fram kemr vitranin.

Líðr nú svo fram heilt ár, at þessa hlutar þorir nunnan hvorki spyrja guðs móður né sinn heimunligan engil, þótt þau birtist henni bæði eftir vana, þar til at *assumptio sanctæ Mariæ* stendr nálæg á öðru ári, þá sýktist Elisabeth svo framt, at á sjálfa hátíðina liggr hún mjök máttfarin í rekkju. En þann tíma, sem háleit þjónusta gerist á þeim blessaða degi, líðr yfir hana þungi eða ómegin, ok því næst sér hún mjök fjarri eina steinþró. Í þrónni lítr hún liggja einn kvenligan líkama. Alla vega umbergis stóðu heimamenn himinríkis, bjartir guðs englar með skínanda ljósi skærrar birti. Ok eftir lítinn tíma ríss þessi upp með dýrð mikilli, er áðr lá í gröfinni. Lúta þá heilagir englar ok til koma, flytjandi allir samt hátt í loft upp með göfugligri skipan sætra hljóða, þar til móti kemr af himinríkis *kuria*, fagr ok dýrligr umfram sonu manna, lifandi guðs son með mörgum þúsundruðum sinna hirðsveita. Sá sami drottinn berr í sinni hendi heilagan kross með dýrligu merki. Er þá skipuð einkanliga himnesk ok háleit *processio*, langt um þat fram, er mannlígt hjarta má hugsan á koma. Gengr sú blessaða drottning inn þann virðuliga fagnað, er áðr hafði skömmu upp risit af gröfinni, at sjálfr himnakonungrinn mót rennandi leiðir hana með sinni hendi, svo skipandi umbergis alla vega, sem henni mátti mestan sóma inn bera, ok því næst byrgist háleitasta *processio* út af augum Elisabeth.

Líðr þá lítil stund, áðr blessuð Mária birtist henni með sama ljósi, sem fyrr var vant, svo at hún mátti vel standast í andarkraftinum. Sýnir drottningin henni þá sitt andlit blítt ok

þekkiligt, en talar ekki við hana, ok sem hún líðr á brott, kemr á sömu stund til hennar heimunligr guðs engill, ok þegar talar hún til hans svo segjandi: „Herra minn, hvat merkir sú sýn, er mér skömmu birtist?“

Engillinn svarar: „Í þessi vitran, er guð veitti þér, birtist þat auðsýniliga, hversu vor drottning, frú sankta Mária, var uppnúmin til himinríkis, bæði samt með önd ok líkama.“

Eftir þessa sýn fær systir Elisabeth fljóta heilsu. Líðr nú svo fram til *octavam assumptionis*, ok í sjálfri *octava* birtist henni sami engill með ágætri blíðu, hvar fyrir hún spyr miðil annarra hluta: „Herra minn, bið ek þik, at þú segir mér, hversu langr tími leið milli frá uppnúning minnar frú, áðr fylldist hennar líkamlig upprisa?“

Engillinn svarar henni mjök virðuliga: „Á þeim sama degi sem nú dýrkast hennar *assumptio* í kirkjunni leið hún brott af þessu lífi, en á fjórða degi þaðan, þat er fjórtánda *kalendas Septembris*, reis hún af dauða, en heilagir feðr, þeir sem skipuðu hennar uppnúningardag hátíðliga haldast í kristninni, höfðu enga vissu af hennar líkamligri upprisu. En því kölluðu þeir hennar andlátsdag *assumptionem*, at þeir trúðu hana óefasamliga bæði samt upp numna með önd ok líkama.“

Sem systir Elisabeth hefir þvílíka hluti heyrt ok séð, er hún efanlig, hvort hún skal opinbera birtingina, því hún óttast, at hún muni dæmast svo sem upphafsmaðr ok efni óheyrðra nýjunga. Ok svo sem líða héðan tvau ár, þar til at enn á sömu hátíð guðs móður birtist hún sjálf oftnefndri nunnu.

Elisabeth spyr þá drottninguna eftir þeim hlut, sem hún hafði áðr oftliga hugsat, ok segir svo: „Frú mín, hvort eða eigi munum vér opinbera þat orð, sem mér er birt af þinni upprisu?“

Vor frú sankta Mária svarar henni: „Eigi skal þat með lýðnum orðfleytast ok opinberast, því at veröldin er minnr góðgjörn en þyrfti, ok því munu þeir, sem heyra sáluháska fyrir taka, ef þeir mistrúa sanna hluti ok í háði hafa guðlig stórmerki.“

Systirin spyr þá enn: „Nú þá, drottning mín, villtu, at vér skafim af með öllu þat, sem skrifat er af þessi birting?“

Guðs móðir svarar: „Eigi eru þessir hlutir til þess birtir, at þeir afmáist ok síðan gleymist, heldr til þess, at mitt lof margfaldist meðal þeirra, er einkanliga mik elska. Því skulu þessur orð kunnig verða vinum mínum at eins fyrir þinn framburð, ok munu þeim þessir hlutir kærir verða, er mér auðsýna sitt hjarta, at hér fyrir geri þeir mér einkanligt lof ok taki af mér einkanligt verðkaup þar fyrir. Margir eru þeir, at með miklum fagnaði ok virðing munu þessur orð með taka ok í verki varðveita sakir elsku við mik.“

Eftir þessa vitran tók munklífi *Skanogianense* at syngja hátíðliga guðs móður lof fjórtánda *kal. Septembris*, haldandi með sæmd hennar upprisutíð, meir þó í fyrstu, sem boðit var, í leyniligri kapellu en opinberri sóknarkirkju. Nú þeir, sem syngja þetta *festum*,“ segir klerkrinn, er skrifar til herra Guðmundar byskups, „hafa þetta letr fyrir *lectiones* í óttusöng, sem hér er norrænat, en allt annat *officium* sem Mária messu fyrri. Nú bið ek yðvarn sælan byskupsdóm, at þér minnizt mín ok minna bræðra í yðrum heilögum bænum, felandi oss alla undir vald ok verðleik Máriae drottningar, at þér ok vér megum eilífliga njótandi verða himneskrar hirðvistar með göfugligum fagnaði guðligrar ásýndar. *In Christo Valet.*“

Var herra Guðmundi í þessum letrum mikil gleði sakir ástar og vináttu vorrar frú sankte Márie. Er öllum vel skiljandi mönnum efalaus þessi birting, því at sú lögtekin bók, er heitir *Speculum historiale*, setr skýrlega, á hverju ári hún varð, þá er liðit var frá holdgan vors herra þúsund hundrað fimmtíu ok sex. Er þat svo at skilja, er klerkrinn setti fjórum árum fyrr í upphafi sinnar frásagnar ok á dögum Evgenii, at systir Elisabeth hefir á hans dögum gengit í klaustralifnað ok staðit svo um hans daga ok næsta, Anastasii páfa, með heilögum andariðnum, áðr hún öðlast vitran þessa. Hefir því birtingin eigi orðit á dögum Evgenii, heldr á öðru ári Adriani *quarti*, er fyrst var nefndr í sögunni, sem lýsist í áratölu þar ok hér, því at *prologus* setr eftir *Cronicam quartum annum Adriani* en *Speculum* sem hér stendr í latínu: *Anno domini M^o. c. l^o vj^o in partibus Saxonie sanctimonialis Elisabeth mirabiles visiones vidit, inter quas etiam angelus familiaris ei librum, qui dicitur Viar[i]um dei, annuntiavit et diem translationis sacri corporis beatissimæ virginis in celum demonstravit*. Sama bók segir í *kapitulo*, at þann tíma, sem vitranin varð, blómgaðist heilagr Tómas í Englandi, þá orðinn kansiler Heinreks konungs, á dögum Theobaldi erkibyskups *Kantuariensis*. Þat var fimm árum fyrir fæðing herra Guðmundar. Sæll *Augustinus magnus* sýnist ok framt vitni bera birting þessi, þá er hann skýrir *evangelium*: *Intravit Jesus ok setr svo: Letatur igitur Maria letitia inenarrabili anima et corpore, in proprio filio, cum filio proprio, per filium proprium, et cet.* Leiðist þat af vináttu vorrar frú ok herra Guðmundar, at drotningin eignast þvilíkan part í hans lífssögu.

72. Andlát Guðmundar byskups.

Fjögur síðustu ár sinna daga hrymdist herra Guðmundr byskup mjök fyrir sínar sakir. Fór þat svo vaxanda með guðs vilja, at tvau síðari ár var hann eigi bókskygg. Sat hann þá sífellt í stofu lítilli tíða í millum ok leiddi fram svo einfalt líf sem einn ágætr ok hljóðlyndr *heremita*, forðandis allan þys veraldarmanna, utan gaf kyrrt orlof þeim, er langsóttu til at finna hann. En þat síðasta ár, er hann lifði þessa heims, frá átta degi jóla fram yfir *festum sancti Gregorii*, tók hann augnaverok ok lét með öllu litla sýn. Fór þar með sá krankdómur, at þrútnaði andlitit, ok lá verkr mestr í hægri kinn, en hvat er á lagðist, lofaði hann guð án afláti ok kraup allr undir hans ráðning bæði með orðum ok hjarta. Vóru fyrr nefndir frændr hans dag ok nótt í hjá honum ok lásu ýmsar skýringar eða *Vitas patrum*, því eigi eina stund létti hann af góðu verki, var um nætr svo iðinn at bænum eftir löngum ok lofligum vana, at náttúran beiddi harðla lítinn svefn, þó at meinlætin bannaði eigi hvíldina. Ölmusugæði hélt hann alla ævi sína, at eftir atvikum veitti hann meira þurföndum, þá er fjögurra vegna mátti at honum ganga. Sú var hans mýkt við forna mótgangsmenn sína, sem hann myndi engan mann sér hafa mein gert, en þó vissi hann fyrir gift heilags anda, hvers þeir vóru makligir í guðs dómi, er ofsótt höfðu kirkjuna, sem í því lýsist, er eftir ferr.

Í febrúaríománaði síðasta vetr herra Guðmundar kom til Hóla vestan ór Fjörðum sá maðr, er Magnús hét. Hann er vel kunnr herra Guðmundi byskupi, því at Þórðr Sturluson var vin beggja þeirra. Magnús beiðir orlof at finna byskup ok fær þegar. Tala þeir lágliga með sér. Spyr herra Guðmundr einkanliga, hversu Þórðr, vin hans, mætti. Magnús segir, at hann eldist mjök.

Herra byskup svarar þá: „Vel hefir Þórðr staðit mér í vináttu alla stund, svo at þar fyrir gaf hann kærleik Sighvats, bróður síns, ok fleiri frænda sinna, ok því skaltu kærlega bera honum kveðju mína ok þat með, at vit munum finnast í vor. Seg honum ok þar með mitt hugboð, at þar sem nú sýnist æðstr höfuðburðr í hans kynferð, mun bráðast tapanin koma.“

Marga hluti talar herra Guðmundr fyrir honum leyniliga, þá er hér standa eigi skrifaðir, ok vissi flest til óorðinna hluta, segir skilríkliga, at langt frá sér hafði hann greint, hverja lund eða tímalengd Hólabyskupar mundu hafa í sinni stjörn ok hveðrar nytsemdar hveðr mundi vera kirkjunni. En hversu Magnús gerir byskupsins erindi, mun síðar greinast.

En herra byskup tekur sótt í sama mánaði, litlu fyrir langaföstu. Ferr sá krankdómr í fyrstu ekki mjök ákaft ok líkaminn svo máttedreginn, bæði af elli ok harðlífi, at hann mátti eigi stórmerki bera eftir náttúru eðli. Líðr nú svo fram til *festum sancti Gregorii*, at hann hefir mæðiliga sótt. Fellr þá megn líkamans dagliga, svo at allir hans hugðarmenn þykkjast vita vísan enda. En af honum sjálfum má þat réttlíga segja, at löngu fyrri en fram kæmi, vissi hann fyrir sitt andlát, sem vottar þat erindi til Þórðar Sturlusonar.

Sæll Gregorius stóð þann vetr á fimmtudag viku meðal imbrudaga. Ok á næsta dag eftir býðr byskupinn presti sínum, er Jón hét, at veita sér framfararembætti. Ok sem fram líðr at smurningum, gerir hann klerkum *sermonem* mjök hjálpsamligan, en eigi langan, því at málit var erfitt sakir máttleysis, skipar síðan þeim erindum kirkjunnar ok kristindómsins, sem hann skilr sér heyra, þar til annarr kemr í hans rúm. Hér með gerir hann sitt *testamentum* at fátækra manna sið ok dæmi sjálfs græðarans, þat er at skipta klæðum sínum miðil sinna manna. Þóttist hveðr sem gulli gæddr, er þar þiggr nokkut af, því at engi maðr mátti hjartaligri verða sínum elskurum en herra Guðmundr var, sakir þess at hans lítillæti, heilræði ok mjúklæti samhaldit dag frá degi sigraði nálíga manns náttúru. Því standa nú margir umbergis með tárur ok trega, því at hjartat svíddi innan svo sárt sem skotit væri at missa þvílíks faðernis, er allt var sætt ok sæmiligt sínum ástvinum. En ef sú ok sorg hefði lofat harmöndum at hugleiða, hverja von til guðs þessi maðr byskupinn átti ok ór þvílíkum harmkvælum hann var kallaðr, var meir fagnanda en sýtanda yfir hans framför.

Síðan talar hann svo til þeirra: „Yðr heimaklerkum mínum er kunnigt,“ segir hann, „at ek hefi löngu fyrir sagt legstað minn í stúkunni syðri meðal presta tveggja, er þar liggja ok þér kennið vel. Býð ek yðr þat, þjónustumönnum mínum, at þann tíma, sem þér sjáið dauðamörk færast á mik, setið líkamann brott ór sænginni ok hafið áðr tilbúna fjöl, dreifða með duft, sem þér megið á leggja, því at kristnum manni byrjar í moldu deyja.“

Hér má nú sjá á sínum síðustu tímum annan Martinum. Var ok í þeirra lífi heilli sæmd ins sæla Martini stórlíga margt samkvæmiligt, lítillæti, hreinlífi, fátækt ok píslarvætti með alls kyns harðlífi ok bindindi. Hér með líktust þeir í veizlum heilags anda, því at hann hvíldist yfir hvortveggja með eldsloga, sem þeir fluttu guðs embætti ok skrifat stendr í lífssögum þeirra, þat ok, er Guðmundr byskup græddi mann af eitrblestri, er eftirlíking sankti Martini sem fleira annat en hér setist með langmæli.

Sem hér er komit, býðr byskupinn klerkum sínum at veita sér friðarkoss. Gekk þat verk svo nauðulíga fram, at húsit þaut með gráti; lyktast síðan þjónustan. Vill þá byskupinn þat eina tala, sem nauðsynjar voru berligar. Líðr svo héðan fram yfir sunnudaginn, at máttinn dregr brott ór limunum stund af stund, en eigi því síðr framdi hans guðligt lítillæti ok blessuð tunga sitt vanligt embætti með lofgerðum almáttigs guðs án afláti.

Snemma mánadagsmorguninn sjá þjónustumenn byskupsins, at hann mun lítit draga, því at limir hans hafa þá fengit opinber dauðamörk. Þó var æ bænin í hans munni, meðan hann hélt lífinu. Hefr hann upp, sem menn heyrðu síðast, *Kyrieleison* ok þar með *Letaniam* með sinni skipan, ok sem fram kemr í postula tölu, hefr hann upp sína hægri hönd yfir sik með blessan,

svo ágætliga ok stórum einkanliga, sem þeir vottuðu, er nær vóru, at rétt mark heilags kross stóð þar eftir sýniliga í loftinu, sem höndin hafði farit.

En er handlegggrinn seig niðr at búkinum, sjá fyrrnefndir hans ástvinir, Þorkell ok Helgi, at hann er með öllu leiddr at andláti, ok því hefja þeir hann ór sænginni á þá fjöl dufti dreifða, sem hann hafði boðit. Ok rétt í þeirra höndum gekk sú blessaða sál, sem trúist, til eilífs fagnaðar út af myrkvastofu þessa heims ok leirligu keru líkamans, krúnandi með þeim, er hundraðfaldan ávöxt taka ok óhaltir fylgja lambit, hvert er þat gengr fyrir.

Hann leið fram af leirbúð heimsins sautjándra *kalendas Aprilis*. Þat var hans prestvígsludagr. Hann fór fram *secunda feria* á fjórðu stundu dags á sjautugta ok séttu ári síns aldrs. Þá hafði hann lifat í byskupligri tign þrjátíu ok fimm ár. Þat var á dögum virðuligs herra Gregorii *nomi*, er næstr var eftir fyrrnefndan Honórium *tertium* ok Sigurðar erkibyskups áttanda *Nidrosiensis*, ok Hákonar konungs Hákonarsonar. Þá var liðit þúsund tvau hundrið þrjátíu ok sjau ár frá holdgan drottins vors, Jesú Kristi, er samjafn guði feðr í einingu heilags anda gleðr sína valda menn án enda.

73. Greftran Guðmundar byskups.

En er ástvinir herra byskups fyrrnefndir sá hann við skildan, kysstu þeir sætliga með sútfullum tárnum þann ljúfa líkam, er þegar var ólíkr andlausu holdi flestra framfarinna manna fyrir ágætligt yfirbragð ok alla þekni til nákvæmdar, rétta þá líkamann ok semja limuna, at allir færi sem fagrligast. Kemr þá saman öll klerkasveit kirkjunnar með skipuðu bænahaldi ok sálmasöng. Stendr í sama stað líkaminn samdægris ok er þar náttsettr vakrliga, geymdr með ljós, svo at aldri féll sálmasöngur um alla nóttina. En á þriðjadagsmorgin er hann til kirkju borinn ok skryðdr á börum sunnan kórs með vænum skrudu kirkjunnar. Fannst þá þegar öllum, er sá, mikil dásemd í hans yfirbragði, því at engi maðr á sínum dögum hafði fyrri litit dauðs manns hold svo hvítt ok þekkiligt. Þat bar yfir, at andlitsmeinsins sá þá engi merki. Kom þeim slíkt allt saman lítt á óvart, sem næst honum höfðu gengit ok mesta kynning fengit hans ágæta lifnaðar. Segir síra Jón kapellanus *commendacionem* ok síðan virðuliga sálumessu. En sakir þess at þegar á mánadaginn vóru menn gervir tveggja vegna í byggðir at bera þessi tíðindi, samþykkir þat klerkum kirkjunnar, at bíða fólks framan til *festum Cuthberti*, er þá stóð séttu dag vikunnar. Gengr þat ok svo til, at til Hóla kemr múgr manns á þeim dögum. Var í meðal þeirra sémiligr maðr, síra Eyjólfur at nafni, er síðan varð ábóti at Munkaþverá. Hann offrar hendi byskupsins vænt fingurgull til graftar. Er þá komit *festum sancti Cuthberti*, ok því fara þeir fram til graftarembættis. Var þat gert með öllum greinum, sem framast vóru föng á, klerkar allir í sloppum, en hringt ok sungit sem orkaði. Þótti þat skýrum mönnum merkiligt þegar í fyrstu í hans graftarþjónustu, at hrörnandi stöpull kirkjunnar bar þá betr hringing allra klukkna í senn en tvennra fyrir eða síðar, ok svo hafa skilríkir menn flutt, at áðr upp gafst hringingin væri smíðit með öllu skjálftalaust. Yfir grefti virðuligs herra Guðmundar góða gerir einn klerkr, prestr at vígslu, þvílíkan *seremonem*, sem stendr skrifaðr:

74. Ræða yfir grefti byskups.

Sælar veri kristinna manna sálur, ef þær atgeymdi iðuliga, hvílík verðlaun góðr maðr tekr fyrir sína hjartaliga þjónustu á síðasta degi, sem guð slítr manninn sundr í tvo hluti ok skilr með líkama ok sálu, eða hversu ógurligt áfelli með ávaxtalausum harmi fordæmenda sál þröngvir með eilífri skömm ok bótlausri þínu. Ok þá mundi maðrinn þenna dag sér fyrir hjartans augu leiða, svo sem inn heilagi Jeronimus segir sik gert hafa, svo

skrifandi: *sive comedi sive bibi sive aliquid aliud facio, semper est in auribus meis illa tuba horribilis insonuisse, quæ dicit: surgite mortui et venite ad iudicium*, því at eigi mundi maðrinn svo ósæmiliga auðga sik með ferligri fjárgirni, at kirkjurnar væri sínu gózi ræntar ok kennimannligr stéttir eða byskupsstólarnir sjálfir at herfangi gervir, ok eigi heldr mundu þeir dirfast heiftugar hendr at leggja á kirkjunnar þjónustumenn með meiðslum ok limaláti eða dirfast með öllu út at hella þeirra banablóði ok enn síðr sjálfa byskupana at angra með ánauð ok útlegð, með rán ok rifs, þrjúzku ok þrúgan ok með því, sem eigi má utan með sorg segja, sem er bardagar ok beinbrot ok margháttaðar meingerðir, þær sem þessi guðs vin, Guðmundr byskup, góðrar minningar hefir þolt af sínum undirmönnum óbrigðiliga tíma alls síns byskupdóms, ok öllum er auðsýnt, at herbergi síns hjarta hefir eigi yfir sand sett, heldr grundvallast yfir sterkan stein, sem er Kristr, son guðs lifanda, því at hans stöðugleiki var æ því sterkari með öllum guðs rétt eftir fremsta megni, sem hans var fleira vega freistat í herfiligri hræringu margháttaðra meingerða. Megum vér fagrliga huggast, er vinir hans vórum, af von þess verðleiks, er vér trúum hann hafa munu af guði fyrir sína einkanliga þolinmæði, því at trúligt er, at hún mun hann hafa sælan gert at eilífu, eftir því sem skrifar Lúkas guðspjallamaðr: *in patientia vestra possidebitis animas vestras*. Er þat ok auðsýnt á allri hans framferð, at hann hefir sinn dauðadag fyrir augum haft sannliga ok eigi sik fyrir óeinurð undan dregit, hvílíkan enda hans óvinir hefði á hans dögum gert. Ok þótt hann yrði eigi í síðustu vopnum veginn, er eigi því síðr auðfundit hans píslarvætti, því at hann ástundaði ekki annat en þola til þess eynd ok ofsókn heimsins, at hann mætti sem beztr dæmast ok sem sælastr verða í ókomnu lífi ok þat þiggja, sem sæll Jóhannes *evangelista* skrifar *in Apocalypsi: beati mortui, qui in domino morintur*. En hversu megum vér þat fá at deyja í Kristi, utan temprá alla vora framferð heimliga sem líkast þessum guðs vin, er í engu sýndist baldinn né öfundsjúkr, í engu reiðinn né guðlatr, í engu ofneyzlufullr né síngjarn, því at fyrr plágaði hann byskupsstól sinn með fátækt en hann vildi nokkurs hlutar óhreinliga afla. Fátækum guðs ölmusum veitti hann svo mikit, at hann hugði mjök svo ekki at, hvat eftir var, því at mildin, óhaldin af síngu, sýnist veröldinni með öllu forsjálaus ok óvitr. Til þess vildi hann ok bera léttlig klæði ok sitja yfir óríkum réttum, at því frammar mætti hann miðla guðs ölmusum fyrir hans nafn ok elsku. Hreinleika síns kjöts geymdi hann í fagri féhirzlu síns líkama undir inum trausta lási trúligs skirlífis sem inn mætasta gimstein, er aldri skyldi brotna. Þetta ok allt annat gott, þat er hann gerði, trúum vér guð hafa ávaxtat honum til eilífrar sælu framfaranda af veröldinni með þvílíkum dyggðum, hvíldan ok frjálsaðan af öllu heimsins erfiði ok í Kristi dáit hafa, svo sem einn lim áfastan þeim líkama, sem guð drottinn gerir af allri sinni almenniligri ok heilagri kristni ok sjálfr hann er höfuðit, með því blessaða mannligu kjöti, sem hann tók í sínum getnaði af signaði frú sankta Mária, sinni mæðr, oss til lífs ok leiðréttu eftir genginn veg þessarar veraldar. Hyggjum vér því byskupinum réttliga þat lof heyra, sem Davíð skrifar *in psalterio: beati immaculati in via, et cet*. Hvat er vorr vegr, utan heimsins dagar, meðan þeir vinnast, eru því at eins góðir, at vér starfim í guðs lögmáli til nytsemða ok forðim oss við ferligri framferð saurugligrs líkama eftir því, sem vér heyrum dæmi til þessa signaða guðs vinar, því at í þeim sama sálmi segir litlu síðar: *non enim qui operatur iniquitatem, et crt*. Í upphafi þessarar skýringar segir svo heilagr Augustinus til allra samt ok sérhvers kristins manns: *scio quid velis, beatitudinen queris; si vis esse beatus, esto immaculatus*. Þat er oss kunnigt at æskja sér sælir at vera, en hvat hverr vill til vinna, sýnist mjök ólíkt, því at í mörgum stöðum auðgar inn ríki sik með því, at hann rífr til inn fátæka; baldinn neytir ok sinna vopna, þar sem sönn er auðmýktin fyrir honum; forsfullr vandar eigi at seðja sína reiði á meinleysi dúfunnar, ok þeir, sem svo fara fram í slíku eða öðru þvílíku, fá eigi jafna sæluna, því at eigi eru allir flekklausir. En þeir eru sannliga sælir, er fátækir eru í andanum, auðmjúkir syrgjandi þessa heims, miskunnsamir ok þeir, er gott iðuliga girnast, hreinhjartaðir, friðsamir ok þolinmóðir, ok þeir, sem ofsóttir verða þessa heims, munu ná sínum réttindum fyrir guðs augliti. Mun svo sýnast framferð þessa manns, ins ágæta Guðmundar byskups, sem hér er nú

jarðaðr, at hann hafi mjök svo þessa alla hluti í sér hafða með öðrum fleirum góðum hlutum, ok því biðjum hann allir samt, at svo miklu góðu sem hann orkaði þessa heims, árne hann oss allra þarfligra hluta í þessu lífi, en því liðnu endalausale gleði með guði ok hans helgum mönnum. Þat veiti oss sá sami guð, er lifir ok ríkir einn í heilagri þrenningu *per infinita secula. Amen.*

75. Harmr fátækra manna eftir byskup.

En hvat má greinast af þeirri grátligri eynd ok aumkan, er kvaddi guðs ölmuður ok aumingja á þann dag, er þeirra hjálp ok huggan, herra Guðmundr byskup, var út hafinn, því at alla sína daga var hann, sem lesit er, fátækra faðir ok volaðra viðrhjálp. Því rennr nú flokkum þat auma fólk með þvílíkri kveinan: „Hvat mun af oss verða? Hverr mun oss hugga? Nú er þess manns hold hultit mold, er oss fæddi, huggaði ok klæddi með sínu huggæði ok eigi varð um aldr í því fundinn með sínu huggæði ok eigi varð um aldr í því fundinn, at hann fyrirliti fátækan mann. Fyrir vora skyld þoldi hann hungur ok kulda, ónád ok útleð, hatr ok harmkvæli, grimmd ok ágang sinna óvina, því at hann var styrking veikra ok ágang sinna óvina, því at hann var styrking veikra ok vanmáttugra, efling ekkna ok faðir föðurlausra, huggan harmþrungrinna, snauðra ok sælla. Hverr fannst honum miskunnsamari ok hreinni, lítillátari ok mildari? Hverr hittist honum staðfastari í góðum verkum ok hugarkrafti ok sönnu þolinmæði? Hverr bar betr skapraunir, eða hverr skrifaði sér frammar með alls kyns harðlífi? Hreinlífr, svo at þat eitt var aldri af hans óvinum talat, at hann lýtti sinn lifnað, viljugliga fátækr, at hann yrði fullríkr með guði, hófsamr ok örr, blíðr ok hógværr, svo at heimrinn var eigi lengr makligr þvílíku lífi. Hó, hó, drottinn guð,“ segja þeir, „hugga þú oss, mildr faðir, því at bótlaus er ella vor sút. Vér biðum aldri bata þessa manns, því at eigi fæðist honum líkr á vorum dögum. Faðir miskunna, guð allrar hugganar, er hverjum geldr sín verk, umbuna þú honum í eilífu lífi þat, er hann gerði fyrir þínu nafni, gleð þú hann, því at hann gladdi oss. Veittu honum væna borg, himneska Jerúsalem, fyrir þat er hann herbergði oss. Láttu hann, drottinn, hvorki hungur né þorsta, því at hann saddi oss ok slökkti vorn þorsta.“

Þvílíkar harmtölur var at heyra eftir þenna dýrðarmann, eigi at eins þar, er hann jarðaðist, heldr of allar byggðir héruð ok hálfur, sem þessi tíðindi fréttast, svo at líksöngur hans í trega ok tárur vannst mörgum meir en sjau náttu. Ok aldri meðan Ísland byggvist, mun hans ölmuðugæði gleyming taka, heldr frægiliga boðast ok boðanliga frægjast hverri tungu, því at eigi síðr andaðr en lifandi stendr hann í ölmuðugerðum til beggja handa, þá er öreiginn þiggr fyrir hans blessaða nafn. Ok sakir þess, at hann er yfir megn til frásagnar, skulum vér hlýða, hversu spásaga herra Guðmundar fylldist með Þórði Sturlusyni, vin hans, at eigi langt þeirra í millum verða.

76. Andlát Þórðar Sturlusonar.

Magnús vestfirzki, er kom til herra Guðmundar litlu áðr hann tæki banasótt, sem greint var, fór hann til sinna héraða ok heim á búgarð Þórðar, berandi honum, sem boðit var, kærlega kveðju herra Guðmundar byskups. Um kveldit sezt Þórðr á einn þverpall ok kallar til sín son sinn, er Sturla hét, er síðan varð riddari Magnúsar konungs Hákonarsonar ok lögmaðr, ok með hans ráði ok tillögu skrifaði konungurinn fyrstu lögþók til Íslands, síðan landit gekk undir konungs vald. Kom með þessa þók út herra Þorvarðr Þórarinsson í Austfjörðum, ok stóð hún um fimmtán ár, þar til er oftnefndr Magnús konungur skrifaði aðra þók eftir tillögu herra Jóns Einarssonar. Hefir sú staðit síðan með ýmisligum réttarbótum konunganna tillögðum. Hefir þessi sami Sturla skrifat marga merkiliga hluti af herra Guðmundi byskupi.

Sami Sturla ok Magnús koma fyrir Þórð, talar Þórðr við Magnús: „Hefir þú nokkut erindi til mín af hálfu Guðmundar byskups?“

Magnús svarar: „Þat það hann mik segja þér, at þit munið finnast í vor.“

Þórðr svarar: „Satt mun hann segja, en hvorrgi okkarr þykkir mér líklig til langferða, því at mér er sagt, at hann gerist mjök ellimóðr. Ætla ek ekki mína ferð til norðrsveita. Því seg, hvílíkar skynsemdir hann talaði fyrir þér af högum höfðingja eða sinna mótgangs manna.“

Magnús svarar: „Öll hans mál vóru af skynsemi, full, en fá vetr kvað líða mundu, áðr hans ofsóknarmenn mundu sjálfir hendr á leggjast ok þeirra afkvæmi drepast niðr. Kvað hann þar ok skjótast mundu eftir verða, sem mestr var uppgangrinn.“

Þórðr það Sturlu hyggja vel at því, er þeir töluðu, ok virða með sjálfum sér, hvorir betra hlut völdu sér, þeir er sér héldu í vináttu ins góða Guðmundar byskups eða honum risu í mót með yfirgirnd sinnar öfundar.

Nú skal greina framkvæmd þessa hlutar. Skammt leið áðr frá greftri Guðmundar byskups en hans andlát fluttist um alla landsins fjórðunga.

En er Þórðr Sturluson spurði þau tíðindi, endrminnist hann hvat, er Magnús hafði sagt af orðum byskups, ok tekr svo til orðs: „Seint bíðum vér bætr þvílíks mannskaða, er land vort hefir fengit í fráfalli þvílíks manns, en farin sýnist mér nú sú von, at vit finnimst líkamliga í vor, ok sakir þess ek fann engan trúlyndara í fyrirheitum, – því at engan tíma brást mér þat, er hann játaði mér, – trúi ek, at þat vanabrigði, er ek hefi tekit á þessari föstu, fari héðan af vaxanda, ok því mun ek við því búast eiga, at mínir lífdagar verði eigi langir. En því ráði guð, hvílíkr verðr fundr okkarr Guðmundar byskups, en þess vænti ek, at hans vinátta muni mér ok mörgum öðrum at gagni koma.“

Síðan kallar Þórðr til sín sonu sína, frændr ok vini, skipar ráð at öllum, sem hann eigi við dauðanum at búast. Eftir þat vex krankleikrinn, ór hverjum hann andast fjórða *idusdag Aprilis* á inum sama mánuði ok Guðmundr byskup. Er þat trúanligt, at þeir hafi fundizt í andligu lífi á því sama vori sem sjálfr hann fyrir sagði.

77. Líking um ævi byskups.

Nú er þar komit þessu máli, at blessaðr byskup herra Guðmundr er undir lok liðinn ok í jörð laginn, ok má þat réttlíga segja, at hans lífsbók, er lesin var, finnst oftar angrlig en mjök gleðilig, ok því svo, at hans veraldarvegr líkist lægra hlut þess viðar, er pálma heitir, sem Davíð sannar, at réttlátr mun blómgast allt eitt og pálma, hvat sæll Gregorius greinir með þeirri glósu, at pálma náttúrast einsligr vexti en engi viðr annarr, fyrir þá grein, at hann er minnstr í sér við rótina, en æ því megnari sem ofar meir líðr, þar til hann breiðir listugar rásir sinna lima með fögrum flúrum ok vænum ávöxtum, bæði súrum ok sætum. Þat er annat hans náttúra, at næst jörðinni setr sik næfrin með berkinum skarpast inn at trénu, en gerir sik æ því liðugari sem viðrinn vex ok feitin þróast upp at limunum. En þótt margir guðs ástvinir beri réttlíga mynd þessa viðar eftir lögtekinni skýring, mun þessi glósa sýnast herra Guðmundi nálægri ok eiginligri en flestum öðrum, því at grannvaxinn pálmviðr nær jörð merkir þá fyrirlitning, er hann veitti jarðneskum hlutum, at svo sem hann gerðist fátækr ok lítill í líðöndum hlutum, yrði hann í efri glósu viðarins mikill ok ríkr með himneskum auðæfum. En stríðan sú, er næfrin veitir viðinum í neðanferð, merkir föstur ok

bindandi, meiðslur ok kvöl ok þröngvingar, er sagðr guðs maðr þoldi í veraldligu lífi með útleigðum ok ódæmiligum meingerðum, sem beinbrotin sjálf bera vitni. Því blómgast hann nú göfugligr í hærra stað með fullum flúrum ok feitum ávexti mildinnar, frjáls ok fyrir utan alla þröngving sinna óvina. En því er viðarins ávöxtr bæði súrr ok sætr, at byskupinn veitti sínum undirmönnum tvenna berging, þá er hann hirti suma með mjúkum ok blíðum bænarorðum, sem steypandi feitt *oleum* með fögrum fortölum í þeirra opin sár þeim til sálubótar ok syndalausnar. En þeim, er eigi vildu hlýðnast heilagri kirkju, heldr æ grimmast mót henni, sparði hann eigi þeirra sárum súrt vín ok sára lækning með bitru banni ok beisku áfelli. Í þriðju grein skýrir sæll Gregorius grannleik viðarins fyrir tempranligt upphaf góðra verka, því at sá maðr, sem vitrliga byrjar, þrotnar eigi allt til síðasta enda, sem gerði guðs maðr, Guðmundr byskup, er þróaðist frá góðu til betra, þar til hann tók, sem votttr *evangelium*, eilífa heilsu fyrir sína staðfesti. Nú sem um er runnit, hvat páлма merkir með sínu formi, má vitr maðr héðan af þveru vel skilja, hvat skógviðrinn hefir þýða, er mestr ok megnastr vex við rótina. Þat er í fám orðum öll ástundan til veraldar, en minnkan ok þurrðr til himneskrar föðurleifðar, ok svo hver grein fyrra viðinum er mótstaðlig. Má þá glósu réttlíga eignast Sighvatr ok hans eftirlíkjarar. Er þessi staða mjök ólík. Önnur sýnist há í upphafi, en eyðist ok verðr at engu, en herra Guðmundr fór langt í veröld vaxandi með hæð hjálpsamlígs ávaxtar sér ok öðrum til fagnaðar. Nú kann vera sakir fjölskyldu eða vanfæri, at maðr orki eigi svo miklu erfiði at ræta upp með rótum þenna pálmam ok bera til herbergis, þá mun hann eigi svo latr eða vanmegn, at hann vili eigi saman lesa sér í hönd flúr af viðinum, síðan þau eru hvorki dreifð um eyðimörk né fljótandi fráskilliga yfir hafsmegin, heldr hvert hjá öðru sem hægast til samlests. Sá maðr rætir upp pálmam ok flytr með sér, sem tekr kærliga alla lífssögu herra Guðmundar, en sá bleðr flúr eða frukt af trénu, sem fyrir ástar sakir við byskupinn skrifar þann óð minningar, er samhaldinn boðar blóm ok birti andligrar miskunnar, er hann þá í hárrí stöðu himneskrar *kurie*, því at lágr lífsvegr öðlaðist eilífa hæð. Í aðra grein má þat orðfelli flúr heita, sem fegrat stendr með stuðlum ok hljóðstöfum. Birtist ok einkar vel í slíku, hversu ástin er vellandi til þessa manns, herra Guðmundar byskups, er hver tunga þykkist nýjum fagnaði gefin, ef hann kann lofa, hvort heldr með sundrausum orðum eða samföstum. Því heyrum í fyrstu, hvat skáldit kvað í fyrstu af undirstöðu viðarins, en síðar af bruminu, at sama veg leiðist skáld ok skýring. Öll þau tákn, sem hér til hafa kveðin verit, vann herra Guðmundar miskunn þann tíð hann var í dauðligum líkama, ok því merkir þetta mál fyrir lægri stöðu viðarins. En nú, sem trúist, at hann hafí sótt í hæð himinríkis, sækir glósan upp í tréit, því at fylgjandi tákn vann öll eftir veraldar lífit, en magn ok mergð ávaxtar þess, er pálmviðrinn berr, fær engi maðr letrum lukt eða í frásagnir fært, sem *actor* vottar, þá er hann svo segir:

Táknin öll, hvé lýði lækna
lofðungs vinr, þess stýrir tunglum,
engi fær þau talt með tungu,
tíðast maðr þótt lofgerð smíði,
einkar hátt því at allar stéttir
Íslands vilja nú guðmund prísar.
Heita menn til Hóla gætis.
Hann er lífgjafi sjúkra manna.

Ok enn segir hann svo til viðarins:

Líti þjóð í lofsmíð mætri
lundar hress á pálmam þessa,
ýta mun þat elsku bæta,
öll í senn hvé flúrin renna.
Lúti gervöll lansbyggð ítrum
lim stólkonungs bjarta himna.
Drottinn, heyrðu nú mildr ok máttugr
mína bæn, at hann hvíli í skríni.

78. Sýn fyrir helgi Guðmundar byskups.

Nú skal í fyrstu segja þá sýn, er fyrir sagði þá sókn til herra Guðmundar, sem hann hefir nú öðlazi af öllum áttum. Nokkrum vetrum eftir andlát Guðmundar byskups sýndist í svefni merkorðum manni, at prestur, er Símon hét, kæmi til hans. Prestur sá var vígsluson ok kjótligr frændi herra Guðmundar byskups.

Sem prestrinn sýnist honum standa fyrir sænginni, kennir hann, hverr kominn var, ok greinir þat með, at sá er framliðinn. Því segir hann svo: „Símon minn, seg mér nokkut úr öðrum heimi, því at ek veit, at þú ert framliðinn.“

Prestrinn svarar: „Hvers viltu spyrja?“

„Þess, er mér er mest forvitni á,“ segir hann.

„Hvat er þat?“ segir inn andaði.

„At þú segir mér nokkut frá herra mínum ok andligum föður, Guðmundi byskupi.“

Prestrinn svarar: „Margt ok mikit er þar af talanda, því at Guðmundr byskup er inn dýrligasti guðs ástvin, ok þeir menn eru sælir, er undir hans byskupdómi hafa með hlýðni verit, ok þeirrar hlýðni nýt ek, síðan ek leið brott af þessum heimi, því at hans ölmusur ok píslarvætti með heilagri bæn ok hreinlífi steig upp hátt í augliti drottins, sem þat reykelisi, samtemprat himnesku *thimiamathe*, er í sínum ilm má eigi orðum skrifast, ok þar mun koma, sem tímar líða, at engi maðr á öllu Íslandi mun þurfa þess spyrja, hverr Guðmundr byskup er með guði, því at til hans mun sótt verða af öllu Íslandi sakir þeirrar gæzku, er guð veitir honum til heilsubótar ok hjálpar öllu mannkyni ok trúandi mönnum. Mun þaðan af landinu mest megin í sókn, sem byskupinn var oftast bezt tekinn í sinni útlegð, því at guðs blessan er þeim öllum, er vel gerðu svo vökrum hans vin. Vit ok þat með, at sá maðr, sem guðs móður Márie ok mínum herra Guðmundi byskupi vill gera þægja ölmusu, fæði hann fátækan mann á hvert laugarkveld. Skaltu þenna hlut segja sem flestum, því at góðfúsir menn munu, þat gjarna heyra vilja. Mun þeim ok betr endast sinn kostur, er þessa ölmusu gera. Nú mun, hvat ek sagði þér, því at þat þarfnast eigi framkvæmd á sínum tíma.“

Ok hversu þat er nú fyllt í dag, sem prestrinn fyrir sagði í sýninni, segir *actor*:

Heilagr blómgast hölda skýlir,
hann líkist við pálma, slíkum
dýrðar verkum drottins orku
dægra stalls, um landsbyggð alla.
Blindum, veit ek, at sýnin sendist,
sjúkir gleðjast með heilum búkum,
mælti dumbr, þá er hljóp inn halti,
henda líf í eldi brenndir.

Nú fyrir þá skynsemd, at lífssaga herra Guðmundar ok lofligt vitorð manna vel vottar, hversu heit ok háleit var vinátta þeirra guðs móður Márie, skal þat upphaf tákna byskupsins eftir lífit, er hann var í ferð með henni ok vann hennar boð, því at þessi er hans in æðsta tign at vera hennar þjón bæði lífs ok liðinn.

79. Jarategn við barnshafandi konu.

Arnbjörg hét ein órík kona. Hún var í Skálholtsbyskupdæmi í því byggðarlagi, sem Fljótshverfi heitir. Hún var kviðug at barni, svo at þess fæðingartími var kominn vikum eða nærri því. Fæddi hún eigi þat barn á því hausti, ok á vetri stóð hennar hagr með slíkum hætti fram um jól ok svo til langaföstu. Með iðuligu ákalli kvaddi hún sér til hjálpar móður allrar miskunnar, jungfrú Máriam, ok hennar virðuliga vin, inn góða Guðmund byskup, hafandi náttliga vatn ór þeim brunni, sem hann hafði blessat, hjá sinni sæng. Sem þessi tími kom, féllu henni mikil óhægindi af digrleika ok margkyns meinlætum, at hún fekk sik ekki upp rétt eða gengit annan hátt en hún dró sik fram með tveim stöfum. Hét hún þá mörgum smáhlutum til jungfrú Márie ok ins góða Guðmundar byskups. Þoldi hún þá þínu jafnan framan til Máriaumessu í föstunni, en hana bar þá upp á skírdag. Ok svo sem sól var í landsuðri á þann dag, sagði bóndinn, at hann vildi sækja nóntíðir, en hún bað með gráti, at hann flytti hana í bænarhús, sem þar var á garðinum. Gerði hann ok svo ok kastaði undir hana einni dýnu frammi fyrir altari. Mátti hún þá engan veg liggja nema á hrygginn ok hvariga hlið víkja sér. Grét hún þá sárliga sína kvöl ok baðst fyrir til guðs, bergjandi vatni ins góða Guðmundar, ok síðan rann á hana svo sem höfgi. Gömul kona ok góðfús ok sjónlauss var hjá henni ok ekki fleira manna. Þenna tíma vóru snjóvar svo miklir á jörð, at menn kómust varl bæja millum. Sem Arnbjörg þóttist sofnuð vera, fyllti allt húsið með ljósi. Þá kenndi in gamla kona því líkt, sem bjartur eldr væri borinn fyrir hennar augnastaði, ok því hélt hún þar fyrir báðum höndum, en Arnbjörg sá eina jungfrú standa hjá sér ok karlmann með kennimanns klæðum.

Jungfrúin talaði til hans: „Sit at herðum henni, Guðmundr byskup, meðan ek geri mitt starf.“

Síðan lagði þetta blessaða blómstr sínar signuðu hendr á hennar sjúkdómsfullan kvið ok strauk svo fast, at þar af þóttist hún þola mikinn sárleika, ok með þeim sama fæddi hún barn.

Drottning himins ok jarðar talaði svo: „Þú hefir fæddan pilt, ok hefi ek hann á brott með mér, en ef nokkurr grunar, at þér sé þessi miskunn veitt, þá seg þat fyrir sem óorðit er, at sakir minnar tilkvómu skal þenna snjó svo skjótt af taka, með linum vindi ok sólarhita, at allr fénaðr skal hafa jörð í nóg á páskadag,“ – ok svo varð. „Þrjá hluti vil ek, at þú gerir: vatnfastir fyrir mína þessu hátíð ævinliga ok lesir dagliga engilliga kveðju sjau sinnum, meðan þú lifir: *Ave Maria*. Óheimilan mann fyrirbyð ek þér at taka héðan af, en eigi at eigingiftast.“

Arnbjörg svaraði þá svo hátt, at heyrði in gamla kona: „Fegin skal ek svo gera, Mária mín sæl.“

Síðan vaknaði hún, með mjóvum vexti, mjök svo alheil. Ok þá er menn kómu til hennar ok höfðu hendr at henni, hittu þeir klæði hennar með blóð ok barnsfylgju eftir líkindum. Lofuðu allir guð, þeir sem sáu ok heyrðu, ok guðs móður Míriam ok inn góða Guðmund byskup.

Ok hér um kvað herra Arngrímr vísu:

Heilagt blóm kom hringa Naumu
hátíð sína þröngda þínu
hitta. Sú var himna drottins
höll tígnari meyjum öllum.
Henni fylgdi hreinn meðr sönnu
hennar vinr, sem ritning kennir
þetta lof, því at þeir hafa váttat
þat, Guðmundar löngu fundit.

Ok enn kvað hann hér af:

Sínar lagði hendr in hreina
himins drottning á megni þrotna
Þrúði, náði hún þegar at fæða,
þráða, pilt at Jesú ráði.
Braut höfðu þau börr ok sæta
barn með sér, en hún vaknar gjarna,
harðla skjótt, fyrir heilsu veitta
hvítr sprakki réð báðum þakka.

80. Jartegn við konu með þykkt.

Þórny hét kona, sú er með barni kviku þóttist vera. Var von, at þat fæddist móti sumri, en at jólum fyrir um vetrinn tók hún blóðföll ok hafði þau í hverjum þrim vikum framan til Þorláksmessu annan vetrinn, ok þá hét hún á inn sæla Þorlák, ok þótti henni þyngja við sitt heit. Á kyndilmessu hét hún á vora frú, ok fór sömu leið. Frjádaginn fyrsta í langaföstu bar hún mál á, ok þurfti þá um sik þrjár álnar ok þvera hönd. Stendr með því framan til Guðmundardags. Ok næsta dag fyrir leggst hún í sæng sína með fárligri sótt ok sviðanda harmi sinnar vesaldar. Byrjar hún þá sitt ákall til guðs ok einkanligum bænastað til ins góða Guðmundar ok heitr at ganga til Hóla þrjá vetr ina næstu ok gefa eyri vax ok láta syngja þrjár sálumessur fyrir sál föður hans ok móður, ok síðan sofnar hún.

Henni sýndist þá maðr standa fyrir sænginni í myrkblárri kápu ok horfði á hana um stund ok talaði síðan: „Dylst ekki við, at ek er Guðmundr byskup, ok efn heit þín sem bezt ok leyn eigi, hvat miskunn þú fær.“

Síðan tók hann sinni hægri hendi á brjóst henni, en vinstri undir herðar ok strauk allan hennar líkama niðr til knjá. Varð henni við hans átök gott ok þó mjök sárt ok því líkast sem kona fæðir barn með skemmstum sjúknaði. Ok eftir þat lá hún svo sem örviti af meginleysi ok vissi eigi, hversu maðrinn hvarf eða braut fór. Um morguninn, sem hún vaknaði, var hún alheil ok svo mjó, at hún þurfti eigi meira um sik en alin ok spönn. Þat fylgdi ok hér með, at hún hafði

kveisusull undir hendinni. Var hann þá gróinn með öllu ok hennar limir allir svo liðugir ok mjúkir sem hún hefði aldri þess kyndis mein haft, utan fætr niðr frá knjám, þeir voru mjök stirðir, því at á þá hafði hans blessaða handtak eigi komit. Þat fylgdi ok hér með, at þá er menn kómu at henni ok skynjuðu, at öll hennar klæði hittust þurr ok flekklaus sem heillar konu, sór hún þessa jartegn fyrir síra Þorsteini officiali heima at Hólum, ok þessa jartegn vita allir góðir menn sanna vera. Ok er þat eigi efanda, at þessi signaði byskup skínn háleitliga upphafiðr í himinríkis höll ok samsæti annarra heilagra byskupa, svo sem segir herra Arngrímr hér um:

Sóttir græðir allra átta
uppi ok niðri ok þess í miðju.
Bót fær hverr, er byskup ítran
beiðir þess, er samir greiða.
Öllum bergr, sá er eyðir villu,
ormsbóls hötuðr fegri sólu.
Lúti gervöll landsbyggð sætum
lim stýranda bjartra himna.

Ok enn kvað hann:

Ilmar slíkt um allan hólmann.
Ormr byskup veldr þeirri forman.
Beiðist hann, með björtum kvæðum
byskups heiðr at víða reiðist.
verðr Guðmundur efri jörðu
elsku Baldr, ef þyrma valdi.
Drottinn efli hann mildr og máttugr
mána hjarls til slíkrar vánar.

81. Jartegn við blinda konu.

Þorgerðr hét kona gömul, kölluð kráka. Hún var skaphörð mjök ok þó trúföst í öðru lagi. Hún hafði verit hjá Guðmundi byskupi, þá er hann var í Odda hjá Sæmundi, ok sagði marga góða hluti af hans framferð ok háttum, sem sannir mundu allir vera. Þá er hún var fimmtug at aldri ok þrim vetrum meir, tók hún augnverk svo sterkan, at bæði hennar augu sukku með sprungnum sjáldrú, ok fór ór vágr ok holdfúi. Varð hún með öllu steinblind, ok stóð með því um þrjú tigi ára. Hún hafði hjá sér dagliga vatn Guðmundar byskups ok bar þat upp í skoltana ok þóttist linan af fá, er kalt var. Með hjartaligu ákalli ok áheitum bað hún til ins góða Guðmundar byskups sér miskunnar ok vægðar síns meinlætis. Margan tíma sótti ek, bróðir Arngrímr, henni þetta vatn í mínum barndómi, því at hún var með feðr mínum fimmtán vetr, ok þar andaðist hún, sem hún hafði átta tigi ára ok þrjú ár. Fekk hún sýn sína á Guðmundardag ok var skyggn, svo at hún sá mann á hesti um hálfjórðungs veg. Prófaði þetta faðir minn ok margir aðrir dugandi menn, en hún lifði tvo vetr síðan. Má þat sýnast nokkut einkanligt, at þessum góða guðs vin líkaði at lækna svo gamlan aldr ok til lítillar nytsemdar færan eftir manna ásýn.

Hér um segir herra Arngrímur svo fallit:

Vélheftir gaf vísunum krafti
vífi sýn, því er hlaut at rýna,
vetrum fyrr en væri betra
vel þrim tigum, ef rétt skal telja.
Augun sín strauk oft í hreinu,
áðr batnaði, signdu vatni.
Kráka var þá ára eikin
áttatigi ok þriggja vátuð.

Hér næst skal setja annat tákni sáemiligt í grein ok öðru lagi sem ólíkast, at þat birtist kristninni með eilífri frægð, hversu þessi blessaðr byskup fremr sik háleitan í völdum verðleik, hvar er hann hjálpar fyrir heit blautu barns beini eða örvasa alri, sem nú var áðr litlu lesit.

82. Barn fekk sýn á auga

Í Vestfjörðum, er oft vóru nefndir, var kona sú, er átti brjóstbarn í reifum vafit. Þat sama barn varð fyrir ströngum augnaverki, at með æsiligum harmi sprakk út augnasteinninn annarr, svo at móðirin tók hann með öllu fráskildan sjáaldrinu ok vafði í einum klút, lét svo niðr í læsta kistu ok gekk aftr til barnsins með svo hjartaligri sorg sem móðirin kann hafa með sitt blóð ok bein, því at hún sá ævinlig örkyml á barni sínu, en þat til auka, at þat grét svo sárt, at engi huggan mátti nær koma. Móðirin snýr þá hug sinn til almáttigs guðs ok til traust virðuligs herra Guðmundar byskups með þeirri framjátan, at hún skal sækja hans legstað með offr þvilíku sem hún nefnir til. Ok án dvöl eftir þetta staðfast fellr grátrinn í kyrrt, ok hægr svefn kemr í staðinn, svo at næstu nátt hefir barnit beztu náð. Ok um morgininn eftir, sem hún tekr þat upp til brjósts at gefa því mjólk, sér hún svo signaðan hlut ok hverri tungu lofligan, at barnit er albætt með aftrgoldnum augum ok heilsu. Móðirin grét í fagnaði ok rennr hvatliga til þeirrar kistu, er hún hafði augasteininn lukt í klútinum, ok sér þar annan hlut mjök merkiligan ok einkanligan: Knútar allir vóru kyrrir, en steinn í brottu, ok til marks um, at hann hafði þar legit, lá eftir ein blóðrák í þurru léreftinu. Sýndi hún þetta knýti skynsömum mönnum í því héraði ok þar með tvo votta, fagra heilsu barnsins ok blóðdrákina.

Yfir þenna dýrmæta hlut segir svo Einarr Gilsson:

Verk tók jóð sem orka,
ósmátt var þat, mátti,
sorg, í sjónar bergi,
svall óðliga móður,
en af angri stinnu
út sprakk á kinn þrútit,
Hörn sat beint yfir barn
baugs grátandi, auga.

Ok enn segir hann svo:

Veit ek, at vafði klúti
valtúns röðul brúna
læsti ok Lofn í kistu

linns vandiga sinni.
Gulls nam á Guðmund kalla
grund mjúkliga stundar
heldr, at hann hjálpa skyldi
hress aumingja þessum.

Brátt nam barns at vitja
brík foldsila ríkis.
Öls leit ennis sólr
eik hrafnskyggna leika.
Hægs, var horfít auga,
Hristar éls, ór kistu
braut, en blóð í klúti
bíðendr litu síðan.

83. Af konum sem gleypu vatnorm.

L Vestfjörðum var kona nokkur öreiga, er dóttur átti mjök gálausa ok hégómafulla. Móðirin elskaði hana heitt ok hjartanliga eigi því síðr. Inni yngri bar svo til, at hún sagði sik þyrsta eitt kveld. Móðir hennar gengr til brunns ok berr inn vatnit ok gaf henni, en in yngri drakk. Eftir lítinn tíma æpir hún hát, ok er móðirin heyrir þat, spyr hún hverju gegni.

Unga kona svarar: „Mik skerr innan svo sárt,“ segir hún, „at ek veit, at nokkut hefir verit í vatninu mjög óhreint.“

Með þessum orðum heldr hún at sér höndunum sem fastast ok veltir sér á ýmsar hliðar ok æpir mjök sárt.

„Móðir mín,“ segir hún, „heitum vit á inn góða Guðmund byskup,“ – ok þær gera svo með föstu heiti, at þær báðar skulu ganga til Hóla sem fyrst verða þær liðugar, gefa eyri söluvoðar ok syngja nokkrum sinnum *Pater noster*.

Ok sem þat er gert, leggst stúlkunni fyrir brjóst, ok setr at henni spýju mikla, ok sem ljós er til borit, ok leit at sem gerst, ef nokkut fyndist kvikt í því, er hún upp seldi, ok fannst þat með engu móti. Eftir þetta leitaði móðir henni hæginda, því at stúlkann var þá mjök megnlaus ok lítt haldin. Liggir hún þann veg þar til um kveldit. Koma heimamenn hverr í sína sæng utan móðir hennar. Hún vakir yfir dóttur sinni, biðr henni hjálpar með gráti. Mærin segir, at hún hafi mikinn sárleik fyrir brjóstinu, en þykkist eigi kenna skurðarins, síðan er hún spjó. Ok sem á leið nóttina sofnar hún. Í þeim svefni birtist henni tíguligr maðr í dökkri kórkápu með bjartri ásjónu.

Hann talar svo: „Mjök undra nálægir menn krankdóm þinn, en hann kom þér til makliga sakir gáleysis er þú hefir á margan hátt, en sjá nú, hvern gest þú hefir viðtekit.“

Hann rétti fram höndina ok sýndi einn vatnorm, er lá í hans lófa. Ormrinn vildi hrökkvast til hennar, en þessi inn ágæti læknir reist einn hring í lófa sér með fingrinum, ok hröktist ormrinn þar innan í, en þorði aldri á at ráða hringinn.

Þessi talar þá: „Því gleyptir þú þenna orm, at þú gleymdir krossmarki ok gerðir þat eigi fyrir þér, þar er þú máttir ekki sjá í myrkrinu, hvat er þér var borit. En nú, þótt þú sért heil ger, nýtr þú ekki þín at því, heldr guðs miskunnar ok trúfesti móður þinnar, því at hún hét til mín með hjartaligri góðfýsi. En ek er Guðmundr byskup Arason frá Hólum.“

Eftir þetta leggr hann sínar hendr á hennar líkam, þar er sárastr var. At þessu lyktuðu hvarf hann af hennar augsýn, en hún vaknaði með feginleik ok sagði mæðr sinni ok mörgum öðrum, ok lofuðu allir guð. Þær mæðgr fóru til Hóla eftir heiti sínu, en in unga kona lagði af leikinn ok lausung ok elskaði mjök Guðmund byskup, meðan hún lifði.

Hér um kvað herra Arngrímr:

Svelgdist ormr með vatni vörmu,
varð hann innanbrjósts, leiknum svanna.
Síðan fekk hún sótt með æði.
Sútum grét þat móðir þrútin.
Henni birtist heilagr kennir
hófs sýnandi snák í lófa.
Eyðir þorðit yfir at ráða
jarðar hring, þar er merkt var fingri.

Ok enn kvað hann:

Slíkt veitir vin sætum
valdr heimsalar tjalda,
enn at aukist minni
öld, at starfa gjöldum,
sá er lastauðgan leysti
lýð, en djöflar flýðu.
Áðr var í eynd ok nauðum
allr heimr ok kyn beima.

Anno domini þúsund þrjú hundruð fjörutigi ok þrjú kom sú kona til Hóla ór Vestfjörðum, er Yngvildr Magnúsdóttir hét. Henni bar svá til, at hún gekk til brunns eftir dagsetr á langaföstu ok tók sér vatn með óhreinni fötu ok drakk skjóttliga, ok í sylgnum þóttist hún kenna þvílíkt, sem hún gleypiti hár eða nokkurs háttar strá með vatninu. Eftir þat sést hún um ok finnr á barmi fötunnar liggja einn vatnorm lítinn. Önnur kona, sem gekk með henni, sá þetta sama ok vildi þar fyrir eigi drekka. Ok eftir páska um vorit fann hún með sér, at hún var stungin innan því líkast sem þá er maðr pikkar sjálfs síns kjöt með nálarodd. Var þetta oftast ok meir sem á leið vorit ok þar til hún dígraðist meir ok meir af þessu, á þann hátt sem höfn vex með konu. En hvat þarf þetta orðum drýgja? Hennar þessi krankleikr vex með sviðandi kvöl ok sárligri pínu, ok hennar líkami þrútnar svo, at hún hafði digrleika til, þótt hún gengi með tveimr börnum. Þá var hún hörmuligast innan skorin, er hún fastaði, en helzt þótti henni til linanar at drekka sem oftast. Ferr slíku fram sem nú var sagt um hennar hag sex misseri, þar til sem hún leggst í kör at þrotum komin. En er hennar þingaprestr lítr þat, heitr hann í fyrstu fyrir henni á himneskan föður himinríkis með fulltingi varrar frú ok hins góða Guðmundar byskups, at þessarar konu eynd yfirljúkist á einhvern hátt af þungri kvöl. Ok sem hún játtar at ganga til Hóla, þegar hún verðr fær, með þeirri ölmusu, sem hennar fátækt mætti vel offra. Með þessu heiti dreypir prestr beinavatni Guðmundar byskups á varrar henni, ok er þat niðr rennr, þykkir henni nokkut þröngvast upp í kverkrnar með miklum sárleik, svo at hún spýr blóði. En er prestr sér þat, tekr hann með sínum fingrum brott af hennar kverkum þann vatnorm, er með henni fæðzt hafði, á vöxt sem lítill silungr spannar langr. Hann hefir bæði bægsli ok sporð. Sem þetta kvikvendi var út dregit ór hennar munn, fær hún langt óvit, ok ór því er dreypt á varrar henni. Nærist hún þá ok þó harðla seint, svo at hún verðr eigi heil innan næstu tólf mánaða. Fekk hún fulla heilsu um síðir ok lofaði sannan guð ok inn góða Guðmund byskup.

Yfir þessa jarategn segir Einarr Gilsson:

Rökk fór drós at drekka.
Drakk hún eigi hreint nakkvat.
Gengu þorna Þungru
þung stríð í bók síðan.
Skar með firna fári
fárgjarn um kvið sáran
hvalr gullrendrar grundar
grund fagrvida mundar.

Snót lá þessi þrútin
þrota mædd, en þat Gotnar
fox bert sögðu saxa,
sex misseri, vissu.
Þöll nam sveigs at svella,
svellt þurfti hún belti,
linnr hjó sjúkan svanna,
svanninn átta spanna.

Lýðr vann byskup blíðan
blíðr kallaðan síðan
sætu böls til bóta.
Bót fengu þeir skjóta.

Prestr lét í munn mætri
mætr beinavatn gætis
lindi grafþvengs grundar
grandlauss fira andar.

Skreið ór hreindu híði
híðs biflykkja síðan
hann ok elda unnar
Unnar braut af munni.
Seið litu drengir dauðan,
dauð var sorg ok nauðir,
hríss, kenndi dyggð, drósar,
drós Guðmundar ljósa.

Strengs, leit, álnar, anga,
angrfirð, hnefalangan
öld, þann er fæddi foldar
fold á sínu holdi.
Dýrð skulu himna hirðis
hirðendr framast virða,
viðum sómir þat seima,
seims í öllum heimi.

84. Jarategn við óskírt barn.

Það var góðum mönnum kunnigt, hversu margar jarategnir ok dásamligar guð allvaldandi hefir virðzt at vinna fyrir ákall þessa síns vinar, ins góða Guðmundar byskups, sem skinit hefir í skærri trú heilags siðferðis andliga ok líkamliga sem inn bjartasti gimsteinn ok geisli skínandi sólar. Er þat eigi undarligt, þótt hann hafi syndugar sálur frelstar fyrir sitt iðuligt ákall með algerri skynsemd, endrgetnar fyrir vatn ok helgan anda þeim til lausnar ok leiðréttu. En hitt er yfirvættis mildi, at hann hefir heiðnum hólpit ok þeim, er ekki hafa kunnat at biðja fyrir sér. Ok til þess at þetta sannist, þá heyri þat, er eftir ferr.

Þat bar til í einum stað á Íslandi, at tveir menn, karlmaðr ok kona, höfðu at fara með heiðit barn til skírnar. Lá þeirra vegr yfir á nokkura. Var þetta vetrartíma. Ok er þau kómu at ánni, þá sáu þau, at hún var í leysingu ok jakaför á allmikil. Þau töluðu með sér, at illt var yfir ána, ok karlmaðrinn sagði, at hann vænti, at duga mundi, ok veðr yfir ána ok aftr á móti konunni, ok tekr honum vatnit í beltisstað.

Hann talar til konunnar: „Leys af þér skikkju þá, er þú berr barnit í, ok skal ek setja hana upp á herðar mér, síðan vað hjá mér forstreymis ok halt undir belti mér.“

Ok með þessu vaða þau á út. Sem þau koma á miðja ána, þá losna fæturnir undan konunni, ok í þessu sér hann, at rekr at þeim mikinn ísjaka, þykkist þá sjá, til hvers at draga mun. Verðr þat þá fyrir, at hann skýtr skikkjunni ok barninu upp á ísbrúnina, en jakinn færir þau í kaf bæði. Rekr þau ofan eftir bæði ok svo jakann. Ok með því at guð vildi lengja líf þeirra, þá rekr þau aftr til sama lands. Ok sem þau koma þar ok fá upp staðit, sjá þau hvorki jakann né barnit,

enda dimmaði þá af nótt. Þau felldu bæði tár fyrir slys sitt ok kómu heim til sama bæjar. Faðir ok móðir, sem þau heyrðu, kærðu hörmuliga sína sorg ok grétu sárliga dauða barnsins.

Móðirin mælti þessi orð með hræðiligum gráti: „Veittu nú, inn blessaði byskup Guðmundr, at barninu verði þessi á at skírnarvatni.“

En eigi kom þeim til minnis at heita, því at þeim sýndist þat yfir megn. Líðr svo nóttin.

Um morguninn talar faðirinn til þessa manns: „Förum til árinna.“

Ok sem þeir fram kómu í þann stað, sem þau höfðu fyrr til ráðit, sjá þeir þar eigi glíkligt til gleði, ganga síðan ofan með ánni, þar til sem þeir koma út at ósi. Lá þá fyrir víðr sjór. Stóðu við ósinn naust nokkur ok þar í sjáróðraskip.

Húskarlinn talar til bóndans: „Ek sé jaka stórn ok svarta hrúgu ofan á, en eigi fæ ek greint sakir fjarska, hvat er. Má líkast þykkja, at liggi uppi.“

Ok með guðs vilja ýta þeir einum bát af naustinu ok róa til jakans. Má þar sjá mikit miskunnartákn græðara vors fyrir ákall síns ynniligs vinar, herra Guðmundar. Þar liggr barnit í skikkju lífs ok heilt um vetranga nótt ok sýgr fingr sinn, taka barnit með fagnaði ok færa til skírnar.

Hér yfir segir Einarr Gilsson vísu:

Barn rak út frá ýti
unnstóðs í haf móða.
Vátr nam Guðmund gætir
Gjallar eims at kalla
Fann, þá er öld réð undir
annars dags at kanna,
sveit á ísi úti
jóð lífligast móður.

85. Jartegnir af vatni Guðmundar byskups.

Til lofs ok dýrðar almáttigum guði ok þessum góða guðs vin, Guðmundi byskupi, til heiðrs eru at segja tveir dásamligir hlutir af vatni ór þeim brunnum, sem herra Guðmundr byskup hafði vígt í sínum byskupsdómi. Hefir vatnit í hvorumtveggja stað um vendat sinni náttúru í annat efni en líkanligt mátti verða eða náttúruligt.

Bar svo til í öðrum stað, í Hornafirði á Íslandi, at menn vildu taka bragðalseld millum tveggja trjá, ok lá þeim harðla mikit við at hafa eldinn. Þeir voru at lengi ok fengu eigi ok vissu eigi, hvat þeir skyldu til taka.

Þá talar einn af þeim: „Viti menn, sveinar,“ segir hann, „at ek sé ráðit. Vér skulum taka hnjóskinn ok reka niðr í vatn Guðmundar byskups, ok þá trúi ek, at vér fáim eldinn.“

Þeir gerðu svo ok settu hnjóskinn nýdreginn ór vatninu framan í bragðalinn ok drógu litla hríð, áðr en þeir höfðu eld í nóg. Sýnist ok öðrum góðum mönnum slíkir hlutir mjök

dásamligir, því at vér sjáum eigi nokkut ólíkara í sinni náttúru en vöku vatnsins ok þurrku hnjóksins.

Í öðrum stað bar svo til í Vestfjörðum, sem mjök er títt í því landi, þó at eigi sé vel, at menn tefla kvotru. Var hér ok svo, at tveir menn sátu yfir taflit ok pantaðu þar við eitt ok annat af því, sem þeir til höfðu. Gekk öðrum merkiliga verr, því at honum dugði eigi teningr, en þat er ónáttúra þess tafls, at því meira sem hann lætr í, þeim mun síðr vill hann af létta. Ok þar kom sem þeim brast lýsi. Var þá eigi kostur annars en hætta taflinu, því at þetta gerðist á myrkri nátt.

Undi sá þá allilla við, er látit hafði, ok mælti fyrir munni sér: „Vili nú inn góði Guðmundr, at ek vinni aftr þat, sem ek hefi látit, þá skal ek minnr leggjast í þessa ónytjугerð héðan af en hingat til.“

Síðan talar hann til þess, er hlotit hafði: „Kumpán, viljum tefla lengr.“

Hann svarar: „Hversu megum vit þat, þar er vit höfum ekki at lýsa?“

„Eigi er svo,“ sagði hinn, „okkr hindrar aldri lýsi,“ – stendr upp frá borðinu, tekr sér eitt ker ok gengr til Guðmundarbrunnis ok berr heim vatnit í kerinu ok steypir í lampann. Síðan setjast þeir til ok tefla, ok brennr vatnit sem it skíraasta lýsi. Lofuðu allir nærverandi sannan guð ok inn góða Guðmund byskup.

En sá, sem vatnit bar til, lagði af kvotrúna ok þakkaði guði, sem honum gaf aftr vinna allt þat, sem hann hafði tapast í þessi ógá. Sjáum vér eigi ólíkara vatnsins náttúru en hér varð í tveim stöðum, þar er þat snerist í feiti ok þurruk, gefandi svo næring ok tendran eldinum móti náttúru.

Svo kvað herra Arngrímr:

Vættu þeir, er þurfa þóttust,
þunnan hnjósk í vígðum brunni,
því tókst þeim í einu eiki
elris grand, á kalda landi.
Vatnit brann, svá at skildist skötnum
skýrligt verk, með krafti dýrum,
tírsæll gaf því tungla stýrir
til þess afl, hjá kvátru taflí.

86. Jarregnir við hesta.

Svo er sannliga skrifat, at í eystra hluta lands fór einn maðr stóran fjallveg. Rak hann fyrir sér hest klyfjaðan með bukkavöru, ok sakir þess at hann hafði ósnöggvar bundit klyfjarnar, slær sik eitt horn at auga hestsins svo furðuliga snart, at stikilinn stingr þat brott ór kroppinum niðr í leir. Svo rekr hann til byggðar, ok þat fyrsta sem hann náir brunnavatni herra Guðmundar byskups, berr hann þat í augastaðinn. Hér má nú líta dýrligt guðs verk: At tveim dægum liðnum var hestrinn alheill ok jafnskyggn báðum augum. Var þessi jarregn með eiði sönnuð af tveimr skilríkum mönnum. Hefir hann ok svo oftliga, at varla fær með tungu talt, grætt eigi síðr með guðs miskunn skynlausa skepnu en menn, þó at fátt af mörgu skrifist í þessi bók þar af.

En til þess at þat auðsýnist satt vera, þá berr svo til í einhverjum stað í syðra byskupsdæmi, at einn maðr fór um fjallveg með klyfjahesta nokkura, ok sem hann rekr þeim fyrir sér, víkr einn af veginum, er hann gengr hjá honum fram, ok ætlar at snúa honum aftr í veginn með broddstaf, en þat verðr eigi betr en svo, at broddrinn kemr í augat, ok hleypr þat út ok ofan á skoltinn ok hekk þar, ok með því gekk hann til bæjar suðr af fjöllumunum. En með því at vetrartími var ok frost mikit, þá sáu menn augat alfrosit liggja ofan frá augastaðnum, ok með því var hestrinn lauss látinn, ok gaf engi gaum at honum, ok liðu svo nokkurir dagar.

Þar á garðinum var brunnr ins góða Guðmundar byskups. Þar til gengr einn vinnumaðr ok ætlar at bergja á vatni ins blessaða Guðmundar byskups, ok þar hjá brunninum sér hann standa þenna sama hest mjök svangan, hengjandi höfuðit, sem hann vildi drekka, ok mátti eigi, því at hlaðit var um brunninn. Þessi maðr var hjartagóðr ok þóttist illa gert hafa, er hann hafði meitt hestinn, ok því fyllir hann eitt horn, er hann hélt á, ok steypir í augastaðinn. Síðan vætir hann allan hestinn með því sama vatni, biðjandi inn góða Guðmund byskup með fullri trú, at hestinum batni. Síðan gengr hann braut. Eftir fáa daga liðna sést hestrinn á biti hress ok alheill, báðum augum jafnskyggn. Lofuðu allir guð, þeir er sáu, ok þenna hans vin, Guðmund byskup. Hér yfir segir *actor*:

Augun gaf, sá er engi mýgir
allt ok þiggr, þótt niðri liggja,
byskup sæll, með birti fullri
brennanda ljós, hestum tvennum.
Veittu, Kristr, at sjáim vér settan
slíkan mann í vígðu ranni,
fagna mundi flest in gegna
ferðin þín, með glæstu skríni.

Rædda ek lítt við reglur Eddu
ráðin mín, ok kvað ek sem bráðast
vísur þær, er vil ek ei hrósa.
Verkinn erat sjá mjúkr í kverkum.
Stirða hefi ek ár til orða.
Ekki má af slíku þekkjast.
Arnar leir hefík yðr at færa.
Emka ek fróðr hjá skáldum góðum.

87. Jartegnir við fiskimenn.

Nú höfum vér heyrt um stundir, hversu frægðarfull verk herra Guðmundur fremr fyrir sín vötn. Því skulum vér heyra þessu næst, hvat hann vinnr með sjónum. Í því kapitulo öndverðrar sögu, er greindist Íslandsnáttúra, segist, at almenningr þeirrar jarðar fæðist með búnyt ok sjáðreginn fisk. En sá dráttir er svo laginn, at menn róa út á víðan sjá ok setjast þar, sem fjallasýn landsins merkir eftir gömlum vana, at fiskrinn hafi stöðu tekit. Þess háttar sjóreita kalla þeir mið. Skal þá renna léttri línu út af borðveginum niðr í djúpit ok festa stein með neðra enda, at hann leiti grunns. Þar með skal fylgja bogit járn, er menn kalla öngul, ok þar á skal vera agnit til blekkingar fiskinum. Ok þann tíma, sem hann leitar sér matfanga ok yfir gín beituna, grefr oddhvasst ok uppreitt járnit hans kjaft, síðan fiskimaðrinn kennir hans viðrkómu ok kippir at sér vaðinum, dregr hann svo at borði ok upp í skip. Er þessi fjárafli svo guðgefinn, at hans tilferð er eigi greiðari en nú var greind, ok þó allt eins verðr svo mikit megn þessarar orku, at öreigar verða fullríkir. Má ok öll landsbyggð sízt missa þessarar gjafar, því at þurr sjófiskr kaupist ok dreifist um öll héruð.

Héðan leiðir svo til, at menn reru til fiskjar af Grímsey, er oft var nefnd í sögunni, ok einn kumpána gefr sitt færi fyrir borð svo óforsjálíga, at hann gleymir þá festing efra endans, sem sjómönnum er títt at hafa, ok því strýkr í einum rykk allt hans snæri út í bládjúp. En sakir þess, at maðrinn var óríkr ok átti ekki lín, en lá við aflastund ok sumartími, harmar hann skaða sinn ok kallar til hugganar virðuliga tign herra Guðmundar byskups. Ok hann blessaðr byrgir eigi sitt eyra, því at á næsta dag eftir dregr einn sjómaðr á öðru skipi þetta snæri með öngli sínum upp at borði. Kenndu þá kunnir menn fyrir stein ok öngul, at þat hafði tapazt fyrra dag.

Svo berr til í öðrum stað sunnanlands nokkut líkt, – þar heita Vestmannaeyjar, – at maðr rennir djúpshöfn ok bítr stórr flatr fiskr, er þeir kalla flyðru. Er þat hans náttúra sakir afls ok mikils vaxtar, at ef hann tekr fornám í drættinum, dugir eigi snærinu at þreyta með hann, ok því skal gera liðugt færít honum til rásar, svo oft sem hann beiðir, þar til hann mæðist ok verðr svo dreginn í síðustu. En hér berr eigi til giftuligar þeim fátæka manni, en hann gleymir á líkan hátt efra enda, sem fyrr var lesit, ok því ferr fiskr brott með allt hans færi. Tekr ok þessi maðr sama ráð í minning göfugligs föður, herra Guðmundar. Ok eigi varð honum sín von at váljúg, því at tveim nóttum síðar dró annarr sjómaðr þann sama stórfisk, svo at snæri fátæka manns var þar heilt ok haldit. Vóru þar þrjár vikur sjóvar í millim, er fannst ok tapaðist. Lofuðu þessir báðir menn guðliga mildi ok miskunnsaman játara, herra Guðmund Hólabyskup.

Hér yfir segir herra Arngrímr:

Ýtar, frá ek, at út reru báti
ár spennandi í stöðum tvennum.
Týndu þeir, sem ei má undra
angr kærandi, sínum snærum.
Fundu aðrir fjari landi,
fekk Guðmundr heiðr af rekkum,
drógu neðan ór djúpum ægi,
dorgar bönd, en lokit var sorgum.

88. Hversu hausjúpubrot læknaðist.

Fyrr í sögunni er greindr sá fjárafli, er menn fara í björg til fyglingar, ok því gengr hér svo til efnis, at einn þess háttar manna mætir svo bráðum lífsháska, at hann stökr í berginu. Kemr höfuðit á grjót, sem von var, ok lemr hausinn, en líf hans hélzt með þeirri guðs skipan, at hinnan var heil fyrir innan. Svo er hann heim fluttr á byggð einnar húsfrú, er guðhræðslu hafði með góðri kunnustu at hjálpa þurföndum. Hún skerr umbergis hausbrotit ok tekr skeljarnar, er muldar vóru í smátt, fægir síðan sárit ok hreinsar, sem hún þorði framast, allt niðr á hinnuna. Er þat verk þann tíma hægjast eftir samlíkri heims ok manns náttúru, sem flóð er sjóvar, því at þá gengr heilinn með hinnunni allt upp undir heilabustina, en at fjöru er langt í milli. Var nú opit svo mikit í höfðinu sem þriggja fingra hvern veg.

En hvat er hér at tala um áburð eða smyrsl til læknidóma, nema húsfrúin tekr vatnmosa ór brunni herra Guðmundar ok fyllir með sárit, bindr síðan um ok leysir ekki til, fyrr en liðnar eru þrjár nætr, ok er hér at greina svo dýrligan hlut, at aldri kom óðaverkr í, en mosinn var gróinn niðr í hausinn, svo sem múteraðr í beins náttúru, ok er frá leið, tók jafnvel hörundslit, en var í þeim stað nokkuru linara átaks en í öðrum stað. Var hann innan fárra daga alheill maðr.

Hér yfir segir herra Arngrímr, hversu skepnan veik sinni náttúru eftir drottin boði ok bæn herra Guðmundar:

Vægja hlýtr fyrir valdi mætu
várs byskups, hann græðir sára,
sjálf náttúran, sett af hilmi
sunnu stóls, þess er ríkti at Hólum,
almáttigr því at Jesús veitir,
undrlost er þat, bæn Guðmundi.
Skepnan öll verðr skyld at halda;
skil ek gerla þat, sínum vilja.

89. Jarategn við drukknadan svein.

Nú til þess at fyllist minning heilagrar þrenningar, þó at fátt sé skrifat af mörgu, því at ef nokkurr með góðfýsinnar uppkveyking vendi sínu erfði til þeirrar nytsemdar at skrifa heilagrar jarategnir þessa háleita lampa heilagrar kristni, ins góða Guðmundar byskups, mundi öllum auðsýnt verða, at hans bænir hafa svo kærlega hljóðat fyrir himnakonunginum ok hans signuðum eyrum, er á landi hefir skepnan umvendast sinni náttúru í allt annat mát en henni var sett í skapan heimsins ok náttúrat með heilags anda forsögn. En sjórinn, til kúgaðr fyrir hans blessaða bæn, hefir æ orðit laust at láta þat herfang, sem hann hefir til sín dregit með gráðugri ágirni, ok þar til skulum vér heyra eina dásemdar jarategn merkiliga.

Prestr einn bjó í Vestfjörðum, í Árnasi. Hann var lítill vin Guðmundar byskups, heldr sýndist hann með flokki hans öfundarmanna í sínu umtali, bæði um hans vatnvígslur ok jarategnagerð ok eigi síðr þau málaferli, sem gerðust á hans dögum millum hans ok annarra manna.

Þat bar til einn tíma, at þar, sem hann bjó prestrinn, kómu saman margir menn, meðal hverra var bóndi sá ok, er frægði með kærri vináttu signaðar gerðir ok framferðir herra Guðmundar byskups, hvar af svo gerist á þeim sama mannfundi í prestsins bæ, at til byskupsins verðr talat, ok bóndinn eftir vana heldr fram hans rétt í sæmiligum veg byskupligrar einarðar ok kristiligs siðferðis ok fagrligs lifnaðar. Hnyss hann við prestrinn, segir villu ok vantrú at lofa slíkt sem eru vatnsvígslur hans eða enn fleiri framferðir, kallar þá menn aftrúast, er þvílíkum hlutum veita sinn trúnarð.

Fór þat makliga, at prestr varð sama dag þar at krjúpa, sem hann hafði áðr örðigr staðit, at eigi bæri hann með sér í annat líf þann umlestrs glæp ok afvirðingar, sem hann setti sjálfs síns önd fyrir atmæli vors drottins vinar.

Þar ferr svo til, at prestrinn á tvo syni, er heita Þorgils ok Kálfr. Þeir leika sér með sjá, er nær liggr bænum, rétt samtíða sem faðir þeirra, prestrinn, fæst í umlestri. Þeir koma fram at skerjum nokkrum, er lágu lágt við landit, svo at í fráfalli sjóvarins vóru þau ber, en gengu vogar mjóvir miðil þeirra, svo at víða mátti stíga yfir. Sjá piltarnir, sem sólin skínn á, at einn fiskr liggr dauðr utarlíga á skerinu, ok því ráða þeir til, sem æskan beiðir, fara út yfir smáskerin, þar vogasogin vóru smæst, ok því skeri næst, sem fiskrinn liggr á, var sogit miklu breiðast, svo at annar piltrinn fyrirdjarfast. En sá, er Kálfr hét ok þeirra þóttist gildari, ræðr til ok stökkur yfir, tekst þat eigi betr en svo, at hann missir skersins ok hleypr niðr í bládjúp, svo at honum skýtr á engan veg upp, þar til bróðir hans tekr á rás heim til bæjarins. Var þat eigi skemmri vegr en stórt hestskeið.

Inn kemr hann í stofu hlaupandi með hávaða ok með þessu orðtaki til prestsins: „Dauðr er Kursi, faðir.“

Prestr svarar: „Þat eru lítil tíðindi, frændi, þótt einn kálfr deyi fyrir okkr.“

Piltrinn svarar: „Kálfr, bróðir minn, er dauðr.“

„Ok hverjum dauða?“ segir prestr.

„Druknaðr hér út í vöginum,“ segir piltrinn.

Prestr rennr þá fram af stofunni ok út at sjónum. Fór með honum margt fólk til vitnisburðar, hvat mikit herra Jesús Kristus vann fyrir sinn játara á þeim degi. Sem þeir fram koma á næsta sker, þar piltrinn hafði dauðasteyt fengit, sjá þeir brátt, hvar líkaminn liggir í kafi ok þó upp flotnaðr af mesta djúpinu. Þeir bera hann á þurrt land ok sjá engi lífsmörk með honum.

Bóndinn, er vér greindum, góðr vin Guðmundar byskup, segir þá prestinum, at sá dagr með sonar dauða er makliga yfir hann komin fyrir þá dirfð ok dóm, er hann setti drottins vin, herra Guðmundi byskupi, segir, at þessi mun hans ógræðilig kvöl, nema hann snúi til iðranar ok bæti ok leiti þar hjálpar, sem áðr hafði hann til sekta unnit.

Prestrinn þiggir nú heila kenning, þó at leikmaðr gæfi, tárast nú með iðran ok heitr sik ævinliga til heiðrs herra Guðmundi, ef hann fær huggan.

Sem þetta er gert, gefr bóndinn ráð, at brunnavatn herra Guðmundr þar nær bænum sé til borit ok hellt í andlausan líkaman.

Svo gera þeir, setja kníf í miðil tannanna ok lyfta höfuðit, at vatnit mætti niðr leita í brjósttit, ok litlu síðar koma íbláir flekkar á hörundit hér ok hvar. Síðan væta þeir líkamann, ok roðna æ flekkarnir sem vatnit berst yfir, þar til at fagr roði kemr í báðar kinnr, ok því næst hrærast fingr framanverðir, en í síðustu lýkr hann upp augu ok rennir til sýnar. Lofa allir nærverandi menn vorn guð ok græðara, drottin Jesúm Kristum, er fjórdagaðan Lazarum reisti af gröf, en þenna sjódauðan til lífs fyrir sinn játara ok ynniligan elskara, herra Guðmund. Er þetta verk svo víðfrægt, at aldri mun fyrnast, meða Ísland byggvist.

Hér yfir segir herra Arngrímr til eilífrar minningar:

Sökkva réð við sjóvar blakka,
sveinn druknaði í geima hreinum,
arfi prests, þess er oft hefir lastat,
undarligt er þat, siðu Guðmundar.
Síðan hét með geysum gráti
guðs játara af meingerð játa,
hnuggit líf ef hans mjök þægi
heilagr maðr af skepnu deili.

Gotnar steyptu vígðu vatni,
vann Kursa þat jartegn sanna,
inn í munn þeim unga manni.
Ítarligt er slíkt at líta.
Hneigir, veit ek, at upp lauk augum
unnar blikis með krafti miklum.
Síðan stóð, svá at seggir náðu
sókndeilanda at fagna heilum.

90. Ályktarorð.

Pessi blómgaflig fegrð ok frækilig verk, sem um stund hafa lesin verit til dýrðar herra Guðmundi, er vart svo mikitt sem minnsti smákviðtr með sínum flúr af þeim tíguliga pálma, er fyrr var upp reistr ok svo breiðir sínar limar, at út berr langt yfir allar hálfur ok héruð þeirrar jarðar, er sá einvalinn vin himnakonungsins þrýddi sínu líkams lífi með ágætum ávexti ynniligrar atferðar.

Ok því má hans loflig verk engi hönd í letr setja, at hann blómgastr sem pálma, en miklast eða margfaldast sem sedrus í Líbano. Sedrus er ágætr viðr ok hefir, sem sæll Jeronimus skýrir, fjórar náttúru: þá fyrsta, at hann kann eigi fauskr verða; þá aðra, at hann ilmar sætliga; þá þriðju, at feiti þess viðar er svo mikillar yfirvættis dyggðar, at hún græðir sjúka limu ok drepr þá maðka, er sárum spilla; þar með í fjórðu grein hefir hún þann kraft með sínum ilm, at höggormar ok eitrflogur mega eigi þola ok leggja undan á flótta.

Greindar náttúru sedri þjóna viðrkvæmiliga herra Guðmundi. Sú fyrsta dyggð, er sedrus skrifast óspilliligr, þýðir ágæt verk hrein ok heilög þessa manns ok guðs vinar, er engan flekk eða fölnan taka með rás tímanna, heldr standa þau í guðs augliti óbrigðiliga án enda, hvar fylgir ilmr mikill, því at hunanglig frægð af fyrrgreindum verkum sæls Guðmundar flýtr víða ok inn gengr í skilningarvit kristinna manna. Af svo blessuðum viði gengr sá sveiti, er græðir sjúka limu ok drepr þá maðka, er sárum spilla. Þat er sú ilmandi þrédikan, er fyrr greindist í siðferðis kapitulo síra Guðmundar, er útlægðí lýtin frá lífi sálnanna ok veik til gróðrsamligrar gæzku guðdrottins boðorða. Hér með í fjórðu grein seldri flýja ormar ok eitrflogur, því at helvízkir andar, lastanna yfirboðarar, taka flótta frá sínu herfangi fyrir bænn ok blessan, vald ok verðleika þess guðs ástvinar. Því mun hans frægð aldri svæfast, heldr ævinliga boðast ok berast, at hans réttlæti vel kunnigt guði ok góðum mönnum sé með óendiligrí minningu, sem trúist, í kennimannligum stóla himinríkis. Upp á þenna skilning, réttlíga glóseraðan til herra Guðmundar góða; setr *actor* svo fallinn verka:

De cedro:

Sedrus vex í foldar faxi.
Fjallit hefir at merkja allra
birting þeirra, er hreinum hjörtum
haldi líf með skírleiks valdi.
Þýðir Líbanus enn í óði,
allegorice rétt at kalla,
allsráðanda einka- brúði
oss tæjandi, kristni frægja.

De quatuor naturis cedri:

Sedrus fekk, svá at endast ekki,
allar fjórar dyggðir stórar,
eina þá, sem ei má fúna,
ilman helzt, þótt viðrinn eldist.
Feitin drepr með magni mætu
maðka þá, er í sárum spraðka.
Ormar flýja eitri fermdir,
efalaust er þat, sætleik traustan.

De virtute inputrescibilis cedri, quae comparatur aeternitati Sancti:

Guðmundr líkist, enn skal auka
efnat lof, þat er ei mun rofna,
einu tré, því er ei má fúna,
eldi lestr þótt heimrinn bresti.
Allir treysta hann í hæstri
himna vist með sjálfum Kristi.
Fundinn verðr þess engi endir
eilífs valds, er þar er at halda.

De odore cedri et fama cuiuslibet Sancti:

Liðit er nú, sízt hann var heðra,
hundrað ára, svá höfum fundit,
aukast þar til enn at líku
átta vetr, sem ritning váttar.
Aldri þverr í efrum öldrum,
einart vex fyrir sannrar greinir,

frægðin hans ok fagar dyggðir.
Finnast þar til sögur ok minni.

*De odore predicandi vermesque
perimendi:*

Orð guðs kenndi ágæt fyrðum
elsku kunnr af spektar brunni.
Fyrir því varð, sem frægt er orðit,
freyjandi sár maðkr at deyja.
Síðan sleikti sæll ok mýkti
synda þunga linri tungu.
Feiti smurði ástvinr ýta
öllum trúr ok víni súru.

De presencia Sancti et fuga demonum:

Færir fram, sá at hverr megi heyra,
hróðrar smíð, er launar hljóði,
auðar hlunnr, hvé yfirmann þenna
eitrsþýjandi snákar flýja.
Djöflar hafa sik út með afli.
Á hrindast þeir járna tindum.
Hverr setr öðrum, hvar sé mætra,
horn í síðu þúka forna.

De laude sancte trinitatis:

Skínandi sitr sonr hjá sínum
samheldr ok jafn feðr í veldi,
hverja stund, ok heilagr andi,
hendir slíkt, en ei verðr endat.
Þessum öllu in hyggju hvassa
hölda sveit er skyld at veita
allan heiðr með elsku fullri
einum guði í þrennum greinum.

Föður jafn sitr á hávum himni
hæstr í dýrð með valdi glæstu,
söngur heyrir þar sætr af englum,
sonr eingetinn vífs ins hreina.
Allir lofa þar ástar fullir
anda guðs, er oss firrir grandir.
Heimrinn allr með helgu blómi
haldi slíkri dýrð um aldir.

Bergr ábóti hefir birtan margan
byskups heiðr í máli greiðu.
Inna réð hann allar sannar
jartegnir hans mjúku hjarta.
Eigi er veitt, at víða hittist,
vandi er slíkt, í þessu landi
tungan nein, at svá muni syngja
sanna dýrð af einum manni.

Viðbætur

Margar eru þær jartegnir ok dásendar tákni, at guð allsvaldandi veitir hversdagliga fyrir bætur ok árnaðarorð þess signaða föður, herra Guðmundar byskups, í öllum álfum ok landsins fjórðungum, er þessi hans ástvin hvílir, eigi at eins á mönnum, sem áðr er skrifat, heldr ok jafnvel á skynlausum kvikvendum, sem til bar sunnanlands, at prestr einn átti ferð langa fyrir hendi at fara til vistar sinnar, sem væri gildar tvær dagleiðir. Hann lét sér til ferðarinnar járna tvö hross, ok tekst eigi betr en annat hrossit var járnat svo mjök í kviku, at næsta morgin eftir, er járnat var, mátti þat eigi ganga at mat sér fyrir holti ok hvergi ór sporum hrærast á þann dag, ok annan var eigi betr, heldr var þá fótrinn svo blásinn, at ekki studdi við, ok hugðu menn, at hófinn mundi af reka, en prestrinn varð þenna dag at fara í veg. Var þat *in octava ascensionis*, inn fyrsta fardag. Honum þótti nú hvorrigi góðr, láta eftir bækr sínar ok klæði eða koma eigi til kirkju sinnar at hvítasunnudegi, er þá var nálægr.

Þessi prestr hafði jafnan með sínum orðum fyllt þeirra manna flokk, er mótsnúin vóru þessum guðs ástvin, Guðmundi byskupi, ok nú sem hann ræðst um, hvat hann skal af taka gengr hann til kirkju, ok þar komandi talar hann svo fyrir munni sér. „Þú, Guðmundr byskup, ef þú mátt nokkut meir en sjálfum þér, láttu batna hrossi mínu, svo at ek komast megi nauðsynjaferð þessa, ok ef svo verðr, skal ek jafnan víðfrægja þína dýrð ok mikilleika.“

Ok með þessum orðum heitr hann at gefa eyrisvirði matar fátækum mönnum á ártíðardag Guðmundar byskups ok at skrifa þessa jartegn, ef hrossit yrði fært. Ok at þessu staðfestu gekk

hann út ór kirkjunni ok þangat, sem hrossit stóð, ok sló við beizli ok mátti hvergi leiða. Hann bað setja söðul sinn á hrossit, en á hest, er hann átti, lét hann upp stórar klyfjar ok lét fara í veg fyrir. Síðan sté hann sjálf á bak því halta hrossi, ok mátti þá ganga ok þó seint. En svo skjótt mýktist þat með guðs miskunn ok krafti þess góða byskups, at albætt ok óprotit var þat sama kveld, ok aldri var því í þeim fæti verra en í öðrum þaðan frá. Mátti sjá þar mikla dýrð þessa ins blessaða byskups, þótt heldr tjáðist á skynlausri skepnu en mannligu eðli.

En at þessi prestr meðkenndist því frammar dýrð ok verðleik þessa guðs ástvinar, Guðmundar byskups, bar svo til, at þessi prestr tók strangan augnaverð, ok lá þó meir í vinstra auga. Verkrinn var svo æstr, at hann mátti enga ró né svefn fá. Hann lét sækja sér vatn í þann brunn, er Guðmundr byskup hafði vígt, ok bar á augun þrimr sinnum ok las meðan *Pater noster*. Ok þegar eftir hneigði hann sér ok sofnaði lengi, en vaknaði með því, at augun vóru bæði verklaus, en annan dag alheil. Lofaði hann guð fyrir heilsubót ok inn ágæta guðs vin, Guðmund byskup, sem verðugt var.

Eftir andlát virðuligs herra Guðmundar byskups Arasonar náði hann sannmæli af allri alþýðu, svo lærðum sem leikum, at hann vildi heldr í sínum byskupsdómi þola útleigð ok pínur alls kyns á sínum líkama, dauða ok harmkvæli vina sinna ok frænda, með hvers kyns meiðslum ok harðindum, er hann sá oftliga sér fyrir augum, en samþykkjast framferðum ranglátra guðs óvina. Fengu flestir hans mótgangsmenn skjóta hefnd af guði, sumir voveiflegan dauða, aðrir vóru drepnir, sem Sighvatr ok þeir synir hans, Sturla ok Kolbeinn ok Markús, á Örlygsstöðum í Skagafirði skjótt eftir fráfall herra Guðmundar byskups. Kygri-Björn prestr var ok skjótt kallaðr, hvern Norðlendingar sendu utan til byskupskosnings ok postuleruðu hann, þótt hann væri laungetinn. Var hann mest af lærðum mönnum í mótgangi við herra Guðmund byskup. Var Kygri-Björn mikils háttar klerkr, sem auðsýnast má í því, at hann hefir samsett Máriu sögu. Viljum vér með sannligri frásögn gera minning þeirra byskupa, sem verit hafa á Hólum eftir Guðmund byskup fram í minni þeirra manna, sem nú lifa, því at mörg góð eftirdæmi vita höfðingj ok góðgjarnra, þeirra sem með hófsemd hafa stýrt guðs kristni, mega leiða margan uppvaxanda mann í heiminum á réttan veg.

Á næsta ári eftir andlát Guðmundar byskups var sendiboði með bréfum gerr af Sigurði erkibyskupi í Hólabyskupsdæmi at leysa þá presta, sem í bann höfðu fallit. Aðrir af þeim höfðu verit forboðaðir af Guðmundi byskupi, sumir höfðu verit nálægir vígaferlum ok manndrápum. Var þessi sendiboði nefndr Hildibrandr múkr.

Á næsta sumri eftir var vígðr Bótólfr byskup til Hóla. Var hann bróðir af Helgisetri, góðr maðr ok einfaldr ok eigi mikill klerkr. Fannst þat brátt í bréfi því, sem hann skrifaði aftr til erkibyskups, sem hann var út kominn til Íslands ok heim á Hóla, at Norðlendingar vildu gera honum litla lotning, því at þeir sögðu, at þat mætti hvorki sjá á höfði né hendi, at hann væri byskup, ok svo var hann fátækliga út sendr. En erkibyskupinn skrifaði aftr, at hann þóttist skyldugr at vígja byskupa í Niðarósskirkju *provincia*, en eigi at gefa þeim gull ok kveif. Var byskupinn eigi svo mikils metinn af sínum undirmönnum sem verðugt var sakir byskupstignar, sem heyrast má í einni lítilli frásögu.

Svo bar til einn tíma á Hólastað at jólum, at tveir djáknar tefldu skáktafl. Var annarr djákninn örörðr ok uppivöðslumikill. Kom þá herra Bótólfr byskup inn í stofuna ok settis niðr á einn knakk þar framan at, sem klerkarnir tefldu. Lagði hann til með öðrum klerkinum. Tók þá at hallast taflit, svo at öðrum var komit at máti, mest af tillögum byskups.

Reiddist klerkrinn, sá er verr gekk taflit, svo segjandi til byskups: „Betra er þér, bróðir Bótólfr, at fara út til kirkju ok sjá yfir ræðing þinn, er þú átt at lesa í nótt, því at þú last allt rangt í fyrri nótt. Starfaði ok Guðmundr byskup, sem fyrir þik var, meir í bænahaldi ok ölmusugerðum en í taflbrögðum.“

Þá svarar herra Bótólfr byskup djáknanum aftr í gegn, betr ok hógværligar en til var talat: „Haf þökk fyrir, djákni minn, þetta þitt heilræði skal ek hafa, at fara til kirkju. Segir þú þat, at margt ok mikit mun skilja herra Guðmund ok mik.“

Var herra Bótólfr byskup í öllum hlutum hógværr ok lítillátr ok kom eigi stjórn á við sína undirmenn sem hæfði. Var ok á hans dögum lítill gaumr gefinn at halda upp jartegnum Guðmundar byskups. Var hann Hólabyskup um átta ár ok fór utan ok andaðist í Niðarósi ok hvílir at Helgisetri.